

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****Sameiginlega EES-nefndin**

<b>98/EES/5/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 1
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB frá 20. maí 1996 um verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið og breytingu á tilskipun 70/156/EBE ..... 2
<b>98/EES/5/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 41
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/44/EB frá 1. júlí 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ..... 42
<b>98/EES/5/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 65
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um innri stjórnþunað vélknúinna ökutækja (styrkleiki sæta og öryggi, t.d. festingar) ..... 66
<b>98/EES/5/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 113
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE að því er varðar festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum ..... 114
<b>98/EES/5/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 126
	Tilskipun ráðsins 96/21/EB frá 29. mars 1996 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE ..... 127
<b>98/EES/5/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 129
	Nítjándi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB frá 25. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ..... 130

<b>98/EES/5/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 134
	Sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB frá 2. júlí 1996 um nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara ..... 135
<b>98/EES/5/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 146
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar föst slökkvikerfi ..... 148
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/578/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hreinlætistæki ..... 152
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/579/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegbúnað ..... 155
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/580/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skermveggi ..... 159
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar jarðvegsdúka ..... 162
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/582/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar glerveggjakerfi með fastlímingu og málmfestingar fyrir steinsteypu ..... 165
<b>98/EES/5/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 169
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB frá 3. september 1996 um breytingu á tilskipun 89/686/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar ..... 170
<b>98/EES/5/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 172
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum .. 173
<b>98/EES/5/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 175
	Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) ..... 176
<b>98/EES/5/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn ..... 180
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB frá 17. apríl 1996 um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ..... 181

98/EES/5/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn ..... 183
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ..... 184
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ..... 195
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>
98/EES/5/14	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og aðila sem eiga hagsmuna að gæta um ríkisaðstoð sem felst í mismunandi skattaálögum vegna almennatrygginga eftir landsvæðum (Noregur) (Aðstoð nr. 95-010) ..... 202
98/EES/5/15	Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA um tólftu breytingu á Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar (framlenging á gildistíma reglnanna um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum) ..... 214
98/EES/5/16	Fjárhæðir viðmiðunarmarka á sviði opinberra innkaupa fyrir tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 1999 ..... 215
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>
	<b>III EB-STOFNANIR</b>
	<b>1. Ráðið</b>
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>
98/EES/5/17	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1086 - Promodès/S21/Gruppo GS) ..... 216
98/EES/5/18	Fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem tilkynnt hefur verið í tæka tíð (Mál nr. IV/M.36.848/F-2 - Renault-ZF) ..... 217
	<b>3. Dómstóllinn</b>

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/5/01

nr. 60/97  
frá 4. október 1997

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/97 frá 30. janúar 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB frá 20. maí 1996 um verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið og breytingu á tilskipun 70/156/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0027:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB frá 20. maí 1996 (Stjttð. EB nr. L 169, 8. 7. 1996, bls. 1).”

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45t (tilskipun 95/28/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45u. **396 L 0027:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB frá 20. maí 1996 um verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið og breytingu á tilskipun 70/156/EBE (Stjttð. EB nr. L 169, 8. 7. 1996, bls. 1).”

##### 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/27/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. L 85, 27. 3. 1997, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 13, 27. 3. 1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB nr. L 169, 8. 7. 1996, bls. 1.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/27/EB

frá 20. maí 1996

### um verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið og breytingu á tilskipun 70/156/EBE(\*)

#### EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að koma hinum innri markaði að fullu á er nauðsynlegt að algjör samhæfing tæknilegra krafna fari fram með tilliti til vélknúinna ökutækja.

Til þess að fækka fórnarlömbum umferðarslysa í Evrópu er nauðsynlegt að samþykkja lagaákvæði svo auka megi enn, eins og frekast er unnt, verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið. Með þessari tilskipun eru lögleiddar prófunarkröfur með tilliti til högga frá hlið, að meðtöldum lífafræðilegum viðmiðunum, til þess að tryggja megi viðnám gegn slíkum höggum með sæmilegum hætti.

Líta ber á þessar kröfur sem bráðabirgðaráðstöfun sem ber að endurskoða í ljósi frekari rannsókna og reynslu sem fæst fyrstu tvö árin sem gerðarviðurkenningarprófanir verða gerðar í samræmi við þessa tilskipun. Með tilkomu strangari staðla verður unnt að tryggja meira öryggi í framtíðinni.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 169, 8. 7. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB (Stjtið. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1).

(2) Stjtið. EB nr. C 396, 31. 12. 1994, bls. 1.

(3) Stjtið. EB nr. C 256, 2. 10. 1995, bls. 18.

(4) Álit Evrópuþingsins frá 12. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. C 249, 25. 9. 1995, bls. 47), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. C 353, 30. 12. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 29. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 78, 18. 3. 1996, bls. 17) og ákvörðun ráðsins frá 6. maí 1996.

Þessi tilskipun er ein sértilskipana sem ber að fara að til þess að tryggja að ökutæki séu í samræmi við kröfur um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um þessa tilskipun.

Aðferðinni við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis í ökutækjum er lýst í III. viðauka við tilskipun 77/649/EBE frá 27. september 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjónsvið ökumanna vélknúinna ökutækja <sup>(5)</sup>. Því er ekki nauðsynlegt að endurtaka hana í þessari tilskipun. Í þessari tilskipun ber að vísa til tilskipunar ráðsins 70/387/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(6)</sup>, tilskipunar ráðsins 74/483/EBE frá 17. september 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja <sup>(7)</sup>, tilskipunar ráðsins 76/115/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum <sup>(8)</sup> og til ISO-staðals 6487:1987.

Tæknilegu kröfurnar í þessari tilskipun eru byggðar á skjali Efnahagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu TRANS/SC1/WP29/396.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari tilskipun er merking orðsins „ökutæki“ sú sama og í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

(5) Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/630/EBE (Stjtið. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 20).

(6) Stjtið. EB nr. L 176, 10. 8. 1970, bls. 5.

(7) Stjtið. EB nr. L 266, 2. 10. 1974, bls. 4. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE (Stjtið. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43).

(8) Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 6. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/629/EBE (Stjtið. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 14).

**2. gr.**

1. Aðildarríkjum er óheimilt af ástæðum sem varða verndun ökumanns og farþega í ökutækjum með tilliti til viðnáms gegn höggi frá hlið:

- að neita að veita EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði skráð, selt eða tekið í notkun,

ef það samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1998 er aðildarríkjnum óheimilt að veita:

- EB-gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

- innlenda gerðarviðurkenningu ökutækis,

nema ökutækið fullnægi kröfum þessarar tilskipunar.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda hvorki um ökutækisgerðir sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu fyrir 1. október 1998 í samræmi við einhverjar tvær eftirtalinnar tilskipana: 70/387/EBE (hurðarlæsingar og lamir), 74/483/EBE (útstæðir hlutar) og 76/115/EBE (festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum) né, ef við á, um síðari rýmkun þessara gerðarviðurkenninga.

4. Frá 1. október 2003 ber aðildarríkjnum að líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við tilskipun 70/156/EBE, séu úr gildi fallin, að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, ef þau staðfesta ekki að ökutækin séu í samræmi við kröfurnar í viðaukunum við þessa tilskipun.

**3. gr.**

Eftirfarandi bætist við í töfluna í I. hluta í IV. viðauka við tilskipun 70/156/EBE:

Efni	Númer tilskipunar	Tilvísun í Stjttíð. EB	Gildir fyrir ökutækjaflokka									
			M <sub>1</sub>	M <sub>2</sub>	M <sub>3</sub>	N <sub>1</sub>	N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub>	O <sub>1</sub>	O <sub>2</sub>	O <sub>3</sub>	O <sub>4</sub>
54. Viðnám gegn höggi frá hlið	96/.../EB	L...	x			x						

**4. gr.**

Framkvæmdastjórninni ber, innan tveggja ára frá dagsetningunni sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að láta fara fram endurskoðun sem lið í aðlögun þessarar tilskipunar að tækniframförum. Endurskoðunina ber að byggja á endurmati á tæknilegum viðmiðunum, einkum á viðmiðun um seigju, staðsetningu framsætis og fjarlægð hindrunar frá jörðu. Við endurskoðunina skal meðal annars taka mið af niðurstöðum slysarannsóknna, niðurstöðum úr allsherjarprófunum þar sem bíll rekst á bíl og sjónarmiðum varðandi kostnaðarávinning. Við endurskoðunina ber að kanna hvort unnt sé að auka öryggi ökumanns og farþega og hvort framkvæmanlegt sé innan iðnaðarins að auka fjarlægð hindrunar frá jörðu. Framkvæmdastjórninni ber að leggja niðurstöður þessarar endurskoðunar fyrir Evrópuþingið og ráðið í formi skýrslu.

**5. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

**6. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**7. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 20. maí 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**P. BERSANI**

forseti.

**SKRÁ YFIR VIÐAUKA****I. VIÐAUKI:** *Stjórnsýsluákvæði vegna gerðarviðurkenningar ökutækja*

1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu
2. EB-gerðarviðurkenning
3. Breytingar á gerð og á viðurkenningum
4. Samræmi í framleiðslu
  1. viðbætur: Upplýsingaskjal
  2. viðbætur: Gerðarviðurkenningarvottorð

**II. VIÐAUKI:** *Tæknilegar kröfur*

1. Gildissvið
2. Skilgreiningar
3. Forskriftir og prófanir
  1. viðbætur: Höggprófunaraðferð
  2. viðbætur: Forskriftir fyrir hreyfanlega og formbreytanlega hindrun
  3. viðbætur: Tæknilysing brúðu fyrir högg frá hlið
  4. viðbætur: Uppsetning brúðu fyrir högg frá hlið
  5. viðbætur: Prófun að hluta

# I. VIÐAUKI

## STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI VEGNA GERÐARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKJA

1. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
  - 1.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu vegna gerðar ökutækis, að því er varðar verndun ökumanns og farþega í ökutækjum við högg frá hlið, í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
  - 1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
  - 1.3. Láta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir þá gerð sem viðurkenna á.
  - 1.4. Framleiðanda er heimilt að láta í té öll gögn og prófunarniðurstöður, sem hann kýs, sem vitnisburð um að unnt sé að uppfylla gerðar kröfur með nægilega öruggum hætti.
2. EB-GERÐARVIÐURKENNING
  - 2.1. EB-gerðarviðurkenning er veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE uppfylli ökutækisgerðin viðeigandi kröfur.
  - 2.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningavottorðinu er að finna í 2. viðbæti.
  - 2.3. Allar viðurkenndar gerðir vélknúins ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annari gerð vélknúins ökutækis sama númeri.
  - 2.4. Til þess að sannprófa að ökutækið sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar ber, ef um vafa er að ræða, að taka tillit til allra gagna eða prófunarniðurstaðna sem framleiðandi lætur í té og kunna að koma að notum við að staðfesta lögmæti gerðarviðurkenningarprófunarinnar sem gerðarviðurkenningaryfirvöld framkvæma.
3. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM
  - 3.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda ef breyta á gerðarviðurkenningum sem eru veittar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.
  - 3.2. Endurtaka ber prófunina, sem er lýst í 1. viðbæti við II. viðauka, ef gerðar eru breytingar á ökutækinu, er hafa áhrif á almennt smíðaform þess, eða breytingar á viðmiðunarmassa, er nema meira en 8%, sem að dómi yfirvaldsins hefðu merkjanleg áhrif á prófunarniðurstöður.
  - 3.3. Telji tæknipjónustan, að höfðu samráði við framleiðanda ökutækisins, að breytingar á ökutækisgerð séu óverulegar, og því sé ekki nauðsynlegt að endurtaka prófanir í heild, er heimilt að takmörkuð prófun fari fram. Þetta á við ef viðmiðunarmassinn víkur sem nemur 8% eða minna frá viðmiðunarmassa upprunalega ökutækisins eða fjöldi framsæta er óbreyttur. Breytingar á sætagerð eða innréttingum kalla ekki sjálfkrafa á að prófun sé endurtekin í heild. Í 5. viðbæti við II. viðauka er að finna dæmi um með hvaða hætti beri að taka á þessu.
4. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU
  - 4.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.



## I. viðbætur

## Upplýsingaskjal nr. ...

**samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EEB<sup>(1)</sup> sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar verndun ökumanns og farþega í vélknúnum ökutækjum við högg frá hlið**

Eftirfarandi upplýsingar skal eftir atvikum gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b): .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur (c): .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
- 1.6. Staðsetning og uppsetning hreyfils: .....
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á) .....
- 2.4. Stærðamörk ökutækis (heildarmál): .....
- 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu: .....
- 2.4.2.1. Lengd (i): .....
- 2.4.2.2. Breidd (k): .....
- 2.4.2.6. Fjarlægð frá jörðu (eins og það er skilgreint í lið 4.5.4 í A-hluta II. viðauka: .....
- 2.4.2.7. Bil á milli ása: .....
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi festir ekki yfirbyggingu á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, áhöldum, varahjóli og ökumanni) (o) (hámark og lágmark massa fyrir hvora gerð): .....
- 2.6.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn með miðlægum ási, hleðsla á tengipunkt (hámark og lágmark massa fyrir hvora gerð): .....
9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar: .....
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir: .....
- 9.3. Dyr fyrir ökumann og farþega, læsingar og lamir: .....
- 9.3.1. Lögum og fjöldi dyra: .....
- 9.3.1.1. Mál, í hvaða átt þær opnast og hámarksopnun: .....

(<sup>1</sup>) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EEB sem er birtur í tilskipun 92/53/EEB. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

- 9.3.2. Teikning af læsingum og lómum og staðsetningu þeirra á hurðunum: .....
- 9.3.3. Tæknilysing á læsingum og lómum: .....
- 9.10. Innréttingar: ....
- 9.10.3. Sæti: .....
- 9.10.3.1. Fjöldi: .....
- 9.10.3.2. Staðsetning og fyrirkomulag: .....
- 9.10.3.3. Massi: .....
- 9.10.3.4. Eiginleikar: lýsing á og teikning af:
- 9.10.3.4.1. sætum og festingum þeirra: .....
- 9.10.3.4.2. stillibúnaði: .....
- 9.10.3.4.3. færslubúnaði og læsingarbúnaði: .....
- 9.10.3.4.4. festingum sætisbelta (séu þær hluti af sætisgrind): .....
- 9.10.3.5. Hnit eða teikning R-punktsins (\*) .....
- 9.10.3.5.1. Ökumannssæti: .....
- 9.10.3.6. Hönnunarhalli sætisbaks: .....
- 9.10.3.6.1. Ökumannssæti: .....
- 9.10.3.7. Mörk sætisstillingar: .....
- 9.10.3.7.1. Ökumannssæti: .....
- 9.12. Öryggisbelt og/eða annar aðhaldsbúnaður: .....
- 9.12.1. Fjöldi og staðsetning öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar og sæti sem nota má þau á:  
(R = sæti hægra megin, C = sæti í miðju, L = sæti vinstra megin)

L/C/R	Heilt EB-gerðarviðurkenningarmerki	Afbrigði, ef við á
	Fremsta sætaröð Önnur sætaröð [... ] Valfrjáls aukabúnaður (t.d. fyrir hæðarstillingu sæta, spennibúnaður o.s.frv.)	

- 9.12.2. Fjöldi og staðsetning festinga fyrir öryggisbelt og sönnun þess að farið sé að tilskipun 76/115/EBE með áorðnum breytingum (þ.e. gerðarviðurkenningarnúmer eða prófunarskýrsla): .....
- 9.21. Viðnám gegn höggum frá hlið: .....
- 9.21.1. Nákvæm lýsing, m.a. ljósmyndir og/eða teikningar, á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, hönnunar og smíðaefnis, hliðarveggja í farþegarými (að utan og innan), þar með taldar sérstakar upplýsingar um varnarbúnað, ef við á: .....

Dagsetning, skrá

## 2. viðbætur

## FYRIRMYND

[hámarksstærð: A4 (210 x 297mm)]

## GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

**STIMPILL**  
**GERÐARVIÐURKENNINGAR-**  
**YFIRVALDS**

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- sýnjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun ... /... /EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB<sup>(1)</sup>.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

## I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda) .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti .....
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup> .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup> .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarkerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar .....
- 0.8. Heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót) .....
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar .....
3. Dagsetning prófunarskýrslu .....
4. Númer prófunarskýrslu .....
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót) .....
6. Staður .....
7. Dagsetning .....
8. Undirskrift .....
9. Meðfylgjandi er skrá yfir gögn sem EBE-gerðarviðurkenningarskýrslan samanstendur af, send viðkomandi lögbæru yfirvaldi; unnt er fá afrit sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarkerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

## VIÐBÓT

### Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

#### varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun ... /... /EB.

1. Viðbótarupplýsingar .....
- 1.1. Stutt lýsing á ökutækisgerðinni með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaeigna: .....
- 1.2. Lýsing varnarbúnaðar sem er komið fyrir í farþegarými .....
- 1.3. Lýsing á innra skipulagi eða innréttingum sem kynnu að hafa áhrif á niðurstöður prófananna: .....
- 1.4. Staðsetning hreyfils: fram í/aftur í/í miðju<sup>(1)</sup> .....
- 1.5. Drif: framhjóladrif/afturhjóladrif<sup>(1)</sup> .....
- 1.6. Massi ökutækis sem látið er í té til prófunar .....
  
- Framás .....
  
- Afturás .....
  
- Heildarmassi .....
  
2. Gerð hindrunar sem er notuð í gerðarviðurkenningarprófun .....
5. Athugasemdir: (gildir t.d. jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin): .....

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

## II. VIÐAUKI

## TÆKNILEGAR KRÖFUR

## 1. GILDISSVIÐ

Þessi tilskipun gildir um það með hvaða hætti burðarvirki farþegarýmis ökutækja í flokki  $M_1$  og  $N_1$  tekur við höggi frá hlið ef R-punktur lægsta sætis er í hæsta lagi 700 mm frá jörðu og ástand ökutækisins í samræmi við viðmiðunarmassann sem er skilgreindur í lið 2.10, að undanskildum ökutækjum sem eru smíðuð í mörgum áföngum og framleidd í sama magni eða minna en því sem á við um litlar framleiðsluráðir.

## 2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „Gerðarviðurkenning ökutækis“: Viðurkenning ökutækisgerðar með tilliti til þess með hvaða hætti burðarvirki farþegarýmis tekur við höggi frá hlið.
- 2.2. „Gerð ökutækis“: Flokkur vélknúinna ökutækja sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru með tilliti til eftirfarandi aðalatriða:
  - 2.2.1. lengdar ökutækjanna, breiddar og fjarlægðar frá jörðu, að svo miklu leyti sem þeir þættir hafa neikvæð áhrif á þá eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
  - 2.2.2. burðarvirkis, mála, lögunar og smíðafna hliðarveggja í farþegarými, að svo miklu leyti sem þeir þættir hafa neikvæð áhrif á eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
  - 2.2.3. lögunar og innri mála farþegarýmis og þeirra gerða varnarbúnaðar sem um er að ræða, að svo miklu leyti sem þeir þættir hafa neikvæð áhrif á eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
  - 2.2.4. staðsetningar hreyfils (fram í, aftur í, í miðju);
  - 2.2.5. massa án hleðslu, að svo miklu leyti sem um er að ræða neikvæð áhrif á eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
  - 2.2.6. valfrjáls skipulags eða valfrjálsra innréttinga, að svo miklu leyti sem þeir þættir hafa neikvæð áhrif á eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
  - 2.2.7. gerðar framsætis eða -sæta og stöðu R-punktsins, að svo miklu leyti sem þeir þættir hafa neikvæð áhrif á eiginleikana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 2.3. „Farþegarými“: Rými fyrir ökumann og farþega sem markast af þaki, gólfi, hliðarveggjum, hurðum, rúðum sem snúa út, skilrúmi að framan og plani aftasta skilrúms farþegarýmisins eða plani bakstuðnings fyrir aftursæti.
- 2.4. „R-punktur“ eða „viðmiðunarpunktur sætis“: Viðmiðunarpunkturinn sem framleiðandi ökutækis tilgreinir og:
  - 2.4.1. hefur hnit sem ákvörðuð eru miðað við burðarvirki ökutækisins;
  - 2.4.2. samsvarar fræðilegri staðsetningu snúningspunkts bols/læra (H-punkts) fyrir lægstu og öftustu eðlilegu ökustillingu eða notkunarstillingu sem framleiðandi ökutækisins gefur upp fyrir hverja sætisstillingu sem hann tilgreinir.

- 2.5. „H-punktur“: Punktur eins og hann er skilgreindur í tilskipun 77/649/EBE.
- 2.6. „Stærð eldsneytisgeymis“: Stærð eldsneytisgeymis eins og framleiðandi ökutækisins tilgreinir hana.
- 2.7. „Þverplan“: Plan sem er hornrétt á lóðrétt lengdarmiðjuplan ökutækisins.
- 2.8. „Varnarbúnaður“: Búnaður sem er ætlað að halda og/eða vernda ökumann og farþega.
- 2.9. „Gerð varnarbúnaðar“: Flokkur hlífðarbúnaðar sem er eins að því er eftirtalin meginatriði varðar:
- tækni,
- umfang, eða
- smíðaeefni.
- 2.10. „Viðmiðunarmassi“: Massi ökutækisins án hleðslu að viðbættum 100 kg massa (þ.e. massa brúðu fyrir högg frá hlið og tækjabúnaðar henni tengdur).
- 2.11. „Massi án hleðslu“: Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs, án ökumanns og farþega og óhlaðið en með eldsneytisgeymi fylltan að nfu títundu og venjuleg verkfæri og varahjól í ökutækinu, eftir því sem við á.
- 2.12. „Hreyfanleg og formbreytanleg hindrun“: Tækjabúnaður sem prófunarökutækinu er gefið högg með. Hann er samsettur úr vagni og höggbúnaði.
- 2.13. „Höggbúnaður“: Stykki sem þrýstist saman og komið er fyrir framan á hreyfanlegu og formbreytanlegu hindruninni.
- 2.14. „Vagn“: Grind á hjólum sem getur færst í stefnu lengdaráss síns að höggstað. Höggbúnaðurinn hvílir á framenda hennar.
- 2.15. „Smíði í mörgum áföngum“: Þegar tveir eða fleiri stakir framleiðendur taka þátt í smíði ökutækis hver á fætur öðrum.

### 3. FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR

- 3.1. Gera ber prófun á ökutækinu í samræmi við 1. viðbæti við þennan viðauka.
- 3.1.1. Gera ber prófun ökumannsmegin, nema svo mikið ósamræmi sé milli hliðanna að það hafi áhrif á eiginleika þeirra við högg frá hlið. Í því tilviki geta framleiðandinn og tækniþjónustan, sem annast prófanirnar, haft samráð sín á milli um að nýta annaðhvort valkostinn í lið 3.1.1.1 eða 3.1.1.2.
- 3.1.1.1. Framleiðanda ber að láta viðkomandi gerðarviðurkenningaryfirvaldi í té upplýsingar um að hve miklu leyti um samsvarandi eiginleika er að ræða samanborið við hliðina ökumannsmegin ef prófun er gerð þeim megin.
- 3.1.1.2. Eftir að hafa gengið úr skugga um smíðaeiginleika ökutækisins getur gerðarviðurkenningaryfirvaldið ákveðið að gera prófun á þeirri hlið sem er andspænis hliðinni ökumannsmegin, sem er talinn síðri valkostur.
- 3.1.2. Prófunaryfirvaldið getur, að höfðu samráði við framleiðandann, gert kröfu um að sætið sé í annarri stöðu en greint er frá í lið 5.5.1 í 1. viðbæti<sup>(1)</sup> þegar prófun fer fram. Tilgreina ber umrædda stöðu í prófunarskýrslunni.

(<sup>1</sup>) Til 30. september 2000 ber að takmarka venjulegt stillisvið að endilöngu, að því er prófunarkröfurnar varðar, þannig að H-punkturinn liggir innan lengdarmarka hurðaropsins.

- 3.1.3. Niðurstaða prófunarinnar telst fullnægjandi ef skilyrðin í liðum 3.2 og 3.3. eru uppfyllt.
- 3.2. Álagsviðmið
- 3.2.1. Álagsviðmiðin, sem eru ákveðin fyrir höggprófunina í samræmi við viðbótina við 1. viðbæti við þennan viðauka, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- 3.2.1.1. Álagsviðmið fyrir höfuð (Head Performance Criterion, HPC) skal ekki vera yfir 1 000; sé höfuðið ósnortið ber hvorki að mæla álagsviðmið fyrir höfuð né reikna út, heldur skrá „Höfuð ósnortið“.
- 3.2.1.2. Álagsviðmið fyrir brjóstkassa skulu vera:
- a) viðmið fyrir sveigju rifbeina (Rib Deflection Criterion, RDC) skal ekki vera yfir 42 mm;
- b) viðmið fyrir mjúkan vef (V\*C) skal ekki vera yfir 1,0 m/s.
- Á tveggja ára aðlögunartímabili frá dagsetningunni í 2. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar skal V\*C-gildið ekki skera úr um það hvort prófunarkröfum með tilliti til gerðarviðurkenningar sé fullnægt eða ekki; engu að síður ber að skrá fyrrnefnt gildi í prófunarskýrsluna og gerðarviðurkenningaryfirlöfum ber að halda því til haga. Þegar aðlögunartímabilið er á enda skal V\*C-gildið 1,0 m/s skera úr um það hvort prófunarkröfum sé fullnægt eða ekki, nema, eða þangað til, nefndin um aðlögun að tækniframförum samþykki annað gildi.
- 3.2.1.3. Álagsviðmið fyrir mjaðmagrind skal vera:
- Mesti kraftur á klyftasambryskjuna (Pubic Symphysis Peak Force, PSPF) skal ekki vera yfir 6 kN.
- 3.2.1.4. Álagsviðmið fyrir kvið skal vera:
- Mesti kraftur á kvið (Abdominal Peak Force, APF) skal ekki vera yfir 2,5 kN sem innri kraftur (jafngildir 4,5 kN ytri krafti).
- 3.3. Sérkröfur
- 3.3.1. Meðan á prófun stendur mega engar dyr opnast.
- 3.3.2. Eftir að höggið hefur dunið á ökutækinu skal vera unnt, án þess að nota verkfæri:
- 3.3.2.1. að opna nægilega margar dyr sem eru ætlaðar farþegum til þess að stíga inn og út úr ökutækinu með venjulegum hætti og, ef nauðsyn krefur, halla sætisbökum eða sætum til þess að unnt sé að koma öikumanni og farþegum út;
- 3.3.2.2. að losa brúðuna úr varnarbúnaðinum;
- 3.3.2.3. að taka brúðuna úr ökutækinu.
- 3.3.3. Enginn innri búnaður eða hluti má losna með þeim hætti að líkur á meiðslum af völdum beittra útskagandi hluta eða ójafnra brúna aukist verulega.
- 3.3.4. Brot sem stafa af varanlegri formbreytingu eru viðunandi svo fremi þau auka ekki líkur á meiðslum.
- 3.3.5. Leki frá búnaði til eldsneytisgjafar eftir árekstur skal ekki vera meiri en  $5 \times 10^4$  kg/s ef hann er stöðugur; blandist vökvi frá eldsneytisgjafarúnaði vökva frá öðrum kerfum og reynist ókleift að aðskilja ólíka vökva og tegundargreina þá með auðveldum hætti ber að taka alla vökva með í reikninginn við mat á stöðugum leka.

*1. viðbætur***HÖGGPRÓFUNARADFERÐ**

## 1. UPPSETNING

1.1. *Svæði þar sem prófun fer fram*

Prófunarsvæðið skal vera nógu stórt til þess að unnt sé að koma fyrir knúningsbúnaði hreyfanlegrar og formbreytanlegrar hindrunar, að prófunarökutækið geti færst til eftir að höggið lendir á því og að unnt sé að setja prófunarbúnaðinn upp. Skikinn, þar sem höggprófun fer fram og ökutækið færast til, skal vera láréttur, sléttur og hreinn og líkjast venjulegu þurru og hreinu yfirborði vegar.

## 2. PRÓFUNARSKILYRÐI

## 2.1. Prófunarökutækið skal vera kyrrstætt.

## 2.2. Hreyfanlega og formbreytanlega hindrunin skal hafa þá eiginleika sem er lýst í 2. viðbæti við II. viðauka. Skoðunarkröfur er að finna í viðbótinni við 2. viðbæti. Á hreyfanlegu og formbreytanlegu hindruninni skal vera hentugur búnaður sem kemur í veg fyrir að ökutækið verði fyrir öðru höggi í kjölfar þess fyrsta.

## 2.3. Ferill lóðréttis lengdarmiðjuplans hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunarinnar skal liggja hornrétt á lóðrétt lengdarmiðjuplan prófunarökutækisins.

2.4. Lóðrétt lengdarmiðjuplan hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunarinnar skal falla saman, innan  $\pm 25$  mm skekkjumarka, við lóðrétt þverplan sem gengur í gegnum R-punkt framsætisins sem er næst þeirri hlið prófunarökutækisins sem höggið lendir á. Lárétta miðjuplanið, sem takmarkast af ytri lóðréttum hliðarplönunum framhlutans, skal við höggið vera innan tveggja plana sem eru ákveðin áður en prófun fer fram og liggja 25 mm ofan og neðan við planið sem skilgreint er hér að framan.

## 2.5. Tækjabúnaður skal vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987, nema annað sé tekið fram í þessari tilskipun.

2.6. Við högg frá hlið skal prófunarbrúðan hafa náð stöðugum hita sem er  $22 \pm 4$  °C.

## 3. PRÓFUNARHRAÐI

Hraði hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunarinnar við höggið skal vera  $\pm 50$  km/klst. Hraðinn skal vera stöðugur að minnsta kosti 0,5 m fyrir höggið. Mælinákvæmni: 1%. Engu að síður er prófun talin fullnægjandi hafi hún verið gerð á meiri hraða og ökutækið staðist kröfurnar.

## 4. ÁSTAND ÖKUTÆKISINS

## 4.1. Almenn forskrift

Prófunarökutækið skal vera dæmigert fyrir raðframleiðsluna, hafa allan venjulegan búnað og vera tilbúið til aksturs. Heimilt er að sleppa sumum íhlutum eða setja samsvarandi massa í þeirra stað, enda hafi það greinilega engin áhrif á prófunarniðurstöður.

## 4.2. Forskrift fyrir búnað ökutækisins

Í prófunarökutækinu skal vera allur aukabúnaður eða -innréttingar sem kunna að hafa áhrif á niðurstöður prófunar.



- 4.3. Massi ökutækisins
- 4.3.1. Prófunarökutækið skal hafa þann viðmiðunarmassa sem er skilgreindur í lið 2.10 í II. viðauka við þessa tilskipun. Stilla ber massa ökutækisins í samræmi við viðmiðunarmassann,  $\pm 1\%$ .
- 4.3.2. Fylla ber eldsneytisgeymi vatni að níu tíundu af massa þess eldsneytis sem geymirinn tekur, samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda.
- 4.3.3. Heimilt er að öll önnur kerfi (t.d. hemlakerfi, kælikerfi) séu tóm; ef þannig háttar til ber að bæta upp massa viðkomandi vökva.
- 4.3.4. Fari massi mælitækja, sem eru í ökutækinu, yfir leyfileg 25 kg er heimilt að minnka hann ef það hefur engin markverð áhrif á prófunarniðurstöðurnar.
- 4.3.5. Massi mælitækjanna má ekki breyta viðmiðunarsþunga fyrir neinn ás um meira en 5% eða meira en 20 kg.
5. UNDIRBÚNINGUR ÖKUTÆKISINS
- 5.1. Hliðarrúður skulu hífdar upp að fullu, að minnsta kosti þeim megin sem höggð lendir.
- 5.2. Dyr skulu lokaðar en ólæstar.
- 5.3. Gírskipting skal vera í hlutlausri stöðu og stöðuhemill frátengdur.
- 5.4. Séu sætin stillanleg ber að festa þau í þeirri stöðu sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir.
- 5.5. Sé sætið, sem brúðan er í, stillanlegt ber að festa það, ásamt stillanlegum hlutum þess, á eftirfarandi hátt:
- 5.5.1. Búnaður fyrir stillingu eftir lengdarás er festur þannig að læsingin er í stöðu sem er næst miðju vegar milli fremstu og öftustu stöðu; sé þessi staða á milli tveggja skora ber að nota þá aftari.
- 5.5.2. Höfuðprúðinn er stilltur þannig að efri brún hans er í hæð við þungamiðju brúðuhöfuðsins; ef ekki er unnt að koma því við skal höfuðprúðinn vera í efstu stöðu.
- 5.5.3. Sætisbakið skal þannig stillt að bolviðmiðunarlína hins þrívíða-H-punkts-tækis myndar  $25^\circ$  horn,  $\pm 1^\circ$ , í afturátt, nema framleiðandinn tilgreini annað.
- 5.5.4. Allar aðrar sætisstillingar skulu vera í miðpunkti mögulegrar færslu; hæðarstilling skal þó vera í stöðu sem svarar til fasta sætisins, að því gefnu að ökutækisgerðin sé fánleg með stillanlegum og föstum sætum. Séu engar læsingar í miðju ber að velja þá stöðu sem er næst fyrir aftan, neðan eða til hliðar við miðpunktana. Með tilliti til stillingar á sætishalla merkir „afturábak“ þá stefnu stillingar sem færir höfuð brúðunnar afturábak. Nái brúðan út fyrir venjulegt rými sem farþegum er ætlað, nemi höfuð t.d. við þakklæðningu, skal sjá til þess að 10 mm autt bil sé frá lofti með því að notast við (í þeirri röð sem hér er tilgreind): aukastillingar, hallastillingu sætisbaks eða stillingu fram eða aftur.
- 5.6. Stilla ber önnur framsæti, ef því verður komið við, í sömu stöðu og sætið sem brúðan er í, nema framleiðandinn tilgreini annað.
- 5.7. Sé ökutækið með stillanlegu stýri skulu allar stillingar vera í miðju.
- 5.8. Loftþrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og framleiðandinn tilgreinir.
- 5.9. Koma skal prófunarökutækinu fyrir í láréttri stöðu um lengdarás sinn og skorða það þannig með stöðum þar til prófunarbrúðunni hefur verið komið fyrir og öllum undirbúningi er lokið.

- 5.10. Ökutækinu skal komið fyrir í venjulegri stöðu í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í lið 4.3. Ökutæki með fjöðrun, sem gerir kleift að stilla fjarlægð frá jörðu, skal prófa við þau eðlilegu notkunarskilyrði á 50 km hraða á klukkustund sem framleiðandinn tilgreinir. Til þess að tryggja þetta er bætt við stoðum, ef nauðsyn krefur, en slíkar stoðir skulu engin áhrif hafa á það hvernig prófunarökutækinu reiðir af meðan höggið lendir á því.

#### 6. PRÓFUNARBRÚÐA FYRIR HÖGG FRÁ HLIÐ OG UPPSETNING HENNA

- 6.1. Brúðan fyrir högg frá hlið skal vera í samræmi við forskriftirnar í 3. viðbæti og henni skal komið fyrir í framsætinu þeim megin sem höggið lendir, á þann hátt sem um getur í 4. viðbæti við þennan viðauka.
- 6.2. Nota ber öryggisbelti eða annan aðhaldsbúnað sem á að vera í ökutækinu. Beltin skulu vera í viðurkenndri gerð og í samræmi við tilskipun 77/541/EBE, uppsett með festingum sem eru í samræmi við tilskipun 76/115/EBE.
- 6.3. Stilla ber beltid eða aðhaldsbúnaðinn hæfilega fyrir brúðuna í samræmi við fyrirmæli framleiðanda; ef ekki er um slík fyrirmæli að ræða ber að stilla hæðina í miðju ef unnt er að stilla hana; ef miðjustilling er ekki fyrir hendi ber að nota næstu stillingu fyrir neðan.

#### 7. MÆLINGAR SEM BER AÐ GERA Á BRÚÐU FYRIR HÖGG FRÁ HLIÐ

- 7.1. Skrá ber aflestur af mælitækjum með eftirfarandi hætti:
- 7.1.1. Mælingar í höfði brúðunnar: Þríasá hröðun sem verður með tilliti til þungamiðju höfuðsins. Tækjabúnaður höfuðrásarinnar skal vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987, CFC: 1 000 Hz, og CAC: 150 g.
- 7.1.2. Mælingar í brjóstakassa brúðunnar: Rásirnar þrjár fyrir sveigju rifbeina skulu vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987, CFC: 1 000 Hz, CAC: 60 mm.
- 7.1.3. Mælingar í mjaðmagrind brúðunnar: Rásin fyrir kraft á mjaðmagrind skal vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987, CFC: 1 000 Hz, CAC: 15 kN;
- 7.1.4. Mælingar í kviði brúðunnar: Rásin fyrir kraft á kvið skal vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987, CFC: 1 000 Hz, CAC: 5 kN.

## 1. viðbætur - 1. viðbót

**ÁKVÖRÐUN ÁLAGSVIÐMIÐA**

Þær niðurstöður sem er krafist úr prófununum eru tilgreindar í lið 3.2 í II. viðauka.

1. **ÁLAGSVIÐMIÐ FYRIR HÖFUÐ (HEAD PERFORMANCE CRITERION, HPC)**

Komist höfuðið í snertingu við hluta ökutækisins skal reikna þetta álagsviðmið út fyrir allt tímabilið frá því augnabliki að snerting hefst og þar til henni er lokið.

Álagsviðmið fyrir höfuð (HPC) er hæsta gildi eftirfarandi stæðu:

$$(t_2 - t_1) \left[ \frac{1}{(t_2 - t_1)} \int_{t_1}^{t_2} a \cdot dt \right]^{2,5}$$

þar sem  $a$  er hröðun sem verður í þungamiðju höfuðsins, ( $m/s^2$ ) deilt með 9,81, skráð sem fall af tíma og síð við rásartíðniflokk 1 000 Hz;  $t_1$  og  $t_2$  eru einhverjir tveir tímapunktur milli þess sem snerting hefst og henni lýkur.

2. **ÁLAGSVIÐMIÐ FYRIR BRJÓSTKASSA**

2.1. Sveigja brjóstkassa: mesta sveigja brjóstkassa er hæsta sveigjugildi fyrir hvaða rifbein sem er, ákvarðað með færslunum brjóstkassans og síð við rásartíðniflokk 180 Hz.

2.2. Seigjuviðmið: mesta álagssvörun með tilliti til seigju er hæsta gildi  $V * C$  fyrir hvaða rifbein sem er, reiknað sem margfeldi augnabliksgildis hlutfallslegrar samþjöppunar brjóstkassa (miðað við annan helming brjóstkassa) og samþjöppunarhraðans sem er fenginn með deildun samþjöppunarinnar, síð við rásartíðniflokk 180 Hz. Í þessum útreikningi er staðalbreidd hálfbrjóstkassa ákveðin 140 mm.

$$V * C = \text{MAX} \left[ \left( \frac{D}{0,140} \right) \cdot \left( \frac{dD}{dt} \right) \right]$$

þar sem  $D$  = rifbeinssveigja (í metrum)

Við útreikninga ber að nota reikniritið sem er sett fram í 2. viðbót við þennan viðbæti.

3. **VIÐMIÐ FYRIR VERNDUN KVIÐAR**

Mesti kraftur á kvið (Peak Abdominal Force) er hámarksgildi summu þeirra þriggja krafta sem mælast með nemum sem er komið fyrir 39 mm undir yfirborði þeirrar hliðar sem höggð lendir á; CFC er 600 Hz.

4. **ÁLAGSVIÐMIÐ FYRIR MJADMAGRIND**

Mesti kraftur sem lendir á klyftasambryskjunni (Pubic Symphysis Peak Force, PSPF) er hámarkskraftur mældur af álagsnema við klyftasambryskju mjaðmagrindarinnar, síð við rásartíðniflokk 600 Hz.

## 1. viðbætur - 2. viðbót

**AÐFERÐ TIL AÐ REIKNNA ÚT SEIGJUVIÐMIÐ (V\*C) FYRIR PRÓFUNARBRÚÐU FYRIR HÖGG FRÁ HLIÐ**

Seigjuviðmiðið (V\*C) er reiknað út sem augnabliksgildi margfeldis samþjöppunar og sveigjuhraða bringubeinsins. Bæði gildin eru leidd af mælingum á sveigju bringubeinsins.


Merkið sem gefur til kynna sveigju bringubeinsins er síað einu sinni við rásartíðniflokk 180. Samþjöppun á tímapunkti t er reiknuð út frá þessu síaða merki og gefin upp sem stærðarhlutfall hálftrar breiddar EUROSID 1-brjóstkassans (EUROSID: European Side Impact Dummy = evrópsk prófunarbrúða fyrir högg frá hlið), mælt við málmrifbeinin (0,14 m):

$$C_{(t)} = \frac{D_{(t)}}{0,14}$$

Sveigjuhraði bringubeinsins á tímapunkti t er reiknaður út frá síaðri sveigjunni með jöfnunni:

$$V_{(t)} = \frac{8x(D_{(t+1)} - D_{(t-1)}) - (D_{(t+2)} - D_{(t-2)})}{12\delta t}$$

þar sem  $D_{(t)}$  er sveigja á tímapunkti t í metrum og t er tíminn í sekúndum milli sveigjumælinga. Hæsta t-gildi skal vera  $1,25 \times 10^{-4}$  sekúndur. Reikniaðferðin er sýnd á mynd hér að neðan:



## 2. viðbætur


**FORSKRIFTIR FYRIR HREYFANLEGAR OG FORMBREYTNANLEGAR HINDRANIR**

1. FORSKRIFTIR FYRIR HINDRUNINA
  - 1.1. Heildarmassi skal vera  $950 \pm 20$  kg.
  - 1.2. Sporvidd vagnsins að framan og aftan skal vera  $1\ 500 \pm 10$  mm.
  - 1.3. Hjólhaf vagnsins skal vera  $3\ 000 \pm 10$  mm.
  - 1.4. Þungamiðjan skal liggja innan 10 mm í lóðréttu lengdarmiðjuhlani,  $1\ 000 \pm 30$  mm aftan við framásinn og  $500 \pm 30$  mm yfir jörð.
  - 1.5. Bilið milli framhliðar höggbúnaðar og þungamiðju hindrunarinnar skal vera  $2\ 000 \pm 30$  mm.
2. FORSKRIFTIR FYRIR HÖGGBÚNAÐINN
  - 2.1. *Rúmfræðilegir eiginleikar*
    - 2.1.1. Höggbúnaðurinn er gerður úr sex stökum samsettum hlutum og er lögun þeirra, stærð og staðsetning sýnd á mynd 1.
    - 2.1.2. Formbreytanlega höggsvæðið skal vera  $1\ 500 \pm 10$  mm á breidd og  $500 \pm 5$  mm á hæð.
    - 2.1.3. Fjarlægð höggsvæðisins frá jörðu skal, með fyrirvara um ákvæði 4. gr. þessarar tilskipunar, vera  $300 \pm 5$  mm, mælt við stöðug skilyrði fyrir höggið.
    - 2.1.4. Formbreytanlegu hlutarnir skulu vera sex og skiptast í tvær þriggja hluta raðir. Hlutarnir skulu allir vera jafnbreiðir ( $500 \pm 5$  mm) og jafnháir ( $250 \pm 3$  mm); hlutarnir sem mynda efri röð skulu vera  $440 \pm 5$  mm á dýpt og neðri röð  $500 \pm 5$  mm á dýpt.
  - 2.2. *Efnislegir eiginleikar*

Höggbúnaður skal gerður úr áli og líkjast sexstrendum hólfum vaxköku hunangsflugunnar (honeycomb). Nota má önnur efni hafi að mati hlutaðeigandi tækniþjónustu verið sýnt fram á sömu niðurstöður og er lýst í lið 2.3. Ætíð skal gera grein fyrir gerð höggbúnaðar í prófunarskýrslu.
  - 2.3. *Einkenni formbreytingar*
    - 2.3.1. Frávik frá tilskildum svæðum á kraft-sveigjuritum, sem gefa stífni höggbúnaðarins til kynna, eru heimil, eins og skilgreint er á mynd 2 í þessum viðbæti, að því tilskildu:
      - 2.3.1.1. að farið sé út fyrir hið leyfða svæði eftir upphaf höggsins og áður en formbreyting höggbúnaðarins nær 150 mm;
      - 2.3.1.2. að frávikið sé ekki meira en 50% af næsta augnabliksgildi marka tilskilins svæðis á kraft-sveigjuritinu;
      - 2.3.1.3. að sú færsla, sem svarar til hvers fráviks, fari ekki yfir 35 mm sveigju og summa þessara færslna fari ekki yfir 70 mm (sjá mynd 2); og
      - 2.3.1.4. að summa orkunnar sem felst í sveigju utan tilskilins svæðis á kraft-sveigjuritinu fari ekki yfir 5% af brúttóorku fyrir viðkomandi hluta.

- 2.3.2. Fyrsti og annar hluti eru eins. Stífni þeirra veldur því að kraft-sveigjuferlar þeirra liggja innan skyggða svæðisins á mynd 2, ferill 2a.
- 2.3.3. Fimmti og sjötti hluti eru eins. Stífni þeirra veldur því að kraft-sveigjuferlar þeirra liggja innan skyggða svæðisins á mynd 2, ferill 2d.
- 2.3.4. Stífni annars hluta veldur því að kraft-sveigjuferill hans liggur innan skyggða svæðisins á mynd 2, ferill 2b.
- 2.3.5. Stífni fjórða hluta er slík að kraft-sveigjuferill hans liggur innan skyggða svæðisins á mynd 2, ferill 2c.
- 2.3.6. Kraft-sveigja höggbúnaðarins í heild skal liggja innan skyggða svæðisins á mynd 2, ferill 2e.
- 2.3.7. Sannprófun kraft-sveigjuferlanna er lýst í viðbótinni við þennan viðbæti og felst í því að samstæðan er látin rekast á hindrun búna aflmæli á  $35 \pm 2$  km/klst.
- 2.3.8. Orkan, sem er dreift<sup>(1)</sup> á 1. og 3. hluta meðan á prófun stendur, skal jafngilda  $10 \pm 2$  kJ fyrir hvorn þessara hluta.
- 2.3.9. Orkan, sem er dreift á 5. og 6. hluta, skal jafngilda  $3,5 \pm 1$  kJ fyrir hvorn þessara hluta.
- 2.3.10. Orkan, sem er dreift á 4. hluta, skal jafngilda  $4 \pm 1$  kJ.
- 2.3.11. Orkan, sem er dreift á 2. hluta, skal jafngilda  $14 \pm 2$  kJ.
- 2.3.12. Heildarorkan, sem er dreift meðan höggið varir, skal jafngilda  $45 \pm 5$  kJ.
- 2.3.13. Formbreyting höggbúnaðar, sem er mæld í hæðarfleti B (mynd 1) að prófun lokinni, skal jafngilda  $350 \pm 20$  mm.


Mynd 1



<sup>(1)</sup> Uppgefið orkumagn er það orkumagn sem kerfið dreifir þegar formbreyting höggbúnaðarins nær hámarki.

Mynd 2


**Kraft-sveigjuferlar**



1. og 3. hluti

	d	f
A	0	10
B	30	58
C	30	43
D	3	0


Sveigja í cm



2. hluti

	d	f
G	0	10
H	16	70
I	16	50
J	3	0


Sveigja í cm



4. hluti

	d	f
K	5	5
L	30	28,5
M	30	18,5
N	8	0

Sveigja í cm




5. og 6. hluti

	d	f
P	5	5
Q	30	25,5
R	30	15,5
S	8	0

Sveigja í cm

Mynd 2 (framhald)



	d	f
T	0	25
U	16	165
V	30	255
W	30	205
X	16	115
Y	3	0

Allir hlutarnir

sveigja í cm

*Aths.* Meðan sannprófun fer fram skal frávik mælds álags á 1. og 3. hluta annars vegar og 5. og 6. hluta hins vegar ekki vera meira en 10% fyrir tiltekna sveigju.



## 2. viðbætur - Viðbót

### SANNPRÓFUN Á EIGINLEIKUM HREYFANLEGRAR OG FORMBREYTTANLEGRAR HINDRUNAR

#### 1. TILGANGUR

Í þessari viðbót eru settar fram aðferðir til að sannprófa hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunina. Prófunaryfirvaldið ber ábyrgð á því að hreyfanlega og formbreytanlega hindrunin sé í samræmi við forskriftir með því að framkvæma höggprófun þar sem árekstur verður við vegg búinn aflmæli og styrktan fastri stífri hindrun.

#### 2. UPPSETNING

##### 2.1. Svæði þar sem prófun fer fram

Prófunarsvæðið skal vera nógu stórt til þess að unnt sé að koma fyrir aðkeyrslubraut hreyfanlegrar og formbreytanlegrar hindrunar, stífu hindruninni og nauðsynlegum prófunartækjabúnaði. Lokaáfangi brautarinnar, að minnsta kosti síðustu fimm metrnir áður en stífu hindrunni er náð, skal vera láréttur, flatur og sléttur.

##### 2.2. Föst stíf hindrun og veggur búinn aflmæli

2.2.1. Stífa hindrunin er gerð úr járnentu steinsteypustykki sem er minnst þrjú metrar á breidd að framan og minnst 1,5 metrar á hæð. Stífa hindrunin skal vera nógu þykk til þess að vega að minnsta kosti 70 tonn. Framhliðin skal vera lárétt, hornrétt á ás aðkeyrslubrautarinnar og þakin álagsnemunum sem geta mælt heildarálag á hvern hluta höggbúnaðar hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunarinnar við höggið. Miðsvæði þeirra platna sem verða fyrir höggi og miðsvæði þeirrar hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunar, sem er valin, skulu standast á; brúnir þeirra skulu liggja 20 mm innan marka sem aðskilja þau aðliggjandi svæðum. Festingar nema og yfirborð platna skulu vera í samræmi við kröfurnar sem um getur í viðaukanum við ISO-staðal 6487:1987. Ef notuð er yfirborðsvörn má hún ekki draga úr svörun nemanna.

2.2.2. Stífa hindrunin skal annaðhvort tryggilega jarðfest eða komið fyrir á jörðu ásamt aukastöðvunarbúnaði, ef nauðsyn krefur, til þess að koma í veg fyrir að hún færir úr stað. Heimilt er að nota stífa hindrun með annars konar álagsnemunum að því gefnu að niðurstöðurnar séu að minnsta kosti eins afgerandi.

#### 3. KNÚNINGSAFL HREYFANLEGRAR OG FORMBREYTTANLEGRAR HINDRUNAR

Við högg skal enginn aukastýri- eða -knúningsbúnaður lengur verka á hreyfanlegu og formbreytanlegu hindrunina. Hún skal ná fyrirstöðunni eftir ferli sem er hornréttur á ákeyrsluhindrunina. Frávik frá beinni höggstefnu skal vera undir 10 mm.

#### 4. MÆLITÆKI

##### 4.1. Hraði

Högghraði skal vera  $35 \pm 2$  km/klst. Skekkjumörk búnaðar til að mæla hraðann þegar höggið verður skulu vera innan við 1%.

##### 4.2. Álag

Mælitæki skulu vera í samræmi við forskriftirnar sem eru settar fram í ISO-staðli 6487:1987

CFC fyrir alla hluta = 60 Hz,  
CAC fyrir 1. og 3. hluta = 120 kN,  
CAC fyrir 4., 5. og 6. hluta = 60 kN,  
CAC fyrir 2. hluta = 140 kN.

4.3. *Hröðun*

Mæla ber hröðun í lengdarstefnu á stað sem ekki sveigist. Tækjabúnaður skal vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987 með eftirfarandi forskriftum:

CFC: 1 000 Hz (áður en samruni verður),

CFC: 60 Hz (eftir að samruni verður),

CAC: 50 g.

5. ALMENNAR FORSKRIFTIR FYRIR HINDRUNINA

5.1. Sérkenni hvernar hindrunar skulu vera í samræmi við 1. lið í 2. viðbæti og þau ber að skrá.

6. ALMENNAR FORSKRIFTIR FYRIR ÞÁ GERÐ HÖGGBÚNAÐAR SEM ER NOTUÐ

6.1. Líta ber svo á að um rétta gerð höggbúnaðar sé að ræða þegar frálag álagsnemanna sex gefur hvert um sig merki sem við skráningu eru í samræmi við kröfurnar sem er lýst í lið 2.2 í 2. viðbæti.

6.2. Á höggbúnaði skal vera raðnúmer þar sem framleiðsludagsetning kemur meðal annars fram.

## 3. viðbætur

## TÆKNILÝSING BRÚÐU FYRIR HÖGG FRÁ HLIÐ

1. ALMENN LÝSING
  - 1.1. Mál og massar brúðu fyrir högg frá hlið eru eins og hjá fullorðnum karlmanni, sem svarar til fimmtugasta hundraðshlutamarks, án framhandleggja.
  - 1.2. Brúða fyrir högg frá hlið er gerð úr málm- og plastgrind þaktri gúmmí, plasti og frauði sem líkjast holdi.
  - 1.3. Brúðu fyrir högg frá hlið, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þar með talinn tækjabúnaður og kvörðun, er lýst í tækniteikningum og notendahandbók<sup>(1)</sup>.
2. SMÍÐI
  - 2.1. Yfirlit yfir brúðu fyrir högg frá hlið er á mynd 1 og í töflu 1 í þessum viðbæti.
  - 2.2. Höfuð
    - 2.2.1. Höfuðið er sýnt sem hluti nr. 1 á mynd 1 í þessum viðbæti.
    - 2.2.2. Höfuðið er gert úr álkúpu þaktri þjalli vínýlhúð. Kúpan er hol að innan og hýsir þríása hröðunarmæla og kjölfestu.
  - 2.3. Háls
    - 2.3.1. Hálsinn er sýndur sem hluti nr. 2 á mynd 1 í þessum viðbæti.
    - 2.3.2. Hálsinn er gerður úr tengistykki höfuðs og háls, tengistykki háls og brjóstakassa og miðjubætti sem tengir tengistykkin saman.
    - 2.3.3. Tengistykki höfuðs og háls (2. hluti a) og tengistykki háls og brjóstakassa (2. hluti c) eru bæði gerð úr tveimur álskífum sem eru samtengdar með skrúfu með kúptum haus og átta gúmmíhöggpúðum.
    - 2.3.4. Sívali miðjubátturinn (2. hluti b) er úr gúmmí.
    - 2.3.5. Hálsinn er festur í hálsklaufina sem er sýnd sem 3. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
    - 2.3.6. Hornið milli tveggja hliða hálsklaufarinnar er 25°. Þar eð axlarstykkið hallar aftur um 5° verður hornið milli hálsins og bolsins 20°.
  - 2.4. Öxl
    - 2.4.1. Öxlin er sýnd sem hluti nr. 4 á mynd 1 í þessum viðbæti.
    - 2.4.2. Öxlin er gerð úr axlarstykki, tveimur viðbeinum og axlarhlíf.
    - 2.4.3. Axlarstykkið (4. hluti a) er gert úr bilstykki úr áli, álplötu ofan á bilstyrkinu og álplötu undir bilstyrkinu.
    - 2.4.4. Viðbeinin (4. hluti b) eru úr pólýprópýleni. Tvö teygjubönd (4. hluti c), sem eru klemmd saman á bakhluta axlarstykksins, þvinga viðbeinin aftur á bak í hlutlausu stöðu. Á ytra borði beggja viðbeina er búnaður sem gerir kleift að setja handleggina í ólíkar staðlaðar stellingar.

(1) Þar til viðeigandi ISO-staðlar verða gefnir út eru þessi gögn (notendahandbók fyrir EUROSID-1 frá nóvember 1990) fánæg hjá TNO Road Vehicles Research Institute, P.O. Box 6033, 2600 JA Delft, Schoemakerstraat 95, 2528 VK Delft, Hollandi.

- 2.4.5. Axlarhlífín (4. hluti d) er gerð úr pólýúretan-frauði með lítilli þéttni og fest við axlarstykkið.
- 2.5. *Brjóstkassi*
- 2.5.1. Brjóstkassinn er sýndur sem hluti nr. 5 á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.5.2. Brjóstkassinn er gerður úr stífum kassalaga brjóstþrygg og þremur sams konar rifbeinseiningum.
- 2.5.3. Kassalaga brjóstþryggurinn (5. hluti a) er úr stáli. Á bakhliðina er fest plastplata með blýfyllingu (5. hluti b).
- 2.5.4. Efri hluti kassalaga brjóstþryggjarins hallar aftur um 5°.
- 2.5.5. Rifbeinseining (5. hluti c) er gerð úr stálrifi umluktú pólýúretan-frauði sem líkist holdi (5. hluti d), hólkeiningu með bullu (5. hluti e) sem tengir rifbeinið við kassalaga brjóstþrygginn, vökvassveifludæyfi (5. hluti f) og stífri deyfifjöður (5. hluti g).
- 2.5.6. Í hólkeiningunni með bullunni er stillifjöður (5. hluti h).
- 2.5.7. Festa má færslunema (5. hluti i) á framhlið hólksins og tengja við innri hluta rifbeinsins.
- 2.6. *Handleggir*
- 2.6.1. Handleggirnir eru sýndir sem 6. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.6.2. Handleggjabein eru úr plasti, umlukin „holdi“ úr pólýúretani og PVC-húð.
- 2.6.3. Liðamót axlar og handleggs leyfa stakar stellingar handleggsins þannig að hann myndi 0°, 40° og 90° horn við bollínu.
- 2.6.4. Liðamót axlar og handleggs leyfa aðeins að handleggurinn sé beygður og/eða teygður.
- 2.7. *Lendahluti hryggjar*
- 2.7.1. Lendahluti hryggjar er sýndur sem 7. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.7.2. Lendahluti hryggjar er gerður úr gegnheilum gúmmíhólki með tveimur tengiplötum úr stáli á hvorum enda og stálstreng inni í hólknunum.
- 2.8. *Kviður*
- 2.8.1. Kviðurinn er sýndur sem 8. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.8.2. Kviðurinn er gerður úr steypu málmstykki og er umlukinn pólýúretan-frauði.
- 2.8.3. Miðhluti kviðarins er steypu málmstykki (8. hluti a). Steypu málmstykkinu er lokað efst með plötu.
- 2.8.4. Umlykjandi efni (8. hluti b) er úr pólýúretan-frauði. Hvelfdu gúmmínnleggi með blýkúlufyllingum er komið fyrir í frauðholdinu á báðum síðum.
- 2.8.5. Milli umlykjandi frauðsins og stífa málmstykksins, á hvorri síðu kviðarins, má annaðhvort koma fyrir þremur kraftnemunum (8. hluti c) eða þremur „eftirlíkingum“ sem mæla ekki.

2.9. *Mjaðmagrind*

- 2.9.1. Mjaðmagrindin er sýnd sem 9. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.9.2. Mjaðmagrindin er gerð úr spjaldbeinsstykki, tveimur mjaðmarspöðum, tveimur mjaðmarliðum og umlykjandi frauði.
- 2.9.3. Spjaldbeinið (9. hluti a) er gert úr blýfylltu álstykki og álplötu sem er komið fyrir á efri enda stykkisins.
- 2.9.4. Mjaðmarspaðarnir (9. hluti b) eru úr pólýúretani.
- 2.9.5. Mjaðmarliðirnir (9. hluti c) eru úr stáli. Þeir eru gerðir úr efri hluta lærleggs og kúlulið tengdum ási sem gengur í gegnum H-punkt brúðunnar.
- 2.9.6. „Holdið“ (9. hluti d) er úr PVC-húð með frauðfyllingu úr pólýúretani. Við H-punktinn kemur í stað húðarinnar stór hólkur úr pólýúretanfrauði með opnum nemum (9. hluti e) sem er festur við stálplötu sem aftur er fest við mjaðmarspaðann með ási sem gengur í gegnum kúluliðinn.
- 2.9.7. Mjaðmarspaðarnir eru samtengdir við klyftarsambryskjuna með kraftnema (9. hluti f) eða „eftirlíkingu“ sem mælir ekki.

2.10. *Fótleggir*


- 2.10.1. Fótleggirnir eru sýndir sem 10. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.10.2. Fótleggirnir eru gerðir úr málmgrind þaktri pólýúretanfrauði og plasthúð sem líkjast holdi.
- 2.10.3. Aðeins er unnt að beygja og/eða teygja hnjá- og öklaliði.

2.11. *Föt*

- 2.11.1. Fötin eru sýnd sem 11. hluti á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.11.2. Fötin eru gerð úr gúmmí og klæða axlir, brjóstkassa, upphandleggi, kvið og lendahluta hryggjar og efri mjaðmarhluta.

Mynd 1

## Smíði brúðu fyrir högg frá hlið



Tafla 1

## Íhlutar brúðu fyrir högg frá hlið

Nr. hluta	Lýsing	Fjöldi
1	Höfuð	1
2	Háls	1
2a	Tengistykki höfuðs og háls	1
2b	Miðjustykki	1
2c	Tengistykki háls og brjóstakassa	1
3	Hálsklauf	1
4	Öxl	1
4a	Axlarstykki	1
4b	Viðbein	2
4c	Teygjuband	2
4d	Axlarhlíf	1
5	Brjóstakassi	1
5a	Brjósthyggur	1
5b	Plata á bakhlið	1
5c	Rifbeinseining	3
5d	Rifbein umlukið holdi	3
5e	Hólkeining með bullu	3
5f	Deyfir	3
5g	Deyfifjöður	3
5h	Stillifjöður	3
5i	Færslunemi	3
6	Handleggur	2
7	Lendahluti hryggjar	1
8	Kviður	1
8a	Miðhluti kviðar	1
8b	Umlykjandi hold	1
8c	Kraftnemi	3
9	Mjaðmagrind	1
9a	Spjaldbeinsstykki	1
9b	Mjaðmarspaði	2
9c	Mjaðmaliður	2
9d	Umlykjandi hold	1
9e	Frauðstykki við H-punktinn	2
9f	Kraftnemi	1
10	Fótleggir	2
11	Föt	1

### 3. SAMSETNING BRÚÐUNNAR

#### 3.1. Höfuð - háls

3.1.1. Nauðsynlegt kraftvægi fyrir skrúfur með kúptum haus til þess að festa hálsinn saman er 10 Nm.

3.1.2. Höfuðið er fest á tengiplötu hálsins fyrir höfuð/háls með þremur skrúfum.

3.1.3. Tengiplata hálsins fyrir háls/brjóstakassi er fest í hálsklaufina með fjórum skrúfum.

#### 3.2. Háls - öxl - brjóstakassi

3.2.1. Hálsklaufin er fest á axlarstykkið með fjórum skrúfum.

3.2.2. Axlarstykkið er fest við efri enda kassalaga brjósthryggjarins með þremur skrúfum.

#### 3.3. Öxl - handleggur

3.3.1. Festa má handleggi við viðbeinin og stilla með skrúfu og legu. Nauðsynlegt kraftvægi til þess að festa handlegginn í skilgreindri staðlaðri stöðu er 0,6 Nm.

#### 3.4. Brjóstakassi - lendahluti hryggjar - kviður

3.4.1. Á brjósthrygginn neðanverðan er fest millistykki fyrir lendahluta hryggjar með tveimur skrúfum.

3.4.2. Millistykkið fyrir lendahluta hryggjarins er fest við efri enda lendahluta hryggjarins með tveimur skrúfum.

3.4.3. Kraginn efst á steypa miðhluta kviðar er klemmdur milli millistykkisins fyrir lendahluta hryggjarins og lendahluta hryggjarins.

#### 3.5. Lendahluti hryggjar - mjaðmagrind - fótleggir

3.5.1. Lendahluti hryggjar er festur við botnplötu lendahluta hryggjarins með þremur skrúfum.

3.5.2. Botnplata lendahluta hryggjarins er fest við spjaldbeinsstykki mjaðmagrindarinnar með þremur skrúfum.

3.5.3. Fótleggirnir eru festir við liðamót efri hluta lærleggs og mjaðmar í mjaðmagrindinni með skrúfu.

3.5.4. Setja má fótleggina saman og stilla með hjöruliðum í hnjám og öklum.

### 4. HELSTU FORSKRIFTIR

#### 4.1. Massi

4.1.2. Massar helstu íhluta brúðunnar eru tilgreindir í töflu 2 í þessum viðbæti.



Tafla 2

**Massar íhluta brúðunnar**


Íhluti	Massi (kg)	Helstu einingar
Höfuð	4,0 ± 0,4	Heilt höfuð, þar með talinn þríásá hröðunarmælir
Háls	1,0 ± 0,1	Háls án hálsklaufar
Brjóstkassi	22,4 ± 1,5	Hálsklauf, axlir, festingarboltar fyrir handleggi, kassalaga brjósthryggur, bakplata hryggjar, rifbeinseiningar, rifbeinssveigjunemar, millistykki fyrir lendahluta hryggjar, axlarhlíf, steypdur miðhluti kviðar, kraftnemar kviðs, tveir þriðju hlutar fatnaðar
Handleggur	1,3 ± 0,1	Upphandleggur, þ.m.t. stilliplata handleggsins (fyrir hvorn handlegg)
Kviður	5,0 ± 0,5	Umlykjandi hold fyrir kvið og lendahluta hryggjar
Mjaðmagrind	12,0 ± 1,0	Spjaldbeinsstykki, botnplata lendahluta hryggjar, mjaðmakúluliðir, efri hluti lærleggja, mjaðmarspaðar, klyftakraftnemi, umlykjandi hold fyrir mjaðmagrind, einn þriðji hluti fatnaðar
Fótleggur	12,5 ± 1,0	Fótur, neðri og efri hluti fótleggjar ásamt holdi að samskeytum við efri hluti lærleggs (fyrir hvorn fótlegg)
Alls	72,2 ± 0,5	

4.2. Helstu mál

4.2.1. Helstu mál brúðu fyrir högg frá hlið, (þ.m.t. fatnaður), byggð á mynd 2 í þessum viðbæti, eru tilgreind í töflu 3 í þessum viðbæti.

Mynd 2

**Helstu mál brúðunnar**



Tafla 3

## Helstu mál brúðunnar

Nr.	Færibreyta	Stærð (mm)
1	Hæð, sitjandi	904 ± 7
2	Sæti að axlarlið	557 ± 5
3	Sæti að neðri brún neðsta rifbeins	357 ± 5
4	Sæti að handlegg	242 ± 5
5	Sæti að H-punkti	98 ± 2
6	Il að sæti, sitjandi	456 ± 5
7	H-punktur að þungamiðju höfuðsins	687 ± 5
8	H-punktur að miðju efsta rifbeins	393 ± 3
9	H-punktur að miðju miðrifbeins	337 ± 3
10	H-punktur að miðju neðsta rifbeins	281 ± 3
11	H-punktur að miðju kraftnema kviðar	180 ± 3
12	H-punktur að miðju kraftnema í klyftarsambryskju	14 ± 2
13	Höfuðbreidd	154 ± 2
14	Breidd axlar/handleggs	482 ± 5
15	Breidd brjóstkassa	330 ± 5
16	Breidd kviðar	290 ± 5
17	Breidd mjaðmagrindar	355 ± 5
18	Hálsþvermál	80 ± 2
19	Höfuðdýpt	201 ± 5
20	Dýpt brjóstkassa	276 ± 5
21	Dýpt kviðar	204 ± 5
22	Dýpt mjaðmagrindar	245 ± 5
23	Bakhluti þjóhnappa að H-punkti	157 ± 2
24	Bakhluti þjóhnappa að framhlið hnés	610 ± 5

## 5. VOTTUN BRÚÐUNNAR

5.1. *Hliðin sem höggið lendir á*

5.1.1. Votta skal einingar brúðunnar vinstra eða hægra megin eftir því á hvorri hlið ökutækisins höggið lendir.

5.1.2. Rifbeinseiningum (þ.m.t. tækjabúnaði), kraftnemunum í kviði og kraftnemunum í klyftarsambryskju skal komið fyrir þeim megin sem höggið lendir.

5.2. *Tækjabúnaður*

Kvarða ber allan tækjabúnað í samræmi við kröfurnar í þeim upplýsingaskjölum sem eru tilgreind í lið 1.3.

5.2.1. Allar rásir tækjabúnaðar skulu vera í samræmi við ISO-staðal 6487:1987.

5.3. *Sjónræn skoðun*

5.3.1. Framkvæma ber sjónræna skoðun á öllum einingum brúðunnar með tilliti til tjóns og skipta um þær, ef nauðsyn krefur, áður en vottunarprófun fer fram.

- 5.4. *Almenn lýsing á prófunaruppstillingu*
- 5.4.1. Prófunaruppstilling við allar vottunarprófanir á brúðu fyrir högg frá hlið er sýnd á mynd 3 í þessum viðbæti.
- 5.4.2. Prófanir á höfði, hálsi, brjóstakassa og lendahluta hryggjar eru gerðar á afteknum hlutum brúðunnar.
- 5.4.3. Prófanir á öxl, kviði og mjaðmagrind eru gerðar á brúðunni heilli (án fata). Í þessum prófunum er brúðan í stíjandi stellingu á flötu undirlagi og tveimur teflonlögum, 2 mm eða þynnri, komið fyrir milli þess og brúðunnar.
- 5.4.4. Alla hluta, sem á að votta, skal geyma í prófunarherbergi við 18° til 20°C í að minnsta kosti fjórar klukkustundir áður en prófun fer fram.
- 5.4.5. Milli tveggja endurtekinnar vottunarprófana skulu líða að minnsta kosti 30 mínútur.
- 5.5. *Höfuð*
- 5.5.1. Höfuðið er látið falla úr  $200 \pm 1$  mm hæð niður á flatan stífan höggflöt.
- 5.5.2. Hornið milli höggflatar og samhverfuplans höfuðsins er  $35^\circ \pm 1^\circ$ , þannig að höggið geti lent efst á höfðinu.
- 5.5.3. Hámarkshröðun höfuðsins í kjölfar höggsins, síuð með CFC 1 000, skal vera á bilinu 100 g til 150 g.
- 5.5.4. Til þess að uppfylla gerða kröfu er heimilt að laga viðbragð höfuðsins með því að breyta núningseiginleikum skilflatar holds og höfuðkúpu (t.d. með því að bera á talkpúður eða með PTEF-úðæfni).
- 5.6. *Háls*
- 5.6.1. Tengistykki hálsins sem tengir höfuð og háls er fest á sérstakt samhverft höfuðlíkan sem er notað við vottun; massi þess er  $3,9 \pm 0,05$  kg (sjá mynd 4).
- 5.6.2. Höfuðlíkanið og hálsinn eru fest á hvolfi neðan undir hálsveigjukólf sem gerir búnaðinum kleift að hreyfast til hliðanna.
- 5.6.3. Hálskólfulurinn er búinn einása hröðunarmæli sem er festur  $1\,655 \pm 5$  mm frá snúningsási kólfsins.
- 5.6.4. Hálskólfulurinn skal geta fallið óhindrað úr hæð sem er valin til þess að ná högggraða sem er  $3,4 \pm 0,1$  m/s og mældur á þeim stað þar sem hröðunarmælinum er komið fyrir.
- 5.6.5. Hægt er á hálskólfinum úr högggraða niður í núll með til þess gerðum búnaði þannig að hraðaminnkunarferillinn fellur innan svæðisins sem er sýnt á mynd 5 í þessum viðbæti. Allar rásir ber að skrá með því að nota ISO-6487 CFC 1000 síur og sía á stafrænan hátt með því að nota CFC 60.
- 5.6.6. Hámarkssveigjuvinkill höfuðlíkansins miðað við kólfinn skal vera  $51 \pm 5^\circ$  og verða til á bilinu 50 til 62 m/s.
- 5.6.7. Mesta færsla þungamiðju höfuðlíkansins skal annars vegar vera  $97 \pm 20$  mm til hliðar og hins vegar  $26 \pm 6$  mm lóðrétt.
- 5.6.8. Heimilt er að laga viðbragð hálsins með því að setja höggpúða af annarri Shore-eðlishörku í stað sívalningslöguðu höggpúðanna.

5.7. *Öxl*

- 5.7.1. Breyta ber lengd teygjubandsins þannig að til að hreyfa viðbeinið fram á við þurfi framvirkan kraft á bilinu 27,5 N til 32,5 N sem er látinn verka á viðbeinið  $4 \pm 1$  mm frá ytri brún þess í sama plani og það hreyfist.
- 5.7.2. Brúðunni er komið fyrir í sitjandi stellingu á flötu, lárétu og stífu undirlagi án bakstuðnings. Brjóstkassinn er settur í lóðréttu stöðu og handleggirnir látnir mynda  $40^\circ \pm 2^\circ$  horn fram miðað við lóðréttu stöðu. Fótleggirnir eru hafðir í láréttri stöðu.
- 5.7.3. Höggbúnaðurinn er kólfur,  $23,5 \pm 0,2$  kg og  $152 \pm 2$  mm í þvermál. Höggbúnaðurinn er látinn hanga í fjórum vírum í stífri stoð þannig að miðlína hans er að minnsta kosti 3,5 m undir stoðinni.
- 5.7.4. Höggbúnaðurinn er búinn hröðunarmæli sem er næmur í höggstefnu og staðsettur á ási höggbúnaðarins.
- 5.7.5. Höggbúnaðurinn er látinn sveiflast hindrunarlaust á öxl brúðunnar á högghraðanum  $4,3 \pm 0,1$  m/s.
- 5.7.6. Höggstefnan er hornrétt á lengdarás brúðunnar og ás höggbúnaðarins fellur saman við snúningsás upphandleggs.
- 5.7.7. Hámarkshröðun höggbúnaðarins, síuð með CFC 180, skal vera á bilinu 7,5 til 10,5 g.

5.8. *Handleggir*

- 5.8.1. Engin hreyfifræðileg vottunaraðferð er skilgreind vegna handleggja.

5.9. *Brjóstkassi*

- 5.9.1. Hver rifbeinseining er vottuð sérstaklega.
- 5.9.2. Rifbeinseiningunni er komið lóðrétt fyrir í fallprófunarbúnaði og rifbeinshólkurinn spenntur fastur við búnaðinn.
- 5.9.3. Höggbúnaðurinn er  $7,8 + 0$  til  $0,1$  kg massi í frjálsum falli, með flata framhlið og  $150 \pm 2$  mm þvermál.
- 5.9.4. Miðlína höggbúnaðarins skal standast á við miðlínu rifbeinsbullunnar.
- 5.9.5. Högghraðinn skal vera 1,0, 2,0, 3,0 og 4,0 m/s, eftir því sem við á, og má víkja mest 2% frá þeim gildum.
- 5.9.6. Mæla ber færslu rifbeins, til dæmis með því að nota færslunema rifbeinsins sjálfs.
- 5.9.7. Vottunarkröfur vegna rifbeina eru tilgreindar í töflu 4 í þessum viðbæti.
- 5.9.8. Heimilt er að laga viðbragð rifbeinseiningarinnar með því að setja stillifjöður af annarri stífni í stað stillifjaðrarinnar inni í hólknunum.

Tafla 4

## Vottunarkröfur vegna fullbúinnar rifbeinseiningar

Högghraði (m/s)	Færsla (mm)	
	Minnsta	Mesta
1,0	10,0	14,0
2,0	23,5	27,5
3,0	36,0	40,0
4,0	46,0	51,0

## 5.10. Lendahluti hryggjar

5.10.1. Lendahluti hryggjarins er festur við hið sérstaka samhverfa höfuðlíkan sem er notað við vottun og hefur massann  $3,9 \pm 0,05$  kg (sjá mynd 4).

5.10.2. Höfuðlíkanið og lendahluti hryggjarins eru fest á hvolfi neðan undir hálsveigjukólf sem gerir búnaðinum kleift að hreyfast til hliðanna.

5.10.3. Hálskólfurinn er búinn einása hröðunarmæli sem er festur  $1\ 655 \pm 5$  mm frá snúningsási kólfsins.

5.10.4. Hálskólfurinn er látinn falla óhindrað úr hæð sem er valin til þess að ná högggraða sem er  $6,05 \pm 0,1$  m/s og mældur á þeim stað þar sem hröðunarmælinum er komið fyrir.

5.10.5. Hægt er á hálskólfinum úr högggraða niður í núll með til þess gerðum búnaði þannig að hraðaminnkunarferillinn fellur innan svæðisins sem er sýnt á mynd 6 í þessum viðbæti. Allar rásir ber að skrá með því að nota ISO-6487 CFC 1000 síur og sía á stafrænan hátt með því að nota CFC 60.

5.10.6. Hámarkssveigjuhorn höfuðlíkansins miðað við kólfinn skal vera  $50 \pm 5^\circ$  og verða til á bilinu 39 til 53 ms.

5.10.7. Mesta færsla þungamiðju höfuðlíkansins skal vera  $104 \pm 7$  mm til hliðar og  $33 \pm 7$  mm lóðrétt.

5.10.8. Heimilt er að laga viðbragð lendahluta hryggjarins með því að breyta lengd hryggjarins.

## 5.11. Kviður

5.11.1. Brúðunni er komið fyrir í sitjandi stellingu á flötu lárétu og hörðu undirlagi án bakstuðnings. Brjóstkassinn er settur í lóðréttu stöðu og handleggir og fótleggir hafðir í láréttri stöðu.

5.11.2. Höggbúnaðurinn er kólfur,  $23,5 + 0$  til  $0,2$  kg og  $152 \pm 2$  mm í þvermál.

5.11.3. Kólfurinn er búinn láréttri höggklið, „brík“, sem er  $1,0 \pm 0,01$  kg. Heildarmassi höggbúnaðarins ásamt bríkinni er  $24,5 + 0$  til  $0,2$  kg. Stíf bríkin er  $70 \pm 1$  mm á hæð og  $150 \pm 1$  mm breið og skal geta gengið að minnsta kosti 60 mm inn í kviðinn. Miðlína kólfsins fellur saman við miðlínu bríkarinnar.

5.11.4. Höggbúnaðurinn er búinn hröðunarmæli sem er næmur í höggstefnu og staðsettur á ási höggbúnaðarins.


5.11.5. Höggbúnaðurinn er látinn sveiflast hindrunarlaust að kviði brúðunnar á högggraðanum  $6,3 \pm 0,1$  m/s.

5.11.6. Höggstefnan er hornrétt á lengdarás brúðunnar og ás höggbúnaðarins stenst á við miðlínu kraftnemans í miðjunni.

- 5.11.7. Hámarkskraftur höggbúnaðarins, reiknaður sem hröðun höggbúnaðarins síuð með CFC 180 og margfölduð með massa höggbúnaðar/bríkar, skal vera á bilinu 9,5 til 11,1 kN og verða til á bilinu 9,8 til 11,4 ms.
- 5.11.8. Tímaferla kraftanna, sem kraftnemarnir þrír í kviði mæla, skal leggja saman og síá með CFC 600. Hæsta samtala kraftanna skal vera á bilinu 5,9 til 7,9 kN.
- 5.12. *Mjaðmagrind*
- 5.12.1. Brúðunni er komið fyrir í sitjandi stellingu á flötu lárétu og stífu undirlagi án bakstuðnings. Brjóstkassinn er settur í lóðrétta stöðu og handleggir og fótleggir hafðir í láréttri stöðu.
- 5.12.2. Höggbúnaðurinn er kólfur, 23,5 + 0 til 0,2 kg og 152 ± 2 mm í þvermál.
- 5.12.3. Höggbúnaðurinn er búinn hröðunarmæli sem er næmur í höggstefnu og staðsettur á ási höggbúnaðarins.
- 5.12.4. Höggbúnaðurinn er látinn sveiflast hindrunarlaust að mjaðmagrind brúðunnar á högghraðanum 4,3 ± 0,1 m/s.
- 5.12.5. Höggstefnan er hornrétt á lengdarás brúðunnar og ás höggbúnaðarins fellur saman við miðlínu frauðhólks H-punktsins.
- 5.12.6. Hámarkskraftur höggbúnaðarins, reiknaður sem hröðun höggbúnaðarins síuð með CFC 180 og margfölduð með massa höggbúnaðar, skal vera á bilinu 4,4 til 5,4 kN og verða til á bilinu 10,3 til 15,5 ms.
- 5.12.7. Krafturinn á klyftarsambryskjuna, síaður með CFC 600, skal vera á bilinu 1,04 til 1,64 kN og verða til á bilinu 9,9 til 15,9 ms.
- 5.13. *Fótleggir*
- 5.13.1. Engin hreyfifræðileg vottunaraðferð er skilgreind vegna fótleggja.


Mynd 3

Yfirlitsmynd sem sýnir uppstillingu vegna vottunarprófana á brúðu fyrir högg frá hlið




Mynd 4

Uppstilling vegna vottunarprófana á hálsi og lendahluta hryggjar




Mynd 5

Svæði sem sýnir tíma hraðaminnkunar kólfs við vottunarprófun háls



Mynd 6

Svæði sem sýnir tíma hraðaminnkunar kólfs við vottunarprófun lendahluta hryggjar





## 4. viðbætur

## UPPSETNING BRÚÐU FYRIR HÖGG FRÁ HLIÐ

1. ALMENNT
- 1.1. Brúðu fyrir högg frá hlið, sem setja á upp samkvæmt eftirfarandi forskriftum, er lýst í 3. viðbæti við II. viðauka við þessa tilskipun.
2. UPPSETNING
- 2.1. Laga ber liðamót fótleggjanna þannig að þau styðji fótlegginn þegar hann er réttur í lárétta stöðu (1 til 2 g).
- 2.2. Brúðan er íklædd þéttum stuttermá nærfatnaði úr teygjanlegri baðmull, buxurnar ná niður á miðja kálfa. Skór eru dregnir á báða fætur.
- 2.3. Brúðunni er komið fyrir í ysta framsæti þeim megin sem höggið kemur frá hlið eins og lýst er í forskrift fyrir höggprófun frá hlið.
- 2.4. Samhverfuplan brúðunnar skal falla saman við lóðrétt miðjuplan tilgreinds sætis.
- 2.5. Koma ber mjaðmagrind brúðunnar þannig fyrir að hliðarlína, sem gengur gegnum H-punkta brúðunnar, sé hornrétt á lengdarmiðjuplan sætisins. Línán, sem gengur í gegnum H-punkta brúðunnar, skal vera lárétt með mest  $\pm 2^\circ$  halla.
- 2.6. Halla skal efri hluta bolsins fram og síðan aftur þannig að hann falli þétt að sætisbakinu. Færa ber axlir eins aftarlega og við verður komið.
- 2.7. Hornið milli upphandleggs og handleggsviðmiðunarlínu bolsins skal vera  $40^\circ \pm 5^\circ$  báðum megin án tillits til sitjandi stöðu brúðunnar. Handleggsviðmiðunarlína bolsins er skilgreind sem skurðlína plans sem snertir rifbeinin framanverð og lóðrétt lengdarplans brúðunnar þar sem handleggurinn er áfastur.
- 2.8. Sitjandi staða ökumanns er fengin þannig að hægri fótur brúðunnar er settur á eldsneytisgjöfina, sem ekki er þrýst niður, þannig að hællinn hvíli eins framarlega á bílgólfinu og við verður komið án þess að hreyfa mjaðmagrind eða bol. Vinstra fæti er komið fyrir hornrétt á neðri hluta fótleggjarins þannig að hællinn hvíli á bílgólfinu í sömu hliðarlínu og hægri hællinn. Hnjám brúðunnar er þannig komið fyrir að ytra borð þeirra sé  $150 \pm 10$  mm frá samhverfuplani hennar. Læri brúðunnar eru látin snerta sessuna ef fyrrgreindar takmarkanir leyfa.
- 2.9. Brúðunni er komið fyrir í öðrum sitjandi stellingum, án þess að hreyfa mjaðmagrind eða bol, með því að setja hælana eins framarlega á bílgólfið og við verður komið án þess að sessan þrýstist meira saman en undan þunga fótleggjarsins. Hnjám brúðunnar er þannig komið fyrir að ytra borð þeirra sé  $150 \pm 10$  mm frá samhverfuplani hennar.

## 5. viðbætur

## PRÓFUN AÐ HLUTA

## 1. MARKMIÐ

Markmiðið með þessum prófunum er að sannprófa hvort breytt ökutæki hafi að minnsta kosti sömu (eða betri) orkugleypanði eiginleika en ökutæki sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessari tilskipun.

## 2. AÐFERÐ OG UPPSETNING

## 2.1. Viðmiðunarprófanir

2.1.1. Við prófanirnar ber að nota sama bólstur og var prófað þegar ökutækið var gerðarviðurkennt, uppfest í nýju hliðarburðarvirki ökutækisins sem viðurkenna á; framkvæma ber tvær hreyfifræðilegar prófanir með tvenns konar höggbúnaði (mynd 1).

2.1.1.1. Höfuðlaga höggbúnaðurinn, sem er lýst í lið 3.1.1, skal skella með 24,1 km hraða á klukkustund á sama svæði og EUROSID-höfuðið var látið skella á þegar ökutækið var viðurkennt. Prófunarniðurstöður ber að skrá og reikna út álagsviðmið fyrir höfuð (HPC). Þessi prófun skal þó ekki fara fram ef, í þeim prófunum sem er lýst í 1. viðbæti við II. viðauka við þessa tilskipun:

- höfuðið hefur ekki komist í snertingu við ökutækið, eða
- höfuðið komst aðeins í snertingu við hliðarrúðu, að því gefnu að rúðan hafi ekki verið lagskipt.

2.1.1.2. Búkhöggbúnaðurinn, sem er lýst í lið 3.2.1, skal skella með 24,1 km hraða á klukkustund á sama svæði á hlið ökutækisins og EUROSID-öxlin, -handleggurinn og -brjóstkassinn voru látin skella á þegar ökutækið var gerðarviðurkennt. Prófunarniðurstöður ber að skrá og reikna út álagsviðmið fyrir höfuð (HPC).

## 2.2. Gerðarviðurkenningarprófun

2.2.1. Endurtaka ber prófanirnar, sem eru tilgreindar í liðum 2.1.1.1 og 2.1.1.2, með nýju bólstri, sætum o.s.frv. sem eru lögð fram vegna rýmkunar gerðarviðurkenningarinnar og uppfest í nýju hliðarburðarvirki ökutækisins; nýjar niðurstöður ber að skrá og reikna út álagsviðmið fyrir höfuð (HPC).

2.2.1.1. Séu álagsviðmið fyrir höfuð (HPC), reiknuð út frá niðurstöðum beggja viðurkenningarprófana, lægri en álagsviðmið fyrir höfuð (HPC) í viðmiðunarprófununum (þar sem notast er við bólstur eða sæti sem voru gerðarviðurkennd í upphafi), er rýmkunin samþykkt.

2.2.1.2. Séu ný álagsviðmið fyrir höfuð (HPC) hærrí en álagsviðmið fyrir höfuð úr viðmiðunarprófunum ber að framkvæma nýja allsherjarprófun (þar sem bólstrið/sætið/o.s.frv., sem gerð er tillaga um, er notað).

## 3. PRÓFUNARBÚNAÐUR

## 3.1. Höfuðlaga höggbúnaður (mynd 1)


3.1.1. Þessi tækjabúnaður er fullkomlega stýrður stífur beinlínuhöggbúnaður með 6,8 kg massa. Höggfyrirborð hans er hálfkúlulaga, 165 mm í þvermál.

3.1.2. Höfuðlíkanið skal búið tveimur hröðunarmælum og hraðamæli sem allir geta mælt í höggstefnu.

3.2. *Búkhöggbúnaður (mynd 1)*

- 3.2.1. Þessi tækjabúnaður er fullkomlega stýrður stífur beinlínuhöggbúnaður með 30 kg massa. Mál hans og þversnið eru sýnd á mynd 1.
- 3.2.2. Búkhöggbúnaðurinn skal búinn tveimur hröðunarmælum og hraðamæli sem allir geta mælt í höggstefnu.

Mynd 1



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/02****nr. 61/97**  
**frá 4. október 1997****um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/97 frá 30. janúar 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/44/EB frá 1. júlí 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0044:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/44/EB frá 1. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 210, 20. 8. 1996, bls. 25).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/44/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 85, 27. 3. 1997, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 27. 3. 1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 210, 20. 8. 1996, bls. 25.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/44/EB****frá 1. júlí 1996****um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/12/EB<sup>(2)</sup>, einkum 5. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 70/220/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB<sup>(4)</sup>. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um þessa tilskipun.

Í tilskipun 70/220/EBE er mælt fyrir um forskriftir fyrir prófanir til að mæla útblástur frá ökutækjum sem falla undir gildissvið hennar. Svo virðist sem rétt sé að fyrrnefndar forskriftir verði aðlagðar með tilliti til fenginnar reynslu og nýjustu aðferða sem er beitt á rannsóknarstofum.

Þá er eigi síður rétt að samræma prófunarskilyrði í tilskipun 70/220/EBE og prófunarskilyrði í tilskipun ráðsins 80/1268/EBE frá 16. desember 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi koltvísýringisútbástur frá vélknúnum ökutækjum og eldsneytiseyðslu þeirra<sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/116/EB<sup>(6)</sup>, einkum að því er varðar sambandið milli viðmiðunarmassa ökutækisins og þess tregðujafngildis sem ber að nota.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 210, 20. 8. 1996, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 42.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 36.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 329, 30. 12. 1993, bls. 39.

Með þessari tilskipun skal færa ákvæði tilskipunar 70/220/EBE um notkun tregðujafngildis til samræmis við ákvæði tilskipunar 80/1268/EBE og orðalag upplýsingaskjalsins og gerðarviðurkenningarvottorðsins í tilskipun 70/220/EBE til samræmis við orðalagið í tilskipun 70/156/EBE.

Umræddar breytingar varða einungis stjórnsluákvæði og þá tækni sem er beitt við útblástursmælingu og fjallað er um í tilskipuninni. Því er hvorki nauðsynlegt að fella úr gildi viðurkenningar samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar né koma í veg fyrir að ný ökutæki, sem slíkar viðurkenningar gilda um, séu skráð, seld eða tekin í notkun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 70/156/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukunum við tilskipun 70/220/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Frá 1. janúar 1997 er aðildarríkjunum óheimilt að veita:

- EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eða
- innlenda gerðarviðurkenningu, nema skírskotað sé til ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

fyrir nýja gerð ökutækis að því er varðar loftmengun af völdum útblásturs, nema hún fullnægi ákvæðum tilskipunar 70/220/EBE.

Með þessari tilskipun eru engar áður veittar viðurkenningar, samkvæmt tilskipun 70/220/EBE, felldar úr gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. júlí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

## BREYTINGAR Á VIÐAUKUNUM VIÐ TILSKIPUN 70/220/EBE

1. Skrá yfir viðauka er bætt við milli meginmáls og I. viðauka og verði svohljóðandi:

### „SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. VIÐAUKI: Gildissvið, skilgreiningar, umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, veiting EBE-gerðarviðurkenningar, kröfur og prófanir, breytingar á gerðinni, samræmi í framleiðslu, bráðabirgðaákvæði
- II. VIÐAUKI: Upplýsingaskjal  
*Viðbætur:* Upplýsingar um prófunarskilyrði
- III. VIÐAUKI: Prófun I (eftirlit með meðalútbæstri úr útblástursrörum eftir kaldræsing)
- 1. viðbætur:* Prófunarferli við prófun I  
*2. viðbætur:* Aflmælisamstæða  
*3. viðbætur:* Mæliaðferð á akbraut - líkt eftir akstri á aflmælisamstæðu  
*4. viðbætur:* Eftirlit með annarri hreyfitregðu en vélrænni  
*5. viðbætur:* Lýsing á sýnatökukerfum fyrir lofttegundir úr útblástursrörum  
*6. viðbætur:* Aðferð við að kvarða búnaðinn  
*7. viðbætur:* Eftirlit með kerfinu öllu  
*8. viðbætur:* Útreikningur á útblæstri mengunarefna
- IV. VIÐAUKI: Prófun II (prófun á útblæstri kolmónoxíðs í hægagangi)
- V. VIÐAUKI: Prófun III (Sannprófun á útblæstri frá sveifarhúsi)
- VI. VIÐAUKI: Prófun IV (Ákvörðun uppgufunarefna frá ökutækjum með hreyfla með neistakveikju)
- Viðbætur:* Kvörðun tækjabúnaðar vegna prófunar á útblæstri gufu
- VII. VIÐAUKI: Prófun V (Öldrunarpróf til þess að ganga úr skugga um endingu mengunar-  
varnarbúnaðar)
- VIII. VIÐAUKI: Forskriftir og viðmiðunareldsneyti
- IX. VIÐAUKI: EBE-gerðarviðurkenningarvottorð
- Viðbætur:* Viðbót“.

*I. viðauki:*

2. Fyrirsögn I. viðauka verði svohljóðandi:

**„Gildissvið, skilgreiningar, umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, veiting EBE-gerðarviðurkenningar, kröfur og prófanir, breytingar á gerðinni, samræmi í framleiðslu, bráðabirgðaákvæði“**

3. 1. liður: Fyrsti málslíður verði svohljóðandi:

„Þessi tilskipun gildir um

- lofttegundir úr útblástursrörum, uppgufunarefni, útblástur úr sveifarhúsi og endingu mengunarvarnarbúnaðar í öllum vélknúnum ökutækjum með rafkveikjuhreyflum,

og

- lofttegundir úr útblástursrörum og endingu mengunarvarnarbúnaðar í ökutækjum í flokki M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub><sup>(1)</sup> með hreyflum með þrýstikveikju,

sem fjallað er um í 1. gr. tilskipunar 70/220/EBE í gerð tilskipunar ráðsins 83/351/EBE(\*), að undanskildum þeim ökutækjum í flokki N<sub>1</sub> sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun ráðsins 88/77/EBE(\*\*).

(\*) Stjútíð. EB nr. L 197, 20. 7. 1983, bls. 1.

(\*\*) Stjútíð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 33.“

4. Neðanmálgrein <sup>(1)</sup> verði svohljóðandi:

„<sup>(1)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.“

5. Líður 3.2 verði svohljóðandi:

„3.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í II. viðauka.“

6. Líður 3.2.1 falli brott.

7. Líður 3.2.2 falli brott.

8. Líður 3.2.3 verði líður 3.2.1 og verði svohljóðandi:

„3.2.1. Ef við á ber einnig að senda afrit af öðrum gerðarviðurkenningum með viðeigandi upplýsingum sem gera mögulegt að rýmka gildissvið viðurkenningar og ákvarða eyðingarstuðla.“

9. Nýr líður, 4.3, bætist við á eftir líð 4.2 og verði svohljóðandi:

„4.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.“

10. Í mynd I.5.2 komi „hámarksmassi“ í stað „massi“.

11. Líður 5.3.1.4:


- Fyrsti málslíður verði svohljóðandi:  
„Með fyrirvara um kröfurnar í líð 5.3.1.5 skal endurtaka prófunina þrisvar.“
- Í líð 5.3.1.4.1 falli neðanmálgrein <sup>(1)</sup> brott.
- Líður 5.3.1.4.2 falli brott.
- Eftirfarandi ný mynd komi í stað myndar I.5.3:



Mynd I.5.3

Flæðirit fyrir gerðarviðurkenningu af gerð I

(sjá lið 5.3.1)



12. 6. liður verði svohljóðandi:

„6. **Breytingar á gerð og á viðurkenningum**

Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda og, ef við á, eftirfarandi sérákvæði þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.“

13. Liður 6.1.1.1 verði svohljóðandi:

„6.1.1.1. Aðeins er heimilt að rýmka viðurkenningu fyrir gerð ökutækis þannig að hún nái til gerða ökutækja með viðmiðunarmassa sem útheimtir notkun næstu tveggja tregðujafngilda fyrir ofan eða hvaða tregðujafngildis sem er fyrir neðan.“

14. Liður 6.1.2.3. Niðurlag fyrsta málsliðar verði svohljóðandi:

„... með fyrirvara um viðurkenningu viðkomandi tækniþjónustu.“

15. Liður 6.3.1.1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- borvídd strokks.“

16. Liður 6.3.1.2:

- Í portúgölsku gerðinni komi „catalisador“ í stað „conversor catalitico“.

- Þriðji undirliður verði svohljóðandi:

„- stærð og lögur hvarfakúta (rúmmál kerfisins  $\pm 10\%$ ).“

- Eftirfarandi málsliður bætist við á eftir „inntak hvarfakúts“ í tíunda undirlið:

„Kanna ber þessa hitabreytingu við stöðug skilyrði á 120 km hraða á klukkustund og við álagsstillingu sem svarar til prófunar I.“

17. Liður 6.3.1.3 verði svohljóðandi:

„6.3.1.3. Tregðuflokkur: tveir næstu tregðuflokkar fyrir ofan og hvaða tregðuflokkur sem er fyrir neðan.“

18. Liður 7.1.1 verði svohljóðandi:

„7.1.1. Ef framkvæma á prófun I og hafi gerðarviðurkenning ökutækis verið rýmkuð einu sinni eða oftar verða annaðhvort gerðar prófanir á ökutækinu, sem er lýst í upprunalega upplýsingasafninu, eða á ökutækinu sem er lýst í upplýsingasafninu sem tengist viðkomandi rýmkun.“

## II. viðauki

19. Nýr II. viðauki komi í stað II. viðauka og verði svohljóðandi:

## „II. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGASKJAL nr. ....

**samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til ráðstafana gegn loftmengun af völdum útblásturs frá vélknúnum ökutækjum (tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB)**

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrírítu og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu<sup>(b)</sup>: .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(c)</sup>: .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
- 1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging): .....
2. MASSAR OG MÁL<sup>(e)</sup> (í kg og mm)  
(Vísað til teikningar eftir atvikum)
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi festir ekki yfirbygginguna á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, áhöldum, varahjól og öikumanni)<sup>(e)</sup> (hámark og lágmark fyrir hvora gerð): .....
- 2.8. Tæknilega leyfilegur heildarmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp<sup>(y)</sup>  
(hámark og lágmark): .....
3. HREYFILL<sup>(g)</sup>
- 3.1. Framleiðandi: .....
- 3.1.1. Hreyfilmerki framleiðanda (Eins og það sem sett er á hreyfilinn eða annars konar auðkenni):
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafkveikja/þrýstikveikja, fjörgengishreyfill/tvígengishreyfill<sup>(1)</sup>
- 3.2.1.2. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: .....

(\*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

- 3.2.4.2.8.3. Kerfislýsing: .....
- 3.2.4.3. Með eldsneytisgjöf (einungis fyrir ökutæki með rafkveikju): já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.4.3.1. Vinnsluháttur: inntaksgrein (eins-/margpunkta<sup>(1)</sup>)/bein innspýting/annað (tilgreinið)<sup>(1)</sup>:
- 3.2.4.3.2. Tegund(ir): .....
- 3.2.4.3.3. Gerð(ir): .....
- 3.2.4.3.4. Kerfislýsing: .....
- 3.2.4.3.4.1. Gerð eða númer stýrieiningar: .....
- 3.2.4.3.4.2. Gerð eldsneytisjafnara: .....
- 3.2.4.3.4.3. Gerð loftstreymisnema: .....
- 3.2.4.3.4.4. Gerð eldsneytisdreifara: .....
- 3.2.4.3.4.5. Gerð þrýstijafnara: .....
- 3.2.4.3.4.6. Gerð smárofa: .....
- 3.2.4.3.4.7. Gerð stilliskrúfu fyrir hægagang: .....
- 3.2.4.3.4.8. Gerð eldsneytisgjafarhúss: .....
- 3.2.4.3.4.9. Gerð nema fyrir vatnshita: .....
- 3.2.4.3.4.10. Gerð nema fyrir lofthita: .....
- 3.2.4.3.4.11. Gerð lofthitarofa: .....
- 3.2.4.3.5. Inngjafir: þrýstingur við op<sup>(2)</sup>: .....kPa eða línurit<sup>(2)</sup>:.....
- 3.2.4.3.6. Tímastilling innspýtingar: .....
- 3.2.4.3.7. Kaldræsikerfi
- 3.2.4.3.7.1. Vinnsluháttur/-hættir: .....
- 3.2.4.3.7.2. Vinnslumörk/-stillingar<sup>(1)</sup><sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.4.4. Eldsneytisdæla
- 3.2.4.4.1. Þrýstingur<sup>(2)</sup>: kPa eða línurit<sup>(2)</sup>:
- 3.2.6. Kveikja
- 3.2.6.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.6.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.6.3. Vinnsluháttur: .....
- 3.2.6.4. Ferill tímastillingar kveikju<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.6.5. Stöðutímastilling kveikju<sup>(2)</sup>: ..... gráður fyrir TDC
- 3.2.6.6. Bil milli platínusnertla<sup>(2)</sup>: .... mm
- 3.2.6.7. Kambhorn <sup>(2)</sup>: ..... gráður
- 3.2.7. Kælikerfi (vökvi/loft)<sup>(1)</sup>
- 3.2.8. Inntakskerfi
- 3.2.8.1. Búnaður til að stjórna þrýstingi: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.8.1.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.1.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.8.1.3. Lýsing á kerfinu (t.d. hámarksþjöppunarálagi, kPa, úttaksventli ef við á: .....
- 3.2.8.2. Innbyggt millikælikerfi: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.8.4. Lýsing og teikningar af inntaksrörum og viðbótarbúnaði þeirra (yfirþrýstingshólf, hitunarbúnaður, viðbótarinntök fyrir loft o.s.frv.): .....
- 3.2.8.4.1. Lýsing á inntaksgrein (að meðtöldum teikningum og/eða ljósmyndum): .....
- 3.2.8.4.2. Loftsía, teikningar:, ..... eða
- 3.2.8.4.2.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.4.2.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.8.4.3. Inntakshljóðdeyfir, teikningar:, ..... eða
- 3.2.8.4.3.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.4.3.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.9. Útblásturskerfi
- 3.2.9.2. Lýsing og/eða teikning af útblásturskerfi: .....
- 3.2.11. Tímastilling ventla eða jafngildar upplýsingar
- 3.2.11.1. Hámarkslyfting ventlanna og stærð hornanna við opnun og lokun, eða upplýsingar um tímastillingar í annars konar dreifikerfum, miðað við miðjustöðu: .....
- 3.2.11.2. Viðmiðunar- og/eða stillingarmörk<sup>(1)</sup>: .....
- 3.2.12. Ráðstafanir gegn loftmengun

Ef um önnur kerfi en samfellda innspýtingu er að ræða skal gefa jafngildar upplýsingar

- 3.2.12.1. Búnaður til að endurvinnna loft úr sveifarhúsi (lýsing á kerfinu og teikningar) .....
- 3.2.12.2. Aðrar mengunarvarnir (ef einhverjar eru og falla ekki undir aðra liði):
- 3.2.12.2.1. Hvarfakútur: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.1.1. Fjöldi hvarfakúta og eininga: .....
- 3.2.12.2.1.2. Stærð, lögun og rúmtak hvarfakúts eða -kúta: .....
- 3.2.12.2.1.3. Gerð hvörfunar: .....
- 3.2.12.2.1.4. Heildarmagn góðmálma: .....
- 3.2.12.2.1.5. Hlutfallslegur styrkleiki: .....
- 3.2.12.2.1.6. Ensímhvarfefni (bygging og efni): .....
- 3.2.12.2.1.7. Frumuþéttleiki: .....
- 3.2.12.2.1.8. Gerð húss utan um hvarfakút eða -kúta: .....
- 3.2.12.2.1.9. Staðsetning hvarfakúts eða -kúta (staður og viðmiðunarfarlægð frá útblásturslínu): .....
- 3.2.12.2.1.10. Hitahlíf: já/nei<sup>(1)</sup> .....
- 3.2.12.2.2. Súrefnisnemi: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.2.1. Gerð: .....
- 3.2.12.2.2.2. Staðsetning: .....
- 3.2.12.2.2.3. Stjórnsvið: .....
- 3.2.12.2.3. Loftinngjöf: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.3.1. Gerð (streymandi loft, loftdæla o.s.frv.): .....
- 3.2.12.2.4. Útblásturshringrás: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.4.1. Eiginleikar (loftstreymi o.s.frv.): .....
- 3.2.12.2.5. Búnaður til að stjórna uppgufun í útblæstri: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.5.1. Nákvæm lýsing á búnaðinum og ástandi hans: .....
- 3.2.12.2.5.2. Teikning af stjórnubúnaði fyrir uppgufun: .....
- 3.2.12.2.5.3. Teikning af kolahylki: .....
- 3.2.12.2.5.4. Massi þurra viðarkola: .....
- 3.2.12.2.5.5. Teikning af eldsneytisgeyminum þar sem fram kemur rúmtak hans og smíðaeefni: .....
- 3.2.12.2.5.6. Teikning af hitahlífinni milli geymis og útblásturskerfis: .....
- 3.2.12.2.6. Sía fyrir agnir: já/nei<sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.6.1. Stærð, lögun og rúmtak síu fyrir agnir: .....
- 3.2.12.2.6.2. Gerð og hönnun síu fyrir agnir: .....
- 3.2.12.2.6.3. Staðsetning (viðmiðunarlengd frá útblásturslínu): .....
- 3.2.12.2.6.4. Aðferð eða kerfi við endurnýjun, lýsing og/eða teikning: .....
- 3.2.12.2.7. Önnur kerfi (lýsing og vinnsluháttur): .....

#### 4. GÍRSKIPTING<sup>(\*)</sup>

- 4.4. Tengsli (gerð): .....
- 4.4.1. Hámarksbreyting á snúningskrafti: .....

#### 4.5. Gírkassi

- 4.5.1. Gerð (handvirkur/sjálfvirkur/samfelld stiglaus skipting)<sup>(1)</sup>:

#### 4.6. Gírhluftöll

Gír	Hlutföll í gírkassa (hlutföll hreyfils miðað við snúning úttaksskafts gírkassans)	Endanlegt drifhlutfall eða -föll (hlutföll úttaksskafts gírkassans miðað við snúning hjóls í akstri)	Heildargírhluftöll
Hámark fyrir CVT(*) 1 2 3 ...			
Lágmark fyrir CVT(*) Bakkgír			

(\*) Samfelld stiglaus skipting

- 6. FJÖÐRUN
- 6.6. Hjólbarðar og hjól
- 6.6.1. Hjólbarða-/hjólasamsetning(ar) (fyrir hjólbarða skal tilgreina stærðarmerkingu, tölu fyrir lágmarkshleðslugetu, tákni fyrir flokk lágmarkshraða; fyrir hjól skal sýna stærð felgu eða felgna og útskögun)
  - 6.6.1.1. Ásar
    - 6.6.1.1.1. 1. ás: .....
    - 6.6.1.1.2. 2. ás: .....
    - 6.6.1.1.3. 3. ás: .....
    - 6.6.1.1.4. 4. ás: .....  
o.s.frv.
  - 6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradíusa
    - 6.6.2.1. 1. ás: ....
    - 6.6.2.2. 2. ás: .....
    - 6.6.2.3. 3. ás: .....
    - 6.6.2.4. 4. ás: .....  
o.s.frv.
  - 6.6.3. Loftþrýstingur í hjólbörðum sem framleiðandi mælir með ..... kPa
- 9. YFIRBYGGING
- 9.10.3. Sæti
  - 9.10.3.1. Fjöldi: .....

Dagsetning, skrá

*Viðbætur*

UPPLÝSINGAR UM PRÓFUNARSKILYRÐI

- 1. **Kerti**
  - 1.1. Tegund: .....
  - 1.2. Gerð: .....
  - 1.3. Neistabil: .....
- 2. **Háspennukefli**
  - 2.1. Tegund: .....
  - 2.2. Gerð: .....
- 3. **Kveikjuþéttir**
  - 3.1. Tegund: .....
  - 3.2. Gerð: .....
- 4. **Smurefni**
  - 4.1. Tegund: .....
  - 4.2. Gerð: ..... “

*III. viðauki*

20. Liður 4.1.4.2: Lok annars málsliðar verði svohljóðandi:
- „... að vera 5% við 120, 100, 80, 60 og 40 km hraða á klukkustund og 10% við 20 km hraða á klukkustund.“
21. Liður 4.1.5.2: Lok fyrsta málsliðar verði svohljóðandi:
- „... stöðugum hraða, ýmist 120, 100, 80, 60, 40 og 20 km á klukkustund.“
22. Liður 4.2.3.:
- Fyrsti málsliður falli brott.
  - Mynd III.4.2.3 falli brott.
23. Liður 4.2.7: Textinn á eftir „útblastursröri“ verði svohljóðandi:
- „... verða tengingarnar að vera eins nærri ökutækinu og mögulegt er en þó þannig að það hafi engin áhrif á það hvernig ökutækið virkar.“
24. Liður 4.3.1.2:
- Annar málsliður verði svohljóðandi:
- „Mælingavilla má ekki verða meiri en sem nemur  $\pm 2\%$  (eðlislæg villa greiningartækis), án tillits til raunverulegs gildis kvörðunarlofttegunda. Þegar styrkur mengandi efna er minni en 100 ppm má mælingavillan ekki vera meiri en  $\pm 2$  ppm. Sýnið af andrúmslofti verður að mæla með sama greiningartæki með viðeigandi mælingasvið.“
- Þriðji og fjórði málsliður falli brott.
  - Síðasti málsliður verði svohljóðandi:
- „Örvogin sem notuð er til að vigta allar síurnar skal hafa nákvæmni upp á 5  $\mu\text{g}$  og nákvæmni í aflestri upp á 1  $\mu\text{g}$ .“
25. Liður 4.3.2: Þriðji málsliður í þriðja lið verði svohljóðandi:
- „Til að safna ögnum skal staðsetja sýnatökunema í þynningarrörinu þannig að unnt verði að safna dæmigerðu úrtaki úr jafnblönduðu streymi lofts og útblásturs og hitastig loft- og útblástursblöndunnar má ekki fara yfir 325 K (52 ) rétt áður en agnirnar eru síðar.“
26. Liður 5.1:
- Eftirfarandi ný tafla komi í stað töflunnar:

Viðmiðunarmassi ökutækis RW (í kg)	Tregðujafngildi I (í kg)
„RW ≤ 480	455
480 < RW ≤ 540	510
540 < RW ≤ 595	570
595 < RW ≤ 650	625
650 < RW ≤ 710	680
710 < RW ≤ 765	740
765 < RW ≤ 850	800
850 < RW ≤ 965	910
965 < RW ≤ 1 080	1 020
1 080 < RW ≤ 1 190	1 130
1 190 < RW ≤ 1 305	1 250
1 305 < RW ≤ 1 420	1 360
1 420 < RW ≤ 1 530	1 470
1 530 < RW ≤ 1 640	1 590
1 640 < RW ≤ 1 760	1 700
1 760 < RW ≤ 1 870	1 810
1 870 < RW ≤ 1 980	1 930
1 980 < RW ≤ 2 100	2 040
2 100 < RW ≤ 2 210	2 150
2 210 < RW ≤ 2 380	2 270
2 380 < RW ≤ 2 610	2 270
2 610 < RW	2 270“

- Eftirfarandi málsliður bætist við á eftir töflunni:

„Ef hliðstætt tregðujafngildi er ekki á aflmælinum ber að nota hæsta gildi sem kemur næst viðmiðunarmassa ökutækisins.“

27. Liður 5.3.1: Eftirfarandi bætist við á eftir fyrsta lið:

„Að ósk framleiðanda er heimilt að undirbúa ökutæki með rafkveikjuhreyfli með því að láta það fara einu sinni í gegnum prófunarferli I. og tvisvar í gegnum prófunarferli II.“

28. Liður 6.1.3 verði svohljóðandi:

„6.1.3. Í lok fyrsta 40 sekúndna hægagangstímabilsins (sjá 6.2.2) skal blása lofti yfir ökutækið með mismunandi hraða. Blásturshraðinn skal vera slíkur að við frárás blásarans sé línulegur lofthraði, á bilinu 10 til minnst 50 km á klukkustund, sá sami og tilsvarende keflahraði ± 5 km á klukkustund. Eftirfarandi forskriftir gilda fyrir þann blásara sem er valinn:

- yfirborð: minnst 0,2 m<sup>2</sup>
- hæð neðri brúnar yfir jörðu: um það bil 20 cm
- Fjarlægð frá framhluta ökutækisins: um það bil 30 cm

Að öðrum kosti skal blásturshraðinn vera að minnsta kosti 6 m/sek (21,6 km/klst.). Að ósk framleiðanda er heimilt að breyta hæð kæliviftu á sérstökum ökutækjum (t.d. vöruflutningabifreiðum og ökutækjum til aksturs utan vega).“

29. Liður 6.1.4 verði svohljóðandi:

„6.1.4. Í prófuninni er hraðinn skráður sem fall af tíma eða upplýsingum safnað með kerfisbundnum mælingum svo hægt sé að ganga úr skugga um að prófunarferlin séu rétt framkvæmd.“



30. Liður 6.3.1:

- Eftirfarandi texti bætist við:  
„Sjá töflu III.1.2 og III.1.3 í viðbætinum.“
- Liðir 6.3.1.1 til 6.3.1.6 falli brott.

## 2. viðbætur

31. Liður 1.1: „120 km/klst.“ komi í stað „100 km/klst.“.

32. Liður 1.2.2 verði svohljóðandi:

„1.2.2. Eftirfarandi álag er numið af innra núningsviðnámi í hemlum og aflmælisamstæðu á hraðanum milli 0 og 120 km/klst.:

$$F = (a + b V^2) \pm 0,1 \cdot F_{80} \text{ (án þess að vera neikvætt)}$$

þar sem:

- F = heildarálag numið af aflmælisamstæðu (N)
- a = jafngildi snúningsmótstöðu (N)
- b = jafngildi loftmótstöðustuðuls (N/(km/klst.)<sup>2</sup>)
- V = hraði (km/klst.)
- F<sub>80</sub> = álag þegar hraðinn er 80 km á klukkustund (N).“

33. Liður 2.1: Tveir fyrstu málslíðir verði svohljóðandi:

„Í þessum viðbæti er því lýst hvernig farið er að því að ákvarða hve miklu átaki er beitt á aflnema aflmælis. Numið álag er álag numið við núningsviðnám og hins vegar álagið sem aflnemi aflmælisamstæðunnar nemur.“


34. Liður 2.2: Fyrirsögnin verði svohljóðandi:

„Álagsmælibúnaður kvarðaður á hraðann 80 km/klst. sem fall af numdu álagi.“

35. Myndin hér að aftan komi í stað myndar III.2.2.2:

„Mynd III.2.2.2

Skýringarmynd sem sýnir numið álag aflmælisamstæðunnar



36. Liður 2.2.5 verði svohljóðandi:

„2.2.5. Lesið af mælinum það álag sem hann sýnir,  $F_i$  (N)“.

37. Liður 2.2.10: „álagið sem miðað er við“ komi í stað „átakssviðið sem miðað er við í vegarakstri“.

38. Liður 2.2.11 verði svohljóðandi:

„2.2.11. Reiknið út numið álag með jöfnunni:

$$F = \frac{M_i \cdot \Delta V}{t}$$

þar sem

$F$  = numið álag í N

$M_i$  = tregðujafngildi í kílógrömmum (tregðuáhrif aftasta lausa keflisins er ekki talið með)

$\Delta V$  = hraðafrávik í m/sek. (10 km/klst. = 2,775 m/sek.)

$t$  = tíminn sem keflin eru að hægja á sér úr 55 í 45 km/klst.“

39. Liður 2.2.12:


- Liður 2.2.12 verði svohljóðandi:

„2.2.12. Mynd III.2.2.12 sýnir álagið sem mælist við 80 km/klst. sem fall af numdu álagi við 80 km/klst.“

- Eftirfarandi komi í stað myndar III.2.2.12:

„Mynd III.2.2.12

Álag sem mælist við 80 km/klst. sem fall af numdu álagi við 80 km/klst.



40. Liður 2.3:  
Fyrirsögnin verði svohljóðandi:  
„Kvörðun álestrarbúnaðar sem fall af numdu álagi við annan hraða“
41. Liður 2.4:  
„álagsferli“ komi í stað „aflferli“.
42. Liður 2.4.2:  
„álag“ komi í stað „afl ( $P_a$ )“.
43. Liður 2.4.3 verði svohljóðandi:  
„2.4.3. Skráið numið álag við 120, 100, 80, 60, 40 og 20 km hraða á klukkustund.“
44. Liður 2.4.4 verði svohljóðandi:  
„2.4.4. Teiknið ferilinn  $F(V)$  ... “
45. Liður 2.4.5:  
„álag  $F$ “ komi í stað „afl  $P_a$ “.
46. Liður 3.1 verði svohljóðandi:  
„3.1. Stillingaraðferðir  
  
Heimilt er að stilla aflmælinn á jöfnum 80 kílómetra hraða á klukkustund, í samræmi við ákvæði 3. viðbætis.“
47. Liður 3.2 verði svohljóðandi:  
„3.2. Önnur aðferð  
  
Að fengnu samþykki framleiðanda er heimilt að nota eftirfarandi aðferð:
- 3.2.1. Aflnemi aflmælisins er stilltur þannig að hann geti numið álagið á drifhjólin á jöfnum 80 kílómetra hraða á klukkustund samkvæmt eftirfarandi töflu:

Viðmiðunarmassi ökutækja	Tregðu- jafngildi	Afl og álag sem aflmælirinn nemur við 80 km/klst.		Stuðlar	
				a	b
RW (kg)	kg	kW	N	N	N/(km/klst) <sup>2</sup>
Rv £ 480	455	3,8	171	3,8	0,0261
480 <Rv £ 540	510	4,1	185	4,2	0,0282
540 <Rv £ 595	570	4,3	194	4,4	0,0296
595 <Rv £ 650	625	4,5	203	4,6	0,0309
650 <Rv £ 710	680	4,7	212	4,8	0,0323
710 <Rv £ 765	740	4,9	221	5,0	0,0337
765 <Rv £ 850	800	5,1	230	5,2	0,0351
850 <Rv £ 965	910	5,6	252	5,7	0,0385
965 <Rv £ 1 080	1 020	6,0	270	6,1	0,0412
1 080 <Rv £ 1 190	1 130	6,3	284	6,4	0,0433
1 190 <Rv £ 1 305	1 250	6,7	302	6,8	0,0460
1 305 <Rv £ 1 420	1 360	7,0	315	7,1	0,0481
1 420 <Rv £ 1 530	1 470	7,3	329	7,4	0,0502
1 530 <Rv £ 1 640	1 590	7,5	338	7,6	0,0515
1 640 <Rv £ 1 760	1 700	7,8	351	7,9	0,0536
1 760 <Rv £ 1 870	1 810	8,1	365	8,2	0,0557
1 870 <Rv £ 1 980	1 930	8,4	378	8,5	0,0577
1 980 <Rv £ 2 100	2 040	8,6	387	8,7	0,0591
2 100 <Rv £ 2 210	2 150	8,8	396	8,9	0,0605
2 210 <Rv £ 2 380	2 270	9,0	405	9,1	0,0619
2 380 <Rv £ 2 610	2 270	9,4	423	9,5	0,0646
2 610 <Rv	2 270	9,8	441	9,9	0,0674

3.2.2. Þegar í hlut eiga önnur ökutæki en farþegabifreiðar sem hafa meiri viðmiðunarmassa en 1 700 kg eða ökutæki með sídrifi á öllum hjólum skal margfalda gildin fyrir afl í töflunni í lið 3.2.1 með stuðlinum 1,3.“

48. Liðir 3.3, 3.3.1 og 3.3.2 falli brott.

### 3. viðbætur

49. Liður 4.1:

- Liður 4.1 verði svohljóðandi:

„4.1. Val ökutækis til prófunar

Nota ber eftirfarandi viðmiðanir við val ökutækis til prófunar ef öll afbrigði ökutækjagerðar<sup>(1)</sup> eru ekki mæld.

4.1.1. Yfirbygging

Ef um mismunandi gerðir yfirbygginga er að ræða skal velja þá gerð sem hefur verstu loftaflfræðilegu eiginleikana. Framleiðanda ber að leggja fram viðeigandi upplýsingar vegna valsins.

## 4.1.2. Hjólbarðar

Velja ber breiðustu hjólbarðana. Sé um fleiri en þrjár hjólbarðastærðir að ræða skal velja þá hjólbarða sem eru næstbreiðastir.

## 4.1.3. Prófunarmassi

Prófunarmassi skal vera viðmiðunarmassi ökutækisins sem hefur hæsta tregðusvið.

## 4.1.4. Hreyfill

Prófunarökutækið skal vera það sem hefur stærsta varmaskiptinn eða -skiptana.

## 4.1.5. Gírskipting

Framkvæma ber prófun með hverri gerð af eftirfarandi gírskiptingum:

- framhjóladrifi
- afturhjóladrifi
- fjórhjólásídrifi
- fjórhjólaskiptidrifi
- sjálfvirkum gírkassa
- handvirkum gírkassa

(<sup>1</sup>) Samkvæmt tilskipun 70/156/EEC

- Fyrrum liðir 4.1, 4.2 og 4.3 verði liðir 4.2, 4.3 og 4.4.

## 50. Eftirfarandi liður, 5.1.1.2.8, bætist við:

„5.1.1.2.8. Leiðréttta ber aflíð (P), sem er ákvarðað á brautinni, til samræmis við viðmiðunarumhverfisskilyrði sem hér segir:

$$P_{\text{leiðrétt}} = K P_{\text{melt}}$$

$$K = \frac{R_R}{R_T} \cdot [1 + K_R(t - t_0)] + \frac{R_{\text{AERO}}}{R_T} \cdot \frac{(\rho_0)}{\rho}$$

þar sem:

$R_R$  = snúningsmótstaða á hraða V

$R_{\text{AERO}}$  = loftmótstaða á hraða V

$R_T$  = heildarakstursmótstaða =  $R_R + R_{\text{AERO}}$

$K_R$  = hitaleiðréttingarstuðull snúningsmótstöðu, talinn jafngilda:  $3,6 \cdot 10^{-3}/^{\circ}\text{C}$

t = umhverfishiti við prófun á vegi í

$t_0$  = viðmiðunarumhverfishiti = 20

$\rho$  = loftþéttleiki við prófunarskilyrði

$\rho$  = loftþéttleiki við viðmiðunarskilyrði (20, 100 kPa)

Framleiðanda ber að tilgreina hlutföllin  $R_R/R_T$  og  $R_{\text{AERO}}/R_T$  á grundvelli þeirra gagna sem fyrirtækið hefur venjulega aðgang að.

Séu þessi gildi ekki fyrirbyggjandi er unnt þess í stað, náist samkomulag um það milli framleiðanda og hlutaðeigandi tækniþjónustu, að reikna hlutfallið snúningsviðnám/heildarviðnám með eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{R_R}{R_T} = a \cdot M + b$$

þar sem:

M = massi ökutækis í kílógrömmum

og stuðlarnir a og b koma fram í eftirfarandi töflu fyrir hver hraðamörk:

V (km/klst.)	a	b
20	$7,24 \times 10^{-5}$	0,82
30	$1,25 \times 10^{-4}$	0,67
40	$1,59 \times 10^{-4}$	0,54
50	$1,86 \times 10^{-4}$	0,42
90	$1,71 \times 10^{-4}$	0,21
120	$1,57 \times 10^{-4}$	0,14 <sup>4</sup>

51. Liður 5.1.2.2.6 verði svohljóðandi:

„5.1.2.2.6. Aflnemi aflmælisins er stilltur þannig að hann framleiði aftur leiðréttu aflíð (liður 5.1.1.2.8) og tekið sé tillit til mismunar milli massa ökutækisins (M) á brautinni og tilsvareandi tregðujafngildis (I) sem nota ber. Þetta er unnt með því að reikna út leiðréttan meðaltíma hraðalækkunar á vegi frá  $V_2$  til  $V_1$  og fá fram aftur sama tíma á aflmælinum með eftirfarandi venslum:

$$T_{\text{leiðrétt}} = \frac{T_{\text{mælt}}}{K} \cdot \frac{I}{M}$$

K = tilgreint í lið 5.1.1.2.8.“

52. Nýr liður, 5.1.2.2.7, bætist við:

„5.1.2.2.7. Ákvarða ber aflíð  $P_a$ , sem prófunarbekkurinn nemur, til þess að unnt verði að framleiða aftur sama afl (liður 5.1.1.2.8) fyrir sama ökutæki aðra daga.“

53. Liður 5.2.1.2.2 verði svohljóðandi:

„5.2.1.2.2. Kraftvægið  $C(\cdot)$  og hraðann skal skrá í að minnsta kosti 20 sekúndur. Nákvæmni skráningartækisins skal vera að minnsta kosti  $\pm 1$  Nm fyrir kraftvægi og  $\pm 0,2$  km/klst. fyrir hraða.“

54. Liður 5.2.1.2.5 verði svohljóðandi:

„5.2.1.2.5. Framkvæma ber prófunina þrisvar til beggja átta. Meðalkraftvægið úr mælingunum sex er ákvarðað fyrir viðmiðunarhraðann. Nota ber línulegt aðhvarf til þess að reikna út meðalkraftvægið víki meðalhraði meira en 1 km/klst. frá viðmiðunarhraða.“

55. Nýr liður, 5.2.1.2.7, bætist við:  
„5.2.1.2.7. Umreikna ber meðalkraftvægið  $C_T$ , sem er ákvarðað á brautinni, með tilliti til viðmiðunarumhverfisskilyrða með eftirfarandi jöfnu:  
$$C_{Tleiðrétt} = K \times T_{Tmælt}$$
þar sem K er skilgreint í lið 5.1.1.2.8 í þessum viðbæti.
56. Liður 5.2.2.2.3 verði svohljóðandi:  
„5.2.2.2.3. Stilla ber aflnemann til þess að framleiða aftur leiðrétt heildarkraftvægi á brautinni sem um getur í lið 5.2.1.2.7.“
57. Nýr liður, 5.2.2.2.4, bætist við:  
„5.2.2.2.4. Framkvæma ber sömu atriði og í lið 5.1.2.2.7 í sama tilgangi.“
58. Liður 5.3 falli brott.
59. Liður 5.4 falli brott.

#### 4. viðbætur

60. 1. liður:  
Eftirfarandi málslíður bætist við:  
„Framleiðanda aflmælisins ber að leggja til aðferð til þess að sannreyna forskriftirnar samkvæmt 3. lið.“
61. 5. liður falli brott.

#### 5. viðbætur

62. Í portúgölsku gerðinni verði fyrirsögnin svohljóðandi:  
„Descrição dos sistemas de recolha dos gases de escape“.
63. Liður 3.3, þar með talin mynd III.5.3.3, falli brott.

#### 8. viðbætur

64. Liður 1.5.1.1:  
Síðasta línun verði svohljóðandi:  
„mettaður gufuþrýstingur:  $P_d = 2,81 \text{ kPa}$  af  $\text{H}_2\text{O}$  við  $23^\circ\text{C}$ .“

65. Liður 1.5.2.1. verði svohljóðandi:

„1.5.2.1. Leiðréttingarstuðull rakastigs ( $K_H$ ) (sjá jöfnu (6))

$$H = \frac{6,211 \cdot 60 \cdot 3,2}{101,33 - (2,81 \cdot 0,6)}$$

$$H = 10,5092$$

$$k_H = \frac{1}{1 - 0,0329 \cdot (H - 10,71)}$$

$$k_H = \frac{1}{1 - 0,0329 \cdot (10,5092 - 10,71)}$$

$$k_H = 0,9934$$

66. Liður 1.5.2.3:

Síðustu tvær línurnar verði svohljóðandi:

$$M_{\text{NOX}} = 70 \cdot 51961 \cdot 2,05 \cdot 0,9934 \cdot 10^{-6} \frac{1}{d}$$

$$M_{\text{NOX}} = \frac{7,41}{d} \text{ g/km}$$

V. viðauki

67. Liður 3.2:

Í annarri töflunni komi „prófun I á 50 km/klst.“ í stað „prófun I“.

VI. viðauki

68. Liður 5.1.5:

Fyrsti málslíður verði svohljóðandi:

Sérstakt prófunareldsneyti, með hitastig sem er undir 287 K (14 °C), er sett aftur á eldsneytisgeyminn/geymana upp að 40% ± 2% af venjulegu eldsneytisrými hans/þeirra.“

69. Nýr liður, 7.3.6, bætist við:

„7.3.6. Að beiðni framleiðanda er unnt að sýna loftræstigetun með annarri jafngildri aðferð. Framleiðanda ber að sýna viðkomandi tækniþjónustu þá aðferð sem um ræðir meðan á gerðarviðurkenningu stendur.“

70. Nýr liður, 7.4.4.3, bætist við:

„7.4.4.3. Að beiðni framleiðanda er unnt að nota aðra aðferð við hreinsunarprófun hafi aðferðin verið kynnt viðkomandi tækniþjónustu og samþykkt af henni meðan á gerðarviðurkenningu stendur.“



## IX. viðauki

71. Eftirfarandi nýr viðauki komi í stað IX. viðauka:

**„IX. VIÐAUKI****FYRIRMYND**

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

## EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun ... /... /EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

## I. HLUTI

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)</sup>(<sup>2</sup>): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>: .....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....

3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....

4. Númer prófunarskýrslu: .....

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður: .....

7. Dagsetning: .....

8. Undirskrift: .....

9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta vottorð um gerðarviðurkenningu nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbætur*

*Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...*

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 70/220/EBE,  
eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB

- 1. Viðbótarupplýsingar
  - 1.1. Massi ökutækisins tilbúins til aksturs: .....
  - 1.2. Hámarksmassi: .....
  - 1.3. Viðmiðunarmassi: .....
  - 1.4. Sætafjöldi: .....
  - 1.5. Auðkenni hreyfils: .....
  - 1.6. Gírkassi
    - 1.6.1. Handvirkur, fjöldi gangstiga<sup>(1)</sup>: .....
    - 1.6.2. Sjálfvirkur, fjöldi stiga<sup>(1)</sup>: .....
    - 1.6.3. Samfelld stiglaus skipting: já/nei<sup>(1)</sup>: .....
    - 1.6.4. Hlutfall einstakra gíra: .....
    - 1.6.5. Endanlegt drifhlutfall: .....
  - 1.7. Stærðarmörk hjólbarða: .....
  - 1.7.1. Veltiummál hjólbarða notað við prófun I: .....
  - 1.8. Prófunarniðurstöður: .....

Prófun I	CO (g/km)	HC + NO <sub>x</sub> (g/km)	Efnisagnir <sup>(2)</sup> (g/km)
mælt			
með eyðingarstuðli			

Prófun II: ..... %

Prófun III:.....

Prófun IV:.....g/prófun

- Prófun V: - Endingarprófun: 80 000 km, á ekki við<sup>(1)</sup>
- Eyðingarstuðull: reiknaður út, fastákveðinn<sup>(1)</sup>
- Tilgreinaber gildin:.....

5. Athugasemdir:.....

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem við á.  
<sup>(2)</sup> Fyrir ökutæki með þrýstikveikjuhreyfli.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/03****nr. 62/97****frá 4. október 1997****um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/97 frá 30. janúar 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um innri stjórnúnað vélknúinna ökutækja (styrkleiki sæta og öryggi, t.d. festingar)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 74/408/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0037:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 28).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 85, 27. 3. 1997, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 27. 3. 1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 28.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/37/EB

frá 17. júní 1996

### um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um innri stjórnþunað vélknúinna ökutækja (styrkleiki sæta og öryggi, t.d. festingar)

(Texti sem varðar EES)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/408/EBE frá 22. júlí 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi innri stjórnþunað vélknúinna ökutækja (styrkleiki sæta og öryggi, t.d. festingar) <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/577/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 74/408/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE sem varða kerfi íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Gera má frekari lagfæringar á þessari tilskipun í ljósi tækniframfara til þess að bæta varnir farþega í vélknúnum ökutækjum að því er tekur til styrkleika sæta og festinga á höfuðpúðum, með því að krefjast samræmis við tæknilegar kröfur í reglugerð

Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17.04, einkum þá hæð á höfuðpúðum sem fyrirhugað er að mæla fyrir um í röð breytinga nr. 05 við þá reglugerð.

Einnig er hugsanlegt að krefjast þess að höfuðpúðar verði settir á ystu framsæti í þeim ökutækjum í flokkunum M<sub>1</sub>, N<sub>1</sub> og M<sub>2</sub> sem eru ekki meira en 3 500 kg að heildarþyngd, til þess að draga sem mest úr hættu á hálsáverkum við árekstur aftan frá.

Aðferðinni við að ákvarða H-punkt sætis er lýst í III. viðauka við tilskipun ráðsins 77/649/EBE <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/630/EBE <sup>(6)</sup>, og því er ekki nauðsynlegt að endurtaka hana í þessari tilskipun. Vísað er til tilskipunar ráðsins 74/60/EBE <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/632/EBE <sup>(8)</sup>, og til tilskipunar ráðsins 78/932/EBE <sup>(9)</sup>.

Í framtíðinni er rétt að huga að því að gera sérstakar kröfur um styrkleika sæta í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub>, byggðar á reynslu og slysarannsóknunum. Huga þarf að nothæfi sæta við sameinað álag af manni í öryggisbelti og beltislausum farþega í aftursæti. Á næstu tveimur árum er rétt að hrinda í framkvæmd rannsóknáætlun með það að markmiði að þróa nýja kyrrstöðuprófunaraðferð sem veitir jafnmikið öryggi og hreyfiprófunin sem nú er notuð.

Í framtíðinni er rétt að huga að því að auka enn frekar vörnina, sem höfuðpúðar veita, með því að athuga tegundir áverka, og mætti þá bæta hálsáverkum við sem nothæfisviðmiðun á grundvelli reynslunnar af Hybrid III tilraunabrúðunni.

Gildistaka breytingar við tilskipun ráðsins 77/541/EBE <sup>(10)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/628/EBE <sup>(11)</sup>, í þá veru að krefjast skuli öryggisbelta í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>, veltur á aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE <sup>(12)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/629/EBE <sup>(13)</sup>, um festingar öryggisbelta, og á þessari tilskipun um styrkleika sæta.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 209, 29. 7. 1981, bls. 34.

(5) Stjttíð. EB nr. L 267, 19. 10. 1977, bls. 1.

(6) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 20.

(7) Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 2.

(8) Stjttíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 26.

(9) Stjttíð. EB nr. L 325, 20. 11. 1978, bls. 1.

(10) Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 95.

(11) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 1.

(12) Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 6.

(13) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 14.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Fyrirsögn tilskipunar 74/408/EBE verði svohljóðandi: „Tilskipun ráðsins 74/408/EBE um sæti, sætisfestingar og höfuðpúða í vélknúnum ökutækjum.“

2. Greinar tilskipunar 74/408/EBE breytast sem hér segir:

1) Síðustu ákvæði 1. gr. verði svohljóðandi: „... að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði.“

2) Ákvæði 2. gr. verði svohljóðandi: „... af ástæðum sem varða styrkleika sæta eða festingar þeirra, eða synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir sæti af ástæðum sem varða styrkleika þess og vörn ökumanns og farþega í því ef búnaðurinn uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka, eftir því sem við á, tilheyrir ökutækid flokki M og sé búið öryggisbeltum, og skilyrði IV. viðauka tilheyrir ökutækid flokki M<sub>2</sub> eða M<sub>3</sub> og sé ekki búið öryggisbeltum eða flokki N. Ökutækjaflokkarnir eru skilgreindir í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.“

3) Ákvæði 3. gr. verði svohljóðandi: „... af ástæðum sem varða styrkleika sæta eða festingar þeirra, eða banna sölu sæta eða að þau séu tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem varða styrkleika þeirra og vörn ökumanns og farþega í þeim, ef búnaðurinn uppfyllir skilyrði viðeigandi viðauka eftir þeim flokki sem ökutækid tilheyrir eins og tilgreint er í 2. gr.“

4) Í 4. gr. komi „lið 2.2 í II. viðauka, lið 2.3 í III. viðauka eða lið 2.4 í III. viðauka eftir því sem við á“ í stað „lið 2.2 í I. viðauka“.

5) Í 5. gr. komi „viðaukanna“ í stað „I. til IV. viðauka“.

3. Viðaukunum við tilskipun 74/408/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka við þessa tilskipun.

#### 2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1997 má ekkert aðildarríki:

- synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu vegna ökutækjagerðar eða sætagerðar, eða
- leggja bann við að ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun, eða að sæti séu seld eða tekin í notkun,

af ástæðum sem varða sæti, sætisfestingar og höfuðpúða ef sætin, festingar þeirra og höfuðpúðar uppfylla kröfur tilskipunar 74/408/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1999 hvað snertir ökutæki í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa og frá og með 1. október 1997 hvað snertir öll önnur ökutæki:

- skulu aðildarríki hætta að veita EBE-gerðarviðurkenningu, og
- mega þau synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

vegna ökutækjagerðar af ástæðum sem varða sæti, festingar þeirra og höfuðpúða og vegna sætagerðar, ef kröfum tilskipunar 74/408/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

3. Frá og með 1. október 2001 hvað snertir ökutæki í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa og frá og með 1. október 1999 hvað snertir öll önnur ökutæki í flokkum M og N<sub>1</sub>:

- skulu aðildarríki líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, séu eigi lengur í gildi að því er því er tekur til 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,
- mega þau synja um skráningu og sölu nýrra ökutækja eða að þau séu tekin í notkun, ef þeim fylgir ekki samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE, og
- mega þau synja um sölu nýrra sæta eða að þau séu tekin í notkun,

af ástæðum sem varða sætin, festingar þeirra og höfuðpúða ef kröfum tilskipunar 74/408/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

4. Frá og með 1. október 1999 gilda þær kröfur tilskipunar 74/408/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, sem varða sæti sem íhluta, að því er varðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

#### 3. gr.

Innan tveggja ára frá þeim degi sem getið er í 4. gr. skal framkvæmdastjórnin láta gera athugun á eftirtöldum atriðum:

- jafngildi kyrrstöðuprófunar á sætum að því er varðar III. viðauka,
- kröfur um höfuðpúða að því er varðar II. viðauka,
- sérstakar kröfur um styrkleika sæta í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub>,
- kröfur um styrkleika sæta við sameinað álag,
- hvort rétt er að láta setja öryggisbelti í sæti sem snúa á hlið.

Á grundvelli niðurstaðna úr þessari athugun má leggja til frekari breytingar á tilskipuninni í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

**4. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1996 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**5. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**6. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Skrá yfir viðauka bætist við milli meginmáls og I. viðauka og verði svohljóðandi:

### „SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Stjórnsýsluákvæði vegna EBE-gerðarviðurkenningar.

1. *viðbætur*: Upplýsingaskjal (ökutæki)
2. *viðbætur*: EBE-gerðarviðurkenningartvörf (ökutæki)
3. *viðbætur*: Upplýsingaskjal (íhluti)
4. *viðbætur*: EBE-gerðarviðurkenningartvörf (íhluti)
5. *viðbætur*: Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningamerki

II. VIÐAUKI: Gildissvið, skilgreiningar og kröfur vegna ökutækja í flokki  $M_1$ .

1. *viðbætur*: Prófanir og notkunarleiðbeiningar
2. *viðbætur*: Aðferð til prófunar á orkudreifingu
3. *viðbætur*: Prófunaraðferð fyrir sætisfestingar

III. VIÐAUKI: Gildissvið, skilgreiningar og kröfur vegna tiltekinna ökutækja í flokkum  $M_2$  og  $M_3$ .

1. *viðbætur*: Prófunaraðferðir fyrir sæti og/eða sætisfestingar
2. *viðbætur*: Prófunaraðferð fyrir sætisfestingar í ökutæki
3. *viðbætur*: Nauðsynlegar mælingar
4. *viðbætur*: Ákvörðun álagsmarka
5. *viðbætur*: Kröfur í tengslum við kyrrstöðuþrófanir
6. *viðbætur*: Kröfur í tengslum við orkugleypni

IV. VIÐAUKI: Almennar forskriftir fyrir ökutæki sem ekki er fjallað um í II. og III. viðauka.“

Nýr I. viðauki bætist við og verði svohljóðandi:

„I. VIÐAUKI

**STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI VEGNA EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR**

1. **Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis**
  - 1.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir ökutæki í flokki M eða N að því er varðar sæti, sætisfestingar og höfuðpúða, eða fyrir ökutæki í flokki M<sub>2</sub> eða M<sub>3</sub> að því er varðar festingar.
  - 1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti við þennan viðauka.
  - 1.3. Látta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
    - 1.3.1. ökutæki sem er dæmigert fyrir ökutækjagerðina sem á að viðurkenna ásamt viðeigandi hluta af burðarvirki ökutækisins ef þess er krafist;
    - 1.3.2. viðbótareintök af sætum þeirrar gerðar sem ökutækið er búið, ásamt festingum, vegna ökutækja sem fjallað er um í II. eða III. viðauka;
    - 1.3.3. vegna ökutækja í flokki M<sub>1</sub>, í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa og í flokki N<sub>1</sub>, skal eftirtalið fylgja auk þess, sem krafist er í liðum 1.3.1 og 1.3.2, þegar í ökutækjunum eru sæti með höfuðpúðum eða gerð fyrir höfuðpúða:
      - 1.3.3.1. ef taka má höfuðpúðana af sætinu: viðbótareintök af sætum með höfuðpúða, þeirrar gerðar sem ökutækið er búið, ásamt festingum;
      - 1.3.3.2. ef höfuðpúðarnir eru ekki festir við sætið: viðbótareintök af sætum þeirrar gerðar sem ökutækið er búið, ásamt sætisfestingunum, viðbótareintök af samsvarandi höfuðpúðum og sá hluti burðarvirkis ökutækisins sem höfuðpúðinn er festur við, ellegar burðarvirkið allt.
2. **Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir sæti**
  - 2.1. Framleiðandi sætisins skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir sæti í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
  - 2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 2. viðbæti við þennan viðauka.
  - 2.3. Látta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
    - 2.3.1. Þrjú eintök af sæti þeirrar gerðar sem lögð er fram til viðurkenningar. Merkja skal hvert sæti um sig greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki framleiðandans og auðkenni sætisgerðarinnar.
3. **Veiting EBE-gerðarviðurkenningar**
  - 3.1. EBE-gerðarviðurkenning skal veitt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og 4. mgr. 4. gr. þegar það á við, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
  - 3.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í:
    - 3.2.1. 3. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 1;
    - 3.2.2. 4. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 2.
  - 3.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis eða sætis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annari gerð ökutækis eða sætis sama númeri.
4. **Breytingar á gerð og á viðurkenningu**
  - 4.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
5. **Samræmi í framleiðslu**
  - 5.1. Almenn ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
6. **Merkingar**
  - 6.1. Sæti, sem samrýmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem íhluti, skulu hafa EBE-gerðarviðurkenningamerki.



- 6.2 Þetta merki skal vera:
- 6.2.1 réttthyrningur utan um bókstafinn „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir aðildarríkisins, sem veitti gerðarviðurkenninguna, fylgja:
- |                               |                      |
|-------------------------------|----------------------|
| 1. fyrir Þýskaland            | 12. fyrir Austurríki |
| 2. fyrir Frakkland            | 13. fyrir Lúxemborg  |
| 3. fyrir Ítalíu               | 17. fyrir Finnland   |
| 4. fyrir Holland              | 18. fyrir Danmörk    |
| 5. fyrir Svíþjóð              | 21. fyrir Portúgal   |
| 6. fyrir Belgíu               | 23. fyrir Grikkland  |
| 9. fyrir Spán                 | IRL. fyrir Írland.   |
| 11. fyrir Breska konungsríkið |                      |
- 6.2.2 „grunnviðurkenningarnúmerið“, sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, er sett nálægt réttthyrningnum og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu verulegu tæknibreytingar á tilskipun 74/408/EBE þann dag sem gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 00;
- 6.2.3 viðbótartáknið „D“ fyrir ofan réttthyrninginn gefur til kynna að hreyfiþrófun eða -prófanir í samræmi við 1. viðbæti við III. viðauka hafi átt sér stað vegna viðurkenningar á sætinu.
- 6.3. EBE-gerðarviðurkenningarmerkið skal fest á sætið eða sætin með þeim hætti að það sé óafmáanlegt og vel læsilegt.
- 6.4. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarmerkinu er að finna í 5. viðbæti.

*I. viðbætur*

Upplýsingaskjal nr. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE<sup>(1)</sup> sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar sæti þess, sætisfestingar og höfuðpúða, tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

**0. Almenn**

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu<sup>(b)</sup>:
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(c)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

**1. Almennir smíðaeiginleikar ökutækisins**

- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

**9. Yfirbygging**

- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
  - 9.10. Innréttingar
    - 9.10.3. Sæti
      - 9.10.3.1. Fjöldi:
      - 9.10.3.2. Staðsetning og fyrirkomulag:
      - 9.10.3.3. Massi:
      - 9.10.3.4. Eiginleikar: Ef um er að ræða sæti, sem ekki hafa fengið gerðarviðurkenningu sem íhlutar, skulu fylgja lýsing á og teikningar af:
        - 9.10.3.4.1. sætunum og sætisfestingunum:
        - 9.10.3.4.2. stillibúnaðinum:

<sup>(1)</sup> Númer liða og neðanmálgreinar í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

- 9.10.3.4.3. færslubúnaði og læsibúnaði:
- 9.10.3.4.4. festingum öryggisbelta (séu þær hluti af sætisgrindinni):
- 9.10.3.4.5. þeim hlutum ökutækisins sem notaðir eru sem festingar:
- 9.10.3.5. Hnit eða teikning R-punktsins (x)
  - 9.10.3.5.1. Ökumannssæti:
  - 9.10.3.5.2. Öll önnur sæti:
- 9.10.3.6. Hönnunarhalli sætisbaks:
  - 9.10.3.6.1. Ökumannssæti:
  - 9.10.3.6.2. Öll önnur sæti:
- 9.10.3.7. Mörk sætisstillingar:
  - 9.10.3.7.1. Ökumannssæti:
  - 9.10.3.7.2. Öll önnur sæti:
- 9.10.4. Höfuðpúðar
  - 9.10.4.1. Gerð(ir) höfuðpúða: sambyggðir/lausir/aðskildir<sup>(1)</sup>
  - 9.10.4.2. Gerðarviðurkenningarnúmer, ef til er(u):
  - 9.10.4.3. Ef höfuðpúðarnir hafa ekki enn fengið viðurkenningu skal fylgja:
    - 9.10.4.3.1. nákvæm lýsing á höfuðpúðanum, og skal tilgreina sérstaklega hverrar gerðar bólsturefnið eða -efnin eru og, þegar það á við, staðsetningu og eiginleika brauta og festingarhluta fyrir þá gerð eða þær gerðir sæta sem sótt er um viðurkenningu á:
    - 9.10.4.3.2. Þegar höfuðpúðinn er „aðskilinn“:
      - 9.10.4.3.2.1. nákvæm lýsing á þeim hluta burðarvirkisins sem festa á höfuðpúðann við:
      - 9.10.4.3.2.2. málsettar teikningar af einkennandi hlutum burðarvirkisins og höfuðpúðans:

#### Dagsetning, skrá

Þegar um er að ræða umsóknir vegna sæta, sætisfestinga og, þegar það á við, höfuðpúða, skal gefa upp alla liðina hér að framan nema lið 9.10.3.4.5.

Þegar um er að ræða umsóknir vegna sætisfestinga í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> eða M<sub>3</sub> skal gefa upp liðina 0 til 0.8, 1, 1.1, 9 til 9.2, 9.10.3.4 og 9.10.3.4.5.

## 2. viðbætur

## FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

## EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- sýnjun um gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæður rýmkunar:

## I. hluti

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)</sup>(<sup>2</sup>):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, þegar um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða verksmiðja:

## II. hluti

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót)
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenninu eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE

*Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...*

vegna gerðarviðurkenningar ökutækis samkvæmt tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB

1. Viðbótarupplýsingar
  - 1.1. Tegund og gerð sæta með EBE-gerðarviðurkenningu íhluta (ef um slíkt er að ræða):
  - 1.2. Fyrir hverja sætaröð: stök sæti/bekksæti, föst/stillanleg, fast bak/stillanlegt bak, veltibak/hallandi bak<sup>(1)</sup>.
  - 1.3. Staðsetning og skipan sæta (sæti með EBE-gerðarviðurkenningu og önnur sæti):
  - 1.4. Sæti með innbyggðum öryggisbeltafestingum, ef einhver eru:
  - 1.5. Fyrir hvert sæti um sig: gerð höfuðpúða, sambyggðir/lausir/aðskildir<sup>(1)</sup>.
  - 1.6. Stutt lýsing á gerð ökutækisins með tilliti til sætisfestinga og lágmarksfjarlægðar milli festinga (þegar um er að ræða viðurkenningar sem veittar eru vegna sætisfestinga í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> eða M<sub>3</sub>):
5. Athugasemdir:

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við

### 3. viðbætur

Upplýsingaskjal nr. ...

vegna EBE-gerðarviðurkenningar fyrir sæti sem íhluta, tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

#### 0. **Almennt**

- 0.1. Tegund (vörumerki framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn vöruheiti:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, þegar um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

#### 1. **Lýsing á búnaðinum**

- 1.1. Eiginleikar: lýsing á og teikningar af
  - 1.1.1. Sætinu og tengingarbúnaði þess:
  - 1.1.2. Stillibúnaðinum:
  - 1.1.3. Færslubúnaði og læsibúnaði:
  - 1.1.4. Beltafestingum (séu þær hluti af sætisgrindinni):
  - 1.1.5. Lágmarksfjarlægð milli festipunkta:
  - 1.1.6. Höfuðpúðum, ef einhverjir eru:
- 1.2. Hnit eða teikning R-punktsins (x):
- 1.3. Mörk sætisstillingar:

Dagsetning, skrá

## 4. viðbætur

**FYRIRMYND**

(hámarksstærð: A4 (210 x 297 mm))

**EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- sýnjun um gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæður rýmkunar:

## I. hluti

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup>:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, þegar um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða verksmiðja:

## II. hluti

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót)
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Raðtala prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenninu eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieingar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE

*Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...*

vegna gerðarviðurkenningar ökutækis samkvæmt tilskipun 74/408/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/37/EB



1. Viðbótarupplýsingar
  - 1.1. Stutt lýsing á gerð sætis, tengingarbúnaði þess, stillibúnaði, færslubúnaði og læsibúnaði, þar á meðal lágmarksfjarlægð milli festipunkta:
  - 1.3. Staðsetning sæta og fyrirkomulag:
  - 1.4. Sæti með innbyggðum öryggisbeltafestingum, ef einhver eru:
  - 1.5. Gerð höfuðprúða, ef einhverjir eru: sambyggðir/lausir/aðskildir<sup>(1)</sup>.
5. Athugasemdir:
  - 5.1. Prófun á orkugleypni afturhluta sætisbaksins: já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.1.2. Teikningar sem sýna þann hluta af afturhluta sætisbaksins sem sannprófaður hefur verið með tilliti til orkudreifingar:
  - 5.2. Sæti sem hefur fengið viðurkenningu í samræmi við lið 3.2.1 í III. viðauka (hreyfiprófun): já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.2.1. Prófun 1: já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.2.2. Prófun 2: já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.2.3. Lýsing á beltum og festingum sem notaðar eru í prófun 2:
    - 5.2.4. Gerð aukasætis sem notað er í prófun 2 (ef það er annarrar gerðar en sætið sem fær viðurkenningu):
  - 5.3. Sæti sem fær viðurkenningu í samræmi við lið 3.2.2 í III. viðauka (kyrrstöðuprófun): já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.3.1. Prófun í samræmi við 5. viðbæti: já/nei<sup>(1)</sup>
    - 5.3.2. Prófun í samræmi við 6. viðbæti: já/nei<sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við



## 5. viðbætur

Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarkerki

 $a > 8 \text{ mm}$ 

Sæti með EBE-gerðarviðurkenningarkerkinu hér að ofan er búnaður sem hefur verið viðurkenndur á Spáni (e9) undir grunnviðurkenningarnúmerinu 0148 samkvæmt þessari tilskipun (00). Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.“

Nýr II. viðauki bætist við og verði svohljóðandi:

„II. VIÐAUKI

**GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG KRÖFUR VEGNA ÖKUTÆKJA Í FLOKKIM<sub>1</sub>**

1. **Gildissvið**

- 1.0. Kröfurnar í þessum viðauka gilda um ökutæki í flokki M<sub>1</sub>.
- 1.1. Kröfurnar í þessum viðauka gilda ekki um sæti, sem fella má saman (fellisæti), snúa á hlið eða vísa aftur, né um höfuðpúða sem eru festir við slík sæti.
- 1.2. Höfuðpúðar, sem viðurkenndir eru í samræmi við kröfur tilskipunar 78/392/EBE, skulu teljast fullnægja viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.
- 1.3. Þeir afturhlutar sæta, sem eru á svæði 1, eða þeir afturhlutar höfuðpúða, sem fullnægja kröfum liðar 5.7 í I. viðauka við tilskipun 74/60/EBE (en hún fjallar um innréttingar), skulu teljast fullnægja samsvarandi kröfum í þessari tilskipun.

2. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „Viðurkenning á ökutæki“: viðurkenning á ökutækjagerð að því er varðar styrkleika sæta og sætisfestinga, hönnun afturhluta sætisbaka og eiginleika höfuðpúða.
- 2.2. „Gerð ökutækis“: vélknúin ökutæki sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru með tilliti til eftirfarandi atriða:
  - 2.2.1. grindar, lögunar, mála, smíðaefnis og massa sætanna, þótt munur geti verið á áklæði sætanna og lit; massafrávik á viðurkenndri sætagerð, sem eru minni en 5%, skipta ekki máli;
  - 2.2.2. gerðar og mála stillibúnaðar, færslubúnaðar og læsibúnaðar á sætisbaki og sætum og hluta þeirra;
  - 2.2.3. gerðar og mála sætisfestinga;
  - 2.2.4. mála, burðargrindar, smíðaefnis og bólstrunar höfuðpúða, þótt munur geti verið á lit þeirra og áklæði;
  - 2.2.5. gerðar og mála tengingarbúnaðar höfuðpúðans og eiginleika þess hluta ökutækisins, sem höfuðpúðinn er festur við, þegar hann er aðskilinn.
- 2.3. „Sæti“: grind sem er ýmist hluti af burðarvirki ökutækis eða ekki, ásamt þeim búnaði sem henni fylgir, og er ætluð sem sæti fyrir einn fullorðinn. Hugtakið tekur bæði til staks sætis og þess hluta af bekkisæti sem ætlaður er fyrir einn fullorðinn.
- 2.4. „Bekksæti“: grind ásamt búnaði, ætluð sem sæti fyrir tvo fullorðna eða fleiri.
- 2.5. „Festing“: búnaður sá sem notaður er til að festa sætasamstæðuna við burðarvirki ökutækisins, að meðtöldum þeim hlutum burðarvirkisins sem sætið er fest við.
- 2.6. „Stillibúnaður“: búnaður sem nota má til að stilla sætið eða hluta þess í stöðu sem hentar líkamsbyggingu þess sem í því situr. Nánar tiltekið getur slíkur búnaður gert kleift:
  - 2.6.1. að færa sætið fram og aftur;

- 2.6.2. að stilla hæð sætisins;
- 2.6.3. að stilla hornið milli sætis og sætisbaks.
- 2.7. „Færslubúnaður“: búnaður er gerir kleift að færa sætið eða snúa því, eða einhverjum hluta þess, án fastrar millistöðu, til að auðvelda aðgang að rýminu fyrir aftan sætið.
- 2.8. „Læsibúnaður“: búnaður sem tryggir að sætið og hlutar þess haldist í notkunarstöðu.
- 2.9. „Fellisæti“: aukasæti sem er notað öðru hvoru og er að jafnaði haft samanfellt.
- 2.10. „Þverplan“: lóðrétt plan sem er hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins.
- 2.11. „Lengdarplan“: plan sem er samhliða lengdarmiðjuplan ökutækisins.
- 2.12. „Höfuðpúði“: búnaður sem þjónar þeim tilgangi að takmarka hreyfingu á höfði ökumanns eða farþega afturábak miðað við bol, til að draga úr hættu á að háls hryggjarliðir skaddist við slys.
- 2.12.1. „Sambyggður höfuðpúði“: höfuðpúði sem myndar efri hluta sætisbaksins. Höfuðpúðar, sem fullnægja skilgreiningunum í liðum 2.12.2 og 2.12.3 hér á eftir en verða ekki losaðir frá sætinu eða burðarvirki ökutækisins nema með verkfærum eða með því að fjarlægja sætisáklæðið að einhverju eða öllu leyti, fullnægja þessari skilgreiningu.
- 2.12.2. „Laus höfuðpúði“: höfuðpúði sem er íhluti, sem skilja má frá sætinu, og hannaður með þeim hætti að honum má stinga í grind sætisbaksins og festa hann þar tryggilega.
- 2.12.3. „Aðskilinn höfuðpúði“: höfuðpúði sem er íhluti á sjálfu sætinu og hannaður með þeim hætti að honum má stinga í burðarvirki ökutækisins og/eða festa hann þar tryggilega.
- 2.13. „R-punktur“: viðmiðunarpunktur sætis eins og hann er skilgreindur í III. viðauka við tilskipun 77/649/EBE;
- 2.14. „Viðmiðunarlína“: línan á mannslíkaninu sem sýnt er á mynd 1.

### 3. Kröfur

- 3.1. Höfuðpúða skal setja á öll ystu framsæti í öllum ökutækjum í flokki M<sub>1</sub>. (Sæti með höfuðpúðum, sem koma á fyrir annars staðar í ökutæki eða í öðrum flokkum ökutækja, geta einnig fengið viðurkenningu samkvæmt þessum viðauka).
- 3.2. Almennar kröfur sem eiga við öll sæti
- 3.2.1. Öllum stillibúnaði og færslubúnaði, sem notaður er, skal fylgja sjálfvirkur læsibúnaður. Læsibúnaður þarf ekki að fylgja sætisörmum og öðrum búnaði til þæginda nema slíkur búnaður skapi ökumanni og farþegum í ökutækinu aukna hættu á meiðslum við árekstur.
- 3.2.2. Handfangi því til að taka búnaðinn úr lás, sem um getur í lið 2.7, skal komið fyrir á sætinu utanverðu nálægt hurðinni. Það skal vera aðgengilegt, einnig fyrir þann sem situr í sætinu beint fyrir aftan viðkomandi sæti.
- 3.2.3. Þeir afturhlutar sæta, sem eru á svæði 1, eins og það er skilgreint í lið 8.1.1 í 1. viðbæti, skulu standast orkudreifingarprófun í samræmi við kröfur 2. viðbætis <sup>(1)</sup>.
- 3.2.3.1. Þessi krafa telst uppfyllt ef hraðaminnkun höfuðlíkansins er ekki yfir 80 g í meira en 3 ms samfellt, í prófunum samkvæmt aðferðinni sem er tilgreind í 2. viðbæti. Enn fremur mega hættulegar brúnir hvorki koma fram meðan á prófuninni stendur né standa eftir þegar henni er lokið.

<sup>(1)</sup> Ökutæki í flokki M<sub>1</sub> teljast uppfylla ákvæði liðar 3.2.3 og 3.2.4 í þessum viðauka að því tilskildu að þau uppfylli ákvæði tilskipunar 74/60/EBE.

- 3.2.3.2. Kröfur liðar 3.2.3 gilda ekki um öftustu sætin eða sæti sem snúa bökum saman.
- 3.2.4. Á yfirborði afturhluta sæta mega ekki vera harðir hlutar eða skarpar brúnir sem gætu aukið á hættu á alvarlegum meiðslum ökumanns eða farþega<sup>(1)</sup>. Þessari kröfu telst vera fullnægt ef bogferlar á yfirborði afturhluta sæta, sem prófuð eru við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 1. viðbæti, eru að minnsta kosti:
- 2,5 mm á svæði 1,
  - 5,0 mm á svæði 2,
  - 3,2 mm á svæði 3.
- Þessi svæði eru skilgreind í lið 8.1 í 1. viðbæti.
- 3.2.4.1. Þessar kröfur eiga ekki við:
- þá hluta hvers svæðis um sig, sem standa ekki lengra en 3,2 mm upp úr yfirborðinu í kring og hafa ávalar brúnir, enda sé hæð útstæða hlutans eigi meiri en helmingur breiddarinnar,
  - öftustu sæti og sæti sem snúa bökum saman,
  - þá afturhluta sæta, sem eru neðan við lárétt plan sem liggur um lægsta R-punktinn í hverri sætaröð. (Ef sætaraðirnar eru ekki allar í sömu hæð skal byrjað aftast og planinu snúið upp eða niður svo það myndi lóðrétt þrep sem liggur um R-punkt næstu sætaraðar fyrir framan),
  - hluta á borð við „sveigjanlegt vírnet“.
- 3.2.4.2. Á svæði 2, sem skilgreint er í lið 8.1.2 í 1. viðbæti, mega bogferlar á yfirborðinu vera innan við 5 mm, þó ekki innan við 2,5 mm, að því tilskildu að þeir standist orkudreifingarprófunina sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti. Auk þess verður slíkt yfirborð að vera bólstrað til að komast megi hjá því að höfuðið snerti grind sætisins beint.
- 3.2.4.3. Ef á framangreindum svæðum eru hlutar klæddir efni, sem hefur lægra hörkustig en Shore 50, skulu framangreindar kröfur eingöngu gilda um stífu hlutana, að þeim kröfum undanskildum sem gilda um orkudreifingarprófunina í samræmi við kröfurnar í 2. viðbæti.
- 3.2.5. Við prófanirnar, sem lýst er í 2. og 3. lið 1. viðbætis, eða eftir að þeim lýkur, má ekki koma fram galli á sætisgrind eða sætisfestingum, stilli- og færslubúnaði né læsibúnaði. Una má við varanlega aflögun, þar með talin brot, að því tilskildu að slíkt auki ekki hættuna á meiðslum við árekstur og búnaðurinn þoli tilskilið álag.
- 3.2.6. Læsibúnaðurinn má ekki opnast að neinu leyti meðan á þeim prófunum stendur sem lýst er í 3. lið 1. viðbætis.
- 3.2.7. Þegar prófunum er lokið verður færslubúnaðurinn, sem leyfir ökumanni og farþegum aðgang eða auðveldar hann, að vera nothæfur; unnt verður að vera að losa búnaðinn að minnsta kosti einu sinni og færa sætið eða þann hluta sætisins sem hann á við.
- 3.2.8. Hvers kyns annar færslubúnaður, svo og stillibúnaður og meðfylgjandi læsibúnaður, þarf ekki að vera nothæfur.
- 3.2.9. Á sætum með höfuðpúða telst styrkleiki sætisbaksins og læsibúnaður þess fullnægja kröfunum, sem settar eru fram í 2. lið, ef hvergi kemur fram bilun í sætinu eða sætisbakinu eftir að prófun hefur farið fram í samræmi við lið 4.3.6; að öðrum kosti verður að sýna fram á að sætið geti fullnægt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið.

- 3.2.10. Á sætum (bekksætum) með fleiri setustaði en höfuðpúða skal framkvæma prófunina sem lýst er í 2. lið.
- 3.3. Sérkröfur um sæti með höfuðpúða eða gerð fyrir höfuðpúða.
- 3.3.1. Höfuðpúði í ökutæki skal ekki skapa aukna hættu fyrir ökumann eða farþega ökutækisins. Einkum mega ekki í neinni notkunarstöðu vera á honum harðir hlutar eða skarpar brúnir sem gætu aukið á hættu á meiðslum á ökumanni eða farþegum eða valdið því að þau yrðu alvarlegri en ella.
- 3.3.2. Þeir hlutar af fram- og afturhlið höfuðpúðanna, sem eru á svæði 1, eins og það er skilgreint í lið 8.1.1.3 í 1. viðbæti, skulu standast orkudreifingarprófunina.
- 3.3.2.1. Þessi krafa telst uppfyllt ef hraðaminnkun höfuðlíkansins er ekki yfir 80 g í meira en 3 ms samfellt, í prófunum samkvæmt aðferðinni sem tilgreind er í 2. viðbæti. Enn fremur mega hættulegar brúnir hvorki koma fram meðan á prófuninni stendur né standa eftir þegar henni er lokið.
- 3.3.3. Þeir hlutar af fram- og afturhlið höfuðpúðanna, sem eru á svæði 2, eins og það er skilgreint í lið 8.1.2 í 1. viðbæti, skulu þannig bólstraðir að höfuð farþega geti ekki komist í beina snertingu við smíðahluta púðans og fullnægja þeim kröfum liðar 3.2.4 sem gilda um þá afturhluta sæta sem eru á svæði 2.
- 3.3.4. Kröfur liða 3.3.2 og 3.3.3 skulu ekki gilda um hluta afturhliðar höfuðpúða ef ekki eru nein sæti aftan við sætin sem höfuðpúðarnir eiga að festast á.
- 3.3.5. Höfuðpúðinn skal festur við sætið eða burðarvirki ökutækisins á þann hátt að hvergi standi stíffir eða hættulegir hlutar út úr bólstri höfuðpúðans eða tengingunni við sætisbakið eftir þrýstinginn sem höfuðlíkanið veldur meðan á prófuninni stendur.
- 3.3.6. Á sætum með höfuðpúða má telja ákvæði liðar 3.2.3 uppfyllt, að fengnu samþykki tæknipjónustunnar, ef sætið ásamt höfuðpúðanum fullnægir ákvæðum liðar 3.3.2.
- 3.4. Hæð höfuðpúða
- 3.4.1. Hæð höfuðpúða skal mæld eins og lýst er í 5. lið 1. viðbætis.
- 3.4.2. Á höfuðpúðum án hæðarstillingar skal hæðin vera að minnsta kosti 800 mm<sup>(1)</sup> á framsætum og að minnsta kosti 750 mm<sup>(2)</sup> á öðrum sætum.
- 3.4.3. Á höfuðpúðum með hæðarstillingu á eftirtalið við:
- 3.4.3.1. hæðin skal vera að minnsta kosti 800 mm<sup>(1)</sup> á framsætum og að minnsta kosti 750 mm<sup>(2)</sup> á öðrum sætum; þetta gildi skal nást í stöðu sem er á milli hæstu og lægstu stöðu sem höfuðpúðarnir komast í;
- 3.4.3.2. hæðin má aldrei verða minni en 750 mm<sup>(2)</sup> í nokkurri notkunarstöðu;
- 3.4.3.3. á öðrum sætum en framsætum mega höfuðpúðarnir vera þannig gerðir að unnt sé að stilla þá lægra en 750 mm<sup>(1)</sup>, enda megi ökumanni eða farþega vera það ljóst að ekki sé ætlast til að höfuðpúðinn sé notaður í þeirri stöðu;
- 3.4.3.4. á framsætum mega höfuðpúðarnir vera þannig gerðir að þeir séu færðir með sjálfvirkum hætti í lægri stöðu en 750 mm<sup>(1)</sup> þegar ekki er setið í sætinu, enda fari þeir sjálfkrafa í notkunarstöðu aftur þegar sest er í sætið.

(<sup>1</sup>) Þetta gildi skal vera 750 mm til 1. 10. 1999 fyrir nýjar ökutækjagerðir og til 1. 10. 2001 fyrir öll ökutæki.

(<sup>2</sup>) Þetta gildi skal vera 700 mm til 1. 10. 1999 fyrir nýjar ökutækjagerðir og til 1. 10. 2001 fyrir öll ökutæki.

- 3.4.4. Málin, sem getið er í liðum 3.4.2 og 3.4.3.1 hér að framan, má minnka til að ná fullnægjandi bili milli höfuðpúða og þaks, glugga eða annarra hluta af burðarvirki ökutækisins; þó má bilið aldrei vera stærra en 25 mm. Á sætum með færslubúnað og/eða stillibúnað gildir þetta um allar sætisstöður. Enn fremur má ekki vera unnt að stilla sætið þannig að hæðin verði minni en 700 mm, þrátt fyrir ákvæði liðar 3.4.3.2.
- 3.4.5. Þrátt fyrir þær kröfur um hæð, sem getið er í liðum 3.4.2, 3.4.3.1 og 3.4.3.2, skal hæð sérhvers höfuðpúða, sem ætlaður er öftustu sætum, eða setustöðum, í miðju, eigi vera minni en 700 mm.
- 3.5. Á sætum, sem búa má höfuðpúða, skal sannprófa ákvæði liða 3.2.3 og 3.3.2.
- 3.5.1. Hæð þess hluta búnaðarins, sem höfuðið hvílir á, skal mæld eins og lýst er í 5. lið 1. viðbætur og má eigi vera minni en 100 mm á höfuðpúðum með hæðarstillingu.
- 3.6. Milli sætisbaks og höfuðpúða má ekki vera stærra bil en 60 mm þegar um er að ræða búnað sem ekki er unnt að hæðarstillja. Ef höfuðpúðinn er hæðarstillanlegur má hann ekki vera lengra frá efsta hluta sætisbaks en 25 mm í lægstu stillingu. Á sætum eða bekkisætum með hæðarstillingu, sem búin eru aðskildum höfuðpúðum, skal sannprófa þessa kröfu fyrir allar stöður sætisins eða bekkisætisins.
- 3.7. Á höfuðpúðum, sem eru sambyggðir sætisbakinu, er svæðið, sem athuga skal, eins og hér er lýst:
- ofan við plan sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínu 540 mm frá R-punktinum;
  - milli tveggja lóðréttra lengdarplana sem liggja hvort sínum megin við viðmiðunarlínuna í 85 mm fjarlægð. Á þessu svæði mega vera op, eitt eða fleiri, sem mælast 60 mm að stærð miðað við fjarlægðina „a“ þegar hún er mæld eins og lýst er í 7. lið 1. viðbætur, enda sé kröfum liðar 3.10 enn fullnægt eftir aukaprófunina sem getið er í lið 4.3.3.2 í 1. viðbæti.
- 3.8. Á höfuðpúðum með hæðarstillingu mega vera á þeim hluta búnaðarins, sem þjónar hlutverki höfuðpúða, eitt eða fleiri op sem mælast 60 mm að stærð miðað við fjarlægðina „a“ þegar hún er mæld eins og lýst er í 7. lið 1. viðauka, enda sé kröfum liðar 3.10 enn fullnægt eftir aukaprófunina sem getið er í lið 4.3.3.2 í 1. viðbæti.
- 3.9. Höfuðpúðinn skal vera nægilega breiður til að stuðningur við höfuð þess sem situr sé nægur, sitji hann eðlilega í sætinu. Þegar mælt er í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 6. lið 1. viðbætur, skal höfuðpúðinn ná yfir svæði sem nær að minnsta kosti 85 mm til hvorrar hliðar frá lóðréttu miðjuplanu sætisins sem höfuðpúðinn er ætlaður.
- 3.10. Höfuðpúðinn og festing hans skulu vera þannig gerð að höfuðpúðinn takmarki hreyfingu höfuðsins aftur á bak, X, við 102 mm, þegar mælt er í samræmi við kyrrstöðuadferðina sem mælt er fyrir um í lið 4.3 í 1. viðbæti.
- 3.11. Höfuðpúðinn og festing hans skulu vera nægilega sterk til að standast álagið, sem tilgreint er í lið 4.3.6 í 1. viðauka, án þess að brotna. Þegar um er að ræða höfuðpúða, sem eru sambyggðir sætisbakinu, gilda kröfur þessa liðar um þá hluta sætisbaksgrindarinnar sem eru fyrir ofan plan sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna í 540 mm fjarlægð frá R-punktinum.
- 3.12. Ef höfuðpúðinn er stillanlegur má ekki vera unnt að hækka hann umfram hæstu notkunarhæð nema með vísitandi frumkvæði notandans öðru en því sem nauðsynlegt er vegna stillingar höfuðpúðans.
- 3.13. Styrkleiki sætisbaksins og læsibúnaðar þess telst fullnægja kröfunum í 2. lið 1. viðbætur, ef ekkert brot hefur komið fram í sætinu eða sætisbakinu eftir að prófun hefur farið fram í samræmi við lið 4.3.6 í 1. viðbæti; að öðrum kosti verður að sýna fram á að sætið standist prófunarkröfunar í 2. lið 1. viðbætur.

(<sup>1</sup>) Þetta gildi skal vera 700 mm til 1. 10. 1999 fyrir nýjar ökutækjagerðir og til 1. 10. 2001 fyrir öll ökutæki.

*1. viðbætur***Prófanir og notkunarleiðbeiningar****1. Almennar forskriftir sem gilda um allar prófanir**

- 1.1. Ef sætisbakið er stillanlegt skal læsa því í stöðu sem samsvarar því að viðmiðunarlínunni á bók mannlíkansins, sem sýnt er á mynd 1, sé hallað eins nærri 25° aftur á bak frá lóðréttri línu og unnt er, nema framleiðandi taki annað fram.
- 1.2. Þegar sæti, læsibúnaður þess og uppsetning eru eins og á öðru sæti í ökutækinu eða samhverf við það, er tækniþjónustunni heimilt að prófa aðeins eitt sæti af því tagi.
- 1.3. Á sætum með stillanlegum höfuðpúðum skal framkvæma prófanirnar með höfuðpúðana í óheppilegustu stöðu sem stillibúnaðurinn leyfir (yfirleitt hæstu stöðu).

**2. Prófun á styrkleika sætisbaks og stillibúnaðar þess**

- 2.1. Beitt er krafti, sem gefur 530 Nm kraftvægi miðað við R-punktinn, eftir endilöngu og aftur á efra hluta sætisbaksins í gegnum þann hluta mannlíkansins sem svarar til baksins. Þegar um er að ræða bekkisæti, þar sem öll grindin eða hluti hennar (þar með talin höfuðpúðagrindin), er sameiginleg fleiri setustöðum en einum, skal framkvæma prófunina samtímis fyrir þá setustaði alla.

**3. Prófun á styrkleika sætisfestinga og stilli-, læsi- og færslubúnaðar**

- 3.1. Beita skal, fram á við og eftir endilöngu, að minnsta kosti 20 g láréttri hraðaminnkun í 30 ms á alla yfirbygginguna, eða á dæmigerðan hluta hennar, í samræmi við kröfur 1. liðar 3. viðbættis.
- 3.2. Beita skal láréttri hraðaminnkun aftur á bak eftir endilöngu í samræmi við kröfur liðar 3.1.
- 3.3. Sannprófa skal kröfur liða 3.1 og 3.2 fyrir allar sætisstöður. Þegar um er að ræða sæti, sem búin eru stillanlegum höfuðpúða, skal framkvæma prófunina með höfuðpúðana í óheppilegustu stöðu sem stillibúnaðurinn leyfir (yfirleitt hæstu stöðu). Meðan á prófuninni stendur skal sætið vera í þeirri stöðu að engir ytri þættir geti hindrað losun læsibúnaðarins.

Þessi skilyrði skulu teljast uppfyllt ef sætið er prófað eftir að það hefur verið stillt á eftirgreindan hátt:

- lengdarstillingin er fest einu haki eða 10 mm fyrir aftan fremstu eðlilegu akstursstöðu eða notkunarstöðu samkvæmt tilsögn framleiðanda (þegar sætin eru búin sjálfstæðri hæðarstillingu skal setja sætisþúðann í efstu stöðu);
  - lengdarstillingin er fest einu haki eða 10 mm fyrir framan öftustu eðlilegu akstursstöðu eða notkunarstöðu samkvæmt tilsögn framleiðanda (þegar sætin eru búin sjálfstæðri hæðarstillingu skal setja sætisþúðann í lægstu stöðu), og í samræmi við kröfur liðar 3.4. þegar það á við.
- 3.4. Þegar læsibúnaði er þannig háttáð að dreifing krafta á læsibúnaðinn og sætisfestingarnar yrði óheppilegri í annarri sætisstöðu en þeim, sem skilgreindar eru í lið 3.3, skal framkvæma prófanirnar í óheppilegustu sætisstöðunni.
  - 3.5. Prófunarskilyrðin í lið 3.1 skulu teljast uppfyllt ef í stað þeirra kemur, að beiðni framleiðanda, árekstrarprófun ökutækisins í heild í ökufæru ástandi, með árekstri við stífa fyrirstöðu eins og lýst er í 2. lið 3. viðbættis við þennan viðauka. Í slíkum tilvikum skal stilla sætið þannig að dreifing álagsins á festibúnaðinn verði sem óheppilegust eins og kveðið er á um í liðum 1.1, 3.3 og 3.4.

4. **Prófun á gagnsemi höfuðpúðans**
- 4.1. Ef höfuðpúðinn er stillanlegur skal setja hann í óheppilegustu stöðu sem stillibúnaðurinn leyfir (yfirleitt hæstu stöðu).
- 4.2. Þegar um er að ræða bekkisæti, þar sem öll grindin eða hluti hennar (þar með talin höfuðpúðagrindin) er sameiginleg fleiri setustöðum en einum, skal framkvæma prófunina samtímis fyrir þá setustaði alla.
- 4.3. Prófun
- 4.3.1. Draga skal allar línur, einnig vörp viðmiðunarlínunnar, í lóðréttu miðjuplani sætisins eða setustaðarins (sjá mynd 2).
- 4.3.2. Hliðruð viðmiðunarlína er ákvörðuð með því að beita á þann hluta mannlíkansins (sjá mynd 2), sem svarar til baksins, upphafskrafti sem gefur 373 Nm kraftvægi aftur á bak um R-punktinn.
- 4.3.3. Með kúlulaga höfuðlíkani, sem er 165 mm í þvermál, er beitt upphafskrafti, sem gefur 373 Nm kraftvægi um R-punktinn, hornrétt á hliðruðu viðmiðunarlínuna og 65 mm neðan við efstu brún höfuðpúðans, og skal halda viðmiðunarlínunni í sömu stöðu og eftir hliðrun eins og hún var ákvörðuð í samræmi við kröfur liðar 4.3.2.
- 4.3.3.1. Ef til staðar eru op, sem koma í veg fyrir að kraftinum, sem mælt er fyrir um í lið 4.3.3, verði beitt í 65 mm fjarlægð frá efri brún höfuðpúðans, má beita kraftinum ofar svo að kraftöxullinn liggi um miðlínu þess hluta grindarinnar sem er næstur opinu.
- 4.3.3.2. Í þeim tilvikum, sem lýst er í liðum 3.7 og 3.8 í II. viðauka, skal endurtaka prófunina með því að beita á hvert op um sig með kúlu, sem er 165 mm í þvermál, krafti:
- gegnum þyngdarmiðju stysta þversniðs opsins, eftir þverplönunum sem eru samhliða viðmiðunarlínunni, og
  - á þann hátt að gefi 373 Nm kraftvægi um R-punktinn.
- 4.3.4. Ákvarðaður er snertillinn Y við kúlulaga höfuðlíkanið, samhliða hliðruðu viðmiðunarlínunni.
- 4.3.5. Mæld er fjarlægðin X, sem kveðið er á um í lið 3.10 í II. viðauka, milli snertilsins Y og hliðruðu viðmiðunarlínunnar.
- 4.3.6. Til að athuga gagnsemi höfuðpúðans er upphafsálagið, sem tilgreint er í liðum 4.3.3 og 4.3.3.2, aukið í 890 N nema sæti eða sætisbak bresti fyrir.
5. **Hæð höfuðpúðans ákvörðuð**
- 5.1. Draga skal allar línur, einnig varp viðmiðunarlínunnar, í lóðréttu miðjuplani sætisins eða setustaðarins, en útlínur höfuðpúðans og sætisbaksins ráðast af skurðlínu þess plans við sætið (sjá mynd 1a).
- 5.2. Mannlíkaninu, sem lýst er í III. viðauka við tilskipun 77/649/EBE, skal komið fyrir í eðlilegri stöðu í sætinu.
- 5.3. Á því sæti, sem um ræðir, er varp viðmiðunarlínu mannlíkansins dregið í planinu sem tilgreint er í lið 4.3.1.
- Snertillinn S við efstu brún höfuðpúðans er dreginn hornrétt á viðmiðunarlínuna.



- 5.4. Fjarlægðin „h“ frá R-punktinum til snertilsins S er hæðin sem taka skal tillit til þegar kröfunum í lið 3.4 í II. viðauka er framfylgt.
6. **Breidd höfuðpúðans ákvörðuð (sjá mynd 1b)**
- 6.1. Planið  $S_1$ , hornrétt á viðmiðunarlínuna og 65 mm fyrir neðan snertilinn S, sem skilgreindur er í lið 5.3, myndar þversnið af höfuðpúðanum sem markast af útlínunni C.
- 6.2. Sú breidd höfuðpúðans, sem taka skal tillit til þegar kröfunum í lið 3.9 í II. viðauka er framfylgt, er fjarlægðin „L“, mæld í planinu  $S_1$  milli lóðréttu lengdarplananna p og p.
- 6.3. Ef nauðsynlegt er, skal breidd höfuðpúðans einnig ákvörðuð í planinu, sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna, 635 mm yfir R-punkti sætisins, og skal þessi fjarlægð mæld eftir viðmiðunarlínunni.
7. **Fjarlægðin „a“ í höfuðpúðaopum ákvörðuð (sjá mynd 3)**
- 7.1. Fjarlægðin „a“ skal ákvörðuð fyrir hvert op við höfuðpúðann framanverðan með kúlu sem er 165 mm í þvermál.
- 7.2. Kúlunni skal komið þannig fyrir við opið að hún komist sem lengst inn án þess að nokkru afli sé beitt.
- 7.3. Fjarlægðin milli tveggja snertipunkta kúlunnar í opinu er fjarlægðin „a“ sem taka þarf til greina við mat samkvæmt ákvæðum liðar 3.7 og 3.8 í II. viðauka.
8. **Prófanir vegna athugunar á orkudreifingu í sætisbaki og höfuðpúða**
- 8.1. Athuga skal það yfirborð á afturhlutum sæta, sem er á svæðunum, sem skilgreind eru hér á eftir, og ná má til með kúlu, sem er 165 mm í þvermál, þegar sætið hefur verið fest í ökutækið.
- 8.1.1. Svæði 1
- 8.1.1.1. Á aðskildum sætum án höfuðpúða skal þetta svæði ná yfir afturhluta sætisbaks milli lóðréttu lengdarplananna beggja vegna við lengdarmiðjuplan sérhvers ysta setustaðar í 100 mm fjarlægð, eins og sá setustaður er skilgreindur af framleiðanda, og fyrir ofan plan sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna og 100 mm neðan við efstu brún sætisbaks.
- 8.1.1.2. Á bekkisætum án höfuðpúða skal þetta svæði ná milli lóðréttu lengdarplananna beggja vegna við lengdarmiðjuplan sérhvers ysta setustaðar í 100 mm fjarlægð, eins og sá setustaður er skilgreindur af framleiðanda, og fyrir ofan plan sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna og 100 mm neðan við efstu brún sætisbaks.
- 8.1.1.3. Á sætum eða bekkisætum með höfuðpúða skal þetta svæði ná milli lóðréttu lengdarplananna beggja vegna við lengdarmiðjuplan sætisins eða setustaðarins og í 70 mm fjarlægð frá því, og fyrir ofan planið sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna og 635 mm frá R-punktinum. Ef höfuðpúðinn er stillanlegur skal fyrir prófunina setja hann í óheppilegustu stöðu sem stillibúnaðurinn leyfir (yfirleitt hæstu stöðu).
- 8.1.2. Svæði 2
- 8.1.2.1. Á sætum eða bekkisætum án höfuðpúða og sætum eða bekkisætum með lausa eða aðskilda höfuðpúða skal svæði 2 vera svæðið fyrir ofan plan, sem liggur hornrétt á viðmiðunarlínuna í 100 mm fjarlægð frá efstu brún sætisbaks, að undanskildum þeim hlutum sem tilheyra svæði 1.

8.1.2.2. Á sætum eða bekksætum með sambyggða höfuðpúða skal svæði 2 vera svæðið sem liggur fyrir ofan plan, sem er hornrétt á viðmiðunarlínuna í 440 mm fjarlægð frá R-punkti sætisins eða setustaðarins, að undanskildum þeim hlutum sem tilheyra svæði 1.

8.1.3. Svæði 3

8.1.3.1. Svæði 3 er skilgreint sem sá hluti sætisbaksins eða bekksætanna sem liggur fyrir ofan láréttu plönin sem skilgreind eru í þriðja undirlíð liðar 3.2.4.1 í þessum viðauka, að undanskildum þeim hlutum sem tilheyra svæði 1 og svæði 2.

## 9. Jafngildar prófunaraðferðir

Ef notaðar eru aðrar prófunaraðferðir en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. lið hér að framan og í 2. viðbæti, er skylt að færa sönnur á að þær hafi sambærilegt gildi.

### NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Þeim sætum, sem búin eru stillanlegum höfuðpúðum, skulu framleiðendur láta fylgja leiðbeiningar um notkun, stillingu og læsingu, svo og um hvernig skuli fjarlægja þá þar sem það á við.

## 2. viðbætur

## Aðferð til prófunar á orkudreifingu

1. **Uppsetning, prófunartæki, skráningartæki og aðferð**
- 1.1. Uppsetning
  - 1.1.1. Sætið skal notað eins og það er sett í ökutækið og fest tryggilega við prófunarþekkinn með tengingarhlutum frá framleiðanda, þannig að það hreyfist ekki við högg.
  - 1.1.2. Ef sætisbakið er stillanlegt skal læsa því í þeirri stöðu sem tilgreind er í lið 1.1 í 1. viðbæti.
  - 1.1.3. Ef sætið er búið höfuðpúða skal höfuðpúðinn settur á sætisbakið eins og það er í ökutækinu. Ef höfuðpúðinn er aðskilinn skal hann festur á þann hluta burðarvirkis ökutækisins sem hann er venjulega festur við.
  - 1.1.4. Ef höfuðpúðinn er stillanlegur skal hann settur í óheppilegustu stöðu sem stillibúnaðurinn leyfir.
- 1.2. Prófunartæki
  - 1.2.1. Tækið er pendúll með snúningsás á kúlulegum og rýrður massi hans<sup>(1)</sup> við sveiflumiðju er 6,8 kg. Neðri endi pendúlsins samanstendur af stífu höfði, 165 mm að þvermáli, með miðju sem fellur saman við sveiflumiðju pendúlsins.
  - 1.2.2. Höfðið skal búið tveimur hröðunarmælum og hraðamælingartæki, en með þeim skal vera unnt að mæla í höggstefnu.
- 1.3. Skráningartæki

Skráningartækin skulu vera þannig gerð að unnt sé að mæla með eftirfarandi nákvæmni:

  - 1.3.1. Hröðun

nákvæmni:  $\pm 5\%$  af raungildi;

tíðniflokkur gagnarásar: flokkur 600 sem svarar til ISO-staðals 6487 (1987);

næmi þvert á stefnu:  $5\% \leq 5\%$  af lágsta punkti kvarðans.
  - 1.3.2. Hraði

nákvæmni:  $\pm 2,5\%$  af raungildi;

næmi: 0,5 km/klst
  - 1.3.3. Tímaskráning

Með tækjunum skal vera unnt að skrá allan atburðinn í fullri lengd og lesa af með nákvæmnni einum þúsundasta úr sekúndu.

Upphaf höggsins við fyrstu snertingu höfuðlíkansins og hlutarins, sem prófaður er, skal koma fram í skráningu fyrir prófunargreiningu.

(<sup>1</sup>) Samband rýrðs massa „m<sub>r</sub>“ pendúlsins og heildarmassa hans „m“ í fjarlægðinni „a“ milli sveiflumiðju og snúningsáss og í fjarlægðinni „l“ milli þyngdarmiðju og snúningsáss er gefið í formúlunni  $m_r = m \cdot l/a$ .

#### 1.4. Prófunaraðferð

##### 1.4.1. Prófanir á sætisbaki

Sætinu skal komið fyrir eins og getið er í lið 1.1 í þessum viðbæti og skal höggið koma aftan frá í stefnu sem liggur í lengdarplani undir 45° horni frá lóðréttri stefnu.

Starfsmenn prófunarstofunnar skulu velja höggstaði á svæði 1 eins og það er skilgreint í lið 8.1.1 í 1. viðbæti, eða á svæði 2 eins og það er skilgreint í lið 8.1.2 í 1. viðbæti ef þess er þörf, á yfirborði með minni bogferil en 5 mm.

##### 1.4.2. Prófanir á höfuðpúða

Höfuðpúðanum skal komið fyrir og hann festur eins og getið er í lið 1.1 í þessum viðbæti. Höggin skulu látin skella á stöðum sem starfsmenn prófunarstofunnar hafa valið á svæði 1 eins og það er skilgreint í lið 8.1.1 í 1. viðbæti, og hugsanlega á svæði 2 eins og það er skilgreint í lið 8.1.2 í 1. viðbæti, á yfirborði með minni bogferil en 5 mm.

1.4.2.1. Á bakhliðinni skal höggstefnan vera aftan frá og fram og liggja í lengdarplani undir 45° horni frá lóðréttri stefnu.

1.4.2.2. Á framhliðinni skal höggstefnan vera framan frá og aftur í lárétta stefnu í lengdarplani.

1.4.2.3. Svæðið á framhliðinni annars vegar og á bakhliðinni hins vegar afmarkast af láréttu plani sem snertir efstu brún höfuðpúðans eins og tilgreint er í 5. lið 1. viðbætis.

1.4.3. Höfuðlíkanið skal skella á hlutum, sem prófaður er, á hraðanum 24,1 km/klst en þeim hraða skal náð með knúningsorkunni einni eða viðbótarbúnaði til þeirra nota.

#### 2. Niðurstöður

Hraðaminnkunargildið skal teljast meðaltal af aflestri hraðaminnkunarmælanna tveggja.

#### 3. Jafngildar aðferðir


(Sjá 9. lið 1. viðbætis við þennan viðauka).

### 3. viðbætur


#### Prófunaraðferð fyrir sætisfestingar og stilli-, læsi- og færslubúnað þeirra

1. **Prófun á þoli gegn tregðuáhrifum**
  - 1.1. Sætin, sem prófa skal, skulu fest á yfirbyggingu ökutækisins sem þau eru hönnuð fyrir. Hún skal fest tryggilega á prófunarvagn eins og mælt er fyrir um í eftirfarandi liðum.
  - 1.2. Aðferðin, sem notuð er við að festa yfirbyggingu ökutækisins á prófunarvagninn, má ekki verða til þess að styrkja sætisfestingarnar.
  - 1.3. Sætin og hlutar þeirra skulu stillt og læst eins og mælt er fyrir um í lið 1.1 og í einhverri þeirri stöðu sem lýst er í lið 3.3 eða 3.4 í 1. viðbæti við þennan viðauka.
  - 1.4. Ef ekki er verulegur munur, í skilningi liðar 2.2 í þessum viðauka, á sætum í sætasamstæðu, má framkvæma prófanirnar, sem mælt er fyrir um í liðum 3.1 og 3.2 í 1. viðbæti, með annað sætið í fremstu stöðu og hitt sætið í öftustu stöðu.
  - 1.5. Hraðaminnkun prófunarvagnsins er mæld með gagnarásam í tíðniflokki (CFC) 60 sem svarar til eiginleika alþjóðlegs ISO-staðals 6487 (1980).
2. **Árekstrarprófun á ökutækinu í heild móti stífri fyrirstöðu**
  - 2.1. Fyrirstaðan skal gerð úr járnbentri steinsteypublokk, minnst 3 m breiðri, minnst 1,5 m hárrí og minnst 0,6 m þykkri. Framhliðin skal vera hornrétt á síðasta hluta tilhlaupsbrautarinnar og klædd krossviði af þykktinni 19 mm ± 1 mm. Fyrir aftan steinsteypublokkina skulu vera að minnsta kosti 90 tonn af samþjöppuðum jarðvegi. Í stað fyrirstöðunnar, sem steinsteypan og jarðvegurinn mynda, má setja tálma með sama flatarmál framhliðar, enda gefi þeir jafngildar niðurstöður.
  - 2.2. Á árekstrarstundinni skal ökutækið hreyfast óheft. Ökutækið skal rekast á tálmann þannig að stefna þess sé hornrétt á árekstrarvegginn; mesti leyfilegi hliðrunarmunur milli lóðréttrar miðlínu framanverðs ökutækisins og lóðréttrar miðlínu árekstrarveggjarins er ± 30 cm; á árekstrarstundinni má ökutækið ekki lengur verða fyrir neinum áhrifum aukabúnaðar til stýringar eða knúnings. Árekstrarhraðinn skal vera á bilinu 48,3 km/klst til 53,1 km/klst.
  - 2.3. Eldsneytiskerfið skall fyllt vatni að massa sem jafngildir 90% af fullum tanki samkvæmt upplýsingum framleiðanda.
    - 2.3.1. Öll önnur kerfi (hemlunar- og kælikerfi o.s.frv.) mega vera tóm; þá skal massi vökvanna bættur upp.


Mynd 1a



Mynd 1b



Mynd 2



———— Upphafsstaða

----- Staða undir álagi

$r$ : viðmiðunarlína


$r_1$ : hliðruð viðmiðunarlína

Kraftvægi kraftsins F um R = 373 Nm




Mynd 3

## Ákvörðun fjarlægðarinnar „a“ í höfuðpúðaopum



Dæmi um lárétt op

*Athugasemd:* Þversniðið A-A skal draga þannig við opin að kúlan komist sem lengst inn án þess að nokkru afli sé beitt.



Dæmi um lóðrétt op

*Athugasemd:* Þversniðið A-A skal draga þannig við opin að kúlan komist sem lengst inn án þess að nokkru afli sé beitt.“

Nýr III. viðauki bætist við og verði svohljóðandi:

„III. VIÐAUKI

**GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG KRÖFUR VEGNA TILTEKINNA ÖKUTÆKJA Í FLOKKUM  $M_2$  OG  $M_3$**

1. **Gildissvið**

- 1.1. Þessi viðauki gildir um sæti í ökutækjum í flokki  $M_2$  og  $M_3$ , að frátöldum þeim ökutækjum í þessum flokkum sem eru hönnuð til aksturs í þéttbýli með standandi farþega, og tekur til eftirtalinna atriða:
  - 1.1.1. allra farþegasæta sem eiga að vísa fram þar sem þeim er komið fyrir;
  - 1.1.2. sætisfestinganna sem ökutækið er búið og ætlaðar eru til að festa á sætin, sem getið er í lið 1.1, eða hvers kyns sæti önnur sem festa má á þessar sætisfestingar.
- 1.2. Ökutæki í flokki  $M_2$  geta fengið viðurkenningu samkvæmt II. viðauka í stað þessa viðauka.
- 1.3. Þau ökutæki, sem hafa sæti sem falla undir undanþáguna í lið 5.5.4 í I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE, skulu fá viðurkenningu í samræmi við þennan viðauka.
- 1.4. Prófanirnar, sem lýst er í þessum viðauka, má einnig nota fyrir aðra ökutækishluta (þar á meðal sæti sem snúa aftur) eins og um getur í lið 3.1.10 í I. viðauka við tilskipun 77/541/EBE og lið 4.3.7 í I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE.

2. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „Viðurkenning sætis“: viðurkenning á sætagerð sem íhluta að því er tekur til styrkleika sætanna og hönnunar sætisbaka með tilliti til varnar fyrir ökumann og farþega í sætum sem snúa fram.
- 2.2. „Viðurkenning ökutækis“: viðurkenning á ökutækjagerð að því er tekur til styrkleika þeirra hluta í burðarvirki ökutækisins sem sætin eiga að festast við og til uppsetningar sæta.
- 2.3. „Sætagerð“: sæti sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru með tilliti til eftirtalinna eiginleika sem geta haft áhrif á styrkleika þeirra og meiðsl sem þau gætu valdið:
  - 2.3.1. byggingar, lögunar, mála og smíðaefnis burðarhluta;
  - 2.3.2. gerða og mála stilli- og læsibúnaðar á sætisbaki;
  - 2.3.3. mála, byggingar og smíðaefnis tenginga og stoðhluta (t.d. fóta).
- 2.4. „Gerð ökutækis“: ökutæki sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru með tilliti til:
  - þeirra smíðaeinkenna sem máli skipta í þessari tilskipun; og
  - þeirrar gerðar eða þeirra gerða sæta með EB-gerðarviðurkenningu íhluta sem kunna að vera í ökutækinu.
- 2.5. „Sæti“: grind, ásamt klæðningu og tengingarbúnaði, sem festa má við burðarvirki ökutækisins og ætluð er til nota í ökutæki sem sæti fyrir einn fullorðinn eða fleiri.

- 2.6. „Einstaklingssæti“: sæti sem er hannað og smíðað sem sæti fyrir einn farþega.
- 2.7. „Tveggja manna sæti“: sæti sem er hannað og smíðað sem sæti fyrir tvo farþega hlið við hlið; tvö sæti, sem eru hlið við hlið og ótengd, skulu teljast tvö einstaklingssæti.
- 2.8. „Sætaröð“: sæti sem er hannað og smíðað sem sæti fyrir þrjá eða fleiri farþega hlið við hlið; nokkur einstaklingssæti eða tveggja manna sæti, sem er raðað hlið við hlið, skulu ekki teljast sætaröð.
- 2.9. „Sætispúði“: sá hluti sætisins sem komið er fyrir í því sem næst láréttri stöðu og til þess gerður að bera sitjandi farþega.
- 2.10. „Sætisbak“: sá hluti sætisins sem er því sem næst lóðréttur og til þess gerður að styðja við bak farþegans og herðar og jafnvel höfuðið.
- 2.11. „Stillibúnaður“: búnaður sem nota má til að stilla sætið eða hluta þess í stöðu sem hentar þeim sem situr.
- 2.12. „Færslubúnaður“: búnaður sem gerir það kleift að breyta halla sætisins eða færa einn hluta þess til hliðar eða fram og aftur til að auðvelda farþegum aðgang, án þess að um sé að ræða, á sætinu eða einum hluta þess, eina fasta millistöðu.
- 2.13. „Læsisbúnaður“: búnaður sem tryggir að sætið og hlutar þess haldist í notkunarstöðu.
- 2.14. „Festing“: hluti gólfs eða yfirbyggingar í ökutæki sem nota má til að festa sæti við.
- 2.15. „Tengingarbúnaður“: boltar eða aðrir íhlutar sem notaðir eru til að festa sætið í ökutækjum.
- 2.16. „Prófunarvagn“: prófunarbúnaðurinn sem gerður er og notaður til að líkja eftir hreyfingu í umferðarslysum við árekstur framan frá.
- 2.17. „Aukasæti“: sæti fyrir mannlíkanið sem fest er á prófunarvagninn fyrir aftan sætið sem prófa skal. Þetta sæti skal vera dæmigert fyrir sætið sem nota á í ökutækinu fyrir aftan sætið sem prófa skal.
- 2.18. „Viðmiðunarplan“: planið sem liggur um snertipunkta hælanna á mannlíkaninu og notað er til að ákvarða H-punktinn og raunhalla bolsins fyrir setustaði í vélknúnum ökutækjum.
- 2.19. „Viðmiðunarhæð“: hæð efstu brúnar sætisins fyrir ofan viðmiðunarplanið.
- 2.20. „Mannlíkan“: mannlíkan sem svarar til forskriftarinnar fyrir Hybrid II eða III<sup>(1)</sup>.
- 2.21. „Viðmiðunarsvæði“: svæðið milli tveggja lóðréttra lengdarplana sem eru samhverf miðað við H-punktinn og 400 mm á milli þeirra og markast af snúningi höfuðlíkans, sem er lýst í II. viðauka við tilskipun 74/60/EBE, úr lóðréttri stöðu í lárétta. Líkanið skal vera í þeirri stöðu sem er lýst í þeim viðauka og ekki vera lengra en 840 mm.
- 2.22. „Þriggja punkta belti“: að því er tekur til þessarar tilskipunar sömuleiðis belti með fleiri festipunkta en þrjá.
- 2.23. „Sætabil“: lárétt bil milli sæta, sem standa hvort fyrir aftan annað, mælt frá sætisbakinu á aftara sætinu að framan að sætisbakinu á næsta sæti fyrir framan að aftan, í 620 mm hæð frá gólfi.

<sup>(1)</sup> Fyrir Hybrid II og III eru til tæknilegar forskriftir og nákvæmar teikningar sem svara til helstu málbandaríks karlmanns við fimmtugasta hundraðshlutamark og eru geymdar hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna ásamt forskriftum að stillingu mannlíkansins fyrir þessa prófun, og er unnt að nálgast þetta efni á skrifstofu Efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu, Palais des Nations, Genf, Sviss.

**3. Kröfur varðandi sæti**

- 3.1. Hver sætagerð skal felld annað hvort undir prófunarkröfurnar í 1. viðbæti (hreyfiprófun) eða í 5. og 6. viðbæti (kyrrstöðuprófun) eftir óskum framleiðanda.
- 3.2. Prófanirnar, sem sætagerðin hefur staðist, skulu skráðar í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorðið (4. viðbætur 1. viðauka).
- 3.3. Á öllum stilli- og færslubúnaði, sem látinn er fylgja, skal vera sjálfvirkur læsibúnaður.
- 3.4. Þess er ekki krafist að stilli- og færslubúnaður sé að öllu í nothæfu ástandi eftir prófunina.
- 3.5. Höfuðpúði skal settur á öll ystu framsæti í öllum ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa; höfuðpúðar, sem notaðir eru í slíkum ökutækjum, skulu fullnægja kröfum þessa viðauka eða ákvæðum tilskipunar 78/932/EBE.

**4. Kröfur varðandi sætisfestingar ökutækjagerðar**

- 4.1. Festingar sæta í ökutækinu skulu geta staðist:
  - 4.1.1. annað hvort prófunina sem er lýst í 2. viðbæti;
  - 4.1.2. eða prófanirnar sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti ef sæti er fest á þann hluta af burðarvirki ökutækisins sem prófað er. Sætið þarf ekki að vera viðurkennt sæti að því tilskildu að það fullnægi kröfunum í lið 3.2.1 í framangreindum viðbæti.
- 4.2. Una má við að festing eða aðlægt svæði aflagist varanlega, þar með talið að það brotni, að því tilskildu að tilskildum krafti hafi verið beitt allan þann tíma sem mælt er fyrir um.
- 4.3. Ef festingar í ökutæki eru af mismunandi gerðum skal prófa hvert afbrigði um sig vegna viðurkenningar á ökutækinu.
- 4.4. Heimilt er að ein og sama prófun sé notuð bæði vegna viðurkenningar sætis og ökutækis.
- 4.5. Í ökutækjum í flokki M<sub>3</sub> skulu sætisfestingar teljast fullnægja kröfunum í liðum 4.1 og 4.2 ef öryggisbeltafestingar á samsvarandi setustað eru settar beint á sætin, sem koma á fyrir, og fullnægja kröfum tilskipunar 76/115/EBE, með undanþágunni sem kveðið er á um í lið 5.5.4 í viðauka við þá tilskipun, ef þess gerist þörf.

**5. Kröfur varðandi uppsetningu sæta í ökutækjagerð**

- 5.1. Öll sæti, sem sett eru upp og vísa fram, skulu fá viðurkenningu í samræmi við kröfurnar í 3. lið þessa viðauka með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:
  - 5.1.1. viðmiðunarháð sætisins skal vera að minnsta kosti 1 m; og
  - 5.1.2. H-punktur næsta sætis fyrir aftan má ekki vera meira en 72 mm hærra en H-punktur sætisins sem um er að ræða, en að öðrum kosti skal prófa sætið og viðurkenna það fyrir uppsetningu í slíkri stöðu.
- 5.2. Ef viðurkenningin er veitt í samræmi við 1. viðbæti skal prófun 1 og 2 notuð með eftirtöldum frávikum:
  - 5.2.1. Prófun 1 á ekki við ef óbundinn farþegi getur ekki lent á afturhluta sætisins (þ.e. ef ekkert sæti, sem vísar fram, er beint fyrir aftan sætið sem á að prófa).

- 5.2.2. Prófun 2 á ekki við
  - 5.2.2.1. ef bundinn farþegi getur ekki lent á afturhluta sætisins; eða
  - 5.2.2.2. ef sætið fyrir aftan er búið þriggja punkta belti með beltafestingum sem fullnægja að öllu leyti tilskipun 76/115/EBE (án þess að undanþágunni sé beitt); eða
  - 5.2.2.3. ef sætið fullnægir kröfunum í 6. viðbæti við þennan viðauka.
- 5.3. Ef viðurkenningin er veitt í samræmi við 5. og 6. viðbæti skulu allar prófanirnar notaðar með eftirtöldum undantekningum:
  - 5.3.1. Prófunin í 5. viðbæti á ekki við ef óbundinn farþegi getur ekki lent á afturhluta sætisins (þ.e. ef ekkert sæti, sem vísar fram, er beint fyrir aftan sætið sem á að prófa).
  - 5.3.2. Prófunin í 6. viðbæti á ekki við
    - 5.3.2.1. ef bundinn farþegi getur ekki lent á afturhluta sætisins; eða
    - 5.3.2.2. ef sætið fyrir aftan er búið þriggja punkta belti með beltafestingum sem fullnægja að öllu leyti tilskipun 76/115/EBE (án þess að undanþágunni sé beitt).

*1. viðbætur***Prófunaraðferðir fyrir sæti í samræmi við 3. lið og/eða sætisfestingar í samræmi við lið 4.1.2.****1. Kröfur**

1.1. Með prófununum skal skorið úr um:

1.1.1. Hvort sætin næst fyrir framan ökumann og sitjandi farþega og/eða öryggisbeltin haldi honum (þeim) nægilega vel.

1.1.1.1. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef enginn hluti af búk og höfði mannlíkansins hreyfist lengra fram á við en að lóðréttu þverplani í 1,6 m fjarlægð frá R-punkti aukasætisins;

1.1.2. Hvort sitjandi ökumaður eða farþegar eru hættulega meiddir.

1.1.2.1. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef uppfyllt eru eftirtalin skilyrði um álagsmörk vegna lífaflfræðilegra eiginleika uppsetts mannlíkansins, sem eru ákvörðuð í samræmi við 4. viðbæti:

1.1.2.1.1. álagsmörk fyrir höfuð (HAC) eru minni en 500;

1.1.2.1.2. álagsmörk fyrir brjóstkassa (ThAC) eru minni en 30 g að frátöldum tímabilum sem vara samtals skemur en 3 ms ( $g = 9,81 \text{ m/s}^2$ );

1.1.2.1.3. álagsmörk fyrir lærlegg (FAC) eru minni en 10 kN og tímabilin, sem álagið verður meira en 8 kN, eru ekki meira en 20 ms samtals.

1.1.3. Hvort sætið og sætisfestingarnar eru nægilega sterkar. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef:

1.1.3.1. enginn hluti sætis, sætisfestinga eða aukahluta losnar alveg frá meðan á prófuninni stendur;

1.1.3.2. sætið helst fast á sínum stað, enda þótt ein festing eða fleiri losni að hluta til, og allur læsibúnaður helst læstur allan prófunartímann;

1.1.3.3. hvergi eru á sætisgrindinni eða aukahlutum hennar eftir prófunina brot eða skarpar eða oddhvarssar brúnir eða horn sem gætu valdið meiðslum.

1.2. Allir þeir hlutar, sem mynda afturhlið sætisins eða aukahluti á því, skulu vera þannig gerðir að lítil hættu sé á að þeir valdi farþega meiðslum við árekstur. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef allir þeir hlutar, sem geta komist í snertingu við kúlu, sem er 165 mm að þvermáli, hafa að minnsta kosti 5 mm bogferil.

1.2.1. Ef eitthvað af þeim hlutum og aukahlutum, sem getið er hér að framan, er gert úr efni sem er af lægra hörkustigi en Shore A 50 á stífu undirlagi, skulu kröfurnar, sem settar eru fram í lið 3.3, eingöngu gilda um stíft undirlagið.

1.2.2. Hlutar sætisbaksins, á borð við stillibúnað sætisins og aukahluti, skulu ekki falla undir kröfurnar í lið 3.3 ef þeir eru fyrir neðan lárétt plan 400 mm fyrir ofan viðmiðunarplanið þegar þeir eru í kyrrstöðu, enda þótt ökumaður eða farþegi kynni að komast í snertingu við þá.

**2. Uppsetning sætisins sem prófa skal**

2.1. Sætið, sem prófa skal, er fest:

2.1.1. annað hvort á prófunarbekk sem er dæmigerður fyrir yfirbyggingu ökutækis,

- 2.1.2. eða á stífan prófunarbekk.
- 2.2. Festingin á prófunarbekknum, sem gerð er fyrir sætið (sætin), sem prófa skal, skal vera sams konar, eða hafa sömu eiginleika, og sú sem notuð er í ökutækinu (ökutækjunum) sem sætið er ætlað.
- 2.3. Sætið, sem prófa skal, skal vera fullbúið með allri klæðningu og aukahlutum. Ef sætið er búið borði skal það vera samanbrotið.
- 2.4. Ef sætið er búið hliðarstillingu skal ýta því eins langt til hliðar og unnt er.
- 2.5. Ef sætið er stillanlegt skal stilla það á þann hátt að bolhalli mannlíkansins, sem er notað til að ákvarða H-punktinn og raunhalla bolsins fyrir setustaði í vélknúnum ökutækjum, sé eins nærri þeim halla sem framleiðandi mælir með til venjulegra nota og unnt er, eða eins nærri 25° aftur á bak frá lóðrétttri stöðu og unnt er ef engar upplýsingar frá framleiðanda er að hafa.
- 2.6. Ef sætisbakið er búið höfuðpúða með hæðarstillingu skal hann vera í lægstu stöðu.
- 2.7. Öryggisbelti af viðurkenndri gerð í samræmi við tilskipun 77/541/EBE og á festingum, sem settar eru upp í samræmi við tilskipun 76/115/EBE, skulu sett bæði á aukasætið og sætið sem prófa skal.

### 3. Hreyfiprófanir

#### 3.0. Prófun 1

3.1. Prófunarbekknum skal komið fyrir á prófunarvagni.

#### 3.2. Aukasæti

Aukasætið má vera sömu gerðar og sætið sem prófað er og skal því komið fyrir samhliða sætinu, sem prófað er, og beint fyrir aftan það, með bæði sætin í sömu hæð og sömu stillingu, og skal bilið milli þeirra vera 750 mm.

3.2.1. Ef notað er aukasæti annarrar gerðar skal þessa getið í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorðið (4. viðbætur við I. viðauka).

#### 3.3. Mannlíkan

Mannlíkani skal komið fyrir aftan við hvern setustað sætisins, sem er prófað, með eftirgreindum hætti:

3.3.1. Mannlíkaninu skal komið fyrir óbundnu á aukasætinu á þann hátt að samhverfuplan þess falli saman við samhverfuplan setustaðarins sem um er að ræða.

3.3.2. Hendur mannlíkansins skulu hvíla á lærunum og olnbogarnir snerta sætisbakið; fætturnir skulu teygðir fram eins og mögulegt er og hafðir samhliða ef það er unnt; hælarnir skulu snerta gólfið.

3.3.3. Hverju mannlíkani, sem nota þarf, skal komið fyrir á sæti í samræmi við eftirgreinda aðferð:

3.3.3.1. mannlíkaninu er komið fyrir á sætinu eins nærri æskilegri stöðu og unnt er;


3.3.3.2. stífri plötu, 76 mm x 76 mm að flatarmáli, er komið fyrir eins neðarlega og unnt er við framanverðan bol mannlíkansins;

3.3.3.3. plötunni er þrýst lárétt á móti bol mannlíkansins með álagi milli 25 og 35 daN;



- 3.3.3.3.1. bolurinn er dreginn á öxlunum fram í lóðréttu stöðu og því næst lagður aftur að sætisbakinu. Þetta er gert tvisvar;
- 3.3.3.3.2. án þess að bolurinn hreyfist er höfuðið sett í þá stöðu að platan með mælitækjunum í höfðinu sé lárétt og samhverfuplan höfuðsins sé samhliða samhverfuplani ökutækisins;
- 3.3.3.4. platan er fjarlægð gætilega;
- 3.3.3.5. mannlíkanið er hreyft fram á við í sætinu og aðferðin, sem hér var lýst, endurtekin;
- 3.3.3.6. ef þörf er á er staða fótanna leiðrétt;
- 3.3.3.7. mælitækin, sem komið hefur verið fyrir, mega ekki á nokkurn hátt hafa áhrif á hreyfingar mannlíkansins við áreksturinn;
- 3.3.3.8. hitastig mælitækjakerfisins skal vera stöðugt áður en prófunin fer fram og haldast á bilinu 19 til 26 °C eftir því sem unnt er.
- 3.4. Líkt eftir árekstri
- 3.4.1. Árekstrarhraði prófunarvagnsins skal vera 30 til 32 km/klst.
- 3.4.2. Hraðaminnkun vagnsins meðan á árekstrarprófuninni stendur skal vera í samræmi við ákvæðin sem sýnd eru í mynd 1 hér á eftir. Að frátöldum tímabilum, sem vara samtals skemur en 3 ms, skal hraðaminnkunarferill vagnsins haldast innan markanna sem sýnd eru með ferlunum á mynd 1.
- 3.4.3. Enn fremur skal meðalhraðaminnkunin haldast á bilinu 6,5 til 8,5 g.
- 3.5. Prófun 2
- 3.5.1. Prófun 1 skal endurtekin með mannlíkanið í aukasætinu; mannlíkanið skal fest með öryggisbelti sem er fest og stillt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Fjöldi festingarpunkta fyrir öryggisbeltið við framkvæmd prófunar 2 skal skráður í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorð fyrir sætið (sjá 4. viðbæti við I. viðauka).
- 3.5.2. Aukasætið skal annað hvort vera sömu gerðar og sætið, sem er prófað, eða annarrar gerðar og skal þá skrá upplýsingar um þá gerð í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorðið (4. viðbætur við I. viðauka).
- 3.5.3. Prófun 2 má einnig nota á aðra ökutækishluta en sæti, eins og getið er í lið 3.1.10 í tilskipun 77/541/EBE og lið 4.3.7 í tilskipun 76/115/EBE.
- 3.5.4. Ef prófun 2 er gerð með mannlíkanið fest með þriggja punkta beltí og ekki er farið yfir áverkamörkin skal aukasætið, að því er tekur til þessarar uppsetningar, teljast hafa fullnægt kröfunum um álag í kyrrstöðuprófun og hreyfingu efstu sætisfestingar við prófun sem tilgreindar eru í tilskipun 76/115/EBE.

Mynd 1



## 2. viðbætur

### Prófunaraðferðir fyrir sætisfestingar í ökutæki í samræmi við lið 4.1.1

#### 1. Prófunartæki

- 1.1. Stíf grind, sem er nægilega dæmigerð fyrir sætið sem ætlað er til notkunar í ökutækinu, er fest með þeim festingarbúnaði sem framleiðandi lætur fylgja (boltum, skrúfum o.s.frv.).
- 1.2. Ef festa má á sömu festingu margar sætagerðir, sem eru ólíkar að því er snertir fjarlægðina milli fremri og aftari brúnar fótanna, skal framkvæma prófunina með stysta fótabilinu. Þessu fótabili skal lýst í gerðarviðurkenningavottorðinu.

#### 2. Prófunaraðferð

##### 2.1. Beitt skal krafti F:

- 2.1.1. í gegnum stífu grindina, sem getið er í lið 1.1, í 750 mm hæð fyrir ofan viðmiðunarplanið og á þá lóðréttu línu, sem á er rúmmiðja yfirborðsins sem markast af marghyrningi með topppunkta í hverjum festingarpunkti, eða í ystu festingum sætisins þegar við á,
- 2.1.2. lárétt og í átt að framenda ökutækisins,
- 2.1.3. lágmarkstöf og í að minnsta kosti 0,2 s.

##### 2.2. Krafturinn F ákvarðast annað hvort

- 2.2.1. af eftirfarandi jöfnu:  $F = (5\ 000\ 50) \times i$

þar sem F er gefinn upp í N og i er fjöldi setustaða í sætinu sem viðurkenna á festingarnar, sem prófaðar eru, fyrir;

eða, að ósk framleiðanda,

- 2.2.2. í samræmi við dæmigert álag sem mælt er við hreyfiprófanir eins og lýst er í 1. viðbæti.

## 3. viðbætur

**Nauðsynlegar mælingar**

1. Allar nauðsynlegar mælingar skulu gerðar með mælibúnaði sem svarar til forskriftanna í alþjóðlega staðlinum ISO 6487 með heitinu „Mælitækni við árekstrarprófanir: tækjabúnaður“ sem var gefinn út 1987.
2. **Hreyfiprófun**
  - 2.1. Mælingar sem gera skal á prófunarvagninum  
  
Mælingar á einkennum hraðaminnkunar vagnsins skulu byggjast á mælingum á hröðun stífrar vagngrindarinnar og skal nota mælibúnað í rásartíðniflokki 60.
  - 2.2. Mælingar sem gera skal á mannlíkönunum  
  
Mælingar búnaðarins skulu skráðar með sjálfstæðum gagnarásunum í eftirtöldum rásartíðniflokkum:
    - 2.2.1. Mælingar í höfði mannlíkansins  
  
Þríása niðurstöðuhröðunin miðað við þungamiðjuna ( $\sigma$ )<sup>(1)</sup> skal mæld með rásartíðniflokki 600.
    - 2.2.2. Mælingar í brjóstkassa mannlíkansins  
  
Niðurstöðuhröðunin í þungamiðjunni skal mæld með rásartíðniflokki 180.
    - 2.2.3. Mælingar í lærlegg mannlíkansins  
  
Þrýstikrafturinn eftir einum ási skal mældur með rásartíðniflokki 600.

<sup>(1)</sup> Uppgefin í g ( $=9,81 \text{ m/s}^2$ ), en tölugildið er reiknað í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$\sigma^2 = \sigma_x^2 + \sigma_y^2 + \sigma_z^2$$

þar sem  $\sigma_x$  = gildi augnablikshröðunar eftir lengdarási,

$\sigma_y$  = gildi augnablikshröðunar eftir lóðási,

$\sigma_z$  = gildi augnablikshröðunar eftir hliðarási.

## 4. viðbætur

**Ákvörðun álagsmarka**1. **Álagsmörk fyrir höfuð (Head acceptability criterion, HAC)**

- 1.1. Þessi álagsmörk (HAC) eru reiknuð með eftirfarandi jöfnu á grundvelli þríása niðurstöðuhröðunar samkvæmt mælingum í samræmi við lið 2.2.1 í 3. viðbæti:

$$\text{HAC} = (t_2 - t_1) \left[ \frac{1}{t_2 - t_1} \int_{t_2}^{t_1} \gamma_r dt \right]^{2,5}$$

þar sem  $t_1$  og  $t_2$  eru ótilgreind gildi fyrir tíma meðan á prófuninni stendur og HAC nær hámarki á tímabilinu milli  $t_1$  og  $t_2$ . Gildið á  $t_1$  og  $t_2$  er gefið upp í sekúndum.

2. **Álagsmörk fyrir brjóstakassa (Thorax acceptability criterion, ThAC)**

- 2.1. Þessi álagsmörk ráðast af tölugildi niðurstöðuhröðunar í g samkvæmt mælingum í samræmi við lið 2.2.2 í 3. viðbæti, og af hröðunartímanum sem er gefinn upp í ms.

3. **Álagsmörk fyrir lærlegg (Femur acceptability criterion, FAC)**

Þessi álagsmörk ráðast af þrýstiálaginu (í kN) sem hvor lærleggur mannslíkansins um sig verður fyrir eftir einum ási og mælt er í samræmi við lið 2.2.3 í 3. viðbæti, og af tímalengd þrýstiálagsins sem er gefin upp í ms.

## 5. viðbætur

**Kröfur í tengslum við kyrrstöðuprófanir og aðferðir við þær**

1. **Kröfur**
  - 1.1. Kröfur varðandi sæti, sem eru prófuð í samræmi við þennan viðbæti, miðast við að skera úr um:
    - 1.1.1. hvort sætin næst fyrir framan sitjandi ökumann og farþega haldi þeim nægilega vel í skorðum;
    - 1.1.2. hvort sitjandi ökumaður eða farþegar eru hættulega meiddir;
    - 1.1.3. hvort sætið og sætisfestingarnar eru nægilega sterkar.
  - 1.2. Kröfunum í lið 1.1.1 skal teljast fullnægt ef álagsmiðja fyrir hvern kraft, sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1, hreyfist ekki meira en 400 mm samkvæmt mælingum í lárétta planinu og í lengdarmiðjuplaninu setustaðarins sem um ræðir.
  - 1.3. Kröfum liðar 1.1.2 skal teljast fullnægt ef eftirfarandi forskriftum er fullnægt:
    - 1.3.1. Álagsmiðja fyrir hvern kraft, sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1, hreyfist ekki meira en 100 mm samkvæmt mælingunum sem lýst er í lið 1.2.
    - 1.3.2. Álagsmiðja fyrir hvern kraft, sem mælt er fyrir um í lið 2.2.2, hreyfist ekki meira en 50 mm samkvæmt mælingunum sem lýst er í lið 1.2.
    - 1.3.3. Allir þeir hlutar, sem mynda afturhluta sætisins eða aukahluti á því, skulu vera þannig gerðir að lítil hætta sé á að þeir valdi farþega meiðslum við árekstur. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef allir þeir hlutar, sem geta komist í snertingu við kúlu, sem er 165 mm að þvermáli, hafa að minnsta kosti 5 mm bogferil.
    - 1.3.4. Ef eitthvað af þeim hlutum og aukahlutum, sem getið er hér að framan, er gert úr efni sem er af lægra hörkustigi en Shore A 50 á stífu undirlagi, skulu kröfurnar, sem settar eru fram í lið 1.3.3, eingöngu gilda um stíft undirlagið.
    - 1.3.5. Hlutar sætisbaksins, á borð við stillibúnað sætisins og aukahluti, skulu ekki falla undir kröfurnar í lið 1.3.3 ef þeir eru fyrir neðan lárétt plan 400 mm fyrir ofan viðmiðunarplanið þegar þeir eru í kyrrstöðu, enda þótt ökumaður eða farþegi kynni að komast í snertingu við þá.
  - 1.4. Kröfum liðar 1.1.3 skal teljast fullnægt ef:
    - 1.4.1. enginn hluti sætis, sætisfestinga eða aukahluta losnar alveg frá meðan á prófuninni stendur;
    - 1.4.2. sætið helst fast á sínum stað, enda þótt ein festing eða fleiri losni að hluta til, og allur læsibúnaður helst læstur allan prófunartímann;
    - 1.4.3. hvergi eru á sætisgrindinni eða aukahlutum hennar eftir prófunina brot eða skarpar eða oddhvarssar brúnir eða horn sem gætu valdið meiðslum.
2. **Kyrrstöðuprófanir**
  - 2.1. *Prófunarbúnaður*
    - 2.1.1. Búnaðurinn er gerður úr sívölum flötum með bogferil sem er  $82 \pm 3$  mm og skal breidd þeirra vera:
      - 2.1.1.1. að minnsta kosti jöfn breidd sætisbaksins á hverjum setustað sætisins sem prófað er með efra líkaninu,

- 2.1.1.2. en 320 -0+10 mm fyrir neðra líkanið eins og sýnt er á mynd 1 í þessum viðbæti.
- 2.1.2. Flöturinn, sem snertir hluta sætisins, skal gerður úr efni að hörkustigi eigi lægra en Shore A 80.
- 2.1.3. Sérhver sívalur flötur skal búinn að minnsta kosti einu kraftferjaldi sem getur mælt kraftana sem beitt er í stefnuna sem skilgreind er í lið 2.2.1.1.

2.2. *Prófunaraðferð*

2.2.1. Krafti af stærðinni

$$\frac{1000}{H_1} \pm 50N$$

skal beitt á afturhluta sætisins á hverjum setustað þess með notkun búnaðar sem er í samræmi við lið 2.1.

- 2.2.1.1. Beitingarstefna kraftsins skal liggja í lóðréttu miðjuplani setustaðarins sem um er að ræða; hún skal vera lárétt og liggja aftan frá í átt að sætinu framanverðu.
- 2.2.1.2. Kraftinum skal beitt í hæðinni  $H_1$  sem er milli 0,70 m og 0,80 m fyrir ofan viðmiðunarplanið. Framleiðandi skal ákveða nákvæma hæð.


2.2.2. Krafti af stærðinni

$$\frac{2000}{H_2} \pm 100N$$

skal beitt samtímis, með notkun búnaðar sem er í samræmi við lið 2.1, á afturhluta sætisins á hverjum setustað þess í sama lóðréttu plani og í sömu stefnu í hæðinni  $H_2$  milli 0,45 og 0,55 m fyrir ofan viðmiðunarplanið. Framleiðandi skal ákveða nákvæma hæð.

- 2.2.3. Prófunarlíkönunum skal haldið í snertingu við afturhluta sætisins eftir því sem unnt er meðan beitt er kröftunum sem tilgreindir eru í liðum 2.2.1 og 2.2.2. Þau skulu geta snúist í láréttu plani.
- 2.2.4. Ef fleiri en einn setustaður er í sæti skal kröftunum á hverjum setustað beitt samtímis og nota skal jafnmörg líkön, bæði af efri og neðri gerð, og setustaðirnir eru margir.
- 2.2.5. Upphafleg staða hvers líkans um sig á hverjum setustað skal ákvörðuð með því að láta prófunarbúnaðinn snerta sætið með að minnsta kosti 20 N krafti.
- 2.2.6. Kröftunum, sem getið er í liðum 2.2.1 og 2.2.2, skal beitt eins hratt og unnt er og skulu haldast saman á tilgreindu gildi í 0,2 s að minnsta kosti, hversu mikil sem aflögunin er.
- 2.2.7. Ef prófunin hefur verið framkvæmd þannig að einn kraftur eða fleiri, en þó ekki allir, voru stærri en tilgreint er í liðum 2.2.1 og 2.2.2, og ef sætið fullnægir kröfunum, skal það teljast hafa staðist prófunina.

Mynd 1





*6. viðbætur***Orkugleypnieiginleikar afturhluta sætisbaka í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>**

1. Hlutar af afturhluta sætisbaka innan viðmiðunarsvæðisins, eins og það er skilgreint í lið 2.2.1 í þessum viðauka, skulu sannprófaðir að beiðni framleiðanda í samræmi við allar kröfur sem varða orkugleypni og eru settar fram í III. viðauka við tilskipun 74/60/EBE. Í þeim tilgangi skulu allir aukahlutir prófaðir í öllum notkunarstöðum að undanskildum borðum, en þau skal prófa samanbrotin.
2. Vísað skal til þessarar prófunar í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorð sætisins (4. viðbætur 1. viðauka). Fylgja skal teikning sem sýnir það svæði á afturhluta sætisbaksins sem prófað hefur verið með orkugleypniþrófuninni.
3. Þessari prófun má beita á aðra hluta ökutækis en sæti (liður 3.5.3 í 1. viðbæti).“

Nýr IV. viðauki bætist við og verði svohljóðandi:

„IV. VIÐAUKI

**ALMENNAR FORSKRIFTIR FYRIR ÖKUTÆKI SEM EKKI ER FJALLAÐ UM Í II. OG III. VIÐAUKA**

1. **Almennt**
- 1.1. Kröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, gilda um ökutæki í flokkum  $N_1$ ,  $N_2$  eða  $N_3$  og til þeirra ökutækja í flokkum  $M_2$  og  $M_3$  sem III. viðauki nær ekki til.
2. **Almennar forskriftir**
- 2.1. Sæti og bekksæti skulu vera tryggilega fest í ökutækið.
- 2.2. Rennisæti og bekksæti verða að læsast sjálfkrafa í öllum þeim stöðum sem hægt er að setja þau í.
- 2.3. Stillanleg sætisbók verður að vera unnt að læsa í öllum þeim stöðum sem hægt er að setja þau í.
- 2.4. Öll sæti, sem unnt er að fella fram eða eru búin fellibökum, verða að læsast sjálfkrafa í venjulegri stöðu.
- 2.5. Höfuðpúði skal settur á öll ystu framsæti í öllum ökutækjum í flokki  $M_2$  með 3 500 kg hámarks massa og í ökutækjum í flokki  $N_1$ ; höfuðpúðar í slíkum ökutækjum skulu fullnægja kröfunum í II. viðauka eða í tilskipun 78/932/EBE.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 63/97**  
**frá 4. október 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/97 frá 30. janúar 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE að því er varðar festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (tilskipun ráðsins 76/115/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB frá 17. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 187, 26. 7. 1996, bls. 95).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 85, 27. 3. 1997, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 13, 27. 3. 1997, bls. 3.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 187, 26. 7. 1996, bls. 95.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/38/EB**

frá 17. júní 1996

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE að því er varðar festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/115/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/629/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 76/115/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Hægt er að bæta varnir farþega gegn því að kastast út við slyss með því að krefjast þverbelta af gerð 1 með inndráttarbúnaði í öllum sætum sem vísa fram eða aftur í vélknúnum ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub> (að frátöldum þeim ökutækjum sem eru hönnuð

fyrir akstur í þéttbýli með standandi farþega), eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/628/EBE <sup>(5)</sup>.

Gildistaka breytingar við tilskipun ráðsins 77/541/EBE <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/628/EBE, í þá veru að krefjast skuli öryggisbelta í ökutækjum í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>, veltur á aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/577/EBE <sup>(8)</sup>, um styrkleika sæta og á þessari tilskipun um festingar öryggisbelta.

Vísað er til tilskipunar ráðsins 74/60/EBE <sup>(9)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/632/EBE <sup>(10)</sup>, varðandi innréttingar vélknúinna ökutækja.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/115/EBE.

1. gr. verði svohljóðandi:  
„Þessi tilskipun gildir um festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum í sætum er vísa fram eða aftur og ætluð eru fyrir fullorðið fólk.“;
- í stað „I. viðauka“ í 2. gr. komi „II. viðauka A“;
- í stað „I., III. og IV. viðauka“ í 3. og 4. gr. tilskipunar 76/115/EBE komi „viðaukunum“;
- viðaukunum er breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 187, 26. 7. 1996, bls. 95, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 6.

(4) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 14.

(5) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 1.

(6) Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 95.

(7) Stjttíð. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 1.

(8) Stjttíð. EB nr. L 209, 29. 7. 1981, bls. 34.

(9) Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 2.

(10) Stjttíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 26.

**2. gr.**

1. Frá og með 1. janúar 1997 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða festingar öryggisbelta:

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef festingar öryggisbeltanna í þessari gerð ökutækis eða í þeim ökutækjum eru í samræmi við kröfur tilskipunar 76/115/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1999, að því er varðar ökutæki í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa, og frá 1. október 1997, að því er varðar öll önnur ökutæki:

- skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu,
- er aðildarríkjum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir gerð ökutækis ef festingar öryggisbeltanna eru ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 76/115/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

3. Frá og með 1. október 2001, að því er varðar ökutæki í flokki M<sub>2</sub> með 3 500 kg hámarks massa, og frá 1. október 1999, að því er varðar öll önnur ökutæki í flokki M:

- skulu aðildarríkin líta svo á að samræmisvottorð sem fylgja nýjum ökutækjum samkvæmt ákvæðum tilskipunar 70/156/EBE gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, og

- mega aðildarríkin neita að skrá, selja og taka í notkun ný ökutæki, sem ekki fylgir samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE,

ef festingar öryggisbeltanna eru ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 76/115/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilríkmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Svohljóðandi skrá yfir viðauka er bætt við:

### „SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Skilgreiningar, umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, EBE-gerðarviðurkenning, forskriftir, prófanir, samræmi í framleiðslu, leiðbeiningar:

1. viðbætur: Lágmarksfjöldi festingapunkta,
2. viðbætur: Staðsetning lægri beltafestinga, eingöngu kröfur um horn,
3. viðbætur: Upplýsingaskjal,
4. viðbætur: Gerðarviðurkenningarvottorð.

II. VIÐAUKI: Staðsetning virkra beltafestinga

III. VIÐAUKI: Togbúnaður.“

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka

- Svohljóðandi nýr liður bætist við á eftir lið 1.14:

„1.15. „viðmiðunarsvæði“ er svæðið milli tveggja lóðréttra lengdarplana sem eru samhverf miðað við H-punktinn og 400 mm á milli þeirra og markast af snúningi höfuðlíkans, sem er lýst í II. viðauka við tilskipun 74/60/EBE, úr lóðréttri stöðu í lárétta. Líkanið skal vera í þeirri stöðu sem er lýst í þeim viðauka og ekki vera lengra en 840 mm.“

- Liður 2.1 verði svohljóðandi:

„2.1. Framleiðandi ökutækisins skal sækja um gerðarviðurkenningu ökutækis samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE að því er varðar festingar fyrir öryggisbelt.“

- Liður 2.2 verði svohljóðandi:

„2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 3. viðbæti.“

- Liður 2.2.1 til og með lið 2.2.5 falli niður.

- Liður 3 verði svohljóðandi:

### 3. Veiting EB-gerðarviðurkenningar

3.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.

3.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 4. viðbæti.

3.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annari gerð ökutækis sama númeri.“

- Í stað „I. viðauka“ í lið 4.1 komi „II. viðauka“.

- Liður 4.3.1 verði svohljóðandi:

„4.3.1. Öll ökutæki í flokkum M og N (að frátöldum þeim ökutækjum í flokki  $M_2$  og  $M_3$  sem eru hönnuð fyrir akstur í þéttbýli með standandi farþega) skulu hafa festingar fyrir öryggisbelti sem uppfylla kröfurnar í þessari tilskipun.“
- Liður 4.3.2 verði svohljóðandi:

„4.3.2. Eigi skulu vera færri beltafestingar fyrir hvert sæti, sem vísar fram eða aftur, en um getur í 1. viðbæti.“
- Í lið 4.3.5 komi táknið „\*“ í stað táknsins „#“ (einungis í þýsku útgáfunni).
- Svohljóðandi nýr liður 4.3.7 bætist við:

„4.3.7. Á hverju sæti í 1. viðbæti, sem er merkt með tákni  $\blacksquare$ , skulu vera þrjár festingar, nema eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:

  - að beint fyrir framan sé sæti eða aðrir hlutar ökutækisins sem fullnægja ákvæðum liðar 3.5 í 1. viðbæti við III. viðauka við tilskipun 74/408/EBE;
  - að enginn hluti ökutækisins sé á viðmiðunarsvæðinu, eða geti verið þar, þegar ökutækið er á hreyfingu; eða
  - að hlutar ökutækisins sem eru á tæðu viðmiðunarsvæði séu í samræmi við kröfur um orkugleypni sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti við III. viðauka tilskipunar 74/408/EBE

en í því tilviki er heimilt að hafa tvær festingar.“
- Liður 4.3.7 verði 4.3.8.
- Fyrsti málslíður liðar 4.3.8 verði svohljóðandi:

„Ekki er krafist beltafestinga á fellisæti eða sæti sem eru einungis ætluð til notkunar þegar ökutæki er kyrrstætt, né heldur á sæti ökutækja sem falla utan liða 4.3.1 til 4.3.5.“
- Tveir nýir liðir bætist við á eftir lið 4.3.8.

„4.3.9. Á efri hæð tveggja hæða ökutækis skulu kröfur er varða miðlæg framsæti einnig gilda um framsæti út við hliðar.

4.3.10. Að því er varðar sæti sem er hægt að snúa eða færa í aðra stöðu þegar ökutækið er kyrrstætt gilda kröfur liðar 4.3.1 einungis að því er varðar þá stöðu sem miðast við eðlilega notkun við akstur ökutækisins á vegi í samræmi við þessa tilskipun. Setja skal athugasemd um þetta í upplýsingaskjalið.“
- Eftirfarandi bætist við í lok liðar 4.4.3.4:

„Að frátöldum framsætum skulu hornin a1 og a2 vera á milli 45 og 90 gráður í sætum ökutækja í flokki  $M_2$  og  $M_3$  í allri venjulegri notkunarstöðu.“
- Svohljóðandi nýr liður 5.1.1.2 bætist við:

„5.1.1.2. Prófanirnar geta takmarkast við festingar einungis eins sætis eða eins sætishóps með því skilyrði að:

- viðkomandi festingar hafi sömu smíðaeinkenni og festingar annarra sæta eða sætishópa; og
- smíðaeinkenni sætisins eða sætishópsins séu hin sömu og annarra sæta eða sætishópa ef það eða hann er búinn, í heild eða að hluta, slíkum festingum.“
- Liður 5.1.1.2 og 5.1.1.3 verði að liðum 5.1.1.3 og 5.1.1.4, eftir því sem við á.
- Liður 5.3.1 verði svohljóðandi:
 

„5.3.1. Prófa skal allar beltafestingar í sama sætishópi samtímis. Ef hins vegar er hætt á því að ósamhverft álag á sætin og/eða festingarnar leiði til bilunar er heimilt að láta fara fram viðbótarprófun með ósamhverfu álagi.“
- Liður 5.3.2 verði svohljóðandi:
 

„5.3.2 Togkrafti skal beitt í stefnu sem svarar til stöðu sætisins með  $10^\circ$  horni  $\pm 5^\circ$  yfir láréttu plani sem er samhliða lengdarmiðjuplani ökutækisins.
- Í stað „IV. viðauka“ í liðum 5.3.4, 5.4.1.2, 5.4.1.3, 5.4.2.1, 5.4.2.2, 5.4.3 og 5.4.5.2 komi „III. viðauka“.
- Liður 5.4.4.2 verði svohljóðandi:
 

„5.4.4.2. Til viðbótar álaginu sem um getur í liðum 5.4.1, 5.4.2 og 5.4.3 skal beitt krafti, er jafngildir tuttugufaldri þyngd alls sætisins.

Þessi kraftur skal jafngilda tífaldri þyngd alls sætisins fyrir ökutæki í flokkum  $M_2$  og  $N_2$  og 6,6 faldri þyngd alls sætisins fyrir ökutæki í flokkum  $M_3$  og  $N_3$ .“
- Svohljóðandi nýr liður bætist við á eftir lið 5.4.5.2:
 

„5.4.6. Prófun á sætum sem vísa aftur:

5.4.6.1. Festingapunktur skulu prófaðir í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í liðum 5.4.1, 5.4.2 eða 5.4.3, eftir því sem við á. Í hverju tilviki skal prófunarálag samsvara því álagi sem kveðið er á um að því er varðar ökutæki í flokki  $M_3$  eða  $N_3$ .

5.4.6.2. Prófunarálaginu skal beint fram á við miðað við stöðu sætisins sem um ræðir og skal það samsvara aðferðinni sem mælt er fyrir um í lið 5.3.“
- Svohljóðandi nýr liður bætist við á eftir lið 5.5.3:
 

„5.5.4. Þrátt fyrir þetta þurfa efri festingar sem eru settar á eitt eða fleiri sæti í ökutækjum í flokki  $M_2$  yfir 3,5 tonn og í flokki  $M_3$ , sem fullnægja kröfum III. viðauka við tilskipun 74/408/EBE, ekki að fullnægja kröfum liðar 5.5.1 um að uppfylla ákvæði liðar 4.4.4.6. Viðkomandi sæti (sætum) skal nánar lýst í viðbótinni við gerðarviðurkenningarvottorðið sem um getur í 4. viðbæti.“
- Liður 6.1 verði svohljóðandi:
 

„6.1. Almenn ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“
- 7. liður verði 8. liður og nýr svohljóðandi 7. liður bætist við:



„7. **Breytingar á gerð ökutækis og á viðurkenningu**

- 7.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE skulu gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð ökutækis sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.“

- Bæta skal svohljóðandi nýjum 1. og 2. viðbæti við I. viðauka:

„1. viðbætur

**Lágmarksfjöldi festingapunktur**

Flokkur ökutækis	Sæti sem vísa fram				Sæti sem vísa aftur
	Ytri sæti		Sæti í miðju		
	Framsæti	Önnur sæti	Framsæti	Önnur sæti	
$M_1$	3	3 eða 2 Ø	3 eða 2 *	2	2
$M_2 \leq 3,5$ tonn	3	3	3	3	2
$M_3$ & $M_2 > 3,5$ tonn	3☀	3 eða 2■	3 eða 2■	3 eða 2■	2
$N_1, N_2$ & $N_3$	3	2 eða 0 #	3 eða 2 *	2 eða 0 #	—

Skýringar á táknum:

- 2: Tvær neðri beltastefningar sem gerir kleift að setja öryggisbelti af gerð B eða, þar sem þess er krafist í XV. viðauka í tilskipun 77/541/EBE, gerð Br, Br3, Br4m eða Br4Nm.
- 3: Tvær neðri beltastefningar og ein efri beltastefning sem gerir kleift að setja í þriggja punkta öryggisbelti af gerð A eða, þar sem þess er krafist í XV. viðauka í tilskipun 77/541/EBE, gerð Ar, Ar4m eða Ar4Nm.
- Ø: Vísar til liðar 4.3.3 (krafist er tveggja festinga ef sæti er gangvegi).
- \*: Vísar til liðar 4.3.4 (krafist er tveggja festinga ef framrúða er utan viðmiðunarsvæðis).
- #: Vísar til liða 4.3.5 og 4.3.6 (tveggja festinga er krafist í óvarinni sætisstöðu).
- : Vísar til liðar 4.3.7 (tvær festingar leyfðar ef ekkert er á viðmiðunarsvæði).
- ☀ : Vísar til liðar 4.3.10 (sérákvæði fyrir efri hæð ökutækis).

2. viðbætur

**Staðsetning neðri beltastefninga - eingöngu kröfur um horn**

	Sæti	$M_1$	Önnur en $M_1$
Framsæti #	sylgjumegin ( $\alpha_2$ )	45° - 80°	30° - 80°
	ekki sylgjumegin ( $\alpha_1$ )	30° - 80°	30° - 80°
	horn stöðugt	50° - 70°	50° - 70°
	bekkur - sylgjumegin ( $\alpha_2$ )	45° - 80°	20° - 80°
	bekkur - ekki sylgjumegin ( $\alpha_1$ )	30° - 80°	20° - 80°
	stillanleg sæti með sætisbakshalla < 20°	45° - 80° ( $\alpha_2$ )* 20° - 80° ( $\alpha_1$ )*	20° - 80°
Aftursæti #		30° - 80°	20° - 80° $\Psi$
Fellisæti	Ekki er þörf á beltastefningum. Sé búið að setja þær í skal fylgt kröfum um horn við fram- og aftursæti		

*Athugasemdir:*

# : ytri sæti og miðsæti.

\* : ef hornið er stöðugt: sjá lið 4.4.3.1.

Ψ : 45° - 90° fyrir sæti í ökutækjum í flokkum M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>.“

Bæta skal við svohljóðandi tveimur nýjum viðbætum:

„3. viðbætur

Upplýsingaskjal nr. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til festinga fyrir öryggisbelti (76/115/EBE), eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EBE)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnbúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

0. **Almennt**
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu <sup>(b)</sup>: .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur <sup>(c)</sup>: .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
1. **Almennir smíðaeiginleikar ökutækisins**
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
9. **Yfirbygging**
- 9.10.3. Sæti
- 9.10.3.1. Fjöldi: .....
- 9.10.3.2. Staðsetning og fyrirkomulag: .....
- 9.10.3.2.1. Staða sætis, einungis til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt: .....
- 9.10.3.3. Massi: .....
- 9.10.3.4. Eiginleikar: lýsing á og teikning af:
- 9.10.3.4.1. sætum og festingum þeirra: .....
- 9.10.3.4.2. stillibúnaði: .....
- 9.10.3.4.3. færslubúnaði og læsingabúnaði: .....
- 9.10.3.4.4. festingum sætisbelta (séu þær hluti af sætisgrind): .....
- 9.10.3.6. Hönnunarhalli sætisbaks:
- 9.10.3.6.1. Ökumannssæti: .....
- 9.10.3.6.2. Öll önnur sæti: .....
- 9.10.3.7. Mörk sætisstillingar:
- 9.10.3.7.1. Ökumannssæti: .....
- 9.10.3.7.2. Öll önnur sæti: .....
- 9.13. Festingar fyrir öryggisbelti
- 9.13.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af yfirbyggingu þar sem fram kemur staðsetning og stærðir raunverulegra og virkra festinga að meðtöldum R-punktunum: .....
- 9.13.2. Teikningar af beltafestingunum og þeim hlutum burðarvirkis ökutækisins sem þær eru festar við (ásamt smíðaeini þeirra): .....

<sup>(c)</sup> Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

9.13.3. Heiti þeirra gerða<sup>(1)</sup> öryggisbelta sem heimilt er að festa með festingunum sem eru í ökutækinu:

Röð	Sæti	Festing	Staðsetning festinga	
			Burðarvirki ökutækis	Sætisgrind
Fyrsta sætisröð	Hægra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Miðsæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Vinstra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
Önnur sætisröð #	Hægra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Miðsæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Vinstra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		

# Hægt er að stækka töfluna ef í ökutæki eru fleiri en tvær sætaraðir eða fleiri sæti en þrjú á þverveginn.

9.13.4. Lýsing á sérstakri gerð öryggisbeltis ef festingin er á sætisbaki eða ef í henni er búnaður sem dreifir orku: .....

Dagsetning, skrá

(<sup>1</sup>) Sjá lið 1.1.3 og 1.1.4 í III. viðauka við tilskipun 77/541/EBE að því er varðar tákni og merki sem á að nota. Ef nota á beltí af gerðinni „S“ skal tilgreina gerð(ir).

## 4. viðbætur

## FYRIRMYND

(Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

## EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- sýnjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 76/115/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ...../...../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

## I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðandans):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)</sup>(<sup>2</sup>):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót):
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

(1) Strikið út það sem á ekki við.

(2) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningavottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(3) Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

## Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 76/115/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EBE

## 1. Viðbótarupplýsingar:

## 1.1. Ökutækjaflokkur:

1.2. Staðsetning festinga og öryggisbelta sem fylgja ökutækinu<sup>(1)</sup>:

Röð	Sæti	Festing	Staðsetning festinga	
			Burðarvirki ökutækis	Sætisgrind
Fyrsta sætisröð	Hægra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Miðsæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Vinstra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
Önnur sætisröð #	Hægra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Miðsæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		
	Vinstra sæti	Neðri ytri festing		
		Neðri innri festing		
		Efri festing(ar)		

# Hægt er að stækka töfluna ef í ökutæki eru fleiri en tvær sætaraðir eða fleiri sæti en þrjú á þverveginn.

## 5. Athugasemdir:“

3. II. viðauki falli niður.
4. III. viðauki verði „II. VIÐAUKI“ með fyrirsögninni: „Staðsetning virkra beltafestinga“.
5. IV. viðauki verði „III. VIÐAUKI“.

<sup>(1)</sup> Sjá lið 1.1.3 og 1.1.4 í III. viðauka við tilskipun 77/541/EBE að því er varðar tákni og merki sem á að nota. Ef nota á belti af gerðinni „S“ skal tilgreina gerð(ir).

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/05****nr. 64/97  
frá 4. október 1997****um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/97 frá 31. júlí 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/21/EB frá 29. mars 1996 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0021:** Tilskipun ráðsins 96/21/EB frá 29. mars 1996 (Stjtið. EB nr. L 88, 5. 4. 1996, bls. 5).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/21/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 316, 20. 11. 1997, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 20. 11. 1997, bls. 56.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 88, 5. 4. 1996, bls. 5.



**TILSKIPUN RÁÐSINS 96/21/EB****frá 29. mars 1996****um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum, einkum 6. gr. <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB frá 18. nóvember 1994 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE <sup>(3)</sup> er skrá yfir matvæli sem skulu merkt þannig að viðbótarupplýsingar komi þar fram.

Með þessari tilskipun er kveðið á um viðbætur við viðaukann að því er varðar matvæli sem innihalda sætuefni.

Með hliðsjón af umfangi og áhrifum fyrirhugaðra aðgerða eru ráðstafanir bandalagsins, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ekki einungis nauðsynlegar heldur frumskilyrði þess að unnt sé að ná settum markmiðum. Aðildarríkin eru ekki fær um að ná þessum markmiðum ein og sér. Enn fremur er nú þegar kveðið á um hvernig þeim skuli náð innan bandalagsins í tilskipun 94/35/EB.

Til að tryggja neytendum nægilegar upplýsingar skulu einstök atriði varðandi sætuefni koma fram í merkingum matvæla sem innihalda slík efni.

Enn fremur skulu viðvaranir koma fram í merkingum matvæla sem innihalda tiltekna flokka sætuefna.

Drög að þessari tilskipun voru send fastanefndinni um matvæli, í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE og 7. gr. tilskipunar 94/35/EB. Hún gat ekki skilað álit. Framkvæmdastjórnin sendi síðar ráðinu, í samræmi við sömu málsmeðferð, tillögur um ráðstafanir sem gera þarf.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við viðaukann við tilskipun 94/54/EB:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 88, 5. 4. 1996, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/102/EB (OJ nr. L 291, 25. 11. 1993, bls. 14).

(2) Stjttíð. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 3.

(3) Stjttíð. EB nr. L 300, 23. 11. 1994, bls. 14.

„Gerð eða flokkur matvæla	Upplýsingar
Matvæli sem innihalda sætuefni, eitt eða fleiri, eins og heimilt er samkvæmt tilskipun 94/35/EB(*)	„með sætuefni eða -efnum“ Þessar upplýsingar skulu fylgja vöruheitinu eins og kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 79/112/EBE
Matvæli, bæði með viðbættum sykri og sætuefni eða -efnum, eins og heimilt er samkvæmt tilskipun 94/35/EB	„með sykri og sætuefni eða -efnum“ Þessar upplýsingar skulu fylgja vöruheitinu eins og kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 79/112/EBE
Matvæli sem innihalda aspartam	„inniheldur fenýlalanín sem grunnefni“
Matvæli sem innihalda yfir 10% af viðbættum pólýólum	„óhófleg neysla getur haft verkun hægdalyfs“

(\*) Stjútíð. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 3.“

## 2. gr.

Aðildarríki skulu, ef þörf krefur, breyta lögum sínum og stjórnsýslufyrirmælum fyrir 1. júní 1995 þannig að þau:

- heimili viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 1. júlí 1996;
- banni viðskipti með vörur, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 1. júlí 1997. Þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt ekki séu í samræmi við tilskipun þessa, þar til birgðir eru uppnar.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

## 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

## 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**T. TREU**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/06****nr. 65/97**  
**frá 4. október 1997****um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/96 frá 4. október 1996<sup>(1)</sup>.

Nítjándu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB frá 25. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EEB um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EEB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0041:** Nítjándu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB frá 25. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 198, 8. 8. 1996, bls. 36).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti nítjándu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 21, 23. 1. 1997 bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 198, 8. 8. 1996, bls. 36.

## NÍTTJÁNDA TILSKIPUN FRAMKVÆMDA- STJÓRNARINNAR 96/41/EB

frá 25. júní 1996

### um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur(\*)

(Texti sem varðar EES)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um fegrunarfræði,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt fyrirbyggjandi vísindagögnum truflar úrókansýra starfsemi ónæmiskerfisins við útfjólubláa geislun og ber því að banna notkun hennar.

Sé kalsíumhýdroxíð notað ásamt gúanídínsalti og litúmhýdroxíði til að aflíða hár geta efnin haft skaðleg áhrif berist þau í augu. Því skal notkun þeirra háð tilteknum takmörkunum og skilyrðum.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er heimilt að leyfa notkun klórphenesíns, natríumhýdroxýmetylglysínats og silfurklóríðs útfellt á títaníumdíoxíð sem rotvarnarefni í snyrtivörur.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er heimilt að nota fjölliðu N-{2 og 4}-[(2-oxóborn-3-ýliden) metýl]bensýl}akrílamíðs sem útfjólublátt geislasúefni í snyrtivörur.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. júlí 1997, að því er varðar efnin sem um getur í viðaukanum, geti hvorki framleiðendur né innflytjendur með staðfestu innan bandalagsins markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftir 30. júní 1998 verði hvorki hægt að selja né láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í 1. mgr. ef þær innihalda efnin sem um getur í viðaukanum.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 198, 8. 8. 1996, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 19.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Emma BONINO***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukunum við tilskipun 76/768/EBE:

- Í II. viðauka bætist eftirfarandi tilvísunarnúmer við:  
„418. 3-ímídasól-4-ýlakrýlsýra og etýlester hennar (úrókansýra)“;
- Í III. viðauka komi eftirfarandi tilvísunarnúmer í stað nr. 15:

a	b	c	d	f
„15a	Kalíumhýdroxíð eða natríumhýdroxíð	a) Naglabandaleysir  b) Vörur til aflíðunar 1. til almennrar notkunar  2. til faglegrarnotkunar  c) Stilling pH-gildis - háreyðingarvörur  d) Aðrar vörur til stillingar pH-gildis	a) 5% af þyngd <sup>(1)</sup>  b) 1. 2% af þyngd <sup>(1)</sup>  2. 4,5% af þyngd <sup>(1)</sup>  c) pH-gildi allt að 12,7  d) pH-gildi allt að 11	a) Inniheldur alkálí. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu. Geymist þar sem börn ná ekki til.  b) 1. Inniheldur alkálí. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu. Geymist þar sem börn ná ekki til.  2. Einungis fyrir fagmenn. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu.  c) Geymist þar sem börn ná ekki til. Varist snertingu við augu.
15b	Lítíumhýdroxíð	a) Vörur til aflíðunar 1. til almennrar notkunar 2. til faglegrarnotkunar  b) Aðrar vörur	1. 2% af þyngd <sup>(1)</sup>  2. 4,5% af þyngd <sup>(1)</sup>	1. Inniheldur alkálí. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu. Geymist þar sem börn ná ekki til.  2. Einungis fyrir fagmenn. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu.
15c	Kalsíumhýdroxíð	a) Vörur til aflíðunar sem innihalda tvo þætti: kalsíumhýdroxíð og gúanidínsalt  b) Aðrar vörur	kalsíumhýdroxíð 7% af þyngd	Inniheldur alkálí. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu. Geymist þar sem börn ná ekki til.

<sup>(1)</sup> Magn natríum-, kalíum- eða lítíumhýdroxíðs er gefið upp sem þyngd natríumhýdroxíðs. Ef um blöndu er að ræða má samanlagður hámarksstyrkurekki fara yfir mörkin í d-dálki.“

## 3. VI. viðauki:

## a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætast við:

a	b	c	d	e
„50	3-(p-klórfenoxý)-própan-1,2-díól (klórphenesín) (klórphenesín)	0,3%		
51	Natríumhýdroxýmetýlamínóasetat (natríumhýdroxýmetýlglysínat)	0,5%		
52	Silfurklóríð útfellt á títaníumdíoxíð	0,004% reiknað sem AgCl	20% AgCl (þyngd/þyngd) á TiO <sub>2</sub> . Bannað að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára, vörur til munn- hirðu og vörur til notkunar nálægt augum og á varir.“	

## b) 2. hluti:

Tilvísunarnúmerin 2 og 30 falli niður.

„30. 6. 1997“ komi í stað „30. 6. 1996“ í tilvísunarnúmerunum 16, 21 og 29.

## 4. VII. viðauki:

## a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við:

a	b	c	d	e
„11	Fjölliða N- {(2 og 4)-[(2-oxóborn-3-ýlíden)metýl]- bensýl} akrýlamíðs	6%“		

## b) 2. hluti

Tilvísunarnúmer 33 og 34 falli niður.

„30. 6. 1997“ komi í stað „30. 6. 1996“ í tilvísunarnúmerunum 2, 5, 6, 12, 13, 17, 25, 26, 29 og 32.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/5/07

nr. 66/97  
frá 4. október 1997

um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/96 frá 4. október 1996<sup>(1)</sup>.

Sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB frá 2. júlí 1996 um nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„8. **396 L 0045:** Sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB frá 2. júlí 1996 um nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara (Stjttíð. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 8).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti sjöundu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 8.



## SJÖUNDA TILSKIPUN FRAMKVÆMDA- STJÓRNARINNAR 96/45/EB

frá 2. júlí 1996

### um nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara(\*)

(Texti sem varðar EES)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 76/768/EBE er kveðið á um opinbert eftirlit með snyrtivörum til að tryggja að framfylgt sé skilyrðum sem mælt er fyrir um í bandalagsákvæðum um samsetningu snyrtivara.

Mæla ber fyrir um allar nauðsynlegar efnagreiningaraðferðir eins fljótt og auðið er. Nú þegar hafa margar aðferðir verið samþykktar með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/1335/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 87/143/EBE <sup>(4)</sup>, tilskipun 82/434/EBE <sup>(5)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 90/207/EBE <sup>(6)</sup>, og tilskipunum 83/514/EBE <sup>(7)</sup>, 85/490/EBE <sup>(8)</sup>, 93/73/EBE <sup>(9)</sup> og 95/32/EB <sup>(10)</sup>.

Í sjöunda áfanga er fjallað um hvernig skuli sanngreina og ákvarða 2-fenoxýetanól, 1-fenoxýprópan-2-ól og metýl-, etýl-, própýl-, bútýl- og bensýl-4-hýdroxýbensóat í snyrtivörum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipunar 76/768/EBE að tækniframförum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976 bls. 169.

(2) Stjttíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 19.

(3) Stjttíð. EB nr. L 383, 31. 12. 1980, bls. 27.

(4) Stjttíð. EB nr. L 57, 27. 2. 1987, bls. 56.

(5) Stjttíð. EB nr. L 185, 30. 6. 1982, bls. 1.

(6) Stjttíð. EB nr. L 108, 28. 4. 1990, bls. 92.

(7) Stjttíð. EB nr. L 291, 24. 10. 1983, bls. 9.

(8) Stjttíð. EB nr. L 295, 7. 11. 1985, bls. 30.

(9) Stjttíð. EB nr. L 231, 14. 9. 1993, bls. 34.

(10) Stjttíð. EB nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 20.

#### 1. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við opinberar prófanir á snyrtivörum skuli sanngreina og ákvarða 2-fenoxýetanól, 1-fenoxýprópan-2-ól og metýl-, etýl-, própýl-, bútýl- og bensýl-4-hýdroxýbensóat í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í viðaukanum.

#### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. júlí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Emma BONINO***

framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

## SANNGREINING OG ÁKVÖRÐUN 2-FENOXYÉTANÓLS, 1-FENOXYPRÓPAN-2-ÓLS OG METÝL-, ETÝL-, PRÓPÝL-, BÚTÝL- OG BENSÝL-4-HÝDROXYBENSÓATS Í SNYRTIVÖRUM

### A. SANNGREINING

#### 1. Umfang og gildissvið

Þessi þunnlagsskiljuaðferð er notuð ásamt ákvörðunaraðferðinni, sem er lýst í þætti B, til að sanngreina 2-fenoxýetanól, 1-fenoxýprópan-2-ól, metýl-4-hýdroxýbensóat, etýl-4-hýdroxýbensóat, própýl-4-hýdroxýbensóat, bútýl-4-hýdroxýbensóat og bensýl-4-hýdroxýbensóat í snyrtivörum.

#### 2. Meginregla

Rotvarnarefnin eru dregin út úr sýrðu sýni af snyrtivörinni með asetoni. Að lokinni sfun er asetonlausnin blönduð með vatni og fitusýrurnar felldar út í basískum miðli sem kalsíumsölt. Basísk asetón-/vatnsblandan er dregin út með díetýleter til að fjarlægja fitusækin efni. Eftir sýringu eru rotvarnarefnin dregin út með díetýleter. Hluti af díetýleterútdrættinum er settur á lítinn blett á þunnlagsskiljuplötu sem er þakin kísilkristöllum. Eftir skiljun er skiljuritið skoðað undir útfjólubláu ljósi og framkallað með Millon-hvarfefni.

#### 3. Hvarfefni

##### 3.1. Almenn

Öll hvarfefni skulu vera efnagreiningarhrein. Vatn skal vera eimað eða hreinleiki þess ekki minni en eimaðs vatns.

##### 3.2. Aseton

##### 3.3. Díetýleter

##### 3.4. n-pentan

##### 3.5. Metanól

##### 3.6. Ísediksýra

##### 3.7. Saltsýrulausn, $c(\text{HCl}) = 4$ mól/l

##### 3.8. Kalíumhýdroxíðlausn, $c(\text{KOH}) = 4$ mól/l

##### 3.9. Kalsíumklóríðdihýdrat ( $\text{CaCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ )

##### 3.10. Framköllunarefni: Millon-hvarfefni

Millon-hvarfefni (Hg (II) nítrat) er lausn sem fæst á almennum markaði (Fluka 69820)

##### 3.11. 2-fenoxýetanól

##### 3.12. 1-fenoxýprópan-2-ól

- 3.13. Metýl-4-hýdroxýbensóat (metýlparaben)
- 3.14. Etýl-4-hýdroxýbensóat (etýlparaben)
- 3.15. n-própýl-4-hýdroxýbensóat (própýlparaben)
- 3.16. n-bútýl-4-hýdroxýbensóat (bútýlparaben)
- 3.17. Bensýl-4-hýdroxýbensóat (bensýlparaben)
- 3.18. Viðmiðunarlausnir

Búin er til 0,1% (m/v) lausn í metanóli úr hverju viðmiðunarefnanna 3.11, 3.12, 3.13, 3.14, 3.15, 3.16 og 3.17.

3.19. Ferðafasi

n-pentan (3.4) og ísediksýru (3.6) er blandað saman í hlutföllunum 88:12 (v/v).

4. **Búnaður**

Venjulegur tækjabúnaður rannsóknarstofu, og:

- 4.1. Vatnsbað sem haldið er við 60°C
- 4.2. Þunnlagsskiljuflát (ekki fóðrað með síupappír)
- 4.3. Útfjólublár ljósgjafi, 254 nm
- 4.4. Þunnlagsplötur, 20 × 20 cm, þaktar 0,25 mm lagi af kísilkristöllum, 60F<sub>254\*</sub> með skriðsvæði (Merck nr. 11798, Darmstadt, eða sambærileg vara)
- 4.5. Hitaskápur sem hægt er að halda við allt að 105°C
- 4.6. Hárþurrka með heitum loftstraumi
- 4.7. Málningarúlla úr ull, lengd um 10 cm, ytra þvermál um 3,5 cm. Þykkt ullarlags á að vera 2 til 3 mm. Ullina skal klippa ef þörf krefur.

(Sjá athugasemd við lið 5.2).

- 4.8. 50 ml tilraunaglas með skrúftappa
- 4.9. Rafmagnshella með hitastilli. Hitastilling: um 80°C. Yfir hellunni skal vera álplata, 20 × 20 cm að stærð og um 6 mm að þykkt, til að hitinn dreifist jafnt.

5. **Aðferð**

5.1. Undirbúningur sýnis

Um það bil 1 g af sýni er vegið í 50 ml tilraunaglas með skrúftappa (4.8). Fjórum dropum af saltsýrulausn (3,7) og 40 ml af asetoni er bætt út í.

Ef um mjög basíska snyrtivöru er að ræða, til dæmis handsápu, er 20 dropum af saltsýru bætt út í. Tilraunaglasinu er lokað og blandan hituð varlega upp í um 60°C til að auðvelda útdrátt rotvarnarefnanna yfir í asetonfasann og glasið síðan hrist kröftuglega í eina mínútu.

Sýrustig lausnarinnar er mælt með litvísispappír og stillt á  $\epsilon$  3 með saltsýrulausn. Þá er aftur hrist kröftuglega í eina mínútu.

Lausnin er kæld niður í stofuhita og síuð í gegnum síupappír ofan í keilufloösku. 20 ml af síuvökvanum eru færðir yfir í 200 ml keilufloösku, 60 ml af vatni er bætt við og öllu blandað saman. Notaður er litvísispappír til að stilla sýrustig blöndunnar á um það bil 10 með kalíumhýdroxíði (3.8)

1 g af kalsíumklóríðdíhýdrati (3.9) er bætt við og hrist kröftuglega. Lausnin er síuð í gegnum síupappír ofan í 250 ml skiltrekt sem inniheldur 75 ml af díetýleter og hrist kröftuglega í eina mínútu. Þegar fasarnir hafa skilist að er vatnsfasinn færður yfir í 200 ml keilufloösku. Notaður er litvísispappír til að stilla sýrustig lausnarinnar á um það bil 2 með saltsýrulausn. Þá er 10 ml af díetýleter bætt út í og hrist kröftuglega í eina mínútu. Þegar fasarnir hafa skilist að eru um 2 ml af díetýleterfasanum færðir yfir í 5 ml sýnaglas.

## 5.2. Þunnlagsskiljun

Þunnlagsplata (4.4) er sett á hitaða álplötuna (4.9). 10 µl af hverri viðmiðunarlausn (3.18) og 100 µl af sýnislusninni eða sýnislusnunum (5.1) eru settir á byrjunarlínuna á skriðsvæði þunnlagsplötunnar.

Sé þess óskað má nota loftstraum til að auðvelda uppgufun leysiefnisins. Þunnlagsplatan er tekin af hellunni og látin kólna niður í stofuhita. 100 ml af ferðafasanum (3.19) eru færðir yfir í þunnlagsskiljuflát (4.2).

Þunnlagsplatan er strax sett í ómettað flátið og skiljun látin fara fram við stofuhita þar til leysijaðarinn hefur fært sig um 15 cm frá byrjunarlínunni. Platan er tekin úr þunnlagsskiljuflátinu og þurrkuð í heitum loftstraumi með háþurrku.

Platan er skoðuð undir útfjólubláu ljósi (4.3) og merkt við stöðu blettanna. Platan er hituð í 30 mínútur í ofni (4.5) við 100°C til að fjarlægja umframediksyru. Rotvarnarefni eru framkölluð á skiljunitinu með Millon-hvarfefni (3.10) á þann hátt að málningarrúllunni (4.7) er dýft í hvarfefnið og rennt yfir þunnlagsplötuna þar til hún er öll jafnrök.

*Athugasemd*: Einnig má framkalla blettina með því að setja dropa af Millon-hvarfefni varlega á alla blettina sem merkt var við undir útfjólubláa ljósinu.

Esterar 4-hýdroxýbensósýru mynda rauða bletti, 2-fenoxýetanól og 1-fenoxýprópan-2-ól mynda gula bletti. Þess ber þó að gæta að sjálf 4-hýdroxýbensósýran, sem kann að vera til staðar í sýnunum sem rotvarnarefni eða niðurbrotsefni parabenanna, kemur líka fram sem rauður blettur. Sjá 7.3 og 7.4.

## 6. Sanngreining

Reiknað er  $R_f$ -gildi hvers bletts. Blettirnir, sem fást úr sýnislusninni, eru bornir saman við blettina úr viðmiðunarlausninni með tilliti til  $R_f$ -gilda, útlits undir útfjólubláu ljósi og litar eftir framköllun. Dregin er frumályktun um hvaða rotvarnarefni séu til staðar.

Bendi niðurstöður til þess að paraben séu til staðar skal framkvæma hágæðavöskviljunina sem lýst er í þætti B. Niðurstöður þunnlagsskiljunar og hágæðavöskviljunar eru bornar saman til að staðfesta íveru 2-fenoxýetanóls, 1-fenoxýprópan-2-óls og parabenanna.

## 7. Athugasemdir

- 7.1. Þar sem Millon-hvarfefni er eitrað er best að bera það á með annarri aðferðinni sem lýst var. Ekki er mælt með úðun.

7.2. Önnur efnasambönd, sem innihalda hýdroxýlhópa, geta einnig sýnt litaviðbrögð við Millon-hvarfefni. Tafla yfir liti og  $R_f$ -gildi nokkurra rotvarnarefna, sem fást með þessari þunnlagsskiljuaðferð, er að finna í N. de Kruijf, M.A.H. Rijk, L. A. Pranato-Soetardhi og A. Schouten (1987): Determination of preservatives in cosmetic products I: Thin-layer chromatographic procedure for the identification of preservatives in cosmetic products (*J. Chromatography* 410, 395-411).

7.3.  $R_f$ -gildin í eftirfarandi töflu gefa vísbendingu um  $R_f$ -gildin sem vænta má:

Efnasamband	$hR_f$	Litur
4-hýdroxýbensósýra	11	rauður
metýlparaben	12	rauður
etýlparaben	17	rauður
própýlparaben	21	rauður
bútýlparaben	26	rauður
bensýlparaben	16	rauður
2-fenoxýetanól	29	gulur
1-fenoxýprópan-2-ól	50	gulur

7.4. Ekki er hægt að skilja 4-hýdroxýbensósýru frá metýlparabeni með þessari aðferð né bensýlparaben frá etýlparabeni. Staðfesta má sanngreiningu þessara efnasambanda með hágæðavökvaskiljuninni sem lýst er í þætti B og bera rástímana, sem fást fyrir sýnið, saman við rástíma staðla.

## B. ÁKVÖRDUN

### 1. Umfang og gildissvið

Þessi aðferð er notuð til að ákvarða magn 2-fenoxýetanóls, 1-fenoxýprópan-2-óls, metýl-4-hýdroxýbensóats, etýl-4-hýdroxýbensóats, própýl-4-hýdroxýbensóat, bútýl-4-hýdróbensóats og bensýl-4-hýdroxýbensóats í snyrtivörum.

### 2. Skilgreining

Magn rotvarnarefna, sem er ákvarðað með þessari aðferð, er gefið upp sem hundraðshluti massa.

### 3. Meginregla

Sýnið er sýrt með brennisteinssýru og gert að sviflausn í blöndu etanóls og vatns. Blandan er hituð varlega til að bræða fitufasann og draga út sem mest magn og síðan er blandan síuð.

Magn rotvarnarefna í síuvökvanum er ákvarðað með hágæðavökvaskiljun með andstæðum fasa og ísóprópýl-4-hýdroxýbensóat notað sem innri staðall.

### 4. Hvarfefni

#### 4.1. Almenn

Öll hvarfefni skulu vera efnagreiningarhrein og henta til hágæðavökvaskiljunar þar sem það á við. Vatn skal vera eimað eða hreinleiki þess ekki minni en eimaðs vatns.

#### 4.2. Etanól, óblandað

#### 4.3. 2-fenoxýetanól

- 4.4. 1-fenoxýprópan-2-ól
- 4.5. Metýl-4-hýdroxýbensóat (metýlparaben)
- 4.6. Etýl-4-hýdroxýbensóat (etýlparaben)
- 4.7. n-Própýl-4-hýdroxýbensóat (própýlparaben)
- 4.8. Ísóprópýl-4-hýdroxýbensóat (ísóprópýlparaben)
- 4.9. n-bútýl-4-hýdroxýbensóat (bútýlparaben)
- 4.10. Bensýl-4-hýdroxýbensóat (bensýlparaben)
- 4.11. Tetrahýdrófúran
- 4.12. Metanól
- 4.13. Asetónítríl
- 4.14. Brennisteinssýrulausn  $c(\text{H}_2\text{SO}_4)= 2 \text{ mól/l}$
- 4.15. Etanól-/vatnsblanda

Etanóli (4.2) er blandað saman við vatn í hlutföllunum 9:1

- 4.16. Innri staðallausn

Um það bil 0,25 g af ísóprópýlparabeni (4.8) eru vegin með nákvæmni, sett í 500 ml mæliflösku og leyst upp í etanól-/vatnsblöndu (4.15) sem flaskan er fyllt með að markinu.

- 4.17. Ferðafasi: tetrahýdrófúran-/vatns-/metanól-/asetónítrílblanda

Fimm hlutum tetrahýdrófúrans, 60 hlutum vatns, 10 hlutum metanóls og 25 hlutum asetónítríls er blandað saman.

- 4.18. Stofnlausn rotvarnarefna

Um það bil 0,2 g af 2-fenoxýetanóli, 0,2 g af 1-fenoxýprópan-2-óli, 0,05 g af metýlparabeni, 0,05 g af etýlparabeni, 0,05 g af própýlparabeni, 0,05 g af bútýlparabeni og 0,025 g af bensýlparabeni eru vegin með nákvæmni í 100 ml mæliflösku og leyst upp í etanól-/vatnsblöndu sem flaskan er fyllt með að markinu.

Lausnin helst stöðug í eina viku ef hún er geymd í kælikáp.

- 4.19. Staðallausnir rotvarnarefna

Settir eru 20,00 ml, 10,00 ml, 5,00 ml, 2,00 ml og 1,00 ml af stofnlausn (4.18) í jafnmargar 50 ml mæliflöskur. Í hverja flösku er bætt 10,00 ml af innri staðallausn (4.16) og 1,0 ml af brennisteinssýrulausn (4.14) og flaskan fyllt að markinu með etanól-/vatnsblöndu. Þessar lausnir eiga að vera nýlagaðar.

## 5. Búnaður

Venjulegur tækjabúnaður rannsóknarstofu, og:

- 5.1. Vatnsbað sem unnt er að halda við  $60 \pm 1^\circ\text{C}$ ,
- 5.2. Hágæðavökvaskilja með nema fyrir útfjólublátt ljós, bylgjulengd 280 nm,
- 5.3. Efnagreiningarsúla:  
Úr ryðfríu stáli, 25 cm  $\times$  4,6 mm að innra þvermáli (eða 12,5 cm  $\times$  4,6 mm að innra þvermáli), fyllt með Nucleosil 5C18, eða jafngildi þess (sjá 10.1)
- 5.4. 100 ml tilraunaglös með skrúftappa
- 5.5. Suðusteinar, kísilkol, kornastærð 2 til 4 mm, eða jafngildi þeirra

## 6. Aðferð

- 6.1. Undirbúningur sýnis
- 6.1.1. Sýni undirbúið án þess að innri staðli sé bætt við

Um það bil 1,0 g af sýni er vegið með nákvæmni í 100 ml tilraunaglas með skrúftappa. 1,0 ml af brennisteinssýrulausn (4.14) og 50,0 ml af etanól-/vatnsblöndu (4.15) eru fluttir með rennipípu yfir í tilraunaglösin. Um það bil 1 g af suðusteinum (5.5) er bætt við, tilraunaglasinu lokað og það hrist kröftuglega þar til fengin er einsleit sviflausn. Hrista skal í minnst eina mínútu. Til að auðvelda útdrátt rotvarnarefna yfir í etanólfasann er tilraunaglasíð sett í vatnsbað (5.1) við  $60^\circ\text{C} \pm 1^\circ\text{C}$  í fimm mínútur.

Tilraunaglasíð er kælt þegar í stað undir kaldri vatnsbunu og útdrátturinn geymdur í kælskáp í eina klukkustund. Útdrátturinn er síaður í gegnum síupappír. Um 2 ml af síuvökvanum eru fluttir yfir í 5 ml sýnaglas. Útdrættirnir eru geymdir í kæli og skal ákvörðun með hágæðavökvaskilju fara fram innan tuttugu og fjögurra klukkustunda.

- 6.1.2. Sýni undirbúið og innri staðli bætt við

Vegið er 1,0 g  $\pm$  0,1 g af sýni, með þriggja aukastafa nákvæmni, í 100 ml tilraunaglas með skrúftappa.

1,0 ml af brennisteinssýrulausn og 40,0 ml af etanól-/vatnsblöndu eru fluttir með rennipípu yfir í tilraunaglasíð. Um það bil 1 g af suðusteinum (5.5) er bætt við og nákvæmlega 10,00 ml af innri staðallausn. Tilraunaglasinu er lokað og það hrist kröftuglega þar til fengin er einsleit sviflausn. Hrista skal í minnst eina mínútu. Til að auðvelda útdrátt rotvarnarefna yfir í etanólfasann er tilraunaglasíð sett í fimm mínútur í vatnsbað sem haldið er við  $60^\circ\text{C} \pm 1^\circ\text{C}$ .

Tilraunaglasíð er kælt þegar í stað undir kaldri vatnsbunu og útdrátturinn er geymdur í kælskáp í eina klukkustund. Útdrátturinn er síaður í gegnum síupappír.

Um 2 ml af síuvökvanum eru fluttir yfir í 5 ml sýnaglas (próflausn). Útdrátturinn er geymdur í kæli og skal ákvörðun með hágæðavökvaskilju fara fram innan tuttugu og fjögurra klukkustunda.

- 6.2. Hágæðavökvaskiljun

- 6.2.1. Skilyrði fyrir hágæðavökvaskiljun:

- Ferðafasi: tetrahýdrófurán-/vatns-/metanól-/asetónítrílblanda (4.17)
- Flæði: 1,5 ml/mín.
- Bylgjulengd nema: 280 nm



## 6.2.2. Kvörðun

10  $\mu$ l skammti af staðallausn hvers rotvarnarefnis (4.19) er sprautað í vökvaskiljuna. Hlutfallið milli hæðartoppa staðallausna rotvarnarefnanna og hæðartopps innri staðalsins er ákvarðað af skiljuritunum sem fást. Teiknað er graf fyrir hvert rotvarnarefni sem sýnir tengsl þessara hlutfalla við styrk staðallausnanna.

## 6.2.3. Ákvörðun

10  $\mu$ l af sýnislausn án innri staðals (6.1.1) er sprautað í vökvaskiljuna og skiljuritið skráð.

10  $\mu$ l af staðallausnum rotvarnarefnanna (4.19) er sprautað í og skiljuritið skráð. Skiljuritin sem fást eru borin saman.

Ef enginn toppur með um það bil sama rástíma og ísóprópýlparabenið (ráðlagður innri staðall) er í skiljuriti sýnisútdráttarins (6.1.1) er haldið áfram með því að sprauta 10  $\mu$ l af sýnislausn með innri staðli (6.1.2) í vökvaskiljuna. Skiljuritið er skráð og hæðartopparnir mældir.

Ef truflandi toppur með um það bil sama rástíma og ísóprópýlparaben sést í skiljuriti sýnislausnarinnar er rétt að velja annan innri staðal.


Ef eitt rotvarnarefnanna, sem verið er að rannsaka, vantar í skiljurit sýnisins má nota það rotvarnarefni sem annan mögulegan innri staðal.

Reiknað er hlutfallið milli hæðartoppa rotvarnarefnanna, sem verið er að rannsaka, og hæðartopps innri staðalsins.

Gengið er úr skugga um að línuleg svörun fáiist fyrir staðallausnirnar sem notaðar eru til kvörðunar.

Gengið er úr skugga um að skiljuritin, sem fást með staðallausn og sýnislausn, standist eftirfarandi kröfur:


- skiljun toppanna, sem liggja næst hvor öðrum, skal að minnsta kosti vera 0,90. (Sjá skilgreiningu á toppskiljun á skýringarmynd 1)



Skýringarmynd 1: Toppskiljun

Náist ekki tilskilin skiljun verður annaðhvort að nota súlu sem skilar betri árangri eða leiðréttu samsetningu ferðafasans þar til þessi krafa hefur verið uppfyllt.

- Ósamhverfustuðullinn  $A_s$  fyrir alla toppa sem fást skal vera 0,9 - 1,5. (Sjá skilgreiningu á ósamhverfustuðli á skýringarmynd 2.) Til að skrá skiljurit til ákvörðunar ósamhverfustuðuls er mælt með pappírshraða sem er að minnsta kosti 2 cm/mín.



Skýringarmynd 2: Ósamhverfustuðull

- Grunnlínan skal vera stöðug.

#### 7. Útreikningur

Kvörðunargrafið (6.2.2) ásamt hlutfallinu milli hæðartoppa rotvarnarefnanna, sem verið er að rannsaka, og hæðartoppis innri staðalsins er notað til að reikna styrk rotvarnarefnanna í sýnislausninni. Innihald,  $w_i$ , 2-fenoxýetanóls, 1-fenoxýprópan-2-óls, metýl-4-hýdroxýbensóats, etýl-4-hýdroxýbensóats, própýl-4-hýdroxýbensóats, bútýl-4-hýdroxýbensóats og bensýl-4-hýdroxýbensóats er reiknað sem hundradshluti miðað við þyngd (% m/m) með jöfnunni:

$$\% w_i (m / m) = \frac{b_i}{200 \times a}$$

þar sem:

$b_i$  = styrkur ( $\mu\text{g/ml}$ ) rotvarnarefnisins  $i$  í próflausninni samkvæmt kvörðunargrafinu; og

$a$  = massi sýnis í grömmum.

#### 8. Endurtekningarfærni<sup>(1)</sup>

Sjá athugasemdir í lið 10.5.

#### 9. Endurtakanleiki<sup>(1)</sup>

(1) ISO 5725.

Sjá athugasemdir í lið 10.5.

## 10. Athugasemdir

### 10.1. Stöðufasi

Ráseiginleikar uppleystu efnanna í ákvörðunum með hágæðavökvaskilju eru mjög háðir tegund, merki og forsögu stöðufasans. Út frá niðurstöðunum, sem fást með staðallausnunum, má álykta hvort unnt sé að nota súlu til aðgreiningar rotvarnarefnanna sem verið er að athuga (sjá athugasemdir í lið 6.2.3). Auk súlufylliefnisins, sem mælt er með, reyndust Hypersil ODS og Zorbax ODS einnig hentug.

Einnig er hægt að bæta samsetningu ferðafasans, sem mælt var með, til að fá fram nauðsynlega aðskiljun.

### 10.2. Bylgjulengd nema

Prófun á traustleika aðferðarinnar, sem lýst er, hefur sýnt að smávægileg breyting á bylgjulengd nemans getur haft veruleg áhrif á niðurstöður ákvörðunar.

Því verður að fylgjast vel með þessari færribreytu meðan efnagreining fer fram.

### 10.3. Truflanir

Við þau skilyrði, sem lýst hefur verið, fara mörg önnur efnasambönd, svo sem rotvarnarefni og aukefni í snyrtivörum, út um leið. Rástímar mikils fjölda rotvarnarefna, sem nefnd eru í VI. viðauka við tilskipun ráðsins um snyrtivörur, eru skráðir í N. de Kruijf, M. A. H. Rijk, L. A. Pranato-Soetardhi og A. Schouten, (1989). Determination of preservatives in cosmetic products II. High-performance liquid chromatographic identification (*J. Chromatography* 469, 317-398).

### 10.4. Nota má viðeigandi forsúlu til að verja efnagreiningarsúluna.

### 10.5. Aðferðin hefur verið könnuð í samstarfstilraun níu rannsóknarstofa. Þrjú sýni voru efnagreind. Í töflunni hér á eftir er gefið upp meðaltal í % m/m (m), endurtekningarhæfni (r) og endurtakanleiki (R) fyrir rotvarnarefnin í hverju hinna þriggja sýna:

Sýni		2-fenoxý- etanól	1-fenoxý- própan-2-ól	Metýl paraben	Etýl paraben	Própýl paraben	Bútýl paraben	Bensýl paraben
Vítamínkrem	m	1,124		0,250	0,0628	0,031	0,0906	
	r	0,016		0,018	0,0035	0,0028	0,0044	
	R	0,176		0,030	0,0068	0,0111	0,0034	
Dagkrem	m	1,196		0,266	0,076			
	r	0,040		0,003	0,002			
	R	0,147		0,022	0,004			
Nuddkrem	m		0,806			0,180	0,148	0,152
	r		0,067			0,034	0,013	0,015
	R		0,112			0,078	0,012	0,016

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/5/08

nr. 67/97  
frá 4. október 1997

um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/96 frá 4. október 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar föst slökkvikerfi<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/578/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hreinlætistæki<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/579/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegbúnað<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/580/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skermveggi<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar jarðvegsdúka<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/582/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar glerveggjakerfi með fastlímingu og málmfestingar fyrir steinsteypu<sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **396 D 0577:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 44);
- **396 D 0578:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/578/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 49);
- **396 D 0579:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/579/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 52);
- **396 D 0580:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/580/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 56);
- **396 D 0581:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 59);
- **396 D 0582:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/582/EB frá 24. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 62).”

## 2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB, 96/578/EB, 96/579/EB, 96/580/EB, 96/581/EB og 96/582/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 44.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 49.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 52.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 56.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 59.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 62.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

***E. Bull***

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 24. júní 1996

**um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr.  
20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar föst  
slökkvikerfi(\*)**

(Texti sem varðar EES)

(96/577/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í I. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

**2. gr.**

Í umboðum stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjttíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### **BRUNAVIÐVÖRUNAR-/SKYNNJUNARBÚNAÐUR, FASTUR SLÖKKVIBÚNAÐUR, BRUNA- OG REYKSTÝRIBÚNAÐUR OG BÚNAÐUR TIL AÐ KÆFA ÁHRIF SPRENGINGA**

- Brunaskynjunar- og brunaviðvörunarkerfi - samstæður: samtengd brunaskynjunar- og brunaviðvörunarkerfi í samstæðum, brunaskynjunarkerfi í samstæðum, brunaviðvörunarkerfi í samstæðum, brunaútkallskerfi í samstæðum.
- Íhlutar brunaskynjunar- og brunaviðvörunarkerfa: reyk-, hita- og eldskynjarar, stjórn- og álestrarbúnaður, beiningarbúnaður viðvörunarsendinga, skammhlaupseinangrarar, viðvörunarbúnaður, aflgjafar, ílags-/frálagstæki, handvirkir boðar.
- Reykskynjarar/brunaboðar sem ganga fyrir rafhlöðum.
- Kæfi- og slökkvikerfi — samstæður: fastar brunaslöngur til fyrstu viðbragða, þurrir og votir brunahanar, úða- og ýringarkerfi í samstæðum, froðuslökkvibúnaður og duftslökkvibúnaður í samstæðum, gasslökkvikerfi (þar með talin kolsýruslökkvikerfi (CO<sub>2</sub>)) í samstæðum.
- Íhlutar kæfi- og slökkvikerfa: brunahanar, vatnsflæðisskynjarar/-rofar, þrýstingsskynjarar/-rofar, tengslarofar, greinistykki, slökkvidælur og dælusamstæður, stútar/úðarar/úttök.
- Búnaður til að kæfa áhrif sprenginga - samstæður.
- Íhlutar búnaðar til að kæfa áhrif sprenginga: skynjarar, kæfar, sprengingarnemar, búnaður sem dregur úr áhrifum sprenginga með yfirþrýstingi.
- Bruna- og reykstýribúnaður — samstæður: reyklosunarbúnaður í samstæðum, mismuna-þrýstingskerfi í samstæðum.
- Íhlutar bruna- og reykstýribúnaðar: reykjöld, brunalokur, rásir, aflknúin loftræstitæki, náttúruleg loftræstitæki, stjórnborð, neyðarstjórnborð, aflgjafar.

## II. VIÐAUKI

### VÖRUFLOKKUR

#### BRUNAVIÐVÖRUNAR-/SKYNNJUNARBÚNAÐUR, FASTUR SLÖKKVIBÚNAÐUR, BRUNA- OG REYKSTÝRIBÚNAÐUR OG BÚNAÐUR TIL AÐ KÆFA ÁHRIF SPRENGINGA (1/1)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (Brunaþol) <sup>(1)</sup>	Kerfi til staðfestingar á samræmi
<b>Uppsetningarsamstæður</b>	Brunavarnir		1 <sup>(2)</sup>
<i>Brunaskynjunar-/brunaviðvörunarbúnaður</i>			
Samtengd brunaskynjunar- og brunaviðvörunarkerfi - samstæður		-	
Brunaskynjunarkerfi - samstæður		-	
Brunaviðvörunarkerfi - samstæður		-	
Brunaútkallskerfi - samstæður		-	
<i>Kæfi- og slökkvikerfi</i>			
Fastar brunaslöngur til fyrstu viðbragða - samstæður		-	
Þurrir og votir brunahanar		-	
Úða- og ýringarkerfi - samstæður		-	
Froðuslökkvibúnaður - samstæður		-	
Duftslökkvibúnaður - samstæður		-	
Gasslökkvikerfi (þar með talin kolsýruslökkvikerfi (CO <sub>2</sub> )) - samstæður		-	
<i>Áhrif sprenginga kæfð</i>			
Búnaður til að kæfa áhrif sprenginga - samstæður		-	
<i>Bruna- og reykstýribúnaður</i>			
Reyklosunarbúnaður - samstæður		-	
Mismunaþrýstingskerfi - samstæður		-	
Reykskynjarar/brunaboðar sem ganga fyrir rafhlöðum		-	
<b>Íhlutar</b>	Brunavarnir		1
<i>Brunaskynjunar-/brunaviðvörunarbúnaður</i>			
Reyk-, hita- og eldskynjarar		-	
Stjórn- og álestrarbúnaður		-	
Beiningarbúnaður viðvörunarsendinga		-	
Skammhlaupseinangrarar		-	
Viðvörunarbúnaður		-	
Aflgjafar		-	
Ílags-/frálagstæki		-	
Handvirkir boðar		-	



Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (Brunaþol) <sup>(1)</sup>	Kerfi til staðfestingar á samræmi
<i>Föst kæfi- og slökkvikerfi</i>			
Brunahanar		-	
Vatnsflæðisskynjarar/-rofar		-	
Þrýstingskynjarar/-rofar		-	
Tengslarofar		-	
Greinistykki		-	
Slökkvidælur og dælusamstæður		-	
Stútar/úðarar/úttök		-	
<i>Áhrif sprenginga kæfð</i>			
Skynjarar		-	
Kæfar		-	
Sprengingarnemar		-	
Búnaður sem dregur úr áhrifum sprenginga með yfirþrýstingi		-	
<i>Bruna- og reykstýribúnaður</i>			
Reyktjöld		-	
Brunalokur		Sjá grunnskjal nr. 2	
Rásir		Sjá grunnskjal nr. 2	
Aflknúin loftræstitæki		-	
Náttúruleg loftræstitæki		-	
Stjórnborð og neyðarstjórnborð		-	
Aflgjafar		-	

<sup>(1)</sup> Sjá ákvæði grunnskjals nr. 2 og/eða „Horizontal complement to the mandates in respect of resistance to fire“ (þverlægar viðbætur við umboðin að því er brunaþol varðar).

<sup>(2)</sup> 1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 24. júní 1996

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hreinlætistæki(\*)

(Texti sem varðar EES)

(96/578/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

#### 2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

#### 3. gr.

Í stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 49, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### HREINLÆTISTÆKI

Vaskar, handlaugar, þvottarennur; baðker; sturtubotnar; skolskólar; þvagskólar; salernisskólar; kamrar, efna- og moltusalerni; salerni með frárenniskvörn; tyrknesk salerni; salerniskassar; nuddbaðker; skermar eða skilveggir fyrir sturtur og baðker.

Einingar fyrir almenningssalerni og salernisklefa sem hafa fengið yfirborðsmeðhöndlun með efnum sem falla undir flokka A, B eða C með tilliti til viðbragða við bruna og breytast ekki með tilliti til viðbragða bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirleitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldraustum hráefnum), og með efnum sem falla undir flokka D, E eða F.

## II. VIÐAUKI

### HREINLÆTISTÆKI

Einingar fyrir almenningssalerni og salernisklefa sem hafa fengið yfirborðsmeðhöndlun með efnum sem falla undir flokka A, B eða C með tilliti til viðbragða við bruna og geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirleitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldfimum hráefnum).

## III. VIÐAUKI

### VÖRUFLOKKUR

#### HREINLÆTISTÆKI (1/1)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða á samræmi (Viðbrögð við bruna) <sup>(1)</sup>	Kerfi til staðfestingar
Vaskar, handlaugar, þvottarennur; baðker og sturtubotnar; skolskólar; þvagskólar; salernisskólar; kamrar, efna- og moltusalerni; salerni með frárennsliskvörn; tyrknesk salerni; salerniskassar; nuddbaðker; skermar eða skilveggir fyrir sturtur og baðker ásamt tilbúnum salerniseiningum	Til hreinlætisnota	-	4 <sup>(4)</sup>
Einingar fyrir almenningssalerni og tilbúnir salernisklefar	Til hreinlætisnota	A, B eða C <sup>(2)</sup> A, B eða C <sup>(3)</sup> D, E eða F	1 <sup>(5)</sup> 3 <sup>(6)</sup> 4 <sup>(4)</sup>

<sup>(1)</sup> Hvað varðar viðbrögð við bruna vísast til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB (Stjtíð. EB nr. L 241, 16. 9. 1994, bls. 25).

<sup>(2)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirleitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldfimur hráefnum).

<sup>(3)</sup> Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirleitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldtraustum hráefnum).

<sup>(5)</sup> 1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

<sup>(6)</sup> 3. kerfi: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, annan kost.

<sup>(4)</sup> 4. kerfi: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 24. júní 1996

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr.  
20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegbúnað(\*)

(Texti sem varðar EES)

(96/579/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnýslyfyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega á III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

#### 2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

#### 3. gr.

Í stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 52, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### VEGBÚNAÐUR

- Búnaður til að draga úr umferðarhávaða, hljóðskermar o.fl.
- Blindskermar.

## II. VIÐAUKI

### VEGBÚNAÐUR

- Vörur til að merkja yfirborð vega:
  - merkiborðar og tilbúnar merkingar,
  - vegamálning, heitplast og kaldplast (með eða án efna sem auka núningsmótstöðu), einnig íblandaðar glerperlur,
  - vegamálning, heitplast og kaldplast (til notkunar við yfirborðsmerkingar), markaðssett með ábendingum um gerð og magn íblandaðra glerperlna og/eða efna sem auka núningsmótstöðu,
  - endurskinsvegbólur.
- Umferðarmerki og umferðarstjórnubúnaður fyrir gangandi og akandi vegfarendur:
  - föst umferðarmerki,
  - stik,
  - vegstikur,
  - umferðarljós og föst aðvörunarljós,
  - viðvörunarbúnaður og útlínúmerkingar,
  - umferðarmerki með breytilegum upplýsingum.
- Ljósastaurar.
- Skaðavarnir:
  - árekstrarpúðar,
  - vegrið,
  - kapalvegrið,
  - handrið.
- Varnir fyrir gangandi umferð, þar með talin handrið á göngubrúm.

## III. VIÐAUKI

### VÖRUFLOKKUR

#### VEGBÚNAÐUR (1/2)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flökkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vörur til að merkja yfirborð vega:               <ul style="list-style-type: none"> <li>- merkiborðar og tilbúnar merkingar,</li> <li>- vegamálning, heitplast og kaldplast (með eða án efna sem auka núningsmótstöðu), að íblönduðum glerperlum meðtöldum,</li> <li>- vegamálning, heitplast og kaldplast (til notkunar við yfirborðsmerkingar), markaðssett með ábendingum um gerð og magn íblandaðra glerperlna og/eða efna sem auka núningsmótstöðu,</li> <li>- endurskinsvegbólur.</li> </ul> </li> <li>- Umferðarmerki og umferðarstjórnbúnaður fyrir gangandi og akandi vegfarendur:               <ul style="list-style-type: none"> <li>- föst umferðarmerki,</li> <li>- stik,</li> <li>- vegstikur,</li> <li>- umferðarljós og föst aðvörunarljós,</li> <li>- fastur viðvörunarbúnaður og útlínumerkingar,</li> <li>- umferðarmerki með breytilegum upplýsingum.</li> </ul> </li> <li>- Ljósastaurar.</li> <li>- Skaðavarnir:               <ul style="list-style-type: none"> <li>- árekstrarpúðar,</li> <li>- vegrið,</li> <li>- kapalvegrið,</li> <li>- handrið.</li> </ul> </li> <li>- Varnir fyrir gangandi umferð, þar með talin handrið á göngubrúum.</li> </ul>	Á umferðarsvæðum		1 <sup>(1)</sup>

(<sup>1</sup>) 1. kerfi: Sjá í-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## VÖRUFLOKKUR

## VEGBÚNAÐUR (2/2)

**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
- Búnaður til að draga úr umferðarhávaða, hljóðskermar o.fl.	Á umferðarsvæðum		3 <sup>(1)</sup>
- Blindskermar			

<sup>(1)</sup> 3. kerfi: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, annan kost.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.



**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 24. júní 1996****um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skermveggi(\*)****(Texti sem varðar EES)****(96/580/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

**2. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

**3. gr.**

Í stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

**4. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 56, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### SKERMVEGGIR

Skermveggjakerfi til notkunar annaðhvort sem útveggir sem eru ekki háðir kröfum um brunaviðbrögð eða sem útveggir sem eru háðir kröfum um brunaviðbrögð en þó ekki við neinar þær aðstæður sem eru tilgreindar í II. viðauka með tilliti til þessara vara.

## II. VIÐAUKI

### SKERMVEGGIR

Skermveggjakerfi til notkunar sem útveggir sem eru háðir kröfum um brunaviðbrögð og flokkast undir Evróflokka A, B eða C þegar nothæfi íhluta þeirra með tilliti til bruna getur annaðhvort tekið breytingum á meðan á framleiðsluferlinu stendur (yfirlétt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldfimur hráefnum) eða hefur þegar breyst vegna ísetningar tiltekinna efna, eins og eldtregðunarefna, en einungis þegar líkur eru á að þessir íhlutar geti komist í sneringu við eld þar sem þeir verða á endanum notaðir.

### III. VIÐAUKI

#### VÖRUFLOKKUR

#### SKERMVEGGIR (1/1)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar
Skermveggjakerfi	Sem útveggir sem eru háðir kröfum um brunaviðbrögð	A, B, C <sup>(2)</sup> A, B eða C <sup>(3)</sup> D, E eða F	1 <sup>(4)</sup> 3 <sup>(5)</sup>
	Sem útveggir sem eru ekki háðir kröfum um brunaviðbrögð	-	3 <sup>(5)</sup>

<sup>(1)</sup> Hvað varðar viðbrögð við bruna vísast til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB (Stjtíð. EB nr. L 241, 16. 9. 1994, bls. 25).

<sup>(2)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirléitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldfimnum hráefnum) eða hafi þegar breyst vegna ísetningar tiltekinnna efna, eins og eldtregðunarefna.

<sup>(3)</sup> Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (yfirléitt er um að ræða efni sem eru framleidd úr eldtraustum hráefnum).

<sup>(4)</sup> 1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

<sup>(5)</sup> 3. kerfi: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, annan kost.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 24. júní 1996

**um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar jarðvegsdúka(\*)**

(Texti sem varðar EES)

(96/581/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

**2. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

**3. gr.**

Í stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

**4. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 59, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtfð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtfð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### JARÐVEGSDÚKAR

- Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur, dúkar og textílar): samsett efni til jarðtæknilegra nota, jarðgrindur, himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota og jarðnet til notkunar í hvers kyns mannvirki:
- sem aðgreiningarlag.

## II. VIÐAUKI

### JARÐVEGSDÚKAR

- Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur, dúkar og textílar), samsett efni til jarðtæknilegra nota, jarðgrindur, himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota og jarðnet til notkunar í vegi, járnbrautir, sökkla og vegg, frárenniskerfi, við varnir gegn rofamyndun, í geyma og stíflur, skurði, göng og neðanjarðarmannvirki, búnað til að losa eða geyma skolp, búnað til að losa eða geyma fastan úrgang:
- sem vökva- eða gastálmar,
- sem varnarlag,
- til framræslu og síunar,
- til styrkingar.

### III. VIÐAUKI

#### VÖRUFLOKKUR

#### JARÐVEGSDÚKAR (1/2)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flökkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur, dúkar og textílar), jarðvegsdúkar, samsett efni til jarðtæknilegra nota, jarðgrindur, himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota og jarðnet til notkunar:  - sem vökva- eða gastálmar - sem varnarlag - til framræslu og sfunar - til styrkingar	Í vegi, járnbrautir, sökkla og vegg, frárennsliskerfi, við varnir gegn rofamyndun, í geyma og stíflur, skurði, göng og neðanjarðarmannvirki, búnað til að losa eða geyma skolp, búnað til að losa eða geyma fastan úrgang	-	2+( <sup>1</sup> )

(<sup>1</sup>) Kerfi 2+: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, fyrsta kost, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli stöðugs eftirlits, mats og samþykkis.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

#### VÖRUFLOKKUR

#### JARÐVEGSDÚKAR (2/2)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flökkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur, dúkar og textílar), jarðvegsdúkar, samsett efni til jarðtæknilegra nota, jarðgrindur, himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota og jarðnet til notkunar:  - sem aðgreiningarlag	Í hvers kyns mannvirki	—	4( <sup>1</sup> )

(<sup>1</sup>) 4. kerfi: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 24. júní 1996****um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar glerveggjakerfi með fastlímingu og málmfestingar fyrir steinsteypu(\*)****(Texti sem varðar EES)****(96/582/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslu-fyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Staðfesta skal samræmi vara sem eru tilgreindar í I. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni, sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

**2. gr.**

Í stöðlunarumboðum er tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 254, 8. 10. 1996, bls. 62, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97 frá 4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### GLERVEGGJAKERFI MEÐ FASTLÍMINGU (SKERMVEGGIR)

- Glerveggjakerfi með fastlímingu af I., II., III. og IV. gerð<sup>(1)</sup> til notkunar sem útveggir og þök.

### MÁLMFESTINGAR TIL NOTKUNAR Í STEINSTEYPU (BURÐARFESTINGAR)

- Málmfestingar til notkunar í steinsteypu (rammgerðar) til að festa og/eða styðja við steypur burðareiningar eða þungar einingar á borð við klæðningareiningar og niðurbhengd loft.

<sup>(1)</sup> I. gerð: Eiginþungi glersins er yfirfærður á kerfisrammann með vélrænum hætti og þaðan í sjálft burðarvirkið. Sérstakur búnaður er notaður til að draga úr hættu komi til þess að límingin gefi sig.

II. gerð: Eiginþungi glersins er yfirfærður á kerfisrammann með vélrænum hætti og þaðan í sjálft burðarvirkið. Við alla aðra yfirfærslu þarf að treysta algerlega á líminguna.

III. gerð: Eiginþungi glersins yfirfærir á kerfisrammann og þaðan í sjálft burðarvirkið með límingunni. Sérstakur búnaður er notaður til að draga úr hættu komi til þess að límingin gefi sig.

IV. gerð: Treysta þarf algerlega á líminguna við alla yfirfærslu, þar á meðal á eiginþunga glersins, yfir á kerfisrammann og þaðan yfir á burðarvirkið sjálft.



## II. VIÐAUKI

### BYGGINGARVARA

#### GLERVEGGJAKERFI MEÐ FASTLÍMINGU (1/1)

#### VÖRUFLOKKUR

#### SKERMVEGGIR

#### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Glerveggjakerfi með fastlímingu, II. og IV. gerð <sup>(1)</sup>	Útveggir og þök	-	1 <sup>(2)</sup>
Glerveggjakerfi með fastlímingu, I. og III. gerð <sup>(3)</sup>			2+ <sup>(4)</sup>

(<sup>1</sup>) II. gerð: Eiginþungi glersins er yfirfærður á kerfisrammann með vélrænum hætti og þaðan í sjálft burðarvirkið. Við alla aðra yfirfærslu þarf að treysta algerlega á líminguna.

IV. gerð: Treysta þarf algerlega á líminguna við alla yfirfærslu, þar á meðal á eiginþunga glersins, yfir á kerfisrammann og þaðan yfir á burðarvirkið sjálft.

(<sup>2</sup>) I. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

(<sup>3</sup>) I. gerð: Eiginþungi glersins er yfirfærður á kerfisrammann með vélrænum hætti og þaðan í sjálft burðarvirkið. Sérstakur búnaður er notaður til að draga úr hættu komi til þess að límingin gefi sig.

III. gerð: Eiginþungi glersins yfirfærast á kerfisrammann og þaðan í sjálft burðarvirkið með límingunni. Sérstakur búnaður er notaður til að draga úr hættu komi til þess að límingin gefi sig.

(<sup>4</sup>) Kerfi 2+: Sjá ii-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, fyrsta kost, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli stöðugs eftirlits, mats og samþykkis.

Forskriftn fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## BYGGINGARVARA

## MÁLMFESTINGAR TIL NOTKUNAR Í STEINSTEYPU (1/1)

## VÖRUFLOKKUR

## BURÐARFESTINGAR

## Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Málmfestingar til notkunar í steinsteypu (rammgerðar)	Til að festa og/eða styðja við steiptar burðareiningar eða þungar einingar á borð við klæðningareiningar og niðurhengd loft		1 <sup>(*)</sup>

(\*) 1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota það, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/09****nr. 68/97  
frá 4. október 1997****um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB frá 3. september 1996 um breytingu á tilskipun 89/686/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/686/EB) í XXII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0058:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB frá 3. september 1996 (Stjtfð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjtfð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtfð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtfð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/58/EB****frá 3. september 1996****um breytingu á tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga  
aðildarríkjanna um persónuhlífar(\*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFNA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100.  
gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í  
sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 89/686/EBE <sup>(4)</sup> er kveðið á um að allar persónuhlífar  
skuli vera með CE-merki og að því skuli fylgja viðbótar-  
upplýsingar um árið sem merkið var fest á.

Þó að ártalið sé tilgreint eykur það á engan hátt öryggi notanda  
persónuhlífarinnar. Hætta er á að þessum upplýsingum sé ruglað  
saman við síðasta notkunardag en hann skal tilgreina á öllum  
persónuhlífum sem geta úrelst með tímanum.

Það er íþyngjandi fyrir framleiðendur að þurfa að tilgreina árið.  
Kostnaðurinn sem því fylgir er langt því frá að vera hverfandi.

Með tilliti til dreifræðisreglunnar er einungis unnt að fella niður  
kröfuna um að tilgreina þurfi hvaða ár CE-merkið hafi verið fest  
á, og einfalda þar með málið fyrir framleiðendur, með tilskipun  
um breytingu á tilskipun 89/686/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Í IV. viðauka við tilskipun 89/686/EBE falli eftirfarandi texti niður:

„Viðbótarupplýsingar

- Tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var  
sett á; þessara upplýsinga er ekki krafist ef um er að ræða  
persónuhlífar sem um getur í 3. mgr. 8. gr.“

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og  
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar  
1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1997.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim  
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær  
verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um  
slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu  
ákvæði úr landslögum sem verða samþykkt um málefni sem  
tilskipun þessi nær til.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44, var  
nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/97 frá  
4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af  
EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 23, 27. 1. 1996, bls. 6.

(2) Stjtið. EB nr. C 97, 1. 4. 1996, bls. 8.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996,  
bls. 60), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. júní 1996 (Stjtið. EB nr.  
C 220, 29. 7. 1996, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júlí 1996  
(Stjtið. EB nr. C 261, 9. 9. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt  
með tilskipunum 93/68/EBE (Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1) og  
93/95/EBE (Stjtið. EB nr. L 276, 9. 11. 1993, bls. 11).

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

***K. HÄNSCH***

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

***I. YATES***

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/10****nr. 69/97  
frá 4. október 1997****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **397 R 0543:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 (Stjttíð. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 6).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 543/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1996.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 70 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 30.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 6.

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 543/97

frá 17. mars 1997

### um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. og 94. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum <sup>(4)</sup>, er kveðið á um að aðildarríkin geti stuðlað að þróun samsettra flutninga með því að veita aðstoð vegna fjárfestinga í grunnvirkjum, í föstum og færanlegum búnaði sem er nauðsynlegur vegna umfermingar, og í flutningabúnaði sem er gerður til samsettra flutninga sérstaklega og eingöngu notaður til slíkra flutninga, eða aðstoð vegna rekstrarkostnaðar við samsetta flutninga innan bandalagsins með gegnumflutningi um yfirráðasvæði þriðju ríkja.
- 2) Auknum kröfum um hreyfanleika fylgja sífellt meiri kvaðir og álag á fólk og umhverfi. Gera verður kleift að veita aðstoð vegna flutninga sem eru umhverfisvænir til þess að bregðast við afar ójafnri dreifingu kostnaðar og álags á mismunandi greinar flutninga.

3) Núverandi heildarstefna á sviði flutninga hefur ekki enn leitt af sér þær aðstæður að heilbrigð samkeppni skapist milli mismunandi greina flutninga. Járnbrautafyrirtækin hafa ekki enn náð jafnvægi í fjármálum sínum.

4) Þróun samsettra flutninga leiðir í ljós að þessi tækni er enn á byrjunarskeiði á öllum svæðum bandalagsins. Því ber að framlengja gildistíma aðstoðarinnar.

5) Af þessum ástæðum er rétt að viðhalda núverandi aðstoð til 31. desember 1997. Í samræmi við skilyrðin, sem kveðið er á um í sáttmálanum, ber ráðinu að ákveða hvaða tilhögun skuli gilda eftir það eða, ef þörf krefur, með hvaða skilyrðum þessari aðstoð skuli hætt.

6) Ekki ber að halda þeim möguleika opnum að veita aðstoð vegna rekstrarkostnaðar við samsetta flutningaþjónustu í gegnumflutningum um yfirráðasvæði þriðju ríkja nema vegna Sviss og ríkja þar sem fyrrum var Júgóslavía.

7) Ákvörðunin 75/327/EBE <sup>(5)</sup>, sem 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1107/70 vísar til, var felld úr gildi með 13. gr. tilskipunar 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta í bandalaginu <sup>(6)</sup>. Því ber að fella niður 4. gr.

8) Komið hefur í ljós að þær tegundir aðstoðar, sem heimilar eru vegna samsettra flutninga, hafa fullnægjandi áhrif og að þess vegna er unnt að einfalda eftirlit með þeim með því að undanþiggja þær málsmeðferðinni sem vísað er til í 3. mgr. 93. gr. sáttmálans.

9) Setning reglna um aðstoð, sem aðildarríkin úthluta vegna flutninga, heyrir að öllu leyti undir bandalagið og skulu reglurnar vera í formi reglugerðar.

10) Rétt er að breyta reglugerð (EBE) nr. 1107/70 í samræmi við þetta.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 253, 29. 9. 1995, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 102.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 29. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 78, 18. 3. 1996, bls. 25), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. október 1996 (Stjtið. EB nr. C 372, 9. 12. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. C 85, 17. 3. 1997).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 130, 15. 6. 1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð EBE nr. 3578/92 (Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins 75/327/EBE frá 20. maí 1975 um endurbætur á aðstæðum járnbrautafyrirtækja og samhæfingu reglna sem gilda um fjárhagstengsl milli slíkra fyrirtækja og ríkja (Stjtið. EB nr. L 152, 12. 6. 1975, bls. 3).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 25.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 1107/70 er breytt sem hér segir:

1. e-liður 1. mgr. 3. gr. taki eftirfarandi breytingum:
  - í fyrstu og þriðju undirgrein komi dagsetningin 31. desember 1997 í stað 31. desember 1995;
  - í fjórða undirlið fyrstu undirgreinar falli niður orðið „Austurríki“;
2. 4. gr. falli niður;
3. í stað 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðstoðin sem um getur í e-lið 1. mgr. 3. gr. skal undanþegin málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 3. mgr. 93. gr. sáttmálans; upplýsingar um slíka aðstoð skulu sendar framkvæmdastjórninni sem áætlun í byrjun hvers árs og síðan sem skýrsla eftir lok hvers fjárhagsárs.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. VAN AARTSEN**

forseti.



# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**98/EES/5/11**

**nr. 70/97**  
**frá 4. október 1997**

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/97 frá 14. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 53. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86) í XIII. viðauka við samninginn:

„53a. **392 R 3577:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)(Stjtíð. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í tilvikum sem um getur í 5. gr.:

- að því er EFTA-ríkin varðar skal „framkvæmdastjórn“ lesast sem „Eftirlitsstofnun EFTA“;

- ef framkvæmdastjórn EB fær beiðni frá aðildarríki EB eða Eftirlitsstofnun EFTA frá EFTA-ríki um að samþykkja öryggisráðstafanir skal sameiginlegu EES-nefndinni tilkynnt um það án tafar og henni veittar allar viðeigandi upplýsingar.

Samráðsviðræður skulu fara fram innan sameiginlegu EES-nefndarinnar ef samningsaðili fer fram á það. Einnig má fara fram á slíkar samráðsviðræður ef framkvæmdastjórn EB eða Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja öryggisráðstafanir að eigin frumkvæði.

Þegar framkvæmdastjórn EB eða Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt ákvörðun skal hún tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni án tafar um ráðstafanirnar.

b) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi skulu samningsaðilar ekki innleiða neinar nýjar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu sem náðst hefur í raun á þeim degi þegar sameiginlega EES-nefndin ákvað að taka þessa reglugerð upp í EES-samninginn.“

#### 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 43.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 7.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3577/92****frá 7. desember 1992****um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)(\*)****RÁÐEVROPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af breyttri tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Evrópuþingið samþykkti, 12. júní 1992, ályktun um afnám hafta á gestaflutningum á sjó og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þess.

Samkvæmt 61. gr. sáttmálsins á frjáls þjónustustarfsemi í flutningum á sjó að lúta ákvæðum þess bálks sem fjallar um flutninga.

Við stofnun hins innri markaðar er nauðsynlegt að gefa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna frjálsa. Innri markaðurinn myndar svæði þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Því ber að beita meginreglunni um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna.

Skipaeigendur innan bandalagsins, sem gera út skip skráð í aðildarríki og sigla undir fána þess, falla undir þessa meginreglu, hvort sem það liggur að sjó eða ekki.

Þessi meginregla mun verða rýmkuð og látin taka til skipa sem eru einnig skráð í skipaskrá bandalagsins (EUROS) þegar sú skrá hefur verið viðurkennd.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 73, 19. 3. 1991, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 295, 26. 11. 1990, bls. 687, og álit sem var skilað 20. nóvember 1992 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 56, 7. 3. 1990, bls. 70.

Til að komast hjá röskun á samkeppni skulu skipaeigendur innan bandalagsins, sem nýta sér meginregluna um frjálsa þjónustustarfsemi á sviði gestaflutninga, uppfylla öll skilyrði um gestaflutninga í aðildarríkinu þar sem skip þeirra eru skráð. Skipaeigendur innan bandalagsins, sem gera út skip skráð í aðildarríki en hafa ekki rétt til gestaflutninga í því ríki, eiga engu að síður að geta nýtt sér ákvæði þessarar reglugerðar á aðlögunartímabilinu.

Rétt er að þessi meginregla komi til framkvæmda smám saman og ekki endilega með sama hætti í allri þjónustustarfsemi, að teknu tilliti til sérstöðu tiltekinna þjónustustarfsemi og umfangs þeirrar starfsemi, sem tiltekin efnahagskerfi innan bandalagsins sem þróast á mismunandi hátt, þurfa að standa undir.

Ástæða getur verið til að koma á fót opinberri þjónustu sem felur í sér tiltekin réttindi og skyldur fyrir viðkomandi skipaeigendur til að tryggja nægilega og reglulega flutninga til, frá og á milli eyja, að því tilskildu að engin mismunun eigi sér stað á grundvelli þjóðernis eða búsetu.

Samþykkja ber ákvæði sem miða að því að gerðar verði öryggisráðstafanir er lúta að sjóflutningamörkuðum, sem alvarleg truflun hefur orðið á, eða neyðartilvikum. Rétt er að ákveða málsmeðferð ákvarðanatöku um þetta efni.

Til að tryggja starfsemi hins innri markaðar sem best og með tilliti til hugsanlegra breytinga í ljósi reynslunnar er rétt að framkvæmdastjórnin gefi skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggi fram viðbótartillögur ef þess gerist þörf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Frá 1. janúar 1993 skal skipaeigendum innan bandalagsins, sem hafa skráð skip sín í aðildarríki og sigla undir fána þess, vera frjálst að veita sjóflutningaþjónustu innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó), að því tilskildu að þessi skip uppfylli öll skilyrði um gestaflutninga í því aðildarríki, að meðtöldum þeim skipum sem eru skráð í EUROS, eftir að ráðið hefur viðurkennt þá skrá.

2. Undanþága er þó veitt til að fresta, tímabundið eða til 31. desember 1996, beitingu ákvæða 1. mgr. þar sem þess er krafist að skip uppfylli öll skilyrði um gestaflutninga í aðildarríkinu þar sem þau eru skráð á þeim tíma.

## 2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sjóflutningaþjónusta innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó)“: þjónusta sem er venjulega veitt gegn gjaldi, einkum:
  - a) gestaflutningar með ströndum meginlands: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli hafna á meginlandi eða yfirráðasvæði sama aðildarríkis, án viðkomu á eyjum;
  - b) gestaflutningar á haf út: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli hafnar í aðildarríki og stöðva eða bygginga á landgrunni sama aðildarríkis;
  - c) gestaflutningar til og frá eyjum: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli:
    - hafna á meginlandinu og einnar eða fleiri eyja sama aðildarríkis,
    - hafna á eyjum sama aðildarríkis;

Ceuta og Melilla flokkast eins og eyjahafnir.

2. „Skipaeigandi innan bandalagsins“:
  - a) ríkisborgarar aðildarríkis sem hafa staðfestu í aðildarríki í samræmi við lög þess aðildarríkis og reka útgerð;
  - b) skipafélög með staðfestu í samræmi við lög aðildarríkis sem hafa aðalstarfsstöð í aðildarríki þar sem eftirlitið fer fram,
  - c) ríkisborgarar aðildarríkis með staðfestu utan bandalagsins eða skipafélög, sem hafa staðfestu utan bandalagsins og eru undir eftirliti ríkisborgara aðildarríkis, ef um er að ræða skip sem eru skráð í aðildarríki og sigla undir fána aðildarríkis í samræmi við lög þess.
3. „Samningur um opinbera þjónustu“: samningur sem lögbær yfirvöld aðildarríkis og skipaeigandi innan bandalagsins gera með sér í þeim tilgangi að veita almenningi næga flutningaþjónustu.

Í samningi um opinbera þjónustu getur einkum falist:

- flutningaþjónusta sem uppfyllir settar reglur um samfellu, reglufestu, flutningsgetu og gæði,

- viðbótarflutningaþjónusta,
  - flutningaþjónusta gegn tilteknu gjaldi og með tilteknum skilyrðum, einkum með tilliti til tiltekinna flokka farþega eða á tilteknum leiðum,
  - aðlögun þjónustunnar að raunverulegum þörfum.
4. „Skyldur um opinbera þjónustu“: skyldur sem skipaeigandi innan bandalagsins myndi ekki taka á sig eða ekki taka á sig í jafn miklum mæli eða með sömu skilmálum ef hans eigin viðskiptahagsmunir væru látnir ráða.
  5. „Alvarleg truflun á innri flutningamarkaðinum“: vandamál er varða þennan markað eingöngu og:
    - eru líkleg til að valda miklu og hugsanlega viðvarandi framboði umfram eftirspurn,
    - eru til komin vegna gestaflutninga á sjó eða hafa aukist við þá, og
    - eru alvarleg ógnun við tilveru og fjárhagslegan stöðugleika verulegs fjölda skipaeigenda innan bandalagsins,

að því tilskildu að skammtímaspár og spár til meðallangs tíma fyrir þennan markað bendi ekki til umtalsverðra og varanlegra breytinga til batnaðar.

## 3. gr.

1. Þegar um er að ræða skip sem eru í gestaflutningum með ströndum meginlands og skip í skemmtisiglingum skulu öll mál er varða mannaáðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (fánaríkið), að undanskildum skipum undir 650 brúttótonnum sem geta verið háð skilyrðum gistiríkis.
2. Þegar um er að ræða skip sem eru í gestaflutningum til og frá eyjum skulu öll mál er varða mannaáðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er í sjóflutningum (gistiríkið).
3. Þegar um er að ræða flutningaskip yfir 650 brúttótonnum sem er í gestaflutningum til og frá eyjum skulu þó öll mál, er varða mannaáðningar, heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (fánaríkið) frá og með 1. janúar 1999 ef viðkomandi ferð er farin í framhaldi af eða er undanfari ferðar til eða frá öðru ríki.
4. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka vandlega efnahagsleg og félagsleg áhrif þess að gefa gestaflutninga til og frá eyjum frjálsta og gefa ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 1. janúar 1997.

Á grundvelli þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu sem getur falið í sér tilslakanir á ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., um mannaáðningar með tilliti til ríkisfangs svo að ráðið geti í tæka tíð og fyrir 1. janúar 1999 samþykkt endanlegt fyrirkomulag.

**4. gr.**

1. Aðildarríki getur gert samninga um opinbera þjónustu við skipafélög sem taka þátt í reglubundnum flutningum til, frá eða á milli eyja eða lagt þeim á herðar skyldur um opinbera þjónustu sem skilyrði fyrir gestaflutningum.

Þegar aðildarríki gerir samning um opinbera þjónustu eða leggur skipafélögum á herðar skyldur um opinbera þjónustu skal hann gerður á jafnræðisgrundvelli gagnvart öllum skipaeigendum innan bandalagsins.

2. Skyldur um opinbera þjónustu, sem aðildarríki leggja skipafélögum á herðar, skulu takmarkast við kröfur varðandi hafnir sem þjóna á, reglufestu, samfellu, tíðni, flutningsgetu, gjaldskrá og mannráðningar á skipin.

Séu greiddar bætur fyrir að þurfa að veita opinbera þjónustu skulu allir skipaeigendur innan bandalagsins eiga kost á þeim.

3. Áður gerðir samningar um opinbera þjónustu mega gilda áfram þar til samningstími þeirra rennur út.

**5. gr.**

1. Verði alvarlegar truflanir á innri flutningamarkaðinum vegna þess að gestaflutningar hafa verið gefnir frjálssir getur aðildarríki krafist þess að framkvæmdastjórnin samþykki öryggisráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og að höfðu samráði við hin aðildarríkin, taka ákvörðun um nauðsynlegar öryggisráðstafanir innan 30 virkra daga frá því að beiðni þar að lútandi berst frá aðildarríki. Í slíkum ráðstöfunum getur falist að viðkomandi svæði sé tímabundið undanþegið gildissviði þessarar reglugerðar, þó ekki lengur en í 12 mánuði.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu og aðildarríkjunum um allar ákvarðanir sem hún tekur um öryggisráðstafanir.

Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um málið að 30 virkum dögum liðnum hefur viðkomandi aðildarríki rétt til að gera umbeðnar ráðstafanir þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun.

Í neyðartilvikum geta aðildarríkin þó einhliða samþykkt bráðabirgðaráðstafanir sem geta gilt í þrjá mánuði hið lengsta. Aðildarríkin verða að tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um samþykkt slíkra ráðstafana. Framkvæmdastjórnin getur fellt ráðstafanirnar úr gildi eða staðfest þær, með eða án breytinga, þar til hún tekur lokaákvörðun í samræmi við aðra undirgrein.

2. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt öryggisráðstafanir að eigin frumkvæði, að höfðu samráði við aðildarríkin.

**6. gr.**

1. Eftirfarandi sjóflutningaþjónusta á Miðjarðarhafinu og meðfram ströndum Spánar, Portúgals og Frakklands skal þó tímabundið vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar:

- skemmtisiglingar, til 1. janúar 1995,
- flutningar á vörum til hernaðar (olía, olíuvörur og drykkjarvatn), til 1. janúar 1997,
- flutningar með skipum undir 650 brúttótonnum, til 1. janúar 1998,
- reglubundnir farþegaflutningar og ferjuþjónusta, til 1. janúar 1999.

2. Gestaflutningar til og frá eyjum í Miðjarðarhafinu og gestaflutningar til og frá eyjaklösunum Kanarí, Asor og Madeira, svo og Ceuta og Melilla, frönsku eyjunum með ströndum Atlantshafs og frönsku umdæmunum handan hafs skulu þó tímabundið vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar eða til 1. janúar 1999.

3. Með tilliti til félagslegs og efnahagslegs samhengis skal undanþágan sem um getur í 2. mgr. einnig ná til Grikklands fram til 1. janúar 2004, að því er varðar reglubundna farþegaflutninga og ferjuþjónustu og flutninga með skipum sem eru innan við 650 brúttótonn.

**7. gr.**

Ákvæði 62. gr. sáttmálans gilda um málefni sem fjallað er um í þessari reglugerð.

**8. gr.**

Með fyrirvara um ákvæði sáttmálans um staðfesturétt og þessa reglugerð getur einstaklingur, sem veitir sjóflutningaþjónustu, tímabundið haldið starfsemi áfram í aðildarríkjunum þar sem þjónustan er veitt með sömu skilyrðum og gilda fyrir ríkisborgara þess ríkis.

**9. gr.**

Áður en aðildarríkin samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli til framkvæmdar þessari reglugerð skulu þau hafa samráð við framkvæmdastjórnina. Þau skulu tilkynna henni um samþykkt allra slíkra ráðstafana.

**10. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu, fyrir 1. janúar 1995 og annað hvert ár eftir það, um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja fram allar nauðsynlegar tillögur eftir því sem við á.

**11. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. MacGREGOR**

forseti.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/5/12

nr. 71/97  
frá 4. október 1997

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB frá 17. apríl 1996 um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 32aa (ákvörðun ráðsins 94/904/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32ab. **396 D 0302:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB frá 17. apríl 1996 um að ákveða snið fyrir upplýsingar sem veittar eru samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið gefin út.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 17. apríl 1996****um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt  
3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang(\*)****(Texti sem varðar EES)****(96/302/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr., 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt fyrrnefndu ákvæði ber framkvæmdastjórninni að ákveða með hvaða hætti skuli veita upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Við þetta verk nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og stofnuð var samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fyrrnefndrar nefndar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Með þessari ákvörðun fylgir eyðublað fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/689/EBE um hættulegan úrgang.

**2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. apríl 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

**EVROPUBANDALAGIÐ**

**Eyðublað fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang**

AÐILDARRÍKI: .....

Dagsetning (þegar upplýsingar eru sendar/uppfærðar) .....

	Stofnun/fyrirtæki
Nafn	
Heimilisfang	
Sími	
Bréfasími	

Útfyllist af framkvæmdastjórninni:

Tilvísunarnúmer skjals .....

Aðferð <sup>(1)</sup> við meðhöndlun úrgangs (við losun eða endurnýtingu)	Afkastageta (í t á ári eða m <sup>3</sup> á ári)	Gerð hættulegs úrgangs EWC-númer

<sup>(1)</sup> Vinsamlegast notið D + R númerin úr II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun ráðsins 75/442/EBE um úrgang.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/5/13****nr. 72/97  
frá 4. október 1997****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 D 0721:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 (Stjtfð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36).

- **396 D 0660:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 (Stjtfð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 15).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB og 96/660/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Hafur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtfð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjtfð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 15.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 21. október 1994

**um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu(\*)****(94/721/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 42. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE <sup>(3)</sup>, einkum 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 ber aðeins að aðlaga II., III. og IV. viðauka þannig að þeir endurspegli breytingar sem þegar hafa verið samþykktar samkvæmt endurskoðunartilhögun OECD.

Ráð OECD <sup>(4)</sup> hefur ákveðið innan ramma endurskoðunar-tilhögunarinnar að breyta grænu, gulu og rauðu skránni yfir úrgang.

Nauðsynlegt er að breyta II., III. og IV. viðauka reglugerðarinnar þannig að þeir endurspegli þessar breytingar.

Við breytingar á II., III. og IV. viðauka við fyrrnefnda reglugerð nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndarinnar sem stofnuð var samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fyrrnefndrar nefndar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 259/93.

**2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. október 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Yannis PALEOKRASSAS**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 30, 6. 2. 1993, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

(3) Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

(4) Ráð OECD, 23. júlí 1993, tilvísun skjals C(93) í 74. Ráð OECD, 28. júlí 1994, tilvísun skjals C(94) í 153.

# VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

### GRÆNSKRÁ YFIR ÚRGANG(\*)

Óháð því hvort úrgangsefni eru á þessari skrá eða ekki er óheimilt að flytja þau sem grænan úrgang ef þau eru menguð öðrum efnum að því marki að það a) auki áhættu vegna úrgangsins svo mikið að setja beri hann á gulu eða rauðu skrána eða b) komi í veg fyrir endurnýtingu úrgangsins á vistvænan hátt.

#### GA. ÚRGANGUR ÚR MÁLMI OG MÁLMBLENDI Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI (\*\*)

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr góðmálum og blendi þeirra:

GA	010	úr	7112 10	-	úr gulli,
GA	020	úr	7112 20	-	úr platínu (hugtakið „platína“ á við platínu, íridíum, osmíum, palladíum, ródíum og rúþením)
GA	030	úr	7112 90	-	úr öðrum góðmálmi, t.d. silfri

ATH: Kvikasilfur er algerlega útilokað sem mengunarefni í þessum málum og í blendi þeirra og blöndum

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr jární eða stáli:

GA	040		7204 10		Úrgangur og rusl úr steypujárni
GA	050		7204 21		Úrgangur og rusl úr ryðfríu stáli
GA	060		7204 29		Úrgangur og rusl úr öðru stálblendi
GA	070		7204 30		Úrgangur og rusl úr tinuðu jární eða stáli
GA	080		7204 41		Spænic, flísar, fræs, sag, svarf, afskurður og afhögg, einnig í böggum
GA	090		7204 49		Annar úrgangur og rusl úr jární
GA	100		7204 50		Úrgangssteypuhleifar til endurbæðslu
GA	110	úr	7302 10		Notaðir járn- og stálteinar

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr öðrum málum en jární og blendi þeirra:

GA	120		7404 00		Koparúrgangur og koparrusl
GA	130		7503 00		Nikkilúrgangur og nikkilrusl
GA	140		7602 00		Álúrgangur og álrusl
GA	150	úr	7802 00		Blýúrgangur og blýrusl
GA	160		7902 00		Sinkúrgangur og sinkrusl
GA	170		8002 00		Tinúrgangur og tinrusl
GA	180	úr	8101 91		Úrgangur og rusl úr wolframi
GA	190	úr	8102 91		Úrgangur og rusl úr mólýbdeni
GA	200	úr	8103 10		Úrgangur og rusl úr tantali

(\*) Þar sem þess er kostur er kenninúmer úr samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (samræmdu tollskránni), sem komið var á með Brussel-samningnum frá 14. júní 1983 á vegum tollasamvinnuráðsins, skráð við hvern lið. Númerið getur átt hvort sem er við úrgang eða framleiðsluvörur. Í þessari reglugerð er ekki fjallað um efni sem ekki eru úrgangsefni. Því er númersins - sem tollstarfsmenn og aðrir nota til að auðvelda störf sín - aðeins látið getið hér til að auðvelda sé að bera kennsl á úrgangsefni sem eru skráð og falla undir þessa reglugerð. Þó ber að nota samsvarandi opinberar skýringar tollasamvinnuráðsins sem leiðbeiningar við að bera kennsl á úrgangsefni sem falla undir almenna vörulið. Tilgreiningin „úr“ vísar til tiltekins liðar í samræmdu tollskránni. Feitlettraða númerið í fyrsta dálki er OECD-númerið: í því eru tveir bókstafir (einn fyrir hverja skrá: G fyrir þá grænu, A fyrir þá gulu og R fyrir þá rauðu, og einn bókstafur fyrir tegund úrgangs: A, B, C, ...) og loks kemur tala.

(\*\*) Skráin tekur til ósku, leifa, gjalls, sindurs, skænis, hrúðurs, dufts, ryks, eðju og köku, nema efnið sé skilmerkilega skráð annars staðar.

GA	210		8104	20	Úrgangur og rusl úr magnesíum
GA	220	úr	8105	10	Úrgangur og rusl úr kóbalti
GA	230	úr	8106	00	Úrgangur og rusl úr bismúti
GA	240	úr	8107	10	Úrgangur og rusl úr kadmíum
GA	250	úr	8108	10	Úrgangur og rusl úr titani
GA	260	úr	8109	10	Úrgangur og rusl úr sirkóníum
GA	270	úr	8110	00	Úrgangur og rusl úr antímoni
GA	280	úr	8111	00	Úrgangur og rusl úr mangan
GA	290	úr	8112	11	Úrgangur og rusl úr beryllíum
GA	300	úr	8112	20	Úrgangur og rusl úr krómi
GA	310	úr	8112	30	Úrgangur og rusl úr germaníum
GA	320	úr	8112	40	Úrgangur og rusl úr vanadíum
		úr	8112	91	Úrgangur og rusl úr:
GA	330				- hafnium
GA	340				- indíum
GA	350				- níóbíum
GA	360				- reníum
GA	370				- gallíum
GA	380				- þallíum
GA	390	úr	2844	30	Úrgangur og rusl úr þóríum
GA	400	úr	2804	90	Úrgangur og rusl úr selen
GA	410	úr	2804	50	Úrgangur og rusl úr tellúr
GA	420	úr	2805	30	Úrgangur og rusl úr sjaldgæfum jarðefnum

#### GB. ANNAR MÁLMÚRGANGUR FRÁ BRÆÐSLU OG HREINSUN MÁLMA

GB	010		2620	11	Smástangir harðsinks
GB	020				Sink sem inniheldur sora:
GB	021				- galvaniseringarsori, yfirborð (> 90% Zn)
GB	022				- galvaniseringarsori, botn (> 92% Zn)
GB	023				- sinksori frá steypumóti (> 85% Zn)
GB	024				- sinksori frá hitagalvaníseringu (> 92% Zn)
GB	025				- sinkskán
GB	030				Álskán
GB	040	úr	2620	90	Gjall úr vinnslu góðmálma og kopars til frekari hreinsunar
GB	050				Tingjall sem inniheldur tantal og minna en 0,5% tin

#### GC. ANNAR MÁLMÚRGANGUR

GC	010				Rafmagnssamstæður sem eru eingöngu úr málni eða málmblöndum
GC	020				Rafeindarusl (þ.e. prentplötur, rafeindaíhlutar, vír o.s.frv.) og endurunnir rafeindaíhlutar sem hægt er að endurvinnna ódýra málma og góðmálma úr
GC	030	úr	8908	00	Skip, bátar og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs, sem hafa verið affermd öllu sem kynni að flokkast undir hættuleg efni eða úrgang
GC	040				Flök vélknúinna ökutækja, sem öllum vökvum hefur verið tappað af
GC	050				Notaðir hvatar:
GC	051				- fljótandi sundrunarhvatar (FCC)
GC	052				- hvatar sem í eru góðmálmar
GC	053				- hvatar úr hliðarmálum (t.d. krómi, kóbalti, kopar, járn, nikkili, mangani, molybdeni, wolfram, vanadíumi eða sinki)
GC	060		2618	00	Kvarnað gjall frá járn- eða stálframleiðslu
GC	070	úr	2619	00	Gjall frá járn- eða stálframleiðslu (*)

(\*) Þessi liður tekur til vinnslu titandíoxíðs og vanadíums úr slíku gjalli.

**GD. ÚRGANGUR ÚR NÁMAVINNSLU, Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GD</b>	010	úr	2504	90	Náttúrulegur graffitúrgangur
<b>GD</b>	020	úr	2514	00	Flögusteinn, einnig grófhöggvinn eða einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti
<b>GD</b>	030		2525	30	Gljasteinsúrgangur
<b>GD</b>	040	úr	2529	30	Levsít, nefelín og nefelínsýenítúrgangur
<b>GD</b>	050	úr	2529	10	Feldspatúrgangur
<b>GD</b>	060	úr	2529	21	Flússpat
		úr	2529	22	
<b>GD</b>	070	úr	2811	22	Kísilúrgangur í föstu formi að undanskildum þeim sem er notaður í málmsteypuvinnslu

**GE. GLERÚRGANGUR Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GE</b>	010	úr	7001	00	Frákast og annar úrgangur og rusl úr gleri, að undanskildu gleri frá sjárörum og öðru ávirku gleri
<b>GE</b>	020				Úrgangur úr trefjagleri

**GF. ÚRGANGUR ÚR LEIRVÖRUM Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GF</b>	010				Úrgangur úr leirvörum sem hafa verið brenndar eftir formun, þar með talin leirflát (fyrir og/eða eftir notkun)
<b>GF</b>	020	úr	8113	00	Úrgangur og rusl úr keramikmelmi
<b>GF</b>	030				Leirvörur sem eru aðallega úr trefjum, ót.a.

**GG. ANNAR ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST ÓLÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG LÍFRÆN EFNI**

<b>GG</b>	010				Hluthreinsað kalsíumsúlfat úr brennisteinshreinsun reyks
<b>GG</b>	020				Gipsplötuúrgangur frá niðurrifi á byggingum
<b>GG</b>	030	úr	2621		Botnaska og gjall frá aflstöðvum sem eru kyntar með kolum
<b>GG</b>	040	úr	2621		Svífaska frá aflstöðvum sem eru kyntar með kolum
<b>GG</b>	050				Forskautsstubbar úr jarðolíukoxi og/eða jarðolíubítumeni
<b>GG</b>	060	úr	2803		Notuð virk kol
<b>GG</b>	070		3103	20	Tómasgjall frá járn- eða stálframleiðslu í fosfatáburð og til annarra nota
<b>GG</b>	080	úr	2621	00	Gjall frá koparframleiðslu, efnafræðilega bundið með háu járninnihaldi (yfir 20%) og unnið samkvæmt iðnaðartækniforskriftum (t.d. DIN 4301 og DIN 8201), aðallega til byggingar og slípunar
<b>GG</b>	090				Brennisteinn í föstu formi
<b>GG</b>	100				Kalksteinn frá framleiðslu kalsíumsýanamíðs (með pH undir 9)
<b>GG</b>	110	úr	2621	00	Hlutleyst rauð eða úr álframleiðslu
<b>GG</b>	120				Natríum, kalsíum, kalíumklóríð
<b>GG</b>	130				Kísilkol
<b>GG</b>	140				Brotin steinsteypa
<b>GG</b>	150	úr	2620	90	Líþíumtantal og líþíumníóbíum með glermulningi

**GH. ÚRGANGUR ÚR HARÐPLASTI**

Þar með talið, en takmarkast þó ekki við:

<b>GH</b>	010		3915		Úrgangur, afklippur og rusl úr plasti:
<b>GH</b>	011	úr	3915	10	- Úr etýlenfjölliðum
<b>GH</b>	012	úr	3915	20	- Úr stýrenfjölliðum
<b>GH</b>	013	úr	3915	30	- Úr vinyklóríðfjölliðum
<b>GH</b>	014	úr	3915	90	- Fjölliðað eða blandfjölliðað, til dæmis:
					- pólýprópýlen
					- pólýetýlenterefalat
					- akrýlonítrílblandfjölliða

- bútadíenblandfjöllíða
- stýrenblandfjöllíða
- pólýamíðar
- pólýbútýlentereftalöt
- pólýkarbónöt
- pólýfenýlensúlfíð
- akrýlpólýmerar
- paraffín (C10-C13) (\*)
- pólýúretan (sem ekki er í klórflúorkarbón)
- pólýsílósálon (sílíkön)
- pólýmetýlmetakrýlat
- pólývínýlalkóhól
- pólývínýlbútýral
- pólývínýlasetat
- flúorínað pólýtetraflúoretýlen (teflon, PTFE)

- GH** 015 úr 3915 90 - resín eða þykktar vörur, til dæmis:
- þvagefnisformaldehýðresín
  - fenólformaldehýðresín
  - melamínformaldehýðresín
  - epoxýresín
  - alkýðresín
  - pólýamíð

**GI. ÚRGANGUR ÚR PAPPÍR, PAPPA OG PAPPAVÖRUM**

- GI** 010 4707 Úrgangur og rusl úr pappír eða pappa:
- GI** 011 4707 10 - úr óbleiktum kraftpappír eða kraftpappa eða bylgjupappír eða bylgjupappa
- GI** 012 4707 20 - úr öðrum pappír eða pappa sem aðallega er gerður úr bleiktu kemísku deigi, ekki gegnlitðuð
- GI** 013 4707 30 - úr pappír eða pappa sem aðallega er gerður úr kemísku deigi (t.d. fréttablöð, dagblöð og áþekkar prentvörur)
- GI** 014 4707 90 - þar með talið, en þó ekki takmarkað við:
1. lagskiptur pappi
  2. óflokkaður úrgangur og rusl

**GJ. TEXTÍLÚRGANGUR**

- GJ** 010 5003 Silkiúrgangur (þar með talið hjúpar, ónothæfir til afvinnslu, garnúrgangur og tætt hráefni):
- GJ** 011 5003 10 - hvorki kembdur né greiddur
- GJ** 012 5003 90 - annað
- GJ** 020 5103 Úrgangur úr ull eða fíngerðu eða grófgerðu dýrahári, þ.m.t. garnúrgangur, þó ekki tætt hráefni:
- GJ** 021 5103 10 - afkembur úr ull eða fíngerðu dýrahári
- GJ** 022 5103 20 - annar úrgangur úr ull eða fíngerðu dýrahári
- GJ** 023 5103 30 - úrgangur úr grófgerðu dýrahári
- GJ** 030 5202 Baðmullarúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni):
- GJ** 031 5202 10 - garnúrgangur (þ.m.t. úrgangur þráða)
- GJ** 032 5202 91 - tætt hráefni
- GJ** 033 5202 99 - annað
- GJ** 040 5301 30 Hörruddi og hörúrgangur
- GJ** 050 úr 5302 90 Ruddi og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr hampi (*Cannabis sativa L.*)
- GJ** 060 úr 5303 90 Ruddi og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr jútu og

(\*) Ekki er mögulegt að vinna fjöllíður úr þessum efnum og eru þau notuð sem mýkiefni.

				öðrum bastextíltrefjum (þó ekki hör, hampur og ramí)
<b>GJ</b>	070	úr	5304 90	Ruddi og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr sísalhampi og öðrum textíltrefjum af agavaætt
<b>GJ</b>	080	úr	5305 19	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr kókostrefjum
<b>GJ</b>	090	úr	5305 29	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr abaka (manillahampur eða <i>Musa textilis</i> Nee)
<b>GJ</b>	100	úr	5305 99	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni) úr ramí og öðrum textíltrefjum úr jurtaríkinu, ót.a.
<b>GJ</b>	110		5505	Úrgangur (þ.m.t. afkembur, garnúrgangur og tætt hráefni) úr tilbúnum trefjum:
<b>GJ</b>	111		5505 10	- úr syntetískum trefjum
<b>GJ</b>	112		5505 20	- úr gervitrefjum
<b>GJ</b>	120		6309 00	Notaður fatnaður og aðrar notaðar textílvörur
<b>GJ</b>	130	úr	6310	Notaðar tuskur, úrgangur seglgarns, snæris, reipis og kaðla og úr sér gengnar vörur úr seglgarni, snæri, reipi eða köðlum, úr textílefnum:
<b>GJ</b>	131	úr	6310 10	- flokkað
<b>GJ</b>	132	úr	6310 90	- annað

**GK. GÚMMÍÚRGANGUR**

<b>GK</b>	010		4004 00	Úrgangur, afskurður og rusl úr gúmmí (þó ekki harðgúmmí) og korn úr því
<b>GK</b>	020		4012 20	Notaðir lofthjólbarðar
<b>GK</b>	030	úr	4017 00	Úrgangur og rusl úr harðgúmmí (t.d. ebónít)

**GL. ÓUNNINN ÚRGANGUR ÚR KORKI EÐA VIÐI**

<b>GL</b>	010	úr	4401 30	Viðarúrgangur og viðarrusl, einnig mótað í boli, köggla, kubba eða áþekka mynd
<b>GL</b>	020		4501 90	Korkúrgangur; brotinn, kurlaður eða malaður korkur

**GM. ÚRGANGUR ÚR LANDBÚNAÐARMATVÆLAIÐNAÐI**

<b>GM</b>	070	úr	2307	Víndreggjar
<b>GM</b>	080	úr	2308	Þurrkaður og sæfður jurtaúrgangur, -leifar og -aukaafurðir, einnig í kögglum, sem notað er til dýraeldis, ót.a.:
<b>GM</b>	090		1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi
<b>GM</b>	100		0506 90	Úrgangur úr beinum og hornsló sem er óunnið, fitusneytt, lauslega forunnið (en ekki tilskorið), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt
<b>GM</b>	110	úr	0511 91	Fiskúrgangur
<b>GM</b>	120		1802 00	Kakóskurn, kakóhýði, kakóskæni og annar kakóúrgangur
<b>GM</b>	130			Úrgangur frá framleiðslu matvæla í landbúnaði annar en aukaafurðir sem standast innlendar og alþjóðlegar kröfur og staðla um manneldi og fóður

**GN. ÚRGANGUR ÚR SÚTUN, SKINNAVINNSLU OG LEÐURNOTKUN**

<b>GN</b>	010	úr	0502 00	Úrgangur úr burstum eða hárum af grísum, alísvínum eða villísvínum, greifingjahárum og öðru hári til burstagerðar
<b>GN</b>	020	úr	0503 00	Hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag með eða án stöðefnis
<b>GN</b>	030	úr	0505 90	Úrgangur úr hömum og öðrum hlutum af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, úr fjöðrum og fjaðrahlutum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og úr dún, ekki frekar unninn en hreinsaður, sóttahreinsaður eða varinn skemmdum
<b>GN</b>	040	úr	4110 00	Afklippur og annar úrgangur leðurs eða samsetts leðurs sem er óhæft til framleiðslu á leðurvörum, að undanskilinni leðureðju

**GO. ANNAR ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST LÍFRÆNA  
EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG ÓLÍFRÆN EFNI**

<b>GO</b>	010	úr	0501	00	Úrgangur úr mannshári
<b>GO</b>	020				Hálmúrgangur
<b>GO</b>	030				Myglusveppur með minnkaða virkni úr pensillínframleiðslu sem á að nota í fóður
<b>GO</b>	040				Úrgangur af ljósmyndabasa og ljósmyndafilmum sem inniheldur ekki silfur
<b>GO</b>	050				Einnota myndavélar án rafhlaðna



### III. VIÐAUKI

#### GUL SKRÁ YFIR ÚRGANG (\*)

Óháð því hvort úrgangsefni eru á þessari skrá eða ekki er óheimilt að flytja þau sem grænan úrgang ef þau eru menguð öðrum efnum að því marki að það a) auki áhættu vegna úrgangsins svo mikið að setja beri hann á rauðu skrána eða b) komi í veg fyrir endurnýtingu úrgangsins á vistvænan hátt.

#### AA. ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR MÁLM

AA	010	úr	2619	00	Sindur, hrúður og annar úrgangur frá járn- eða stálframleiðslu (**)
AA	020	úr	2620	19	Sinkaska og leifar (**)
AA	030		2620	20	Blýaska og leifar (**)
AA	040	úr	2620	30	Koparaska og leifar (**)
AA	050	úr	2620	40	Álaska og leifar (**)
AA	060	úr	2620	50	Vanadíumaska og leifar (**)
AA	070		2620	90	Aska og leifar sem innihalda málm eða málm-samsetningar sem eru ekki tilgreindar annars staðar (**)
AA	080				Þallíumúrgangur og leifar (**)
AA	090	úr	2804	80	Arsenúrgangur og leifar (**)
AA	100	úr	2805	40	Kvikasilfursúrgangur og leifar (**)
AA	110				Leifar úr álframleiðslu sem eru ekki tilgreindar annars staðar
AA	120				Galvaníðja
AA	130				Vökvi frá sýruhreinsun málmyfirborðs
AA	140				Leifar lútableytis frá vinnslu á sinki, ryk og eðja svo sem jarósít, hematít, götít. o.s.frv.
AA	150				Leifar í föstu formi sem innihalda góðmálma og snefil af ólífrænu sýaníði
AA	160				Aska, eðja, ryk og aðrar leifar góðmálma, t.d.:
AA	161				- aska frá brennslu á prentplötum
AA	162				- filmuaska
AA	170				Blýraflöður, heilar eða malaðar
AA	180				Notaðar rafhlöður eða rafgeymar, heilir eða malaðir, að undanskildum blýraflöðum og úrgangur og rusl frá framleiðslu á rafhlöðum og geymum, ót.a.

#### AB. ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST ÓLÍFRÆNA EFNISÞETTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG LÍFRÆN EFNÍ

AB	010	2621	00	Önnur aska og leifar (**)	ót.a.
AB	020			Leifar frá brennslu heimilísúrgangs	
AB	030			Úrgangur úr sýaníðlausum kerfum vegna yfirborðsmeðhöndlunar á málmum	
AB	040	úr	7001	00	Gler frá sjárörum og öðru ávirku gleri
AB	050	úr	2529	21	Kalsíumflúoríðeðja
AB	060				Önnur ólífræn flúorsambönd í vökva- eða eðjuformi
AB	070				Sandur frá málmsteypuvinnslu
AB	080				Úrgangshvatar sem eru ekki í grænu skránni

(\*) Þar sem þess er kostur er kenninúmer úr samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (samræmdu tollskránni), sem komið var á með Brussel-samningnum frá 14. júní 1983 á vegum tollasamvinnuráðsins, skráð við hvern lið. Númerið getur átt hvort sem er við úrgang eða framleiðsluvörur. Í þessari reglugerð er ekki fjallað um efni sem ekki eru úrgangsefni. Því er númersins - sem tollstarfsmenn og aðrir nota til að auðvelda störf sín - aðeins látið getið hér til að auðveldara sé að bera kennsl á úrgangsefni sem eru skráð og falla undir þessa reglugerð. Þó ber að nota samsvarandi opinberar skýringar tollasamvinnuráðsins sem leiðbeiningar við að bera kennsl á úrgangsefni sem falla undir almenna vöruliði. Tilgreiningin „úr“ vísar til tiltekins liðar í samræmdu tollskránni. Feitlettraða númerið í fyrsta dálki er OECD-númerið í því eru tveir bókstafir (einn fyrir hverja skrá: G fyrir þá grænu, A fyrir þá gulu og R fyrir þá rauðu, og einn bókstafur fyrir tegund úrgangs: A, B, C, ...) og loks kemur tala.

(\*\*) Skráin tekur til ösku, leifa, gjalls, sindurs, skænis, hrúðurs, dufts, ryks, eðju og köku, nema efnið sé skilmerkilega skráð annars staðar.

<b>AB</b>	090	Úrgangsalhýdröt
<b>AB</b>	100	Úrgangsal
<b>AB</b>	110	Basískar lausnir
<b>AB</b>	120	Ólífræn halógensambönd, ót.a.
<b>AB</b>	130	Notaður sandblásturssandur
<b>AB</b>	140	Gips úr kemískri iðnaðarvinnslu
<b>AB</b>	150	Óhreinsað kalsíumsúlfít og kalsíumsúlfat úr brennisteinshreinsun reyks

**AC. ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST LÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG ÓLÍFRÆN EFNI**

<b>AC</b>	010	úr	2713	90	Úrgangur úr framleiðslu/vinnslu á jarðolíukoxi og bitúmeni, að undanskildum forskautsstubbum
<b>AC</b>	020				Úrgangur úr asfaltsementi
<b>AC</b>	030				Úrgangsolíur sem henta ekki til þeirrar notkunar sem upphaflega var gert ráð fyrir
<b>AC</b>	040				Blýbensíneðja
<b>AC</b>	050				Vökvi til að leiða varma
<b>AC</b>	060				Glussi
<b>AC</b>	070				Bremsuvökvi
<b>AC</b>	080				Frostvökvi
<b>AC</b>	090				Úrgangur úr framleiðslu, lögun og notkun resína, latex, mýkiefna, líma og heftiefna
<b>AC</b>	100	úr	3915	90	Sellulósanítrat
<b>AC</b>	110				Fenól, fenólsambönd, þar með talið klórphenól í vökva- eða eðjuformi
<b>AC</b>	120				Fjöklóruð naftalín
<b>AC</b>	130				Eterar
<b>AC</b>	140				Tríetýlamínhvatar til að herða sandsteypu
<b>AC</b>	150				Klórflúorkolefni
<b>AC</b>	160				Halón
<b>AC</b>	170				Úrgangur úr meðhöndluðum korki og viðarúrgangur
<b>AC</b>	180	úr	4110	00	Leðurryk, -aska, -eðja og mjöl
<b>AC</b>	190				Físlétti hlutinn úr málmættingu
<b>AC</b>	200				Lífræn fosfórsambönd
<b>AC</b>	210				Óhalógenuð leysiefni
<b>AC</b>	220				Halógenuð leysiefni
<b>AC</b>	230				Halógenaðar eða óhalógenaðar leifar frá vatnssnauðri eimingu úr endurnýtingu lífrænna leysiefna
<b>AC</b>	240				Úrgangur úr framleiðslu alífatískra halógenaðra vetniskolefna (svo sem klórómetana, díklóróetans, vínýlklóríðs, vínýlíðenklóríðs, allýlklóríðs og epíklóhýdríns)
<b>AC</b>	250				Hlaðin yfirborðsvirk efni
<b>AC</b>	260				Fljótandi svínaskítur; saur
<b>AC</b>	270				Fráveituvatnseðja

**AD. ÚRGANGUR SEM GETUR INNIHALDIÐ HVORT SEM ER ÓLÍFRÆNA EÐA LÍFRÆNA EFNISÞÆTTI**

<b>AD</b>	010	Úrgangur frá framleiðslu og lögun á lyfjavörum
<b>AD</b>	020	Úrgangur frá framleiðslu, lögun og notkun á lífeyðum og jurtafjum
<b>AD</b>	030	Úrgangur frá framleiðslu, lögun og notkun viðvarnarefna. Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður af einhverju af eftirtöldu:

---

<b>AD</b>	040	-	ólífrænu sýaníði, að undanskildum leifum í föstu formi sem í eru góðmálmar og innihalda snefil af ólífrænum sýaníðum
<b>AD</b>	050	-	lífrænu sýaníði
<b>AD</b>	060		Blöndur og ýrulausnir úrgangsolíu/vatns, kolvatnsefna/vatns
<b>AD</b>	070		Úrgangur úr framleiðslu, lögun og notkun bleks, litunarefna, dreifulita, málningar, lakk málningar, lakks
<b>AD</b>	080		Sprengiefnaúrgangur ef hann fellur ekki undir aðra löggjöf
<b>AD</b>	090		Úrgangur úr framleiðslu, lögun og notkun kemískra efna og framköllunarefna við endurprentun og ljósmyndun, ót.a.
<b>AD</b>	100		Úrgangur úr sýaníðlausum kerfum vegna yfirborðsmeðhöndlunar á plastefnum
<b>AD</b>	110		Súrar lausnir
<b>AD</b>	120		Jónaskiptakvoða
<b>AD</b>	130		Einnota myndavélar með rafhlöðum
<b>AD</b>	140		Úrgangur frá mengunareftirlitsbúnaði í iðnaði til að hreinsa lofttegundir frá iðnaði, ót.a.
<b>AD</b>	150		Náttúrleg lífræn efni sem notuð eru sem síuefni (svo sem lífsúr)
<b>AD</b>	160		Heimilisúrgangur

## IV. VIÐAUKI

### RAUÐSKRÁ YFIR ÚRGANG

Orðin „inniheldur“ og „mengað“ í þessari skrá merkja að viðkomandi efni sé til staðar í það miklu magni að það a) geri úrganginn hættulegan eða b) geri hann óhæfan til endurnýtingar.

#### RA. ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST LÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG ÓLÍFRÆN EFNI

- RA** 010 Úrgangur, efni og vörur sem innihalda, eru úr eða eru menguð fjöklóruðu bifenyli (PCB) og/eða fjöklóruðu terfenyli (PCT) og/eða fjölbrómínuðu bifenyli (PBB), þar með taldar aðrar fjölbrómínaðar hliðstæður þessara efnasambanda, með 50 mg/kg styrkleika eða meira
- RA** 020 Úrgangur sem inniheldur tjöruleifar (að undanskildu asfaltsementi) frá hreinsun, eimingu og hvers konar efnaniðurbroti með varmaorku

#### RB. ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST ÓLÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG LÍFRÆN EFNI

- RB** 010 Asbest (ryk og trefjar)
- RB** 020 Leirtrefjar með svipaða eðlis- og efnafræðilega eiginleika og asbesttrefjar

#### RC. ÚRGANGUR SEM GETUR INNIHALDIÐ HVORT SEM ER ÓLÍFRÆNA EÐA LÍFRÆNA EFNISÞÆTTI

Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður eftirfarandi efnum:

- RC** 010 - sambandi úr sama hópi og fjöklórað díbensófúran
- RC** 020 - sambandi úr sama hópi og fjöklórað díbensódíoxín
- RC** 030 Blýeðja efna til varnar vélabanki
- RC** 040 Peroxíð önnur en vetnisperoxíð“

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 14. nóvember 1996

### um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu(\*)

(Texti sem varðar EES)

(96/660/EB)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 42. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 <sup>(3)</sup> um úrgang, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/350/EB <sup>(4)</sup>, einkum 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 ber að breyta II., III. og IV. viðauka þannig að þeir endurspegli aðeins breytingar sem þegar hafa verið samþykktar samkvæmt endurskoðunartilhögun OECD.

Ráð OECD <sup>(5)</sup> hefur ákveðið, innan ramma endurskoðunartilhögunarinnar, að breyta grænu skránni yfir úrgang.

Nauðsynlegt er að breyta II. viðauka reglugerðarinnar þannig að hann endurspegli þessar breytingar.

Við breytingar á II., III. og IV. viðauka við fyrrnefnda reglugerð nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndarinnar sem stofnuð var samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE um úrgang, eins og henni hefur verið breytt.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fyrrnefndrar nefndar.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 30, 6. 2. 1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 135, 6. 6. 1996, bls. 32.

<sup>(5)</sup> Ráð OECD, 21. september 1995, tilvísun skjals C(95) í 155.

# VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

### GRÆN SKRÁ YFIR ÚRGANG(\*)

Óháð því hvort úrgangsefni eru á þessari skrá eða ekki er óheimilt að flytja þau sem grænan úrgang ef þau eru menguð öðrum efnum að því marki að það a) auki áhættu vegna úrgangsins svo mikið að setja beri hann á gulu eða rauðu skrána eða b) komi í veg fyrir endurnýtingu úrgangsins á vistvænan hátt.

#### GA. ÚRGANGUR ÚR MÁLMI OG MÁLMBLENDI Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI (\*\*)

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr góðmálum og blendi þeirra:

GA	010	úr	7112 10	-	úr gulli,
GA	020	úr	7112 20	-	úr platínu (hugtakið „platína“ á við platínu, íridíum, osmíum, palladíum, ródíum og rúþeníum)
GA	030	úr	7112 90	-	úr öðrum góðmálmi, t.d. silfri

ATH: Kvikasilfur er algerlega útilokað sem mengunarefni í þessum málum og í blendi þeirra og blöndum

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr járni eða stáli:

GA	040		7204 10		Úrgangur og rusl úr steypujárni
GA	050		7204 21		Úrgangur og rusl úr ryðfríu stáli
GA	060		7204 29		Úrgangur og rusl úr öðru stálblendi
GA	070		7204 30		Úrgangur og rusl úr tinuðu járni eða stáli
GA	080		7204 41		Spænic, flísar, fræs, sag, svarf, afskurður og afhögg, einnig í böggum
GA	090		7204 49		Annar úrgangur og rusl úr járni
GA	100		7204 50		Úrgangssteypuhleifar til endurbæðslu
GA	110	úr	7302 10		Notaðir járn- og stálteinar

Eftirtalinn úrgangur og rusl úr öðrum málum en járni og blendi þeirra:

GA	120		7404 00		Koparúrgangur og koparrusl
GA	130		7503 00		Nikkilúrgangur og nikkilrusl
GA	140		7602 00		Álúrgangur og álrusl
GA	150		7802 00		Blýúrgangur og blýrusl
GA	160		7902 00		Sinkúrgangur og sinkrusl
GA	170		8002 00		Tinúrgangur og tinrusl
GA	180	úr	8101 91		Úrgangur og rusl úr wolframi
GA	190	úr	8102 91		Úrgangur og rusl úr mólýbdeni
GA	200	úr	8103 10		Úrgangur og rusl úr tantali
GA	210		8104 20		Úrgangur og rusl úr magnesíum
GA	220	úr	8105 10		Úrgangur og rusl úr kóbalti

(\*) Þar sem þess er kostur er kenninúmer úr samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (samræmdu tollskránni), sem komið var á með Brussel-samningnum frá 14. júní 1983 á vegum tollasamvinnuráðsins, skráð við hvern lið. Númerið getur átt hvort sem er við úrgang eða framleiðsluvörur. Í þessari reglugerð er ekki fjallað um efni sem ekki eru úrgangsefni. Því er númersins - sem tollstarfsmenn og aðrir nota til að auðvelda störf sín - aðeins látið getið hér til að auðvelda sá að bera kennsl á úrgangsefni sem eru skráð og falla undir þessa reglugerð. Þó ber að nota samsvarandi opinberar skýringar tollasamvinnuráðsins sem leiðbeiningar við að bera kennsl á úrgangsefni sem falla undir almenna vöruliði. Tilgreiningin „úr“ vísar til tiltekins liðar í samræmdu tollskránni. Feitletraða númerið í fyrsta dálki er OECD-númerið; í því eru tveir bókstafir (einn fyrir hverja skrá: G fyrir þá grænu, A fyrir þá gulu og R fyrir þá rauðu, og einn bókstafur fyrir tegund úrgangs: A, B, C, ...) og loks kemur tala.

(\*\*) Úrgangur „sem tvístrast ekki“ tekur ekki til úrgangs sem er duft, eðja, ryk eða fastir hlutir sem í er hættulegur vökvaúrgangur.

GA	230	úr	8106 00	Úrgangur og rusl úr bismúti
GA	240	úr	8107 10	Úrgangur og rusl úr kadmíum
GA	250	úr	8108 10	Úrgangur og rusl úr titani
GA	260	úr	8109 10	Úrgangur og rusl úr sirkóníum
GA	270	úr	8110 00	Úrgangur og rusl úr antímoni
GA	280	úr	8111 00	Úrgangur og rusl úr mangan
GA	290	úr	8112 11	Úrgangur og rusl úr beryllíum
GA	300	úr	8112 20	Úrgangur og rusl úr krómi
GA	310	úr	8112 30	Úrgangur og rusl úr germaníum
GA	320	úr	8112 40	Úrgangur og rusl úr vanadíum
		úr	8112 91	Úrgangur og rusl úr:
GA	330			- hafníum
GA	340			- indíum
GA	350			- níóbíum
GA	360			- reníum
GA	370			- gallíum
GA	380			- þallíum
GA	390	úr	2844 30	Úrgangur og rusl úr þóríum
GA	400	úr	2804 90	Úrgangur og rusl úr selen
GA	410	úr	2804 50	Úrgangur og rusl úr tellúr
GA	420	úr	2805 30	Úrgangur og rusl úr sjaldgæfum jarðefnum

#### GB. ANNAR MÁLMÚRGANGUR FRÁ BRÆÐSLU OG HREINSUN MÁLMA

GB	010		2620 11	Smástangir harðsinks
GB	020			Sink sem inniheldur sora:
GB	021			- galvaniseringarsori, yfirborð (> 90% Zn)
GB	022			- galvaniseringarsori, botn (> 92% Zn)
GB	023			- sinksori frá steypumóti (> 85% Zn)
GB	024			- sinksori frá hitagalvanisringu (> 92% Zn)
GB	025			- sinkskán
GB	030			Álskán
GB	040	úr	2620 90	Gjall úr vinnslu góðmálma og kopars til frekari hreinsunar
GB	050	úr	2620 90	Tingjall sem inniheldur tantal og minna en 0,5% tin

#### GC. ANNAR MÁLMÚRGANGUR

GC	010			Rafmagnssamstæður sem eru eingöngu úr málmum eða málmblöndum
GC	020			Rafeindarusl (þ.e. prentplötur, rafeindaíhlutar, vír o.s.frv.) og endurunnir rafeindaíhlutar sem hægt er að endurvinnna ódýra málma og góðmálma úr
GC	030	úr	8908 00	Skip, bátar og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs, sem hafa verið affermd öllu sem kynni að flokkast undir hættuleg efni eða úrgang
GC	040			Flök vélknúinna ökutækja, sem öllum vökvum hefur verið tappað af
GC	050			Notaðir hvatar:
GC	051			- fljótandi sundrunarhvatar (FCC)
GC	052			- hvatar sem í eru góðmálmar
GC	053			- hvatar úr hliðarmálmum (t.d. krómi, kóbalti, kopar, járn, nikkili, mangani, mólýbdeni, wolfram, vanadíum eða sinki)
GC	070	úr	2619 00	Gjall frá járn- eða stálframleiðslu (að meðtalinni framleiðslu lítt blandaðs stáls), þó ekki gjall sem er sérstaklega framleitt þannig að það standist innlendar og alþjóðlegar kröfur og staðla (*)
GC	080			Spænir frá fræsivélum (málmar sem innihalda járn)

(\*) Þessi liður tekur til vinnslu titandíoxíðs og vanadíums úr slíku gjalli.

**GD. ÚRGANGUR ÚR NÁMAVINNSLU, Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GD</b>	010	úr	2504 90	Náttúrlegur grafítúrgangur
<b>GD</b>	020	úr	2514 00	Flögusteinn, einnig grófhöggvinn eða einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti
<b>GD</b>	030		2525 30	Gljásteinsúrgangur
<b>GD</b>	040	úr	2529 30	Levsít, nefelín og nefelínsýenítúrgangur
<b>GD</b>	050	úr	2529 10	Feldspatúrgangur
<b>GD</b>	060	úr	2529 21	Flússpat
		úr	2529 22	
<b>GD</b>	070	úr	2811 22	Kísilúrgangur í föstu formi að undanskildum þeim sem er notaður í málmsteypuvinnslu

**GE. GLERÚRGANGUR Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GE</b>	010	úr	7001 00	Frákast og annar úrgangur og rusl úr gleri, að undanskildu gleri frá sjárörum og öðru ávirku gleri
<b>GE</b>	020			Úrgangur úr trefjagleri

**GF. ÚRGANGUR ÚR LEIRVÖRUM Í FORMI SEM TVÍSTRAST EKKI**

<b>GF</b>	010			Úrgangur úr leirvörum sem hafa verið brenndar eftir formun, þar með talin leirflát (fyrir og/eða eftir notkun)
<b>GF</b>	020	úr	8113 00	Úrgangur og rusl úr keramikmelmi
<b>GF</b>	030			Leirvörur sem eru aðalleGA úr trefjum, ót.a.

**GG. ANNAR ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST ÓLÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG LÍFRÆN EFNÍ**

<b>GG</b>	010			Hluthreinsað kalsíumsúlfat úr brennisteinshreinsun reyks
<b>GG</b>	020			Gipsplötuúrgangur frá niðurrifi á byggingum
<b>GG</b>	030	úr	2621	Botnaska og gjall frá aflstöðvum sem eru kyntar með kolum
<b>GG</b>	040	úr	2621	Svifaska frá aflstöðvum sem eru kyntar með kolum
<b>GG</b>	050			Forskautsstubbar úr jarðolíukoxi og/eða jarðolíubítumeni
<b>GG</b>	060	úr	2803	Notuð virk kol
<b>GG</b>	080	úr	2621 00	Gjall frá koparframleiðslu, efnafræðileGA bundið með háu járninnihaldi (yfir 20%) og unnið samkvæmt iðnaðartækniforskriftum (t.d. DIN 4301 og DIN 8201), aðallega til byggingar og slípunar
<b>GG</b>	090			Brennisteinn í föstu formi
<b>GG</b>	100			Kalksteinn frá framleiðslu kalsíumsýanamíðs (með pH undir 9)
<b>GG</b>	110	úr	2621 00	Hlutleyst rauð eðja úr álframleiðslu
<b>GG</b>	120			Natríum, kalsíum, kalíumklóríð
<b>GG</b>	130			Kísilkol
<b>GG</b>	140			Brotin steinsteypa
<b>GG</b>	150	úr	2620 90	Líþíumtantal og líþíumníóbíum með glermulningi

**GH. ÚRGANGUR ÚR HARÐPLASTI**

Þar með talið, en takmarkast þó ekki við:

<b>GH</b>	010		3915	Úrgangur, afklippur og rusl úr plasti:
<b>GH</b>	011	úr	3915 10	- úr etýlenfjölliðum
<b>GH</b>	012	úr	3915 20	- úr stýrenfjölliðum
<b>GH</b>	013	úr	3915 30	- úr vínýlklóríðfjölliðum
<b>GH</b>	014	úr	3915 90	- fjölliðað eða blandfjölliðað, til dæmis:



			-	pólýprópýlen
			-	pólýetýlentereftalat
			-	akrýlonítrílblandfjölliða
			-	bútadíenblandingfjölliða
			-	stýrenblandingfjölliða
			-	pólýamíðar
			-	pólýbútýlentereftalöt
			-	pólýkarbónöt
			-	pólýfenýlensúlfíð
			-	akrýlpólýmerar
			-	paraffín (C10-C13) (*)
			-	pólýúretan (sem ekki er í klórflúorkarbón)
			-	pólýsílósálon (sílíkón)
			-	pólýmetýlmetakrýlat
			-	pólývínýlalkóhól
			-	pólývínýlbútýral
			-	pólývínýlasetat
			-	flúorínáð pólýtetraflúoretýlen (teflon, PTFE)
<b>GH</b>	015	úr 3915 90	-	resín eða þykktar vörur, til dæmis:
			-	þvagefnisformaldehýðresín
			-	fenólformaldehýðresín
			-	melamínformaldehýðresín
			-	epoxýresín
			-	alkýðresín
			-	pólýamíð

#### GI. ÚRGANGUR ÚR PAPPÍR, PAPPA OG PAPPAVÖRUM

<b>GI</b>	010	4707 00	Úrgangur og rusl úr pappír eða pappa:
<b>GI</b>	011	4707 10	- úr óbleiktum kraftpappír eða kraftpappa eða bylgjupappír eða bylgjupappa
<b>GI</b>	012	4707 20	- úr öðrum pappír eða pappa sem aðallega er gerður úr bleiktu kemísku deigis, ekki gegnlituðu
<b>GI</b>	013	4707 30	- úr pappír eða pappa sem aðallega er gerður úr kemísku deigi (t.d. fréttablöð, dagblöð og áþekkar prentvörur)
<b>GI</b>	014	4707 90	- þar með talið, en þó ekki takmarkað við: 1. lagskiptur pappi 2. óflokkaður úrgangur og rusl

#### GJ. TEXTÍLÚRGANGUR

<b>GJ</b>	010	5003	Silkiúrgangur (þar með talið hjúpar, ónothæfir til afvinnslu, garnúrgangur og tætt hráefni):
<b>GJ</b>	011	5003 10	- hvorki kembdur né greiddur
<b>GJ</b>	012	5003 90	- annað
<b>GJ</b>	020	5103	Úrgangur úr ull eða fíngerðu eða grófgerðu dýrahári, þ.m.t. Garnúrgangur, þó ekki tætt hráefni:
<b>GJ</b>	021	5103 10	- afkembur úr ull eða fíngerðu dýrahári
<b>GJ</b>	022	5103 20	- annar úrgangur úr ull eða fíngerðu dýrahári
<b>GJ</b>	023	5103 30	- úrgangur úr grófgerðu dýrahári
<b>GJ</b>	030	5202	Baðmullarúrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni):
<b>GJ</b>	031	5202 10	- Garnúrgangur (þ.m.t. úrgangur þráða)
<b>GJ</b>	032	5202 91	- tætt hráefni

(\*) Ekki er mögulegt að fjölliða þessi efni og eru þau notuð sem mýkiefni.

<b>GJ</b>	033	5202 99	- annað
<b>GJ</b>	040	5301 30	Hörruddi og hörúrgangur
<b>GJ</b>	050	úr 5302 90	Ruddi og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr hampi ( <i>Cannabis sativa L.</i> )
<b>GJ</b>	060	úr 5303 90	Ruddi og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr jútu og öðrum basttextíltrefjum (þó ekki hör, hampur og ramí)
<b>GJ</b>	070	úr 5304 90	Ruddi og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr sísalhampi og öðrum textíltrefjum af agavaætt
<b>GJ</b>	080	úr 5305 19	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr kókostrefjum
<b>GJ</b>	090	úr 5305 29	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr abaka (manillahampur eða <i>Musa textilis Nee</i> )
<b>GJ</b>	100	úr 5305 99	Ruddi, afkembur og úrgangur (þ.m.t. Garnúrgangur og tætt hráefni) úr ramí og öðrum textíltrefjum úr jurtaíkinu, ót.a.
<b>GJ</b>	110	5505	Úrgangur (þ.m.t. afkembur, Garnúrgangur og tætt hráefni) úr tilbúnum trefjum:
<b>GJ</b>	111	5505 10	- úr syntetískum trefjum
<b>GJ</b>	112	5505 20	- úr gervitrefjum
<b>GJ</b>	120	6309 00	Notaður fatnaður og aðrar notaðar textílvörur
<b>GJ</b>	130	úr 6310	Notaðar tuskur, úrgangur seglgarns, snæris, reipis og kaðla og úr sér gengnar vörur úr seglgarni, snæri, reipi eða köðlum, úr textílefnum:
<b>GJ</b>	131	úr 6310 10	- flokkað
<b>GJ</b>	132	úr 6310 90	- annað

**GK. GÚMMÍÚRGANGUR**

<b>GK</b>	010	4004 00	Úrgangur, afskurður og rusl úr gúmmí (þó ekki harðgúmmí) og korn úr því
<b>GK</b>	020	4012 20	Notaðir lofthjólbarðar
<b>GK</b>	030	úr 4017 00	Úrgangur og rusl úr harðgúmmí (t.d. ebónít)

**GL. ÓUNNINN ÚRGANGUR ÚR KORKI EÐA VIÐI**

<b>GL</b>	010	úr 4401 30	Viðarúrgangur og viðarrusl, einnig mótað í boli, köggla, kubba eða áþekka mynd
<b>GL</b>	020	4501 90	Korkúrgangur; brotinn, kurlaður eða malaður korkur

**GM. ÚRGANGUR ÚR LANDBÚNAÐARMATVÆLAIÐNAÐI**

<b>GM</b>	070	úr 2307	Víndreggjar
<b>GM</b>	080	úr 2308	Þurrkaður og sæfður jurtaúrgangur, -leifar og -aukaafurðir, einnig í kögglum, sem notað er til dýraeldis, ót.a.:
<b>GM</b>	090	1522	Degrar; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi
<b>GM</b>	100	0506 90	Úrgangur úr beinum og hornsló sem er óunnið, fitusneytt, lauslega forunnið (en ekki tilskorið), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt
<b>GM</b>	110	úr 0511 91	Fiskúrgangur
<b>GM</b>	120	1802 00	Kakóskurn, kakóhýði, kakóskæni og annar kakóúrgangur
<b>GM</b>	130		Úrgangur frá framleiðslu matvæla í landbúnaði annar en aukaafurðir sem standast innlendar og alþjóðlegar kröfur og staðla um manneldi og fóður

**GN. ÚRGANGUR ÚR SÚTUN, SKINNAVINNSLU OG LEÐURNOTKUN**

<b>GN</b>	010	úr 0502 00	Úrgangur úr burstum eða hárum af grísum, alisvínum eða villisvínum, greifingjahárum og öðru hári til burstagerðar
<b>GN</b>	020	úr 0503 00	Hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag með eða án stoðefnis
<b>GN</b>	030	úr 0505 90	Úrgangur úr hömum og öðrum hlutum af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, úr fjöðrum og fjaðrahlutum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og úr dún, ekki frekar unninn en hreinsaður, sóthhreinsaður eða varinn skemmdum

**GN** 040 úr 4110 00 Afklippur og annar úrgangur leðurs eða samsetts leðurs sem er óhæft til framleiðslu á leðurvörum, að undanskilinni leðureðju

**GO. ANNAR ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR FYRST OG FREMST LÍFRÆNA EFNISÞÆTTI, EN KANN AÐ INNIHALDA MÁLMA OG ÓLÍFRÆN EFNI**

**GO** 010 úr 0501 00 Úrgangur úr mannhári  
**GO** 020 Hálmúrgangur  
**GO** 030 Myglusveppur með minnkaða virkni úr pensillínframleiðslu sem á að nota í fóður  
**GO** 040 Úrgangur af ljósmyndabasa og ljósmyndafilmum sem inniheldur ekki silfur  
**GO** 050 Einnota myndavélar án rafhlaðna“

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**RÍKISAÐSTOÐ**  
**(95-010 Noregur)**

**98/EES/5/14**

**Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og aðila sem eiga hagsmuna að gæta um ríkisaðstoð sem felst í mismunandi skattaálgögum vegna almannatrygginga eftir landsvæðum (Noregur) (Aðstoð nr. 95-010)**

Með ákvörðun 246/97/COL frá 19. nóvember 1997, en meginefni hennar er rakið hér á eftir, hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Norsku ríkisstjórninni hefur verið sent eintak af ákvörðuninni til upplýsingar.

### I. INNGANGUR

#### Formleg rannsókn

Í 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir: „*Eftirlitsstofnun EFTA skal í samvinnu við EFTA-ríkin hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Hún skal leggja til við þau að þau geri viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun eða framkvæmd EES-samningsins.*”

Í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir: „*Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að því eftir að hafa bedið hlutadeigandi aðila um að gera athugasemdir, að aðstoð sem EFTA-ríki veitir eða er veitt af fjármunum EFTA-ríkis samræmist ekki framkvæmd EES-samningsins með tilliti til 61. gr. EES-samningsins, eða aðstoðin er misnotuð skal hún taka ákvörðun um að hlutadeigandi EFTA-ríki skuli leggja niður eða breyta aðstoðinni innan frests sem eftirlitsstofnunin ákveður.*”

Eftirlitsstofnun EFTA ber skylda til að hefja málsmeðferð, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í hvert sinn sem hún telur einhvern vafa leika á að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Málsmeðferðin á alltaf við, hvort sem um er að ræða aðstoð sem tilkynnt hefur verið, sem ekki hefur verið tilkynnt eða aðstoð sem er við lýði, þótt að í síðastnefnda tilvikinu skuli fyrst leggja til „viðeigandi ráðstafanir”.

Ákvörðun um að hefja málsmeðferð er tekin með fyrirvara um lokaákvörðun sem gæti verið að aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Markmiðið með málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er að tryggja ítarlega rannsókn máls þar sem öllum hlutadeigandi aðilum gefst kostur á að skýra mál sitt.

#### Forsaga máls

Eftirlitsstofnunin bað norsk yfirvöld með bréfum dagsettum 16. júní 1995 og 30. ágúst 1995 um að leggja fram fullkomnar upplýsingar um núverandi álagningarkerfi vegna almannatrygginga. Beiðnin varðaði einkum kerfið sem gerir ráð fyrir misháum framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum í því skyni að rannsaka hvort þetta kerfi fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og ef svo væri í hvaða mæli væri hægt að beita einhverju af undanþáguákvæðum 3. mgr. 61. gr.

Norsk yfirvöld svöruðu beiðni Eftirlitsstofnunarinnar með bréfum dagsettum 5. og 19. september 1995. Eftirlitsstofnunin átti nokkra óformlega og tæknilega fundi með norskum yfirvöldum á tímabilinu frá því vorið 1995 til mars árið 1997 um fyrirkomulagið sem verið var að athuga. Norsk yfirvöld hafa, m.a. í tengslum við fyrrnefnda fundi, lagt fram frekari upplýsingar sem skipta máli vegna rannsóknar Eftirlitsstofnunarinnar.

Eftirlitsstofnunin tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um rannsóknina í samræmi við f-lið bókunar 27 við EES-samninginn og móttók athugasemdir þeirra<sup>(1)</sup> við upphaflegt mat samkeppnis- og ríkisaðstoðardeildar Eftirlitsstofnunarinnar.

Í ákvörðun<sup>(2)</sup> frá 14. maí 1997 komst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að lægri skattstig á skattsvæðum 2-5 í norska kerfinu fyrir mismunandi framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í sömu ákvörðun lagði hún til, á grundvelli 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ýmsar „viðeigandi ráðstafanir“, til þess að kerfið fyrir mismunandi framlög<sup>(3)</sup> atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum samrýmdist EES-samningnum. Um þetta er fjallað í 1. tl. III. þáttar þessarar ákvörðunar.

Eftirlitsstofnunin fór þess á leit við norsku ríkisstjórnina að hún samþykkti tillöguna um viðeigandi ráðstafanir eða legði að öðrum kosti fram athugasemdir innan tveggja mánaða frá því að henni barst ákvörðunin.

Eins og um getur í 2. tl. III. þáttar þessarar ákvörðunar svöruðu norsk yfirvöld því til að þau gætu ekki fallist á viðeigandi ráðstafanir sem lagðar voru til.

Í III. þætti þessarar ákvörðunar er gerð grein fyrir mati Eftirlitsstofnunarinnar á þessu máli.

## II. MÁLSATVIK

### 1. Grundvallareinkenni norska almannatryggingakerfisins og fjármögnun þess

#### 1.1 Almennatryggingar í Noregi („Folketrygden”)

Skyldutryggingar ná til allra einstaklinga sem búa eða starfa í Noregi samkvæmt norskum almannatryggingalögum frá 17. júní 1966. Einstaklingar sem kerfið tekur til eiga rétt á víðtækum bótum, svo sem ellilífeyri, eftirlifendabótum, örorkubótum, endurhæfingarbótum, læknishjálp og bótum vegna starfsörorku, launabótum ef um er að ræða veikindi og barneignarleyfi og atvinnuleysisdagpeningum. Heildarútgjöld vegna almannatryggingakerfisins námu 125 milljörðum NOK á árinu 1995.

Þegar norska almannatryggingakerfinu var komið á fót var það fjármagnað af fjórum tekjustofnum, þ.e.:

- framlagi starfsmanna til almannatrygginga,
- framlagi atvinnurekenda til almannatrygginga,
- framlögum úr ríkissjóði og
- framlögum frá sveitarfélögum.<sup>(4)</sup>

Af ýmsum orsökum hafa upphaflegar fjáruppsprettur almannatryggingakerfisins reynst verulega ófullnægjandi. Áætlaðar heildartekjur af sérstökum tryggingargjöldum námu árið 1995 um 86 milljörðum NOK. Því hefur almannatryggingakerfið smám saman þróast úr hefðbundnu „tryggingakerfi“ í óaðskiljanlegan hluta af fjármálum ríkisins. Tekjur eru ekki eyrnamerkta og bæði tekju- og útgjaldaliðir falla að öllu leyti undir ríkisfjárlög.

(1) Bréf frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, stjórnardeild IV- samkeppnismál og ríkisaðstoð frá 28. mars 1997 (tilv. skjal nr. 97-1924 A).

(2) Ákvörðun nr. 145/97/COL.

(3) Hér á eftir einnig vísað til sem skattstiga.

(4) Afnumið frá og með 1992.

## 1.2. Mismunandi framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum

Framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eru á eftir virðisaukaskatti mikilvægasti einstaki tekjustofn ríkisins. Fyrir 1995 voru tekjur af framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga metnar um 47 milljarðar NOK, sem eru 11 prósent af tekjum samkvæmt fjárlögum. Framlög til almannatrygginga, ásamt öðrum sköttum og gjöldum, eru árlega ákveðin af norska stórþinginu sem hluti ríkisfjárlaga.

Skattarnir eru reiknaðir af brúttótekjum einstakra starfsmanna. Skattstigun eru á bilinu 0,0 prósent til 14,1 prósent eftir því á hvaða skattsvæði starfsmaður er skráður með fasta búsetu. Mismunurinn á skattstigum á viðkomandi skattsvæðum hefur þó engin áhrif á einstaklingsbundin réttindi í almannatryggingakerfinu.

Kerfinu fyrir mismunandi skattstig eftir landsvæðum var komið á fót árið 1975<sup>(5)</sup> af byggðapólitískum ástæðum. Landinu var þá skipt í þrjú skattsvæði. Þrjú skattstig 17, 16 og 14 prósent komu í stað eins skattstigs sem áður var 16,7 prósent. Síðar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á kerfinu, sem taka bæði til landfræðilegrar afmörkunar og skattstiga á einstökum svæðum. Tafla 1 hér á eftir sýnir skattstig í gildi frá 1. janúar 1995 og íbúafjölda hvers skattsvæðis. Meðalskattstig er 12,6 prósent.

Tafla 1 Framlög atvinnurekenda til almannatrygginga (1995)

Skatt svæði	Landsvæði	Skattstig í %	Hluti af heildaríbúafjölda í % <sup>(6)</sup>
1	Miðsvæði í Suður-Noregi	14,1	73,0
2	Önnur svæði í Suður-Noregi	10,6	14,8
3	Strandsvæði í miðhluta Noregs	6,4	0,4
4	Norður-Noregur (að undanskildu svæði 5)	5,1	9,5
5	Finnmörk/Norðurhluti Troms	0,0	2,3

Skattsvæðin voru síðast endurskoðuð árið 1988. Síðan þá hafa eingöngu minniháttar breytingar verið gerðar á kerfinu.

Norsk yfirvöld lýsa meginéinkennum kerfisins fyrir mishá framlög atvinnurekenda til almannatrygginga á eftirfarandi hátt:

- viðkomandi framlög tengjast skráðri fastri búsetu (sveitarfélagi)<sup>(7)</sup> hvers starfsmanns, en ekki staðsetningu fyrirtækisins,
- kerfinu er beitt á sjálfvirkan hátt á grundvelli almennra viðmiða og það er ótímabundið,
- kerfið er hlutlaust hvað varðar atvinnugrein, stærð fyrirtækis, starfsgrein/atvinnustarfsemi, eignarform o.s.frv.,
- kerfið tekur til allra starfsmanna bæði í einkageiranum og hinum opinbera að stjórnsýslunni undanskilinni sem verður að greiða hámarksprósentu án tillits til búsetu starfsmanns,
- kerfið tekur til erlendra starfsmanna sem búa í Noregi ef þeir eru í almannatryggingakerfinu,
- framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eru hlutlaus hvað varðar ríkisfang atvinnurekenda.

## 2. Skattsvæði 2-5 - Íbúadreifing

Skattsvæði 2-5 telja 27% af heildaríbúafjölda. Samkvæmt þætti 28.2.3 í Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar<sup>(8)</sup> (leiðbeiningar um ríkisaðstoð) kunna svæði sem svara til "NUTS III" svæða með íbúafjölda undir 12,5 íbúa á ferkílómetra að uppfylla skilyrði fyrir svæðaaðstoð samkvæmt undanþágunni í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(5)</sup> Frumvarp fyrir norska stórþingið, nr. 12, 1974-75.

<sup>(6)</sup> Fyrir 1. janúar 1995.

<sup>(7)</sup> Eins og skilgreint er í lögum nr. 1. frá 16. janúar 1970 „Lov om folkeregistrering“.

<sup>(8)</sup> Teknar upp og gefnar út af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994, tilv. Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994. 28. kafli leiðbeininganna um ríkisaðstoð var breytt 20. júlí 1994, tilv. Stjtið. EB nr. L 240, 15. 9. 1994.

Tafla 2 hér á eftir sýnir íbúafjölda og íbúafjölda á ferkílómetra í hverju fylki (NUTS III svæði), og fyrir þá hluta hvers fylkis sem falla undir skattsvæði 2-5. Meðalíbúafjöldi í hverju hinna níu fylkja sem skráð eru í efri hluta töflu 2 er undir 12,5 íbúar á ferkílómetra, á meðan hann er yfir þessari viðmiðun í þeim sem skráð eru í neðri hluta töflunnar. Fylkin níu sem talin eru upp í efri hluta töflu 2 taka yfir stærra svæði hvað varðar hlutfall af íbúafjölda en skattsvæði 2-5 og telja 31% af heildaríbúafjölda Noregs.

Tafla 2 Íbúafjöldi, íbúar og skattsvæði (1995)

Fylki/Nuts III	Allt fylkið		Hluti sem fellur undir skattsvæði 2-5		Skattsvæði
	Íbúar	Íbúar/km <sup>2</sup>	Íbúar	Íbúar/km <sup>2</sup>	
Fylki með < 12,5 íbúar/km <sup>2</sup>					
Finnmörk	76 629	1,7	76 629	1,7	svæði 5
Troms	150 636	6,0	150 636	6,0	svæði 4 og 5
Norðland	241 426	6,6	241 426	6,6	svæði 4
Norður-Þrándalög	127 537	6,1	52 621	3,2	svæði 1, 2 og 4
Sogn og Firðirnir	107 609	6,0	107 609	6,0	svæði 2
Aust-Agder	99 615	11,7	14 426	2,3	svæði 1 og 2
Þélmörk	163 141	11,5	46 830	3,9	svæði 1 og 2
Upplönd	183 301	7,6	73 769	3,6	svæði 1 og 2
Heiðmörk	186 593	7,2	62 198	3,0	svæði 1 og 2
Samanlagt:	1 336 487		826 144		
Fylki með > 12,5 íbúar/km <sup>2</sup>					
Ósló	483 401	1 133,2	0	-	svæði 1
Akershus	434 451	94,7	0	-	svæði 1
Austfold	239 382	61,6	0	-	svæði 1
Vestfold	203 240	95,0	0	-	svæði 1
Buskerud	228 498	16,4	24 443	3,0	svæði 1 og 2
Vest-Agder	149 500	21,8	5 681	1,9	svæði 1 og 2
Rygjafylki	354 447	41,0	22 332	5,0	svæði 1 og 2
Hörðaland	422 554	28,1	107 249	9,1	svæði 1 og 2
Mæri og Raumsdalur	240 146	16,4	101 087	8,2	svæði 1, 2 og 3
Suður-Þrándalög	256 304	14,3	69 750	4,4	svæði 1, 2 og 3
Samanlagt	3 011 923		330 542		
Alls	4 348 410		1 156 686		

Heimild: Sveitarstjórna- og vinnumálaráðuneytið

### 3. Efnahagsleg áhrif kerfisins

#### 3.1 Áætlaður ávinningur af lægri skattstigum á svæðum 2-5

Eftirlitsstofnunin hefur falið óháðum ráðgjafa að kanna<sup>(9)</sup> efnahagsleg áhrif kerfisins. Í skýrslu ráðgjafans er gerð grein fyrir áætluðum ávinningi af mismunandi skattstigum eftir atvinnugrein, stærð fyrirtækis, skattsvæði og landshluta. Áætlaður ávinningur er í þessu samhengi skilgreindur sem mismunurinn á áætluðum tekjum ef hæsta skattstiginu (á skattsvæði 1) hefði almennt verið beitt<sup>(10)</sup> og raunverulegum tekjum af framlagi atvinnurekenda til almannatrygginga á skattsvæðum 2-5.

<sup>(9)</sup> „Benefits from reduced pay-roll taxes in Norway“ eftir Arild Hervik, Bedriftsøkonomisk Institutt, BI (1996).

<sup>(10)</sup> Það er undirskilið að hvorki launa- og starfsstig né skipting atvinnustarfsemi eftir sviðum og landsvæðum verði fyrir áhrifum af skattstiginu. Þetta felur í sér að tilhneiging er til að ofmeta ávinning fyrirtækja á svæðum 2-5.

Tafla 3 hér á eftir sýnir tölur frá 1994<sup>(1)</sup> um áætlaðan ávinning af lægri skattstigum og skiptingu hans eftir skattsvæðum og atvinnugreinaflokkun. Heildarávinningur reiknaður í samræmi við fyrrnefnda skilgreiningu er talinn nema 4.473 milljónum NOK. Af þessu má eigna Norður-Noregi (skattsvæði 4-5) 3.102 milljónir NOK eða nálægt 70% af heildarfjárhæðinni.

Tafla 3 Áætlaður ávinningur miðað við svæði og atvinnugreinaflokkun. Í milljónum NOK (1994)

Atvinnugreinaflokkun (ISIC)	Svæði 5	Svæði 4	Svæði 3	Svæði 2	Greinin samtals	% af heildarupphæð
Undirstöðuiðnaður	12,9	48,6	6,2	46,5	114,2	2,6 %
Olúvinnsla, námuvinnsla og grjótnám	38,1	28,6	0,4	22,6	89,7	2,0 %
Framleiðslu- og vinnsluiðnaður	118,9	312,2	12,7	324,1	767,9	17,2 %
Rafmagns-,gas- og vatnsveita	20,7	45,3	1,4	37,6	105,0	2,3 %
Byggingariðnaður	47,1	146,2	5,9	99,3	298,5	6,7 %
Vöruviðskipti, veitingahúsa- og hótélstarfsemi	121,6	338,2	5,6	150,7	616,1	13,8 %
Samgöngur og fjarskipti	55,6	175,4	6,2	79,1	316,3	7,1 %
Fjármögnun, tryggingar, o.s.frv.	39,5	150,3	2,8	64,4	257,0	5,7 %
Önnur samfélags- og einstaklingsþjónusta	79,2	146,7	5,2	81,1	312,2	7,0 %
Opinber stjórnarsýsla	312,0	812,9	19,9	374,5	1 519,3	34,0 %
Ótilgreint	16,5	35,6	1,6	23,3	77,0	1,7 %
Samtals	862,1	2 240,0	67,9	1 303,2	4 473,2	100 %
Hlutfall af heildarupphæð	19,3 %	50,1 %	1,5 %	29,1 %	100,0%	

Heimild: Hervik, „Benefits from reduced pay-roll taxes in Norway”

Skýrsla ráðgjafans sýnir að árið 1994 var hægt að eigna opinbera geiranum (bæjarfélögum og fylkjum) 1.519 milljónir NOK, sem samsvara um einum þriðja að heildarávinningnum á meðan framleiðslu- og vinnsluiðnaðurinn stóð fyrir um 17% af heildarupphæðinni.

Um 23 prósent af norska framleiðslu- og vinnsluiðnaðinum með samanlagða veltu sem nam 79 milljörðum NOK á árinu 1994 voru á skattsvæðum 2-5<sup>(12)</sup>. Áætlaður ávinningur iðnfyrirtækja á sama svæði nam 767,9 milljónum NOK sem samsvarar um 1 prósent af veltu þeirra. Samkvæmt útreikningum ráðgjafa Eftirlitsstofnunarinnar má rekja 16 prósent af þeirri upphæð, 124,9 milljónir NOK til stórfyrirtækja með fleiri en 250 starfsmenn.

Ráðgjafi stofnunarinnar áætlaði að ávinningur á hvern starfsmann í framleiðslu- og vinnsluiðnaðinum hefði árið 1994 verið 7 000 NOK á svæði 2, 19 000 NOK á svæði 4 og 29 000 NOK á svæði 5.

Eins og útskýrt er hér að framan eru framlög atvinnurekenda til almannatrygginga reiknuð sem hlutfall af brúttótekjum hvers starfsmanns. Raunverulegt skattstig sem notað er miðast við skráð aðsetur starfsmannsins. Þar sem flestir starfsmenn starfa nálægt heimili sínu má ætla að framlög atvinnurekenda til almannatrygginga á tilteknu skattsvæði tengist alla jafna starfsmönnum búsettum á sama svæði. Þetta er staðfest í töflu 4. Feitletruðu tölurnar um einstök landsvæði sem sýndar eru skáhallt í töflu 4 leiða í ljós að hægt er að tengja meirihluta skatttekna starfsmönnum sem búa á sama skattsvæði og þeir starfa. (Þetta sést auðvitað ekki á skattsvæði 5 þar sem skattstig er núll og engar tekjur.)

<sup>(1)</sup> Almenn skattstig voru leiðrétt með 0,2 prósentustiga lækkun á skattsvæðum 1-4 með gildistöku frá 1. janúar 1995. Leiðréttingin hafði í för með sér m.a. að skattstig á svæði 1 var lækkað úr 14,3 prósentum í 14,1 prósent.

<sup>(12)</sup> Reiknað útfrá veltu.



Tafla 4 Tekjur af framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga. Í milljónum NOK (1994)

		Búsetusvæði starfsmanna					Samtals
		Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Svæði 5	
Staðsetning atvinnurekenda	<b>Svæði 1</b>	<b>33916</b>	750	8	73	0	34747
	<b>Svæði 2</b>	322	<b>3209</b>	1	4	0	3537
	<b>Svæði 3</b>	4	2	<b>47</b>	0	0	53
	<b>Svæði 4</b>	71	11	1	<b>1219</b>	0	1302
	<b>Svæði 5</b>	14	2	0	5	<b>0</b>	20
	<b>Ótilgreint</b>	666	48	1	17	0	732
	<b>Samtals</b>	34993	4022	58	1318	0	40391

Heimild: Hervik, „Benefits from reduced pay-roll taxes in Norway”

### 3.2. Áhrif á launaþróun

Fyrstu áhrif af lækkun framlaga atvinnurekenda til almannatrygginga eru lækkun á heildarlaunakostnaði þeirra. Ef slík lækkun hefur hins vegar í för með sér launahækkun fer hluti ávinningsins til launþega (yfirfærsluáhrif). Hugsanleg yfirfærsluáhrif fela í sér að hreinn ávinningur fyrirtækja kann að vera minni en heildarávinningur af lægri skattstigum.

Ráðgjafi Eftirlitsstofnunarinnar kannaði hvort máli skipti að taka mið af hugsanlegum yfirfærsluáhrifum. Norsk stjórnvöld hafa látið gera eigin könnun<sup>(13)</sup> á sama viðfangsefni.

Niðurstöður fyrrnefndra kannana voru í stuttu máli þær að:

- Engar tölulegar rannsóknir veita nákvæm svör við því hvernig breytingar á launasköttum hafa áhrif á launaþróun. Í tölulegum rannsóknum sem byggjast á innlendum upplýsingum eru yfirfærsluáhrifin talin á milli 20 og 80 prósent.
- Allar tölulegar rannsóknir sem byggjast á innlendum upplýsingum sýna að lækkanir á framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga leiða til lækkunar á launakostnaði fyrirtækja til skemmi tíma. Flestar rannsóknir benda til þess að launatengdur kostnaður fyrirtækja verði einnig fyrir áhrifum til lengri tíma lítið, en í minna mæli. Með öðrum orðum, flestar rannsóknir benda til þess að efnahagslegur ávinningur vegna lægri launaskatta færist að vissu marki, og til lengri tíma lítið, yfir til launþega í formi hærri launa.
- Rannsóknir sem byggjast á svæðisbundnum upplýsingum benda til þess að yfirfærsluáhrifin vegna svæðisbundinnar lækkunar á launasköttum kunni að vera takmarkaðri en almenn lækkun. Því má vænta þess að minni hluti ágóðans færist yfir til starfsmanna þegar lækkun í skattlagningu er eingöngu innleidd fyrir tiltekin landsvæði.

## 4. Viðbótarflutningskostnaður

Auk mikils dreifbýlis sem vísað er til hér að framan er um að ræða aðra svæðisbundna annmarka sem eru einkennandi fyrir Norðurlönd, „þ.e.a.s. viðbótarútgjöld sem fyrirtæki bera vegna mjög mikilla vegalengda og óblíðrar veðráttu”<sup>(14)</sup>. Af þessum sökum er í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð gert ráð fyrir að rekstraráðstoð sem miðar að því að „bæta viðbótarflutningskostnað að hluta”<sup>(15)</sup> geti verið réttmæt í samræmi við c-lið 3. mgr. 61. gr. svo fremi að tilteknum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð sé fullnægt.

Eftirlitsstofnunin rannsakaði í samvinnu við norsk yfirvöld möguleikana á að reikna út viðbótarkostnað vegna flutninga á grundvelli tiltækra tölfræðilegra upplýsinga. Norsk yfirvöld lögðu fram mismunandi kostnaðaráætlanir. Útreikningar voru gerðir fyrir iðnaðinn í heild og, í mismiklum mæli, með því að nota

<sup>(13)</sup> „Effects on wages from changes in pay-roll taxes in Norway” eftir Dr. Nils Martin Stølen hagfræðing, Hagstofu Noregs.

<sup>(14)</sup> 1. mgr. í 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

<sup>(15)</sup> 2. mgr. í 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.



### III. VIÐEIGANDIRÁÐSTAFANIR

#### 1. Tillaga Eftirlitsstofnunarinnar

Eftir að hafa fengið upplýsingarnar sem um getur hér að framan lagði Eftirlitsstofnunin mat á norska kerfið fyrir mismunandi framlög til almannatrygginga eftir landsvæðum og komst að þeirri niðurstöðu að það samsvaraði eins konar rekstraraðstoð sem fæli í sér úthlutun á ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ennfremur komst hún að þeirri niðurstöðu að kerfið í heild félli ekki undir neitt undanþáguákvæðanna sem kveðið er á um í EES-samningnum.

Þó tók Eftirlitsstofnunin mið af þeirri staðreynd að það eru ekki aðeins atvinnurekendur í starfsemi háðri alþjóðlegum viðskiptum og samkeppni sem nytu góðs af lægri skattstigum sem beitt var á skattsvæðum 2-5, heldur einnig atvinnurekendur í greinum þar sem alþjóðaviðskipti hafa engin merkjanleg áhrif, eins og í staðbundinni einkarekinni og opinberri þjónustu. Aðstoð sem ekki hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna fellur utan gildissviðs 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnunin veitti því einnig athygli að margar þjónustugreinar og aðrar greinar en framleiðslugreinar skipta miklu máli fyrir atvinnumöguleika og að lægri skattgjöld á skattsvæðum 2-5 stuðla að því að bæta atvinnuástand á þessum svæðum þar sem launakostnaður lækkar.

Hvað varðar dæmigerð útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki í námagreftri og framleiðslu, komst Eftirlitsstofnunin að raun um að flutningskostnaður slíkra fyrirtækja á skattsvæðum 2-5 er hár samanborið við fyrirtæki á skattsvæði 1. Einkum var tekið til þess að í dæmigerðu úrtaki útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja á skattsvæðum 2-5, fór reiknaður viðbótarflutningskostnaður hvers einstaks fyrirtækis fram úr áætluðum ávinningi af lækkuðum framlögum til almannatrygginga, sjá 4. tl. í II. þætti hér að framan.

Samkvæmt leiðbeiningunum um ríkisaðstoð, sbr. 4. tl. í II. þætti hér að framan, má með ákveðnum skilyrðum réttlæta rekstraraðstoð til að bæta upp viðbótarflutningskostnað. Eitt skilyrðanna er að fyrirtæki sem fær slíka aðstoð starfi á fámennum svæðum, þ.e. svæðum þar sem íbúafjöldi er undir 12,5 íbúum á km<sup>2</sup>. Svæði á skattsvæðum 2-5 uppfylla þetta skilyrði, sjá töflu 2 hér að framan.

Eftirlitsstofnunin taldi einnig að önnur skilyrði sem kveðið er á um í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð væru uppfyllt. Því taldi Eftirlitsstofnunin að almenn lækkan væri ekki nauðsynleg á núverandi óbeinum bótum vegna viðbótarflutningskostnaðar fyrirtækja í námaíðnaði og framleiðslu. Því væri almenn lækkan á núverandi kerfi sem gerir ráð fyrir misháum framlögum til almannatrygginga ekki talin nauðsynleg.

Hins vegar benti Eftirlitsstofnunin einnig á að í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð er skýrt tekið fram að:

*“Óheimilt sé að veita aðstoð vegna flutninga eða vörusendinga fyrirtækja sem ekki er hægt að staðsetja annars staðar (vörur úr námaíðnaðinum, vatnsraforkustöðvar, o.s.frv.). ”*

*„Flutningsaðstoð til fyrirtækja í iðnaði sem Eftirlitsstofnun EFTA telur viðkvæman (bílaiðnaður, textíliðnaður, gervipráðaiðnaður, iðnaður í tengslum við vörur frá KSE og stál sem ekki er KSE-stál) er háð iðngreinaþingnum reglum um viðkomandi iðnaðarstarfsemi ... ”*

Að áliti Eftirlitsstofnunarinnar myndu þessi ákvæði kalla á breytingar á núverandi kerfi fyrir framlög atvinnurekenda til almannatrygginga, einkum þær að fyrirtæki á tilteknum sviðum atvinnulífsins yrðu að sæta skattstigum sem beitt er á svæði 1, óháð staðsetningu fyrirtækisins eða nánar til tekið, búsetu starfsmanna.

Að lokum komst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að í sumum þjónustugreinum sem eru háðar alþjóðlegri samkeppni, væri ekki unnt að réttlæta ávinning af lægri gjöldum til almannatrygginga á skattsvæðum 2-5. Þetta á við um fjármálaþjónustu, fjarskipti og hluta af flutningageiranum.

Með hliðsjón af málsatvikum og matinu sem lýst er hér að framan, lagði Eftirlitsstofnunin til, í ákvörðun sinni frá 14. maí 1997, við Noreg eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir<sup>(17)</sup>:

- i) *Norsk stjórnvöld verða að leggja fram ítarlega tillögu um almennt kort yfir svæði sem njóta aðstoðar fyrir 15. október 1997. Í tillögunni verður að greina frá svæðum sem annars vegar eiga rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð og hins vegar svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð.*
- ii) *Hvað varðar atvinnustarfsemi sem ekki er vísað til í iii-lið hér á eftir, skulu norsk stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting kerfisins fyrir lægri framlög til almannatrygginga, eins og það sem nú er notað á skattsvæðum 2-5, takmarkist við svæði sem hefur heimild fyrir svæðisbundinni flutningsaðstoð.*
- iii) *Auk þess skulu norsk stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga viðeigandi ákvæði í skattalögum um framlög atvinnurekenda til almannatrygginga til að tryggja:*
  - a) *að eftirfarandi starfsemi falli undir skattstigið sem beitt er á skattsvæði 1 hvað varðar alla starfsmenn:*
    - rafmagnsframleiðsla og -veita (NACE 40.1)
    - vinnsla á hráolíu og gasi (NACE 11.10)
    - þjónustustarfsemi í tengslum við olíu- og gasvinnslu, að undanskilinni leitarstarfsemi (NACE 11.20)
    - málmgrýtisnám (NACE 13),
    - starfsemi sem tengist vinnslu iðnaðarjarðefnanna nefelínsýeníts (HS 2529.3000) og ólivíns (HS 2517.49100)
  - b) *að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn sem annast vöruflutninga á vegum (NACE 60.24) falli undir skattstigið sem er beitt á svæði 1 hvað varðar alla starfsmenn.*
  - c) *að fyrirtæki á sviði fjarskipta (NACE 64.20) falli undir skattstigið sem notað er á svæði 1 hvað varðar alla starfsmenn.*
  - d) *að fyrirtæki með útibú erlendis eða sem reka á annan hátt starfsemi á milli landa á eftirfarandi sviðum, að undanskildum útibúum sem eingöngu veita staðbundna þjónustu, falli undir skattstigið sem notað er á svæði 1 hvað varðar alla starfsmenn:*
    - fjármálaþjónustu (NACE 65),
    - trygginga- og lífeyrisjóðstarfsemi (NACE 66) og
    - stöðþjónustu við fjármálaþjónusta (NACE 67)
  - e) *að reglur um aðstoð við iðngreinar sem falla undir sérstakar atvinnugreinareglur séu virtar með því að*
    - beita skattstiginu á svæði 1 gagnvart öllum starfsmönnum fyrirtækja sem framleiða KSE-stál,
    - beita skattstiginu á svæði 1 gagnvart öllum starfsmönnum fyrirtækja sem falla undir gerðina sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 90/684/EBE um aðstoð til skipasmíða) og
    - framfylgja í þessu sambandi sérstökum tilkynningarkröfum sem um getur í sértæku reglunum um ríkisaðstoð til bílaiðnaðarins, gerviefnaíðnaðarins og stáliðnaðarins fyrir utan KSE með því að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um alla núverandi og framtíðar styrkþega sem njóta góðs af lægri framlögum til almannatrygginga.
- iv) *Ítarlegar ársskýrslur skulu lagðar fram um kerfið fyrir mismunandi framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum í samræmi við fyrirmyndina sem er sýnd í III. viðauka við leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð. Í ársskýrslunum skal gefin upp hlutfallstala sem sýnir „aðstoð á kílómetra” eða „aðstoð á kílómetra og aðstoð á þyngdareiningu”. Ársskýrslurnar skulu tilgreina í sérstökum liðum áætlaðar fjárhæðir óbeinna bóta vegna viðbótarflutningskostnaðar í formi áætlaðra lægri framlaga til almannatrygginga og*

<sup>(17)</sup> Skáletraði textinn hér á eftir er eingöngu fullgildur á ensku.

hverskonar beina flutningsaðstoð sem fyrirtækin fá á sviðum sem falla undir sérstakar tilkynningakröfur (bílaíðnaður, gerviefnaíðnaður og stáliðnaður sem er utan KSE). Ársskýrslurnar verða, svo sem gert er ráð fyrir í 32. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð, að taka til tveggja fjárhagsára og vera sendar Eftirlitsstofnuninni eigi síðar en sex mánuðum frá lokum fjárhagsársins, í fyrsta skipti fyrir árið 1997.

- v) Kerfið fyrir lægri framlög til almannatrygginga skal endurskoðað reglulega. Endurskoðunartímabilin skulu alla jafna ekki vera lengri en fjögur ár og skal endurskoðunin fara fram í tengslum við almennu endurskoðunina á kortum yfir svæði sem eiga kost á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð og svæðisbundinni flutningsaðstoð.

## 2. Svar norsku ríkisstjórnarinnar

Norska ríkisstjórnin lýsti yfir í svari sínu við tillögu Eftirlitsstofnunarinnar um viðeigandi ráðstafanir að „hún væri ósammála lagalegri túlkun [stofnunarinnar] í ákvörðun hennar frá 14. maí 1997 og gæti því ekki samþykkt og farið að þeim viðeigandi ráðstöfunum sem lagðar voru til.<sup>(18)</sup>”

Norska ríkisstjórnin lýsti yfir að kerfið fyrir framlög atvinnurekenda til almannatrygginga væri óaðskiljanlegur hluti af norska skattkerfinu. Í svari sínu vakti ríkisstjórnin máls á því hvort kerfið fyrir mismunandi framlög til almannatrygginga væru almennar skattaráðstafanir eða ríkisaðstoð og hélt fram í þessu samhengi m.a.:

„Mismunandi gjöld sem lögð eru á atvinnurekendur vegna almannatrygginga eru óaðskiljanlegur hluti af norska skattkerfinu, sem tryggir að bæði sé tekið tillit til sjónarmiða um tekjuöflun ríkissjóðs og um tekjujöfnun. Í þessu tilviki stangast þessi sjónarmið ekki á við ákvæði um ríkisaðstoð í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Megineinkennin á norska kerfinu fyrir mismunandi gjöld atvinnurekenda vegna almannatrygginga eru í samræmi við meginneikenni almenns skattkerfis. Kerfinu er beitt sjálfvirk á grundvelli nákvæmra og hlutlægra viðmiða. Engin fyrirtæki eru útilokuð frá kerfinu. Því er ekki um að ræða neina mismunun sem brýtur í bága við ákvæði um ríkisaðstoð í EES-samningnum.”

Ennfremur hélt norska ríkisstjórnin því fram að:

„Sundurgreiningarþátturinn í kerfinu felst í því að fyrirtæki greiða mismunandi skatthlutfall eftir því hvar starfsmenn þeirra búa. Þetta kemur starfsmönnum á svæðum þar sem skatthlutfallið er lágt til góða á vinnumarkaðinum og, ásamt tekjuskatti og yfirfærslukerfi almennt, stuðlar þetta að því að halda uppi atvinnu á svæðunum og stuðla að tekjujöfnun meðal íbúanna. Norska ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að þegar almenn einkenni og áhrif skattalegra ráðstafana eru af þessu tagi sé ekki hægt að líta á þær sem ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Kerfið stuðlar að tekjujöfnun meðal íbúanna á sama hátt og aðrar persónulegar skattaáðgerðir, með því að efla atvinnu í þeim landshlutum þar sem efnahagur er bágborinn.

Sérhvert fyrirtæki í hvaða hluta landsins sem er og óháð þeim vörutegundum sem það framleiðir getur að meginreglu til notið góðs af lægri skattstigum fyrir almannatryggingar. Viðmiðin fyrir beitingu mismunandi gjaldhlutfalla eru ákveðin hlutlægt og er ekki beitt í einstökum tilvikum. Atvinnurekendur er á engan hátt mismunad. Því er ekki hægt að líta svo á að skattstig af þessu tagi sem eru breytileg eftir landshlutum ívilni „tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu tiltekinna vara”, sbr. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.”

Álit norsku ríkisstjórnarinnar, eins og það er sett fram í lokaathugasemdum hennar, er „að kerfið fyrir framlög til almannatrygginga sem eru mismunandi eftir landsvæðum falli ekki undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins”. Norska ríkisstjórnin tók ekki á spurningunni um hvort hugsanlega væri hægt að veita undanþágu í því tilviki að kerfið teldist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(18)</sup> Bréf frá fjármálaráðuneytinu dags. 11. júlí 1997 sem barst Eftirlitsstofnuninni 24. júlí 1997 (tilv. 97-5170 A).

#### IV. MAT

##### 1. Gildissvið 1. mgr. 61. gr.

Mat Eftirlitsstofnunarinnar á gildissviði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins byggist á athugunum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er kveðið á um eftirfarandi:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa.”

Ráðstöfunin sem hér er til athugunar er það fyrirkomulag að gera ráð fyrir lægri framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga á skattsvæðum 2-5 sem leiðir af mismunandi gjaldstígum sem eru notuð við útreikning á framlögum. Framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eru lögboðnar greiðslur atvinnurekenda til ríkisins.

Ein áhrifin af því fyrirkomulagi að beita lægri skattstígum á skattsvæðum 2-5 eru að tiltekin fyrirtæki sem geta notið góðs af lægri skattstígum á skattsvæðum 2-5 losna við skattbyrði samanborið við fyrirtæki sem ekki hafa þennan möguleika. Ávinningurinn sem leiðir af slíkri lægri skattbyrði fer eftir fjölda starfsmanna, launum þeirra og sér í lagi búsetu, þar sem þessi síðasti þáttur er afgerandi um hvort fyrirtæki geti nýtt sér lægri skattstig á svæðum 2-5.

Ákvæðið um að lægri skattstig fari eftir skráðri búsetu starfsmanns en ekki staðsetningu fyrirtækisins verður að skoða með hliðsjón af áhrifunum sem það hefur. Eftirlitsstofnunin hefur komist að niðurstöðu um, með hliðsjón af stærð svæðis sem fellur undir skattsvæði 2-5, sem og staðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum, að það sé mikil samsvörum milli svæðis þar sem fyrirtækið er staðsett og svæðis þar sem starfsfólk þess hefur fasta búsetu, sbr. töflu 4 hér að framan.

Áhrif fyrirkomulagsins eru því að ívilna tilteknum fyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem eru staðsett þannig að meirihluti starfsmanna þess er yfirleitt með fasta búsetu í sveitarfélögum sem falla undir skattsvæði 2-5. Fyrirtækin sem geta notið góðs af lægri skattstígum eru alla jafna fyrirtæki með aðsetur í sveitarfélögum sem eru á skattsvæðum 2-5, á meðan fyrirtæki sem eru á skattsvæði 1, eiga ekki kost á því, nema í verulega takmörkuðum mæli, sbr. töflu 4 hér að framan.

Fyrirtækin sem njóta ávinnings af lægri framlögum til almannatrygginga, komast í betri samkeppnisstöðu með því að vera undanþegin hluta af skattbyrði sinni vegna ríkisaðgerða sem stuðla beint að því að draga úr launa- og framleiðslukostnaði þeirra. Þar sem kveðið er á um skattalækkun, sem kemur tilteknum fyrirtækjum til góða í ríkislögum, er aðstoðin veitt af ríkisfjármunum í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. banna aðgerðir sem ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara. Meginviðmiðið til að greina aðgerð sem er ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. frá almennri efnahagslegri aðgerð sem ekki fellur undir bannið er, með öðrum orðum, hvort aðgerðin sé í eðli sínu sértæk. Eftirlitsstofnunin telur að viðmiðinu um sértækar aðgerðir sé fullnægt m.a. þegar áhrif aðgerðar ívilna fyrirtækjum á ákveðnum svæðum andstætt því sem við á um fyrirtæki á öðrum svæðum sem eiga ekki kost á að njóta góðs af aðgerðinni.

Eins og um getur í 2. tl. í III. þætti hér að framan lagði norska ríkisstjórnin áherslu á að markmið kerfisins (m.a. að efla atvinnu á svæðunum, jafna tekjur og skattbyrði) fælu í sér að ekki bæri að líta á það sem ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Í þessu samhengi telur Eftirlitsstofnunin að við eigi að vísa til úrskurðar dómstóls Evrópubandalaganna í máli sem varðar fjölskyldubætur<sup>(19)</sup>:

„Markmið 92. gr. er að hindra að viðskipti milli aðildarríkjanna verði fyrir áhrifum vegna bóta sem opinber yfirvöld veita sem í mismunandi formi raska eða eru til þess fallnar að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara.

<sup>(19)</sup> Sjá 13. mgr. í dómi EB-dómstólsins frá 2. júlí 1974, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73 [1974-5] dómasetur 631 - 892 bls. 718-719.

*Því er í 92. gr. ekki gerður greinarmunur á aðgerðum sem fela í sér ríkisafskipti með skírskotun til orsaka þeirra eða markmiða heldur eru þær skilgreindar með hliðsjón af áhrifum þeirra.*

*Þar af leiðandi nægja skattaleg eða félagsleg markmið aðgerðarinnar sem um ræðir ekki til að hún geti fengið undanþágu frá beitingu 92. gr.”.*

Ráðstöfun af sama tagi og hér er verið að athuga sem ívilnar fyrirtækjum á tilteknum svæðum, verður að teljast fela í sér ríkisaðstoð nema að lægri skattstigin séu réttlætlanleg með hliðsjón af eðli kerfisins og almennri uppbyggingu þess<sup>(20)</sup>. Slíkt gæti talist vera raunin ef til dæmis lægri skattstigin væru tengd áunnum réttindum. Norsk yfirvöld hafa ekki lagt fram nein gögn um að lægri skattstigin sem verið er að athuga séu tengd öðrum þáttum skattkerfisins eða almannatryggingakerfisins sem þau tilheyra. Þvert á móti hefur Eftirlitsstofnunin veitt því athygli að lægri skattstigin snerta ekki áuninn réttindi í norska almannatryggingakerfinu.

Halda mætti fram að lækkuð framlög til almannatrygginga geti haft áhrif á launamyndun eins og um getur í tl. 3.2. í II. þætti þessarar ákvörðunar og að fyrirtækin njóti ekki fulls ávinnings af þeim ráðstöfunum sem verið er að athuga. Hvað þetta varðar bendir Eftirlitsstofnunin á að lægri skattstigi fela óumdeilanlega í sér ávinning. Kannanirnar sem um getur í tl. 3.2. í II. þætti þessarar ákvörðunar staðfesta að þessi ávinningur hefur í för með sér lægri launakostnað. Þar sem sú er raunin breytir sú athugun, að með tímanum kunni fyrirtæki að deila þessum ávinningi í einhverjum mæli með starfsmönnum, ekki þeirri staðreynd að fyrirtæki sem njóta þessa ávinnings er í raun gefið forskot í samkeppni við fyrirtæki sem verða að greiða framlög til almannatrygginga samkvæmt hæsta skattstigi.

Lægri skattstigi á svæðum 2-5 gilda um öll fyrirtæki sem ráða til sín einstaklinga sem búa á þessum svæðum. Þau gilda því um öll fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisrekstri sem nota slíkt vinnuafli, og hafa þar með áhrif á viðskipti milli samningsaðila að EES-samningnum. Þetta má skýra með þeirri staðreynd að fyrirtæki sem eiga augljóslega í samkeppni við fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum, þ.e. álframleiðendur, framleiðendur á járnblendi og stáli sem og skipasmíðastöðvar, svo dæmi séu tekin, sem starfa á eða nálægt skattsvæðum 2-5 hafa um þessar mundir hag af lægri launakostnaði vegna lægri skattstiga á svæðum 2-5. Viðkomandi skilyrði hvað varðar áhrif á viðskipti er því fullnægt<sup>(21)</sup>. Sú staðreynd að lægri skattstigi gilda einnig um atvinnugreinar sem komast hjá alþjóðlegri samkeppni upphafur ekki þessi áhrif. Enda hefur Eftirlitsstofnunin ekki hreyft andmælum við þeirri staðreynd að lægri stigin gilda einnig um slíka starfsemi.

Hvað varðar þá þætti sem um ræðir hér að framan verður Eftirlitsstofnunin að draga þá ályktun að lægri skattstigi á svæðum 2-5 í norska kerfinu fyrir mismunandi framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## **2. Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 61. gr.**

Hvað varðar hugsanlega undanþágu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sér Eftirlitsstofnunin ekki ástæðu til að breyta þeirri afstöðu sem hún tók þegar hún lagði til viðeigandi ráðstafanir við Noreg með ákvörðun sinni frá 14. maí 1997, sbr. 1. tl. í III. þætti hér að framan.

Í samræmi við þetta væri hægt að réttlæta bætur til að mæta viðbótarflutningskostnaði á dreifbýlum svæðum samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. til handa allmörgum atvinnugreinum. Þó telur Eftirlitsstofnunin, eins og tekið er fram í ákvörðun hennar um viðeigandi ráðstafanir, að fyrir ákveðnar atvinnugreinar, sé ekki hægt að veita undanþágu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. Þar af leiðandi yrðu fyrirtæki í þessum atvinnugreinum að falla undir skattstigi á svæði 1 án tillits til búsetu starfsmanna þeirra.

## **Niðurstaða**

Með fyrirvara um lokaniðurstöðu telur Eftirlitsstofnunin að kerfið fyrir mismunandi framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum í Noregi skuli teljast ríkisaðstoð sem fellur undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ennfremur telur Eftirlitsstofnunin að kerfið sem slíkt án breytinga eigi ekki rétt á undanþágu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(20)</sup> Sjá 15. mgr. í dómi EB-dómstólsins frá 2. júlí 1974, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73 [1974-5] dómásafn 631 - 892 bls. 719.

<sup>(21)</sup> Sjá 19. mgr. í dómi EB-dómstólsins frá 2. júlí 1974, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73 [1974-5]

Því verður Eftirlitsstofnunin að álykta að hefja beri málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Ákvörðun um að hefja málsmeðferð útilokar ekki að endanlega verði komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um aðstoð að ræða eða að hugsanleg aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Markmiðið með málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er að tryggja að framkvæmd sé heildarrannsókn á málinu sem tryggi öllum viðkomandi aðilum rétt til að láta álit sitt í ljós.

Eftirlitsstofnun EFTA veitir hér með EFTA-ríkjum, aðildarríkjum EB og aðilum sem eiga hagsmuna að gæta frest til að koma á framfæri athugasemdum sínum við umræddar aðgerðir innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

EFTA Surveillance Authority  
74, rue de Trèves  
B - 1040 Bruxelles

Athugasemdunum verður komið á framfæri við norsku ríkisstjórnina.

**98/EES/5/15**

**Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA um tólftu breytingu á  
Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar (framlenging á  
gildistíma regnanna um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar  
fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum)**

Eftirlitsstofnun EFTA tók 17. desember 1997 ákvörðun um, að þar til endurskoðaðar reglur hafa verið samþykktar þar að lútandi, gildi reglurnar í 16. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð varðandi aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, sem samþykktar voru 19. október 1994, til 31. desember 1998.



**Fjárhæðir viðmiðunarmarka á sviði opinberra innkaupa fyrir  
tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 1999**

98/EES/5/16

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. janúar 1998 um opinbera vörukaupasamninga, í samræmi við gerðina sem vísað er til í 3. lið XVI. viðauka við EES-samninginn, sem gerðir eru af öðrum samningsyfirvöldum en þeim sem talin eru upp í 2. viðbæti við viðaukann, og um opinbera samninga um kaup á þjónustu, í samræmi við gerðina sem vísað er til í lið 5b í viðaukanum, eru sem hér segir:

	200 000 ECU	750 000 ECU
Íslenskar krónur	16 504 242	61 890 907
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	317 975	1 192 407
Norskar krónur	1 629 580	6 110 925

Í samræmi við annan undirlið a-liðar 1. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 3. lið XVI. viðauka við EES-samninginn, sem lesist í ljósi aðlögunarliða c) og g) í 3. lið viðaukans, eru fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda á EES um opinbera vörukaupasamninga sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem talin eru upp í 2. viðbæti við viðaukann sem hér segir frá 1. janúar 1998:

133 914 ECU (SDR 130 000)

Íslenskar krónur	11 050 745
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	212 906
Norskar krónur	1 091 117

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. janúar 1998 um samninga um vörukaup og þjónustu, í samræmi við gerðina sem vísað er til í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn, eru sem hér segir:

	400 000 ECU	600 000 ECU	750 000 ECU
Íslenskar krónur	33 008 484	49 512 726	61 890 907
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	635 950	953 925	1 192 407
Norskar krónur	3 259 160	4 888 740	6 110 925

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. janúar 1998 um opinbera verksamninga, í samræmi við gerðina sem vísað er til í 2. lið XVI. viðauka við EES-samninginn og verksamninga, í samræmi við gerðina sem vísað er til í 4. lið viðaukans, eru sem hér segir:

5 000 000 ECU

Íslenskar krónur	412 606 050
Svissneskir Frankar (Liechtenstein)	7 949 379
Norskar krónur	40 739 500

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1086 - Promodès/S21/Gruppo GS)

98/EES/5/17

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Promodès og Schemaventuno (S21), sem annast eignarhluti Benetton-fjölskyldunnar og Del Vecchio-samstæðunnar í fyrirtækinu GS S.p.A. (Gruppo GS), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Gruppo GS og POS Italia, sem hefur með höndum eignarhluti Promodès á Ítalíu.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Promodès: smásöludreifing á almennum neytendavörum í gegnum sjálfsafgreiðsluverlanir, heildsöludreifing á matvörum og öðrum vörum. POS Italia annast smásölu á Ítalíu í gegnum stórmarkaði og sjálfsafgreiðsluverlanir,
  - S21: eignarhaldsfélag fyrir hlutafé Gruppo GS sem annast smásöludreifingu á almennum neytendavörum í gegnum sjálfsafgreiðsluverlanir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjórn. EB nr. C 37, 4. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1086 - Promodès/S21/Gruppo GS, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem tilkynnt hefur verið í tæka tíð 98/EES/5/18  
(Mál nr. IV/M.36.848/F-2 - Renault-ZF)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugað fyrirtæki um langtíma verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Renault V.I. S.A. og ZF Friedrichshafen AG gera nokkra tengda samninga um einkasölu og stofnsetningu nýs fyrirtækis um sameiginlegt verkefni undir heitinu Société de Transmission de Bouthéon S.A. (STB S.A.)

Renault V.I. S.A. mun hætta núverandi framleiðslu sinni á gírurum og láta gíra frá annars vegar ZF Friedrichshafen AG og hins vegar fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið koma í stað gíra sem það hefur framleitt í meðalstór og stór atvinnuökutæki. Einkakaupaskylda Renault V.A. S.A. tekur til gíra með meira en 1,050 Nm snúningsáttak og takmarkast að meginreglu til við fimm ár.

2. V iðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Renault V.I. S.A.: hönnun, framleiðsla og sala á vöruflytningabílum, hópferða- og langferðabifreiðum,
- ZF Friedrichshafen: hönnun, framleiðsla og sala íhluta, einkum til bílaiðnaðarinnar, einkum á gírurum og ýmsum gerðum af samþættum hömlurum.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 37, 4. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.36.848/F-2 - Renault-ZF, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F  
Office 1/77,  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.